birta

**JÓN GNARR**

*Indjáninn sem varð sjóræningi*

Matur tíska Jólabirta

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**BAGGALÚTUR**

*Bauð í kósí jólapartí*

Matur Tilboð Jólin koma

allt **Í MIÐJU BLAÐSINS**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. desember 2006 — 336. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Samtal við alþjóðlega listasögu

Sýningin Frelsun litarins verður opnuð í Listasafni Íslands í dag. Ólafur Kvaran safnstjóri segir frá tengslum Jóns Stefánssonar málara við frönsku expressjónistanna.



MENNING 48

### Undir merkjum kóngsins

Birgir Ómar Haraldsson keyrir um bæinn með einkanúmerið BÓ H. Björgvin Halldórsson segir manninn villa á sér heimildir.



FÓLK 74

### Kapítalismi og jöfnuður

„Frá sjónarmiði jafnaðarmanna er enn athyglisverðara, að hagur hinna 10% tekjulægstu er bestur í frjálsustu löndunum, við kapítalisma," segir Hannes H. Gissurarson.

Í DAG 34

### Á meira inni

Birgir Leifur Hafþórsson lék á tveimur höggum yfir pari í Suður-Afríku í gær. Hann ætlar að gera betur í dag.



ÍÞRÓTTIR 66

## VEÐRIÐ Í DAG




**KALT Í VEÐRI** Í dag verður yfirleitt hæg norðaustlæg átt. Snjókoma eða él norðan og austan til en yfirleitt nokkuð bjart syðra. Gæti þó éljað með suðurströndinni um tíma. Frost 0-12 stig, kaldast til landsins sunnan til.

VEÐUR 4

# Öryggi iðulega ábótavant við verklok

**Forstjóri Vinnueftirlitsins segir að oft slakni á öryggisráðstöfunum þegar líði að verklokum stórframkvæmda. Slys á Kárahnjúkum hafa verið tíð undanfarið.**

**VINNUSLYS** Þrír menn slösuðust þegar tvær lestir rákust saman við gangamunnann í aðgöngum eitt á Kárahnjúkum í fyrrakvöld. Tveir mannanna voru fluttir á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til aðhlynningar og rannsókna. Einn mannanna hlaut heilahristing og hinir tognuðu á vöðva og lemstruðust. Grunur leikur á að ökumaður lestarinnar hafi ekki virt viðvörunarljós.

Vinnueftirlitið er með slysið til rannsóknar. Eyjólfur Sæmundsson forstjóri segir að slysið hafi átt sér stað við gangamunnann. Kalt hafi verið úti og raki í fjallinu og göngunum og þá hafi myndast þoka sem geti byrgt mönnum sýn. Eyjólfur segir að almennt séð virðist sem oft slakni á stjórnun á mannskap þegar líði að lokum stórframkvæmda.

Við svona framkvæmd verði menn að fylgja öllum öryggisráðstöfunum mjög vel eftir. „Þetta er fyrst og fremst spurning um eftirfylgni við dagleg störf," segir hann og kveðst munu koma þessu á framfæri við stjórnendur á Kárahnjúkum.

Á Kárahnjúkum hafa 26 slys verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins á rétt rúmri viku, að því er RÚV greinir frá. Um helgina lak steypa er verið var að steypusprauta göngin að innan. Þá rifbeinsbrotnaði maður og slasaðist illa á hrygg.

Þá slösuðust tveir menn nýlega þegar grjót hrundi á pall sem þeir voru að vinna á og í lok nóvember rann maður fjörutíu til fimmtíu metra niður stífluvegg á Kárahnjúkum og hafnaði á steypustyrktarjárnum.

Fjögur banaslys hafa orðið á Kárahnjúkum eða í tengslum við virkjanaframkvæmdirnar.

Starfsmaður undirverktaka lést í nóvember þegar hann fékk á sig 150 kílóa einangrunarkeðju. Í vor varð banaslys í grjótnámu við Desjarárstíflu þegar grafa valt og vikuna áður lést maður í sprengingu í jarðgöngum. Í mars 2004 lést maður þegar grjót hrundi á hann.

Lestarslysið í fyrrakvöld er ekki það fyrsta á Kárahnjúkum. Tveir farþegar hafa áður slasast í lestarslysi. **- ghs**



**ÞYRLA LANDHELGISGÆSLUNNAR** Sýslumaður fékk far til Patreksfjarðar.

Þyrla Landhelgisgæslunnar:

# Sýslumanni bjargað á fund

**LÖGREGLA** Kristín Völundardóttir, sýslumaður á Ísafirði, fór í gær til Patreksfjarðar á fund um breytta stöðu vegna sameiningar sýslumannsembætta á Vestfjarðakjálkanum. Þar sem Hrafnseyrarheiði var lokuð var stysta akleiðin til Patreksfjarðar 600 kílómetrar. Fundinum hefði því verið frestað ef svo hefði ekki viljað til að þyrla Landhelgisgæslunnar átti í gær leið frá Ísafirði til Patreksfjarðar og tók sýslumann með í sína fyrstu þyrluferð. „Maður eiginlega táraðist þegar maður sá að það tók aðeins 27 mínútur með þyrlunni að fara þessa ferð," segir Kristín, sem flaug áfram með þyrlunni til Reykjavíkur og svo þaðan heim með flugvél. **- gar**



**NÚ STYTTIST Í JÓLIN OG JÓLASVEINARNIR ERU FARNIR AÐ TÍNAST TIL BYGGÐA** Allir gera þeir stuttan stans á Þjóðminjasafninu og kynna sig fyrir áhugasömum krökkum. Þvörusleikir kom til byggða í nótt og í kvöld er Pottaskefill væntanlegur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Góður árangur götuhóps fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík á árinu:

# Fíkniefni í kílóavís gerð upptæk og 166 handteknir

**LÖGREGLUMÁL** Vel á þriðja hundrað mál hafa komið til kasta svokallaðs götuhóps fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, samtals 223 mál það sem af er þessu ári. Hald hefur verið lagt á tæplega 3,7 kíló af fíkniefnum, auk LSD-skammta, e-taflna og kannabisplantna.

Í umræddum málum voru gerðar 72 húsleitir, 78 bílleitir, 261 sinni hefur verið leitað á manni og 166 hafa verið handteknir.

Að sögn Ásgeirs Karlssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, var götuhópurinn settur á laggirnar fyrir nokkrum árum. Þá var fimm manns bætt við fíkniefnadeildina í þeim tilgangi að auka fíkniefnalöggæsluna í borginni og hefur sá fjöldi haldist síðan. Meginmarkmið hópsins er að góma svokallaða smásala þegar þeir selja fíkniefni.

„Árangur hópsins hefur aukist jafnt og þétt milli ára," segir Ásgeir. „Auk þess sem þessi hópur hefur verið að sinna ofangreindum verkefnum á götunni hefur hann tekið þátt í stærri aðgerðum fíkniefnadeildarinnar og er til stuðnings þegar á þarf að halda." **- jss**

**MAGN FÍKNIEFNA SEM GÖTUHÓPURINN HEFUR TEKIÐ Á ÁRINU**

| | |
|---|---|
| Hass | 1864,1* |
| Amfetamín | 712,92* |
| Kókaín | 313,76* |
| Kannabisplöntur | 139 stk. |
| E-töflur | 53 stk. |
| LSD | 6 stk. |
| Önnur efni | 802,97* |

* Magn í grömmum




## SPURNING DAGSINS



*Bjarni, var Snorri þá bara leirskáld eftir allt saman?*

„Svar mitt er nei, enda þekki ég norskan húmor mjög vel!“

Norski fornleifafræðingurinn Øystein Ekroll telur Snorra Sturluson hafa falsað söguna og greint ranglega frá grafreit Ólafs helga. Í ritum Snorra sé Ólafur grafinn í sandmel undir Niðaróskirkju. Niðaróskirkja standi hins vegar á leirgrunni.

Bjarni Guðmundsson er stjórnarformaður Snorrastofu.

Slysa- og bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss:

# Örtröð vegna hálkuslysa

**HEILBRIGÐISMÁL** Fullt hefur verið út úr dyrum á slysa- og bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi undanfarna daga vegna hálkuslysa, að sögn Ófeigs Þorgeirssonar yfirlæknis.

„Það hefur verið gríðarlega mikið af áverkum í tengslum við úlnliðstognanir, úlnliðsbrot, rifbeinsbrot, mar og fleira,“ segir Ófeigur. „Við tengjum þetta jólaumferðinni, því nú er fólk mikið á ferðinni, enda gott veður. Svo hefur verið alveg fljúgandi hálka.“

Ófeigur segir að þeir sem hafi komið á slysa- og bráðamóttöku vegna hálkuslysa nú hafi verið á öllum aldri. Það helgist af því að eldra fólk, sem sé hættara við beinbrotum, sé ekki eins mikið á ferðinni, fari varlegar og noti skynsamlegri skófatnað en hinir yngri.

Ófeigur segir að algengustu hálkuslysin séu, auk úlnliðsáverka, rifbrot og meiðsl á olnbogum og öxlum. Það lendi fólk stundum á oddhvössum hlutum svo sem girðingarstaurum og fái áverka á kvið. Þá komi fyrir að fólk detti aftur fyrir sig með þeim afleiðingum að það verði fyrir samfallsbroti í hryggsúlu.

„Það væri afskaplega gott ef fólk færi varlega í hálkunni sem er nú og verður næstu daga,“ segir Ófeigur. **- jss**



**SLYSA- OG BRÁÐADEILD** Þau hafa verið mörg handtökin á deildinni vegna hálkuslysa að undanförnu.

60 daga fangelsi:

## Fólskuleg líkamsárás á Höfn

**DÓMSMÁL Karlmaður var dæmdur í 60 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir fólskulega líkamsárás í Héraðsdómi Austurlands á miðvikudag. Ungur aldur mannsins var virtur honum til refsimildunar. Maðurinn réðst ásamt tveimur öðrum á karlmann á Höfn í Hornafirði í janúar og barði hann í andlitið og skellti á hann hurð. Fórnarlambið handleggs- og rifbeinsbrotnaði í árásinni. Máli eins sakborningsins var skilið frá málinu því hún játaði sök sína. Sá þriðji hlaut ekki dóm sökum skorts á sönnunargögnum. - ifv**

Dæmd í 30 daga fangelsi:

## Rúmenskt par falsaði skilríki

**DÓMSMÁL** Rúmenskt par hefur verið dæmt í Héraðsdómi Austurlands fyrir skjalafals. Það framvísaði fölskum persónuskilríkjum í blekkingarskyni við landamæraeftirlit á Seyðisfirði og reyndi með því móti að komast inn í landið án gildra ferðaskilríkja.

Parið kom til landsins með Norrænu frá Björgvin í Noregi í fyrradag. Skilríkin sem fólkið framvísaði höfðu verið fölsuð með þeim hætti að skipt hafði verið um myndir. Í stað upphaflegra mynda höfðu sökudólgarnir sett myndir af sjálfum sér. Þau játuðu bæði brot sitt fyrir dómi. Þau voru dæmd í 30 daga fangelsi. **-jss**

Jústsjenkó Úkraínuforseti:

## Segist vita hver eitraði fyrir sér

**ÚKRAÍNA, AP Viktor Jústsjenko, forseti Úkraínu, sagði í gær að saksóknarar hefðu nú undir höndum næg sönnunargögn til að handtaka þá sem hefðu átt þátt í að eitra fyrir sér fyrir rúmum tveimur árum.**



**VIKTOR JÚSTSJENKÓ**

**„Það liggja fyrir nægar upplýsingar til að handjárna þessa menn,“ tjáði Jústsjenkó fréttamönnum. Hann sagði þó ekki hverjir hann teldi að hefðu staðið á bak við að byrla sér díoxíneitrið, en samsærið kallaði hann morðtilraun.**

**Jústsjenkó veiktist heiftarlega í forsetakosningabaráttunni haustið 2004 og andlit hans hefur verið afmyndað síðan. - aa**

# Fjölga þarf sjúkraliðum um 50 á ári

**Langmestur skortur er á sjúkraliðum og hjúkrunarfræðingum af fagfólki innan sjúkrastofnana. Þetta er meðal þess sem fram kemur í skýrslu um spá um þörf fyrir vinnuafl í heilbrigðiskerfinu sem Hagfræðistofa HÍ vann.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Það er mat Sjúkraliðafélags Íslands að fjölga þurfi sjúkraliðum um 16 prósent svo að þörf fyrir vinnuafl verði fullnægt. Þá gerir Félag hjúkrunarfræðinga ráð fyrir að fjölga þurfi hjúkrunarfræðingum um 14 prósent til að fullnægja þörfinni.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir brýnt að vinna á skorti sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga. „Við höfum þegar hafist handa við þetta verkefni með því að fjölga nemum í hjúkrunarfræðideild um 35 á ári, 25 við Háskóla Íslands og 10 við Háskólann á Akureyri. „Fjölgun nema í hjúkrunarfræði ætti að uppfylla þörfina fyrir hjúkrunarfræðinga að því gefnu að þeir hefji störf innan heilbrigðisþjónustunnar að námi loknu.“

Um 500 menntaðir hjúkrunarfræðingar starfa við annað en hjúkrun en ekki hefur verið gerð úttekt á því hvers vegna þessir einstaklingar starfa ekki í faginu. Til að koma til móts við aukna þörf hjúkrunarfræðinga hafa um 40 erlendir hjúkrunarfræðingar verið ráðnir til starfa á LSH.

Að jafnaði útskrifast um 109 hjúkrunarfræðingar á ári, sem er nokkuð gott ef miðað er við lágmarksspána. Til að uppfylla hámarksspá þyrfti að útskrifa á bilinu 109 til 138 hjúkrunarfræðinga á ári allt eftir því hver eftirlaunaaldurinn er.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ kemur fram að þörf eftir heilbrigðismenntuðu starfsfólki haldist meðal annars í hendur við aldurssamsetningu þjóðfélagsins, hagvöxt og breyttan eftirlaunaaldur. Síðustu tíu árin hafa að jafnaði um 87 sjúkraliðaleyfi verið gefin út á ári, sem er ekki nægjanlegur fjöldi til að uppfylla þörfina. Ef farinn er meðalvegur á milli lágmarks- og hámarksspánna má gera ráð fyrr að útskrifa þurfi á bilinu 120-140 sjúkraliða á ári.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir skýrsluna ánægjulegt framtak og bendi á þann skort sem er á sjúkraliðum. Hún segir hluta vandans þann að hjúkrunarfræðingar sinni störfum sjúkraliða að hluta ef miðað er við starfslýsingar þessara starfsstétta í Damnörku. „Laun heilbrigðisstarfsmanna hafa vitanlega mikið að segja þegar kemur að framboði sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga og það er mín skoðun að laun hjúkrunarfræðinga verði ekki réttlát fyrr en þeir fara að starfa sem sérfræðingar.“ **hugrun@frettabladid.is**



**HEILBRIGÐISSTARFSFÓLK AÐ STÖRFUM** Um 500 menntaðir hjúkrunarfræðingar kjósa að starfa við annað en fagið og til að brúa þörfina á LSH hafa um 40 erlendir hjúkrunarfræðingar verið ráðnir til starfa.

> „Fjölgun nema í hjúkrunarfræði ætti að uppfylla þörfina fyrir hjúkrunarfræðinga að því gefnu að þeir hefji störf innan heilbrigðisþjónustunnar að námi loknu.
>
> **SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**
> HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

Íslenskir bræður í átökum:

## Lögregla segir orsökina óljósa

**LÖGREGLUMÁL** Børge M. Fransen, rannsóknarlögreglumaður í Randers í Danmörku, segir enn allt á huldu varðandi upptök átaka milli tveggja íslenskra bræðra og flokks af dönskum ungmennum. Móðir bræðranna hefur sagt þá telja að ráðist hafi verið á þá einfaldlega vegna þess að þeir séu útlendingar en Børge segir lögregluna aðeins hafa óskýra mynd af upphafi slagsmálanna.

„Misskilingur um þjóðerni getur komið upp þegar áfengis er neytt,“ segir danski lögreglumaðurinn og upplýsir að tveir piltar sem íslensku bræðurnir óku á hafi nú verið útskrifaðir af sjúkrahúsi. Eldri bróðirinn sé þar hins vegar enn. **- gar**

## LÖGREGLUFRÉTT

### Bílvelta á Mýrdalssandi

Bílvelta varð á Mýrdalssandi um miðjan dag í gær. Tvær konur og barn voru í bílnum en ekkert þeirra sakaði. Bíllinn er töluvert skemmdur eftir veltuna. Hálka var á slysstað og telur lögreglan í Vík við mikilli hálku á svæðinu.

## DÓMSMÁL

### Landspítalinn sýknaður

Landspítalinn var í gær sýknaður af kröfu fyrrum starfsmanns um að ógilt yrði með dómi ákvörðun að segja honum upp störfum í september síðastliðnum.

## SVÍÞJÓÐ

### Áhyggjur af gasleiðslu

Svíar hafa miklar áhyggjur af nýrri 1.200 kílómetra langri gasleiðslu, sem leggja á eftir sjávarbotninum í Eystrasalti á milli Rússlands og Þýskalands. Sænskir stjórnmálamenn hafa sagt að leiðslan geti hrært við sprengjum og eiturefnumsem legið hafa á sjávarbotninum síðan í seinni heimsstyrjöld.






Bandarískur öldungadeildarþingmaður veikist:

# Meirihluti demókrata í hættu

**BANDARÍKIN, AP** Nýfenginn meirihluti demókrata í öldungadeild Bandaríkjaþings er hugsanlega í uppnámi eftir að Tim Johnson, demókrati og þingmaður í öldungadeildinni, var fluttur á sjúkrahús í gær og talinn í lífshættu.

Í fyrstu var talið að Johnson hefði fengið heilablóðfall, en hann gekkst síðar í gær undir heilaskurðaðgerð.

Fari svo að hann falli frá eða verði ófær um að gegna þingmennsku getur ríkisstjórinn í Suður-Dakóta, ríkisins sem Johnson er fulltrúi fyrir í öldungadeildinni, skipað eftirmann hans til bráðabirgða þar til næstu kosningar fara fram, sem er haustið 2008.

Þar sem ríkisstjórinn í Suður-Dakóta er repúblikaninn Mike Rounds þykir næsta öruggt að hann muni velja repúblikana til þess að gegna þingmennsku í öldungadeildinni í staðinn fyrir Johnson. Þar með væri meirihluti demókrata í deildinni fallinn.

Eftir þingkosningarnar í nóvember fengu demókratar 51 þingmann í öldungadeildinni en repúblikanar 49, en komi einn repúblikani í staðinn fyrir einn demókrata verða þingsæti beggja flokkanna jöfn, og þá kemur til kasta varaforseta Bandaríkjanna, Dicks Cheney, sem jafnframt er þingforseti öldungadeildar og hefur í krafti stöðu sinnar vald til að skera úr ef atkvæði falla jafnt. **- gb**



**MIKE ROUNDS REPÚBLIKANI** Ríkisstjórinn í Suður-Dakóta fær það hlutverk að skipa eftirmann demókratans Tim Johnsons í öldungadeildinni, fari svo að hann látist eða verði ófær um að gegna þingmennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölskyldan hjá SPRON



# Ekki missa af endurgreiðslunni!

Fjölskyldan hjá SPRON er þjónustuleið sem er án endurgjalds
og stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar, bæði í formi endurgreiðslu og fríðinda.

***Ávinningur sem munar verulega um!***

- 50% endurgreiðsla af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- Endurgreiðsla á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðarlána, yfirdráttar eða víxla.
- Árleg 5% endurgreiðsla á tryggingaiðgjöldum auk sérkjara á kaskótryggingum bifreiða.*
- Tómstundastyrkir, vegleg inngöngugjöf við skráningu og fleira.

Skráðu fjölskylduna á **spron.is fyrir áramót**
og þú gætir tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.

**Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is**
**** Hjá Verði Íslandstryggingu.***

spron

ARGUS / 06-0665

## GENGIÐ 14.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,17 | 69,51 |
| Sterlingspund | 136,06 | 136,72 |
| Evra | 91,43 | 91,95 |
| Dönsk króna | 12,262 | 12,334 |
| Norsk króna | 11,244 | 11,310 |
| Sænsk króna | 10,083 | 10,143 |
| Japanskt jen | 0,5886 | 0,5920 |
| SDR | 104,28 | 104,90 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
125,2147

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Víðtæk morðrannsókn í Ipswich á Englandi:

# Kennsl borin á fjórðu konuna

**BRETLAND, AP** Kennsl hafa verið borin á fjórðu konuna af þeim fimm sem fundist hafa myrtar í nágrenni Ipswich í Bretlandi á síðustu dögum. Reyndist um 24 ára gamla vændiskonu að ræða, Paulu Clennel. Hún hafði í síðustu viku í viðtali við fréttamenn sagt að hún væri hrædd vegna þess hve margar vændiskonur hefðu horfið í rauða hverfi Ipswich nýverið, en neyddist þó til að halda áfram að vinna til að geta fjármagnað heróínfíkn sína.

Svo virðist sem hún hafi verið kyrkt, og líklegt þykir að morðingi hennar hafi einnig banað hinum konunum fjórum. Hinar látnu fundust allar naktar að frátöldum skartgripum og rannsakar lögregla nú klæðnað sem fundist hefur nærri þeim svæðum sem þær fundust á.

Lögregla segir líklegt að þær hafi allar verið myrtar í bíl og leitar nú að dökkbláum BMW-bíl.

Borgaryfirvöld í Ipswich hafa komið á fót heimkeyrsluþjónustu fyrir konur borgarinnar og hvetur konur til að vera aldrei einar á ferli á götum úti. - smk



**STANDA VÖRÐ** Breska lögreglan leitar raðmorðingja í Ipswich. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Bætur vegna gæsluvarðhalds

**DÓMSMÁL Íslenska ríkið var í gær dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða reykvískum karlmanni 250 þúsund krónur í bætur vegna gæsluvarðhalds sem hann sætti á síðasta ári.**

**Maðurinn sat í gæsluvarðhaldi frá 9. desember til 3. janúar 2005 vegna brots á nálgunarbanni við heimili fyrrverandi sambúðarkonu sinnar og unnusta hennar. Honum var sleppt en handtekinn aftur samdægurs og úrskurðaður í gæsluvarðhald, sem hann kærði til Hæstaréttar.**

**Hæstiréttur hnekkti síðan úrskurðinum.** - jss

Vinstri græn í Hafnarfirði:

## Vilja svör um álversstækkun

**UMHVERFISMÁL** Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi Vinstri grænna í Hafnarfirði, lagði fram á bæjarstjórnarfundi í gær fimm spurningar varðandi álverið í Straumsvík.

Guðrún vill að Lúðvík Geirsson bæjarstjóri svari því hvað bærinn geri ráð fyrir löngu kynningarferli fyrir bæjarbúa áður en kosið verður um stækkun álversins og hver eigi að annast kynninguna. Hún vill einnig fá að vita hvort búið sé að semja við Landsvirkjun um næga viðbótarraforku fyrir stærra álver.

Sömuleiðis vill Guðrún að því verði svarað hversu stórt skilgreint mengunarsvæði álversins verði eftir stækkun og hvort skilgreining á mengunarsvæði sé sú sama fyrir öll mengunarefni. - gar

# Lögreglan yfirheyrir forsætisráðherrann

**Víðtæk bresk lögreglurannsókn á meintum mútugreiðslum fyrir aðalstitla hefur náð til æðstu embætta. Í gær var Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, færður til viðtals hjá lögreglunni. Þó var ekki um formlega yfirheyrslu að ræða.**

**BRETLAND, AP** Forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair, var í gær yfirheyrður af bresku lögreglunni vegna rannsóknar á hneykslismáli sem varðar meinta sölu ríkisstjórnarinnar á aðalstitlum.

Talsmaður Blairs tók fram að forsætisráðherrann hefði eingöngu verið kallaður fyrir sem vitni og að hann hefði ekki réttarstöðu sakbornings í þessu máli. Hins vegar er afar sjaldgæft að breska lögreglan yfirheyri forsætisráðherra í rannsóknum sínum.

Sá er siðurinn að forsætisráðherra Bretlands berast ábendingar um fólk sem heiðra ber fyrir ýmiss konar verk. Hann færir svo drottningu nöfn þessa fólks, og getur heiðurinn sem þeim hlotnast verið allt frá orðum upp í riddaratign og aðalstitla.

Ábendingarnar koma úr ýmsum áttum, en ekki er óalgengt að stjórnmálaflokkar útnefni menn.

Rannsókn lögreglunnar felst í því hvort einhverjir flokkar hafi lofað mönnum heiðri drottningar og þegið í staðinn lán eða annan fjárhagslegan stuðning.

Lög um fjármögnun stjórnmálaflokka Bretlands leyfa nafnleynd þegar stjórnmálaflokkum eru boðin lán. Hið sama gildir þó ekki þegar um bein fjárframlög er að ræða.

Lögreglurannsókn hefur leitt í ljós að Verkamannaflokkurinn, sem Blair leiðir, hafi þegið slík lán frá alls tólf aðilum og mun upphæðin nema nær fjórtán milljónum punda, sem samsvara tæpum tveimur milljörðum íslenskra króna.

Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndir demókratar hafa einnig viðurkennt að hafa þegið slík nafnlaus lán.

Blair hefur áður viðurkennt að sumir þeirra stuðningsmanna sem buðu lánin hafi síðar verið útnefndir til setu í lávarðadeild breska þingsins.

Lögreglan rannsakar því hvort háttsettir aðilar innan flokkanna þriggja hafi lofað lánardrottnunum heiðri í stað fjárins.

Blair var yfirheyrður í rúma hálfa aðra klukkustund, en forsætisráðherrann, sem er lærður hæstaréttarlögmaður, hafði ekki lögfræðing viðstaddan.

„Forsætisráðherrann útskýrði af hverju hann útnefndi hvern og einn,“ sagði talsmaður Blairs sem ræddi við fréttamenn undir nafnleynd.

Þegar hafa nokkrir háttsettir meðlimir Verkamannaflokksins verið yfirheyrðir, þeirra á meðal vísindaráðherrann Sainsbury lávarður. Jafnframt var Michael Howard, fyrrverandi leiðtogi Íhaldsflokksins, yfirheyrður í síðasta mánuði.

smk@frettabladid.is



**BRESKI FORSÆTISRÁÐHERRANN** Tony Blair sætti í gær yfirheyrslum bresku lögreglunnar vegna meintrar mútuþægni innan ríkisstjórnarinnar. Hann er þó ekki grunaður um að þiggja mútur, heldur mætti eingöngu sem vitni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BEÐIÐ EFTIR HANIYEH** Palestínumenn við landamærastöðina í Rafah í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átök fylkinga Palestínumanna:

## Landamærastöð tekin með valdi

**GAZA, AP** Vopnaðir liðsmenn Hamas-samtakanna gerðu áhlaup á landamærastöðina í Rafah á Gaza-ströndinni með það fyrir augum að opna hana fyrir Ismail Haniyeh, forsætisráðherra Palestínustjórnar og eins af leiðtogum Hamas. Honum hafði verið meinað að fara yfir landamærin frá Egyptalandi, að kröfu Ísraelsstjórnar, þar sem hann var með tugi milljóna Bandaríkjadala í reiðufé með í för. Fénu hafði hann safnað á ferð um vinveitt lönd fyrir fjársvelta heimastjórnina.

Erlendir gæsluliðar tóku síðan landamærastöðina aftur yfir og héldu henni lokaðri fyrir Haniyeh. Eftir að myrkur skall á gerðu Hamas-liðarnir aftur árás á hana.

Átökin eru framhald vaxandi erja milli fylkinga Palestínumanna í Hamas og Fatah. - aa

Opinber yfirmaður:

## Lofaði megrunarpillur og fékk fé

**DANMÖRK Yfirmaður næringarfræði innan danska Hreyfingar- og fæðuráðsins hefur gerst uppvís að því að hæla megrunarpillum frá tveimur fyrirtækjum sem greiddu honum laun á meðan. Þetta kemur fram á fréttavef Politiken í gær.**

**Aðspurður sagðist Bjørn Richelsen ekki sjá neitt athugavert við að hafa verið á launalista framleiðandanna. Hann hafi fengið greitt frá fyrirtækjunum vegna rannsókna á fitu og sykursýki, en í starfi sínu hjá ráðinu hafi hann hins vegar hafi hann hvatt til betri lifnaðar og fyrirbyggjandi aðgerða.**

**Fráfarandi fjölskyldu- og neytendaráðherra Danmerkur, Lars Barfoed, útnefndi Richelsen í stöðuna.** - smk

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Útafakstur við Djúpavog**

Kona slapp ómeidd þegar bifreið hennar rann í hálku utan vegar um klukkan níu á miðvikudagskvöldið. Hún slapp ómeidd úr slysinu. Bíllinn er mikið skemmdur og þurfti að fjarlægja hann með kranabíl.

### GJÖF

**BUGL fær 350.000**

Almenna verkfræðistofan styrkti Barna- og unglingageðdeild LSH í stað þess að senda út jólakort fyrir þessi jól. Upphæð gjafarinnar er 350 þúsund krónur.


# DRAUGASÖGUR




„Vel heppnuð, fróðleg og skemmtileg bók sem sómir sér vel undir sæng á myrkum kvöldum, þegar vindurinn hvín og greinar trjánna lemjast utan í gluggann ...“

*Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is*

Edda
edda.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KALT FRAM YFIR HELGI**

Þau eru köld kortin næstu daga. Í dag eru horfur á 10-15 stiga frosti til landsins sunnan til og á hálendinu og sé tekið mið af spám næstu daga verður kalt bæði á morgun og hinn en síðdegis á sunnudag eða snemma á mánudag fer hlýnandi. Ef vindur nær sér á strik eins og horfur eru á á mánudag á landinu vestanverðu ætti hitinn að komast í 5 til 6 stig síðla mánudags.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Austan 5-8. Bjart með köflum. Frost 3-6 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C skúrir | London | 14°C alskýjað | Alicante | 15°C skúrir |
| Þórshöfn | 6°C hálfskýjað | París | 10°C hálfskýjað | Mallorca | 18°C skúrir |
| Osló | 5°C hálfskýjað | Frankfurt | 9°C hálfskýjað | Algarve | 17°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 8°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 8°C heiðskírt | Krít | 17°C heiðskírt |
| Gautaborg | 11°C skúrir | Berlín | 10°C hálfskýjað | Las Palmas | 22°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# RAUÐVÍNSSÓSA

## AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA

| | |
|---|---|
| 5 stk. | skalottlaukur |
| 2 msk. | sherry edik |
| 4 dl. | rautt kryddvín |
| 6 dl. | nautasoð |
| 1 stk. | timjangrein |

Skrælið og saxið skalotlaukinn fínt. Svitið laukinn í potti í 3 mín. Bætið sherry ediki yfir ásamt einni timjan grein. Hellið svo rauða kryddvíninu yfir og sjóðið niður í kjarna. Bætið nautasoði yfir og sjóðið rólega í 15 mín. Sigtið laukinn frá og þykkið með sósujafnara. Klárið sósuna með því að píska út í hana 30 gr. af smjöri.










Jói FEL



**Tilbúið deig**
Skerið niður og raðið á bökunarpappír. Bakist í u.þ.b. 10 mín.




**Mjúkís 1ltr.**
- þessi eini sanni

After Eight 400gr




**Machintosh 3kg**




**Jóa Fel kalkúnafylling**
- ný og spennandi fylling

Gildir til 17. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Fylgist þú með innanflokksdeilum í Frjálslynda flokknum?*

| | |
|---|---|
| Já | 45,9% |
| Nei | 54,15% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG?**

*Var rétt að kæra forstjóra olíufélaganna vegna verðsamráðs?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Fyrirspurn til borgarstjóra vegna ráðninga Framsóknarflokksins:

# Minnihlutinn krefst svara

**REYKJAVÍK** Minnihlutinn í borgarstjórn hefur sent Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra fyrirspurn um hvort hann telji eðlilegt að kjörnir fulltrúar ráði sig til fyrirtækja til að annast hagsmunagæslu fyrir viðkomandi fyrirtæki gagnvart þeim sviðum Reykjavíkurborgar þar sem þeir eru í pólitískri forystu.

Þessu til stuðnings vitnar minnihlutinn til þess að Óskar Bergsson, varaborgarfulltrúi Framsóknarflokksins, var ráðinn verkefnisstjóri Mýrargötuframkvæmda fyrir hönd Faxaflóahafna.

Í Kastljósi Ríkissjónvarpsins á miðvikudagskvöld kom fram að varaborgarfulltrúar Framsóknarflokksins, Óskar Bergsson og Ásrún Kristjánsdóttir, hefðu verið ráðin hjá Reykjavíkurborg og Faxaflóahöfnum auk þess sem Pétur Gunnarsson og Rúnar Hreinsson hafi einnig fengið verkefnaráðningu en þeir hafa báðir starfað fyrir Framsóknarflokkinn.



BJÖRN INGI HRAFNSSON

Í Kastljósinu sagði Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, ekki um fastráðningu að ræða í þessum tilfellum og bætti við að fordæmi væri fyrir slíkum ráðningum frá valdatíma R-listans.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, sagði við sama tækifæri að ekki hefði verið auglýst eftir fólki í ofnagreind verkefni og sagðist jafnframt vona að pólitískar ráðningar tilheyrðu liðinni tíð. **- hs**

Frjálslyndi flokkurinn:

# Margrét fer í leyfi á launum

**STJÓRNMÁL Margrét Sverrisdóttir er sátt við niðurstöðu miðstjórnar-fundar Frjálslynda flokksins, en samkvæmt henni fer Margrét í launað leyfi frá störfum sínum sem framkvæmdastjóri flokksins til loka landsþings flokksins, sem haldið verður hinn 27. janúar.**

**Aðspurð hvort hún líti á niðurstöðuna sem persónulegan sigur vildi Margrét lítið úr því gera og sagði að á fundinum hefði einfaldlega verið farið yfir málið vítt og breitt og komist að þessari niðurstöðu. Hún hefur ekki tekið ákvörðun um hvaða embætti hún stefni á á landsþinginu. - kóp**

Úrskurður áfrýjunarnefndar:

# Misnotaði stöðu gegn Mjólku

**SAMKEPPNI** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti í gær úrskurð Samkeppniseftirlitsins frá 13. október þess efnis að Osta- og smjörsalan hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína gagnvart Mjólku.

Samkeppniseftirlitið taldi Osta- og smjörsöluna hafa mismunað viðskiptavinum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum með undanrennuduft og á þá niðurstöðu féllst áfrýjunarnefndin.

„Þetta er ánægjulegt og staðfestir það sem við hjá Mjólku höfum haldið fram. Ég skora á landbúnaðarráðherra að fara að tilmælum Samkeppniseftirlitsins og beita sér fyrir því að afnema verð- og magntolla á mjólkurdufti til að greiða fyrir samkeppni í mjólkuriðnaði,“ sagði Ólafur Magnússon hjá Mjólku. **- mh**

**DANMÖRK**

### Berlingske rekur 350

Danska dagblaða- og tímaritaútgáfufyrirtækið Berlingske Officin ætlar að leggja niður störf 350 starfsmanna á næstu tveimur árum í sparnaðarskyni, eða áttundu hverja stöðu. Fyrirtækið gefur meðal annars út Berlingske Tidende, B.T., Urban, Århus Stiftstidende og fleiri héraðsblöð og tímarit.

**EVRÓPUSAMBANDIÐ**

### Samræmt ökuskírteini

Evrópusambandið samþykkti loks endanlega í gær reglur sem skylda yfirvöld í aðildarríkjunum 25 til að gefa út samræmt ökuskírteini í stað þeirra yfir 100 tegunda ökuskírteina sem hinir yfir 200 milljón ökumenn í sambandinu hafa nú. Útgáfa nýju skírteinanna hefst árið 2012. Íslensk ökuskírteini hafa verið eins og Evrópusambandið hefur krafist frá árinu 1998.

# Flugbraut verður opnuð í Keflavík

**Framkvæmdir fyrir 200-250 milljónir króna fara í flugbrautina 07/25 á Keflavíkurflugvelli, sem verður opnuð þegar sambærilegri braut á Reykjavíkurflugvelli verður lokað. Atvinnuflugmenn ítreka að öryggismál séu í lagi.**

**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Öryggismál Keflavíkurflugvallar voru í brennidepli á fundi Félags íslenskra atvinnuflugmanna, FÍA, á Hótel Nordica í gær. Á fundinum kom fram að unnið yrði að því í náinni framtíð að opna aftur flugbrautina 07/25 í tengslum við það þegar sambærilegri braut á Reykjavíkurflugvelli yrði lokað.

Jóhannes Bjarni Guðmundsson, varaformaður FÍA, segir að eftir fundinn hafi ríkt mikil ánægja með þessi orð samgönguráðherra en hann lýsti yfir að hann hygðist vinna að því í náinni framtíð að opna aftur þessa flugbraut. „Við höfum lagt áherslu á að ein svona braut sé til staðar á suðvesturhorninu, sérstaklega fyrir innanlandsflugið,“ segir Jóhannes.

Kostnaður við opnun flugbrautarinnar er talinn nema 200-250 milljónum króna. Jóhannes segir að yfirlag brautarinnar sé gott og brautin í rauninni tilbúin en kostnaðurinn tengist fyrst og fremst aðflugsbúnaði og raflögnum. Þetta hafi setið á hakanum þegar raflagnir voru endurnýjaðar á vellinum fyrir nokkrum árum.

Á fundinum kom fram að öryggismál yrðu í góðu lagi þó að varnarliðið hefði farið og vel yrði hugsað um alla flugrekstrarlega þætti, til dæmis hreinsun brauta, mönnun og tækjabúnað hjá slökkviliðinu. Ekki yrði slegið af kröfum eða öryggisstöðlum. Þá kom fram í máli samgönguráðherra að völlurinn færi undir samgönguráðuneytið en ekki hefði verið hvenær það yrði. „Eftir þessa breytingu er hægt að hugsa flugvellina í einni heild og undir einum hatti,“ segir Jóhannes.



**FUNDUR ATVINNUFLUGMANNA** Fundarmenn voru ánægðir með þau orð samgönguráðherra að flugbrautin 07/25 yrði opnuð aftur. „Það er óásættanlegt að dregið sé úr kröfum við þær breytingar sem nú eru á Keflavíkurflugvelli,“ segir Jóhannes B. Guðmundsson, varaformaður FÍA. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Það er óásættanlegt að dregið sé úr kröfum og staðlar lækkaðir við þær breytingar sem nú eru á Keflavíkurflugvelli. Borgaralegt farþegaflug á ekki að búa við lakari skilyrði en hernaðarflugið áður og má þá eins og áður benda á staðsetningu Keflavíkurflugvallar á miðju Atlantshafinu langt frá öðrum vara- og neyðarflugvöllum,“ segir hann.

Flugstöðin hefur verið stækkuð fyrir milljarða króna upp á síðkastið. „Þessar framkvæmdir mega samt ekki verða til þess að ekki fáist nægjanlegt fjármagn til að halda uppi hæsta öryggisstaðli við rekstur og þjónustu við flugumferð við jafn krefjandi aðstæður,“ segir Jóhannes.

**ghs@frettabladid.is**











Tillögur kynntar fyrir bæjarfulltrúum um jarðgöng milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur:

# Þrjár leiðir koma til greina

**SAMGÖNGUR** Greinargerð um jarðgangaleiðir á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar var kynnt fyrir bæjarfulltrúum í Bolungarvík og á Ísafirði í gær. Fundurinn fór fram í ráðhúsinu í Bolungarvík en Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, ásamt fylgdarliði frá Vegamálastjóra, ræddi við bæjarfulltrúana um efnisatriði skýrslu þar sem fjallað er um mögulegar jarðgangaleiðir.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu stefnir Sturla að því að flýta jarðgangagerð eins og kostur er. Mikið grjóthrun hefur verið á veginn um Óshlíð á þessu ári en rúmlega 600 bílar á dag keyra um veginn, samkvæmt sjálfvirkri mælingu Vegagerðarinnar.

Í skýrslunni eru þrjár leiðir sagðar koma til greina; Seljadalsleið, Skarfaskersleið og Hnífsdalsleið.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, var ánægður með fundinn og telur líklegt að sátt náist um Skarfaskersleið. „Í mínum huga er Skarfaskersleið hentug að mörgu leyti og mér finnst líklegt að allir þeir sem að þessu máli koma geti sæst á að ráðast í þá framkvæmd en hún krefst faglegs undirbúnings. Aðalatriðið er að auka öryggi hér á Vestfjörðum því samgönguúrbóta er þörf víða.“ Ekki náðist í Sturlu Böðvarsson í gærkvöld. **- mh**



**YFIRLITSKORT** Þrjár leiðir koma til greina. FRÉTTABLAÐIÐ/VEGAGERÐIN

# Vorum að setja síðustu skrúfuna í stærstu og flottustu Vodafone verslun í heiminum



## Opnunartilboð á öllum GSM símum og aukahlutum

| Nokia 2310 | Nokia 5550 | Nokia 3250 | Nokia 6280 | Simply VS2 | Simply VS3 | Samsung E860 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 6.700 kr. | +Bluethooth heyrnartæki 29.800 kr. | 15.000 kr. | 19.900 kr. | 1.500 kr. | 1.500 kr. | 19.900 kr. |
| fullt verð 8.900 kr. | fullt verð 37.900 kr. | fullt verð 32.900 kr. | fullt verð 36.900 kr. live! símtæki | fullt verð 9.900 kr. | fullt verð 13.900 kr. | fullt verð 25.900 kr. |



Glæsilegur fartölvubakpoki **fylgir 100 fyrstu** símunum. Allir fá að snúa **lukkuhjólinu** og eiga möguleika á að vinna síma, hleðslukort, gjafabréf og margt fleira.

**Komdu í Skútuvog 2, fagnaðu með okkur og gerðu góð kaup í leiðinni**

gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone




Norskur þingmaður í frí:

# Fullur í ræðustól þings

**NOREGUR** Norðmenn eru æfir yfir þingmanninum Per Sandberg, sem mætti drukkinn á þing á þriðjudagskvöld. Sandberg hafði drukkið þrjú staup af ákavíti og einn bjór áður en hann steig í ræðupúlt Stórþingsins, að því er fréttavefur Aftenposten greinir frá.

Í gær ræddi hann við lækni og formann Framfaraflokksins og ákvað í kjölfar þess að taka sér frí um óákveðinn tíma. Áður hafði hann sagt að sér fyndist umfjöllunin um málið vera úr öllu hófi.

„Áfengi fæst í veitingasalnum í þinginu og það gerist að þingmenn fái sér einn öl í hádeginu eða kvöldmatnum," hefur Aftenposten eftir Sandberg, sem segist alls ekki hafa verið svo drukkinn að það sæist á honum. **- smk**



**BJÓR Á ÞINGI** Hægt er að kaupa sér áfengi í matsal norska þingsins.

# Framlög eru svipuð hér og í Bretlandi

**Bætur til fátækra eru hlutfallslega lægri á Íslandi en á Norðurlöndunum. Ríksivaldið á Íslandi gerir álíka mikið og ríkisstjórn Bretlands til að bæta stöðu fátækra barna.**

**FÉLAGSMÁL** Réttara er að flokka Ísland með Bretlandi en Norðurlöndunum þegar rætt er um aðgerðir ríkisvaldsins til að bæta stöðu fátækra barna. Þetta sést þegar aðgerðir ríkisvaldsins á Íslandi til að bæta stöðu þeirra eru bornar saman við aðgerðir ríkisstjórna þessara landa.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra hélt því fram á blaðamannafundi á fimmtudag, þar sem rætt var um skýrslu forsætisráðherra um fátækt barna á Íslandi, að staða fátækra barna á Íslandi væri að sumu leyti sambærileg við stöðu þeirra á Norðurlöndunum. Samkvæmt skýrslunni bjuggu rúmlega 4.600 íslenskra barna við fátækt árið 2004, eða 6,6 prósent allra barna í landinu.

Þegar litið er til hinna Norðurlandaþjóðanna er hlutfall fátækra barna 2,1 prósent í Danmörku, 2,9 prósent í Noregi, 3,2 prósent í Svíþjóð og 3,3 prósent í Finnlandi. Hlutfall fátækra barna á Íslandi er því meira en helmingi hærra en hlutfall fátækra barna í þremur af þessum fjórum löndum.

Á Íslandi lækkar hlutfall fátækra barna um 48 prósent, fer úr 12,7 prósent niður í 6,6 prósent við áhrif skatta- og bótakerfisins, eftir að ýmsar bætur hafa verið greiddar til fátæks fólks ofan á tekjur þeirra.

Í Noregi fer hlutfall fátækra barna úr 10,1 prósenti niður í 2,9 prósent við áhrif skatta- og bótakerfisins, sem er um 71 prósents lækkun. Í Svíþjóð er lækkunin einnig töluvert meiri. Þar fer hlutfall fátækra barna úr 13,8 prósentum niður í 3,2 prósent, sem er um 77 prósenta lækkun. Lækkunin er einnig meiri í Finnlandi en þar fer hlutfallið niður úr 14,3 prósentum í 3,3 prósent, sem er um 77 prósenta lækkun. Lækkunin er hlutfallslega mest í Danmörku, hlutfallið fer úr 10,8 prósentum niður í 2,1 prósent, sem er rúmlega 80 prósenta lækkun.




Af þessu sést að á hinum Norðurlöndunum lækkar hlutfall þeirra barna sem teljast vera fátæk töluvert meira fyrir áhrif skatt- og bótakerfisins en hér á landi.

Það OECD-ríki þar sem hlutfallið á lækkun fátækra barna með skatta- og bótakerfinu er svipað og hér á Íslandi er Bretland. Þar er hlutfall fátækra barna 25 prósent en fer niður í 13,6 prósent við áhrif frá skatta- og bótakerfinu, sem er lækkun um tæp 46 prósent.

Þess vegna getur Ísland ekki borið sig saman við Norðurlöndin að þessu leyti: ríkisvaldið þar leggur meira af mörkum til þeirra barna sem búa við fátækt.

**ingifreyr@frettabladid.is**

Eldsvoði í Efstasundi:

# Sex komust undan eldinum

**BRUNI** Sex einstaklingar sluppu ómeiddir úr húsi í Efstasundi í Reykjavík eftir að eldur kom upp í kjallara þess um klukkan sex á fimmtudagsmorgun. Tveir íbúar voru í kjallaraíbúðinni og gerðu þeir fjórum íbúum á efri hæð hússins viðvart um eldinn.

Íbúarnir tveir voru fluttir á slysadeild til skoðunar vegna gruns um reykeitrun.

Íbúðin er mikið skemmd eftir eldsvoðann og telja íbúarnir tveir að kviknað hafi í út frá kerti.

Að sögn lögreglunnar í Reykjavík köfnuðu fimm naggrísir og einn hundur sem voru í kjallaraíbúðinni þegar eldurinn kom upp. **- ifv**



**SLÖKKVILIÐ VIÐ STÖRF** Íbúðin er mikið skemmd eftir eldinn. Mynd úr safni.



# Helgarsprengja!

SPARIÐ 11.960,-

**„ROYAL" LÍNAN**
Glæsileg, gegnheil lína á frábæru verði. Stólar eru með fallegu microfíberáklæði. Borð verð **29.900,-** Stækkunarplata **4.990,-** Stóll verð **7.990,-** Borð + 4 stólar verð **49.900,-** Borð + 6 stólar verð **59.900,-** Glerskápur 190x100x45 sm, verð **39.900,-** Skenkur 86x140x45 sm, verð **34.900,-**

BORÐ + 4 STÓLAR ÁÐUR 61.860,-
**49.900,-**



SPARIÐ 8.960,-

BORÐ + 4 STÓLAR ÁÐUR 48.860,-
**39.900,-**

**„TERRA" BORÐ OG „VALETTA" STÓLAR**
Gullfallegt borð í eikarlit, stærð 160x90 sm og 4 stólar úr ljósu microfíberefni með eikarfótum. Borð **16.900,-** Stóll **7.990,-** Fallegt sett á jólatilboði!



ALLT SETTIÐ 3 + 2 Á AÐEINS
**59.900,-**

**„CHICAGO" SÓFASETT 3+2**
Flott leðursófasett í brúnum lit. Breidd á 3ja sæta sófa er 198 sm og á 2ja sæta 152 sm. Komdu og gerðu góð kaup á fallegu sófasetti!



SPARIÐ 9.050,-

BORÐ + 4 STÓLAR ÁÐUR 21.950,-
**12.900,-**

**„SANDY" BORÐ OG 4 STÓLAR**
Fallegt stílhreint borð og 4 stólar. Borðið er með krómuðum járnfótum. Stólarnir eru í stíl við borðið með krómuðum járnfótum. Borð stærð B: 120 x L: 75 x H: 73 sm. Frábært verð á flottu borði og stólum. Stóll **2.990,-** Borð **9.990,-**



**„VALETTA" STÓLL**
Góður og vandaður borðstofustóll úr bycastleðri með fallegum eikarfótum. Einnig fáanlegir með dökkum fótum.

**10.900,-**



-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



**„VALETTA" STÓLL**
Fallegur borðstofustóll úr brúnu bycastleðri með eikarfótum.

**12.900,-**

wolfcraft®
Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Skáldaður sjónvarpsfréttatími veldur usla í Belgíu:

# Trúðu frétt um flæmskt sjálfstæði

**BELGÍA, AP** Stjórnmálaleiðtogar í Belgíu brugðust ókvæða við í gær eftir að í fyrrakvöld var sendur út á besta tíma á frönskumælandi rás ríkissjónvarpsins leikinn þáttur sem leit út fyrir að vera raunverulegur aukafréttatími sem skotið var inn í dagskrána. Í „fréttatímanum“ var sagt frá því að Flæmingjar í hollenskumælandi norðurhluta landsins hefðu lýst yfir fullu sjálfstæði og konungshjónin væru flúin úr landi.

Forviða hringdu þúsundir sjónvarpsáhorfenda í stöðina, RTBF, á meðan á útsendingunni stóð og starfsmenn erlendra sendiráða leituðu skýringa hjá belgískum yfirvöldum.

„Áhyggjufullir sendiherrar spurðu hvað þeir ættu að tilkynna heim til höfuðborga sinna,“ sagði Anne-Marie Lizin, forseti öldungadeildar Belgíuþings. „Þessi skáldskapur var tekinn trúanlega og hann skapaði skelfilega ímynd af landinu.“

Talsmenn RTBF sögðu viðbrögðin sýna þörfina á alvarlegri umræðu um framtíð belgíska ríkisins. Síðastliðin tuttugu ár hafa samskipti Flæmingja og Vallóna verið tiltölulega góð, eftir að ákveðið var að gera landið að sambandsríki þar sem hver málhópur - flæmsku-, frönsku- og þýskumælandi - fengi mikil sjálfstjórnarréttindi. Um fjórðungur Flæmingja styður hægriflokkinn Flæmskir hagsmunir, sem berst fyrir algerum aðskilnaði. **- aa**




**TUNGUMÁLAERJUR** Vörubíll ekur hjá vegskiltum, þar sem búið er að krota yfir frönsk staðanöfn í Sint Genesius-Rode í flæmska hluta Belgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


fegurðin býr í smáatriðunum
Hlíðasmára 1 • 201 Kópavogur • 534 7777 • www.modern.is
MÓDERN

# Gríðarlegur verðmunur á jólabókum

**Allt að 95 prósenta verðmunur er á nýjum jólabókum. Office 1 var oftast með lægsta verðið en hæsta verðið var oftast í Bókabúð Máls og menningar og Pennanum Eymundssyni. Verð bókanna er yfirleitt undir leiðbeinandi verði.**

**VERÐKÖNNUN** Allt að 95 prósenta verðmunur var á nýjum jólabókum þegar verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð í bókaverslunum og stórmörkuðum í fyrradag. Verð bókanna var yfirleitt talsvert undir leiðbeinandi verði. Fjórar bækur af bóksölulistanum 5.-11. desember voru með í könnuninni.

Konungsbók eftir Arnald Indriðason var dýrust hjá Máli og menningu á Laugavegi og Pennanum Eymundssyni í Kringlunni. Þar kostaði hún 3.750 krónur. Konungsbók var ódýrust hjá Nettó í Mjódd. Þar kostaði hún 2.355 krónur. Verðmunur á hæsta og lægsta verði var 59 prósent.

Ljósið í Djúpinu eftir Reyni Traustason var dýrast hjá Bóksölu stúdenta, 4.221 krónur, en ódýrast í Office 1 í Skeifunni. Þetta gerir 64 prósenta mun á hæsta og lægsta verði.

Öðruvísi saga eftir Guðrúnu Helgadóttur var tekin með í verðkönnun ASÍ. Bókin var dýrust í Bóksölu stúdenta þar sem hún kostaði 2.421 krónur en ódýrust í Office 1 í Skeifunni. Þar kostaði hún 1.479 krónur. Verðmunur á hæsta og lægsta verði var 82 prósent. Bókin var ekki verðmerkt í Nettó í Mjódd.

Þá var Fíasól á flandri eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur á 2.421 krónu í Bóksölu stúdenta en 1.479 krónur í Office 1. Munurinn nam 64 prósentum. Niðurstaða verðkönnunar ASÍ var sú að Office 1 var langoftast með lægsta verðið; á 36 titlum af 37. Hæsta verðið var oftast í Bókabúð Máls og menningar við Laugaveg, á 22 titlum, og í Pennanum Eymundssyni á 21 titli. Á öllum titlum reyndist yfir 50 prósenta munur á hæsta og lægsta verði og í flestum tilvikum var verðmunurinn 60-65 prósent. Munurinn fór þó allt upp í 95 prósent, eins og áður sagði. Það var á bókinni Gemsinn eftir Stephen King.

Könnunin var gerð í Máli og menningu Laugavegi, Pennanum Eymundsson Kringlunni, Bóksölu stúdenta Hringbraut, Griffli Skeifunni, Office 1 Skeifunni, Nettó í Mjódd, Hagkaupum Kringlunni, Bónusi Kringlunni, Krónunni Bíldshöfða og Samkaupum-Úrvali í Njarðvík. Bókaverslunin Iða í Lækjargötu neitaði að taka þátt í könnuninni. Aðeins var um beinan verðsamanburð að ræða. Ekki var lagt mat á gæði eða þjónustu söluaðila.

**ghs@frettabladid.is**

## VERÐKÖNNUN ASÍ Á JÓLABÓKUM 13. DESEMBER 2006

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Aldingarðurinn** Ólafur Jóhann Ólafsson | 4.690 | 3.890 | 3.890 | 4.221 | **2.579** | 2.720 | 3.460 |
| **Á undan sinni samtíð** Ellert B. Schram | 3.990 | 3.390 | 3.390 | 3.591 | **2.195** | 2.554 | 3.024 |
| **Konungsbók** Arnaldur Indriðason | 4.690 | 3.750 | 3.750 | 3.283 | 2.579 | **2.355** | 3.143 |
| **Sendiherrann** Bragi Ólafsson | 4.690 | 3.890 | 3.890 | 3.283 | **2.579** | 2.720 | 3.272 |
| **Skipið** Stefán Máni | 4.480 | 3.980 | 3.980 | 4.032 | **2.464** | 2.554 | 3.402 |
| **Tryggðapantur** Auður Jónsdóttir | 4.690 | 3.490 | 3.890 | 3.518 | **2.579** | 2.720 | 3.239 |
| **Ljósið í djúpinu** Reynir Traustason | 4.690 | 3.890 | 3.890 | 4.221 | **2.579** | 2.720 | 3.460 |
| **Skáldalíf** Halldór Guðmundsson | 5.980 | 4.980 | 4.980 | 4.186 | **3.289** | 3.349 | 4.157 |
| **Stelpan frá Stokkseyri** Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir | 4.980 | 4.280 | 4.280 | 4.482 | **2.738** | 2.938 | 3.744 |
| **Fyrir kvölddyrum** Hannes Pétursson | 3.690 | 3.290 | 3.290 | 2.767 | **2.029** | (*) | 2.844 |
| **Úti að aka** Einar Kárason og Ólafur Gunnarsson | 5.480 | 3.480 | 3.480 | 4.482 | **2.738** | 3.069 | 3.450 |
| **Öðruvísi saga** Guðrún Helgadóttir | 2.690 | 2.390 | 2.390 | 2.421 | **1.479** | (**) | 2.170 |
| **Fíasól á flandri** Kristín Helga Gunnarsdóttir | 2.690 | 2.360 | 1.990 | 2.421 | **1.479** | 1.695 | 1.989 |
| **Ég er ekki dramadrottning** Sif Sigmarsdóttir | 2.990 | 2.590 | 2.590 | 2.392 | **1.644** | 1.884 | 2.220 |
| **Eragon öldungurinn** Christopher Paolini | 3.780 | 3.180 | 3.180 | 2.784 | **1.913** | 2.117 | 2.635 |

**1.** Leiðbeinandi verð skv. Bókatíðindum **2.** Mál og menning **3.** Penninn Eymundsson **4.** Bóksala stúdenta **5.** Office 1 **6.** Nettó **7.** Meðalverð

Taflan inniheldur aðeins bækur á bóksölulistanum sem teknar eru með í verðkönnun ASÍ.
* ekki til ** ekki verðmerkt

SIEMENS executive edition

Kaffivél, brauðrist og hraðsuðukanna
í sama stíl. Nútíma tækni og ný glæsileg hönnun.
Brauðrist
Jólaverð: 6.900 kr. stgr.
Hraðsuðukanna
Jólaverð: 7.900 kr. stgr.
Kaffikanna
Jólaverð: 6.900 kr. stgr.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is
ATARNA / STÍNA M. / FÍT

-5kr.
af eldsneyti í dag á öllum ÓB stöðvum
Jólastöð ÓB Snorrabraut
Jólasveinar munu koma færandi hendi á ÓB-stöðina við Snorrabraut í dag, milli kl. 4 og 6, og útdeila gjöfum frá Senu, Sögu og Icelandair.
Komdu við og fylltu bílinn, þú færð góðan afslátt og hugsanlega jólagjöf í kaupbæti.
Allt um leikinn á www.ob.is



*3ja sæta leðursófi* ***107.800 kr.*** *- 2ja sæta* ***90.500 kr. – Stóll 64.900 kr.***



*Leðurhornsófi með tungu 245x315 -* ***318.200 kr.***



*Gott úrval af skemmtilegu jólaskrauti*



*Hellas skápur* ***kr. 279.800*** *– Borðstofuborð m/ 2 stækkunum* ***kr. 133.700***
*– Jazz borðstofustóll* ***kr. 22.400***



*Soho glerskápur* ***kr. 148.900*** *– Delta borðstofuborð 180x100 m/ 2 stækkunum*
***kr. 89.900*** *– Paris leðurstóll (lágt bak)* ***kr. 15.400*** *– Derby leðurstóll* ***kr. 16.700***



*Body skenkur* ***kr. 129.800*** *– Dondo borðstofuborð 220x100* ***kr. 111.200***
*– Leðurstóll* ***kr. 13.900*** *– Spegill* ***kr. 27.900***

**LÍNAN**

H Ú S G Ö G N

**SUÐURLANDSBRAUT 22**
**SÍMI 553 7100 • www.linan.is**



**NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI** Ban Ki-moon var í gær svarinn inn sem næsti framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. Suður-Kóreumaðurinn tekur við af Kofi Annan 1. janúar næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Karlmaður dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og til sektargreiðslu:

# Dæmdur í 16 milljóna sekt

**DÓMSMÁL** Maður á sextugsaldri var á fimmtudag dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu 16 milljóna króna sektar til ríkissjóðs vegna stórfelldra skatta-, bókhalds- og hegningarlagabrota.

Brotin voru framin á árunum 1999 og 2000 þegar maðurinn stóð fyrir innflutningi og sölu á bifreiðum. Ekki þótti allt með felldu í rekstrinum og hóf skattrannsóknastjóri rannsókn á skattskilum og bókhaldi mannsins og eignarhaldsfélags hans. Þeirri rannsókn lauk árið 2003. Var manninum í kjölfarið gefið að sök að hafa látið höfuð undir leggjast að skila virðisaukaskattsskýrslum.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Dæmdi manninn í skilorðsbundið fangelsi og til hárrar sektargreiðslu vegna stórfelldra skatta-, bókhalds- og hegningarlagabrota.

Maðurinn sagði að enginn hagnaður hefði verið á rekstri sínum heldur þvert á móti gífurlegt tap sem hafi á endanum orsakað að bæði hann persónulega og fyrirtæki hans hafi orðið gjaldþrota. Hann hafi enn fremur ekki talið fram umboðslaun vegna sölu bílanna vegna þess að um 90 prósent þeirra hafi farið í lagfæringar á þeim þar sem þeir stóðust ekki ætlaðar kröfur kaupenda.

Í dómsorðum segir að maðurinn hafi gerst sekur um stórfelld brot sem vörðuðu verulegar fjárhæðir. Því þótti fyrrgreind refsing hæfileg. Ef sektin verður ekki greidd innan fjögurra vikna á maðurinn að sæta fimm mánaða fangelsi. - þsj

Vesturöræfi í fyrrinótt:

## Bilun í jarðskjálftastöð

**JARÐSKJÁLFTAR** Veðurstofu Íslands bárust fyrirspurnir á fimmtudag vegna jarðskjálfta í Vesturöræfum um nóttina.

Við athugun komust starfsmenn Veðurstofunnar að því að bilun í jarðskjálftastöð í Aðalbóli í Svínadal orsakaði að sjálfvirkt mælingakerfi stofunnar skráði þessa meintu jarðskjálfta niður og birti upplýsingarnar á netinu.

Þegar fólk á svæðinu skoðaði heimasíðu stofnunarinnar könnuðust þeir ekki við jarðskjálftana og hringdu þess vegna til að spyrjast fyrir um skjálftarnir hefðu í raun átt sér stað. - ifv




Líkamsárás 16 ára pilts:

## Hlaut djúpan skurð á hendi

**DÓMSMÁL 16 ára piltur hefur verið dæmdur til að greiða manni 60.000 króna sekt fyrir að hafa hrint honum á rúðu í anddyri húss í Austurbergi í Reykjavík í apríl í fyrra. Ef pilturinn greiðir sektina ekki innan sextíu daga á hann yfir höfði sér sex daga fangelsi. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn á miðvikudag. Fórnarlambið hlaut sex sentimetra skurð þvert á hægri handlegg auk skurðar á hægra eyra og á höfði þegar hann lenti á rúðunni.**

**Ákærða, sem tvívegis áður hefur komið við sögu lögreglunnar, var gert að greiða fórnarlambinu bætur sem og sakarkostnað sinn í málinu.** - ifv

**GÓÐGERÐASTARFSEMI**

### Jólakorta til Stígamóta

VR hefur ákveðið að senda engin jólakort í ár en láta í staðinn Stígamót njóta góðs af. Fólk á öllum aldri leitar til Stígamóta eftir að hafa verið beitt kynferðisofbeldi.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Bíll ónýtur eftir útafakstur

Sautján ára ökumaður slasaðist lítillega þegar bíll hans lenti tólf metra utan vegar um klukkan hálfáttaleytið á fimmtudagsmorgun. Slysið átti sér stað á Garðvegi, á milli Garðs og Keflavíkur. Bíll mannsins er talinn ónýtur eftir útafaksturinn.



**EKKI GLEYMDUR** Einn þeirra sem ísraelskir hermenn hafa tekið af lífi án fyrirliggjandi dóms er Sheikh Ahmed Yassin, sem var andlegur leiðtogi Hamas-samtakanna. Myndin er tekin síðastliðið vor þegar Palestínumenn minntust þess að tvö ár voru liðin frá láti hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Stundum má drepa án dóms

**Ísraelskur dómstóll kveður upp úrskurð um fyrirfram ákveðin dráp á óvinveittum Palestínumönnum.**

**JERÚSALEM, AP** Hæstiréttur Ísraels kvað í gær upp úrskurð, sem beðið hefur verið árum saman, um fyrir fram ákveðin dráp á óvinveittum Palestínumönnum. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt alþjóðalögum væri stundum heimilt að fremja slík dráp, en ísraelski herinn hefur stundað slíkt árum saman.

Dómstóllinn sagði að hvert tilvik þyrfti að vega og meta áður en kveðið væri upp úr með hvort það samræmdist alþjóðalögum eða ekki.

Ísraelski herinn hóf að beita þessari aðferð, að drepa markvisst Palestínumenn sem grunaðir eru um að skipuleggja hryðjuverk, fljótlega eftir að slitnaði upp úr friðarviðræðum og Palestínumenn hófu uppreisnaraðgerðir haustið 2000.

Ísraelsku mannréttindasamtökin B'tselem telja að ísraelski herinn hafi orðið 339 Palestínumönnum að bana með þessum hætti. Þar af hafi 210 verið skotmörk hermannanna en hinir hafi látið lífið vegna þess að þeir hafi verið nærstaddir þegar árásirnar voru gerðar.

Oftast eru árásir á mennina gerðar úr lofti, ýmist úr vopnuðum þyrlum eða ómönnuðum smáflugvélum, og er þá flugskeytum skotið úr þeim á bifreiðar á jörðu niðri. Oftast er byggt á upplýsingum frá leyniþjónustumönnum eða uppljóstrurum um ferðir hinna óvinveittu Palestínumanna.

Bandaríski herinn hefur beitt sams konar aðferðum í Afganistan og Írak.

Alræmdasta aðgerðin af þessu tagi var þegar sprengju var varpað á Salah Shehadeh í júlí árið 2002. Hann var háttsettur í Hamas, sagður skipuleggja sjálfsmorðssprengingar, en fyrir árásinni urðu einnig lífverðir hans og þrettán manns að auki, þar af níu börn sem öll týndu lífi. Þessi árás varð til þess að alþjóðleg mannréttindasamtök kröfðust þess að ísraelskir hermenn yrðu dregnir fyrir dóm. - gb






# Því þetta land
# var sál vorri fengið til fylgdar

*Hannes Pétursson*






Enginn ljósmyndari hefur snortið jafn marga með myndum sínum af Íslandi og Sigurgeir Sigurjónsson. Bækur hans hafa selst í hundruðum þúsunda eintaka og orðið táknmyndir um allan heim fyrir íslenskt landslag: kyrrðina, víðáttuna, fegurðina. Í Landinu okkar talar hann til okkar Íslendinga. Hann lýkur upp fjársjóðum íslenskrar náttúru og sýnir okkur í allri sinni dýrð landið sem okkur var fengið til fylgdar.

„Ljósmyndarar eins og Sigurgeir Sigurjónsson hafa stækkað landið í hugum okkar og breytt því hvernig við horfum á það."

*Úr formála Andra Snæs Magnasonar*

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## Jólaleikur BYKO

# 150 þúsund króna inneign í Nóatúni

NÓATÚN



**5.990**

8.480

Vnr. 41100144

### Matarstell

Matar- og kaffistell með skrautmynstri. 6 manna, 39 stk.




**17.900**

Vnr. 65001517

### Sjónvarp

HAIER 21" sjónvarp með DVD. Tekur CD, VCD, DVD og JPG. Fullkomin fjarstýring og gott hljóð. Fæst í BYKO Breidd og Akureyri.

# 40% afsláttur af öllu

## 35 og 50 ljósa gluggaskrauti

*afsláttur reiknast á kassa*



**1.490**

4.624

Vnr. 88010513-4

### Engill

Engill eða jólasveinn með ljósleiðara, 40 cm.





**7.990**

14.900

Vnr. 88949798

### Ljósaturn

Ljósaturn, 160 ljósa með blikkandi perum eða bláum perum.

## 40-50% afsláttur

*af öllum útifígúrum*

afsláttur reiknast við kassa



Verð frá

**1.290**

með 50% afslætti

2.790

Vnr. 49800199

### Jólasveinn

Jólasveinn í rólu.

## 40-50% afsláttur

*af öllum útifígúrum*

afsláttur reiknast við kassa



Verð frá

**1.845**

með 50% afslætti

3.690

Vnr. 49800199

### Jólasveinn

Jólasveinn í fallhlíf.

# 50% afsláttur

afsláttur reiknast við kassa



Verð frá

**2.793**

5.990

Vnr. 88902800-6

### Keilutré

Kristal keila, 90,122 eða 150 cm.



**2.490**

6.290

Vnr. 88949827

### Ljósastafir

Ljósastafir, rauður/hvítur, 80 ljósa, 8 stafir í seríu, IP44.



11.900

17.985

Vnr. 41330774

**Pottasett**

Stálpottasett, 3 pottar og panna, teflonhúðað. Hentar á spanhellur.



3.990

6.990

Einhell®

Vnr. 74804118

**Rafhlöðuborvél**

EINHELL rafhlöðuborvél 18V, með 2 rafhlöðum.



1.990

2.946

Einhell®

Vnr. 74802250

**Stingsög**

EINHELL stingsög 600W, blaðstýring, hraðastilling, land og ryksugutengi.

# LÆKKAÐ VERÐ á jólavörum!

Verð frá

1.495

með 50% afslætti

2.990

Vnr. 88949201-37

***Útisería***

*STARLIGHT útisería, 20/40/60 eða 80 ljósa, glær, rauð eða mislit, perustærð 3,5 cm.*



## Normannsþinur

Normannsþinur er vinsælasta jólatré landsmanna.

## Öll tré inni

Öll tré eru geymd inni. Þú ekur bílnum inn og velur draumatréð.

## Verið velkomin

Jólatrén fást í Timbursölu BYKO Breidd og BYKO Selfossi.

## Opið

Jólatréssalan í BYKO Bredd er opin til kl. 22 til jóla.

LÆGRA VERÐ!

**Normannsþinur**

| | |
|---|---|
| 125-150 cm | verð 2.190 |
| 151-175 cm | verð 2.790 |
| 176-200 cm | verð 3.990 |
| 201-250 cm | verð 4.790 |

Hluti af söluandvirði af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.

# 30-50% afsláttur

*af öllum jólaseríum*

*afsláttur reiknast við kassa*

**www.byko.is**

verslaðu á netinu

BYKO

**GÆÐI Á LÆGRA VERÐI**



**Í VERKFALLI** Þessi verkamaður sat fyrir utan lokaðar dyr verslunar í Agartala á Indlandi, þar sem boðað var til allsherjarverkfalls til að mótmæla verðhækkunum nauðsynjavara og umdeildum efnahagsafskiptum ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Serbía meðal landa sem gengin eru til liðs við Samstarf í þágu friðar:

# Áfangi að inngöngu í NATO

**BRUSSEL, AP** Atlantshafsbandalagið tók í gær Serbíu, Svartfjallaland og Bosníu-Herzegovínu inn í aðildarundirbúningsáætlun sína. Ákvörðunin er liður í víðtækari áætlun um að draga með tíð og tíma alla fyrrverandi fjendur úr upplausnarstríðum gömlu Júgóslavíu inn í raðir bandalagsins og treysta stoðir varanlegs friðar á Balkanskaga.

Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, sagði í ræðu í höfuðstöðvum bandalagsins í Brussel í tilefni af því að ellefu ár eru liðin frá því Dayton-samkomulagið var gert sem batt enda á stríðið í Bosníu, að Bosnía væri nú „loks komin á beinu brautina að þátttöku í Evró-Atlantshafssamstarfinu“.

Leiðtogar NATO ákváðu á fundi sínum í Ríga í lok nóvember að bjóða Bosníu-Herzegovínu, Serbíu og Svartfjallalandi til liðs við Samstarf í þágu friðar, og í gær gengu leiðtogar ríkisstjórna landanna þriggja hver fyrir sig á fund de Hoop Scheffers í Brussel til að undirrita samninga þar að lútandi. Þess er vænst að þrjú önnur þátttökuríki í Samstarfi í þágu friðar fái inngöngu í NATO á árinu 2008, en það eru Albanía, Króatía og Makedonía. - aa



**NATO Á BALKANSKAGA** Tékkneskir hermenn í friðargæsluliði NATO á æfingu í Kosovo í gær. NATO ætlar sér lykilhlutverk við að tryggja frið á Balkanskaga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Smygl Perúbúa á Austurlandi:

# Tæplega 1000 lopapeysur

**DÓMSMÁL** Tveir Perúbúar hafa verið dæmdir fyrir tilraun til að smygla næstum eitt þúsund lopapeysum og ríflega 1.300 geisladiskum til lands. Mennirnir voru auk þess með á annað hundrað prjónahatta, nokkra trefla, tíu pör af vettlingum og annars konar ullarvarning í fórum sínum. Komu þeir til lands með Norrænu í september og fannst varningurinn við leit í Fiat-bifreið þeirra.

Héraðsdómur Austurlands kvað upp dóminn á miðvikudaginn. Þeim var gert að greiða fjársektir í ríkissjóð ellegar sæta fangelsi í 2 og 12 daga, auk þess sem hald var lagt á varninginn. - ifv

Samtök ferðaþjónustunnar:

# Minni lækkun en halda mætti

**SKATTALÆKKANIR Virðisaukaskattur fer úr 24,5 prósentum í sjö prósent hjá veitingahúsum þegar virðisaukaskatturinn verður lækkaður 1. mars. Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að endurgreiðslur hafi verið miklar og kerfið flókið en nú einfaldist það.**



ERNA HAUKSDÓTTIR

**„Það er því ekki eins mikil lækkun og þessar prósentutölur gefa til kynna. Samkeppnisstaða veitingahúsa gagnvart öðrum sem selja heitan mat, til dæmis úr kjötborði verslana og sjoppum, batnar. Það hefur verið mikið baráttumál hjá okkur að þessi matur sé alls staðar á sama virðisaukaskattsstigi,“ segir hún.** - ghs

Fjölskyldurnar í landinu finna fyrir skattalækkunum strax eftir áramót:

# Útgjöldin minnka um 100 þúsund á ári

**EFNAHAGSLÍF** Fjölskyldurnar í landinu ættu að finna fyrir skattalækkunum ríkisstjórnarinnar strax í byrjun næsta árs, annaðhvort strax 1. janúar eða 1. febrúar, eftir því hvort fólk er á fyrirfram eða eftir á greiddum launum. Hvort heldur sem er ættu ráðstöfunartekjur fólks að aukast. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar verða þó ekki komnar fram að fullu fyrr en í byrjun ágúst á næsta ári.

Flókið er að segja nákvæmlega hversu mikið ráðstafanirnar nú um áramótin koma til með að þyngja pyngju fólks. Með einföldun má þó segja að lækkunin á tekjuskattinum um eitt prósent og hækkun á persónuafslætti úr 29 þúsund í 32 þúsund krónur verði til þess að skattleysismörkin hækki úr 79 þúsund í 90 þúsund krónur.

Í byrjun mars verður svo lækkun á vörugjöldum og virðisaukaskattur lækkar í sjö prósent á öllum matvörum nema sykri og sætindum og þjónustu. Gert er ráð fyrir að vísitala neysluverðs lækki um tvö til tvö og hálft prósent á ársgrundvelli í framhaldi af þessu sem gæti skilað um 70-100 þúsund króna lægri heimilisútgjöldum á ári á heimili sem í dag er með útgjöld upp á 350-400 þúsund krónur á mánuði.

Til viðbótar kemur að heimild er til tollalækkunar á innfluttum kjötvörum um allt að fjörutíu prósent frá 1. mars en ekki er ljóst hvenær og hversu mikið sú lækkun kemur til framkvæmda. Sigurður Guðmundsson, sérfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu, segir að það komi í ljós einhvern tímann á næsta ári.

Þá hækka tekjuviðmiðanir vegna skerðingar á barnabótum um tuttugu prósent og viðmiðunaraldurinn verður hækkaður úr sextán í átján ára. Þetta mun þó ekki skila sér í pyngjuna fyrr en í ágúst þegar barnabæturnar koma í flestum tilfellum til greiðslu. „Þetta er gömul ákvörðun frá 2004 sem er að koma til framkvæmda nú,“ segir Sigurður. „Sama er að segja um frítekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega. Sú hækkun kemur til framkvæmda frá áramótum.“ Þá munu breytingar á vaxtabótum einnig koma fjölskyldum til góða.

Tölurnar eru gróflega áætlaðar og eiga aðeins að gefa hugmynd um áhrifin á fjölskyldurnar í landinu. - ghs



**MATARKARFAN LÆKKI** Á næsta ári lækka vörugjöld og virðisaukaskattur á öllum matvörum nema sykri og sætindum. Stefnt er að því að þessar breytingar verði til þess að verð á matarkörfu fjölskyldunnar lækki.



SVÍÞJÓÐ

### Áhyggjur af gasleiðslu

Svíar hafa miklar áhyggjur af nýrri 1.200 kílómetra langri gasleiðslu, sem leggja á eftir sjávarbotninum í Eystrasalti á milli Rússlands og Þýskalands. Sænskir stjórnmálamenn hafa sagt að leiðslan geti hrært við sprengjum og eiturefnum, eins og sinnepsgasi, sem legið hafa á sjávarbotninum síðan í seinni heimsstyrjöld..

BRETLAND

### Hlýjasta árið

Breskir veðurfræðingar gera ráð fyrir að árið 2006 muni reynast hlýjasta árið í Englandi seinustu þrjú hundruð árin. Meðalhitinn þar seinustu ellefu mánuðina hefur reynst 10,84 gráður, sem er hið hæsta sem mælst hefur síðan mælingar hófust fyrir 347 árum.

Um 14 prósent vinna utan búsetusvæðis og fer það hlutfall vaxandi:

# Flestir ferðast vegna heimsókna

**SAMGÖNGUMÁL** Hlutfall þeirra sem vinna utan búsetusvæðis fer vaxandi, sérstaklega í byggðarlögum nærri höfuðborgarsvæðinu. Þannig vinna nú 14 prósent svarenda annars staðar en þeir búa en þeir voru 9 prósent árið 2005.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í lokaskýrslu um rannsóknarverkefnið „Áhrif höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða“. Það er ráðgjafafyrirtækið Land-ráð sf. undir stjórn Bjarna Reynissonar sem hefur unnið skýrslur um málið fyrir samgönguyfirvöld með það að markmiði að afla gleggra upplýsinga um ferðavenjur innanlands.



**KRINGLAN** Algengustu erindi þeirra sem búa á landsbyggðinni til höfuðborgarinnar eru heimsóknir til vina og verslunarleiðangrar.

Úrtakið í könnuninni var 2.500 manns og voru könnunarstaðir sextán. Í skýrslunni kemur fram að algengustu erindi út fyrir byggðarlag séu heimsóknir til vina og ættingja, eða 52 prósent, verslun 31 prósent, ferðir vegna vinnu 27 prósent og læknisheimsóknir 11 prósent.

Í ljós kom að svarendur af landsvæðum þar sem ekki er lágvöruverslun fóru oftar til Reykjavíkur til að versla en ætla mætti miðað við fjarlægð frá borginni.

Þá sóttu íbúar í þeim héruðum þar sem ekki eru stór sjúkrahús gjarnan til höfuðborgarsvæðisins til að fá læknisþjónustu.

Niðurstöður skýrslunnar verða notaðar til að meta hvort þróun ferðavenja og notkun samgöngukerfisins sé í samræmi við helstu markmið samgönguáætlunar hverju sinni. **- hs**

Nokkuð um þjófnaði:

# Þjófar staðnir að verki

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík hafði ítrekað afskipti af þjófum á miðvikudag. Unglingspiltur stal síma úr verslun í austurbænum um eftirmiðdaginn en náðist og skilaði símanum. Innan við klukkustund síðar reyndi sami piltur að stela mat úr verslun ásamt vini sínum.**

**Síðdegis var ellefu ára strákur staðinn að hnupli og tæplega fertug kona var tekin fyrir þjófnað á snyrtivörum. Bensínþjófur var svo gripinn glóðvolgur og sagðist hafa gleymt að borga bensínið.** **- ifv**

Þróunarsamvinnustofnun afhendir skóla í Malaví og styrkir skólaráðgjafa:

# Nýr skóli í Malembo reis á fimm mánuðum

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Fulltrúar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hafa afhent yfirvöldum í Malaví Malembo barnaskólann. Skólinn var afhentur við hátíðlega athöfn en um fimm mánuði tók að byggja skólann.

Í skólanum eru átta nýjar skólastofur en tvær aðrar voru gerðar upp. Þá var byggð stjórnunarbygging, bókasafn, sjö kennarahús, salernisaðstaða og brunnur.

Malembo er fiskimannaþorp í suðurhluta Malaví þar sem ÞSSÍ sinnir margvíslegum verkefnum með heimamönnum. Stella Samúelsdóttir, sérfræðingur ÞSSÍ, segir að í þorpinu séu um eitt þúsund börn sem stundi nám. „Þá er vitað um álíka mörg börn á svæðinu sem hafa ekki ekki sótt skóla bæði vegna bágborinnar aðstöðu í skólum en einnig vegna þess að hvatningu skortir frá foreldrum til að senda börn sín í skóla. Drengir byrja oft ungir að taka þátt í atvinnulífinu á þessum slóðum eins og til dæmis í veiðiskap.“

Við afhendingu verkefnisins létu yfirvöld í ljós ánægju með verkefni Íslendinga og samstarfið við ÞSSÍ. Þróunarsamvinnustofnun styrkir einnig skólaráðgjafa sem fara í þorpin og ræða við höfðingja, foreldra og kennara um mikilvægi menntunar og nauðsyn þess að senda börn í skóla. Mikill skortur er á menntuðum kennurum á svæðinu og því mikilvægt að þjálfa sjálfboðaliða í helstu kennsluaðferðum. **- hs**



**FRÁ AFHENDINGU SKÓLANS** Bæjarbúar sýndu ánægju sína með nýja skólann með því að stíga dans og berja trumbur.

Barfoed hættur:

# Brást trausti neytenda

**DANMÖRK, AP** Lars Barfoed afhenti í gær Margréti drottningu bréf sem tilkynnti uppsögn hans sem fjölskyldu- og neytendaráðherra Danmerkur.



**LARS BARFOED**

Hann greip til þessa ráðs skömmu eftir að Danski þjóðarflokkurinn lýsti andstöðu við hann sem ráðherra á miðvikudagskvöld, en þar með var meirihluti þingmanna orðinn andsnúinn honum.

Barfoed þótti hafa brugðist trausti almennings með því að bregðast ekki nógu hart við endurteknum vandamálum tengdum hreinlæti í matvælavinnslu og matvælaöryggi.

Ekki er gert ráð fyrir að brotthvarf Barfoeds ógni samsteypustjórninni. **- smk**

STARFSMENNTA VERÐLAUNIN

# FÉKK NÝJA SÝN Á LÍFIÐ

„Ég hef starfað hjá Alcan á Íslandi frá árinu 1995. Ég ólst upp úti á landi og gekk mjög takmarkað í skóla. Ég lauk minni skólagöngu þegar ég var 13 ára og hef alla tíð starfað sem verkamaður, aðallega í frystihúsum.

Þegar ég kom til Alcan byrjaði ég sem almennur verkamaður í kerskála. Þremur árum síðar var Stóriðjuskólinn settur í gang. Það var mikið átak að fara í skóla eftir 30 ár, en stuðningur og hvatning yfirmanna minna og starfsfélaga varð þess valdandi að ég sló til og lagði af stað í það ferðalag sem námið var mér. Bæði sá ég á vinnufélögum og fékk að reyna það sjálf að námið jók sjálfsvirðingu okkar og efldi okkur í starfi. Þegar ég hafði starfað hjá Alcan í 8 ár var ég gerð að flokksstjóra á einni vakt kerskálans og í framhaldi af því var ég hvött til að sækja um framhaldsnám við Stóriðjuskólann og var fyrsta konan sem fór í þetta nám. Aldrei nokkurn tíma hefur neinn haft eins mikinn metnað fyrir mína hönd eins og skólastjórnendur, yfirmenn og samnemendur höfðu þegar ég hóf námið. Gerðar voru miklar kröfur og þurftum við að leggja hart að okkur til að hafa undan. Strax á fyrstu önninni varð okkur ljóst hversu mikilvæga gjöf var verið að gefa okkur, og ég endurtek GEFA okkur vegna þess að við lögðum ekki til neinn kostnað við námið. Ég mun seint geta lýst öllum þeim breytingum sem þetta nám hafði á líf mitt. Ég gat lært, staðið upp fyrir framan hóp af fólki og talað og rökstutt verkefni. Ég fékk alveg nýja sýn á lífið og starfið. Það er mér mikill heiður og ánægja að gefa skólanum mín allra bestu meðmæli fyrir framsýni og þá trú að fjárfesta í menntun okkar og okkur sjálfum, fyrirtækinu til gæfu.“

**Anna Jóna Ármannsdóttir, flokksstjóri í kerskála hjá Alcan í Straumsvík.**

Alcan á Íslandi hlaut Starfsmenntaverðlaun ársins 2006 í flokki fyrirtækja og félagasamtaka sem veitt eru af Mennt og Starfsmenntaráði, samstarfsvettvangi aðila vinnumarkaðarins, skóla á framhalds- og háskólastigi og sveitarfélaga. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar og fræðslumála og eru dýrmæt viðurkenning fyrir Stóriðjuskóla Alcan og starfsmannahald fyrirtækisins. Mælst er til þess að umsóknum um Starfsmenntaverðlaunin fylgi umsagnir meðmælanda. Starfsmenn Alcan lýstu reynslu sinni af námi við Stóriðjuskólann og gáfu fyrirtækinu leyfi til þess að nota umsagnirnar í kynningarefni sínu.

ALCAN



**BÖRN AÐ LEIK Í TRJÁNUM** Búskmenn í Botsvana segjast hafa verið hraktir frá heimkynnum sínum í Kalahari-eyðimörkinni til þess að stjórnvöld geti haft þar óheftan aðgang fyrir demantavinnslu og annan námugröft. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Búskmennirnir í Botsvana fá að snúa aftur heim

Á miðvikudaginn felldi Hæstiréttur í Botsvana þann úrskurð að búskmenn hafi fullan rétt til þess að snúa aftur til heimkynna sinna í Kalahari-eyðimörkinni.

Þessi úrskurður skiptir sköpum fyrir Búskmenn, sem segja að stjórn landsins hafi hrakið þá frá hefðbundnum veiðilendum sínum árið 2002 til þess að geta stundað þar demantavinnslu og annan námugröft. Stjórnin neitar því, segir að Búskmenn hafi sjálfir samþykkt að flytja burt og þeir hafi fengið bætur, auk þess sem stjórnin hafi fyrir átt allan rétt til auðlinda í jörðu.

Þriggja manna dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að Búskmenn hafi alla tíð haft fullan lagalegan rétt til þess að dvelja á veiðilendunum, þeir hafi verið ólöglega sviptir eignum sínum, og það brjóti í bága við stjórnarskrá landsins að neita þeim um veiðileyfi þótt þarna sé nú friðland veiðidýra.

Á hinn bóginn taldi dómstóllinn að ríkinu bæri engin skylda til að útvega þeim, sem kjósa að snúa aftur, nokkra grunnþjónustu á borð við neysluvatn.

Búskmenn hafa frá alda öðli átt heimkynni í Kalahari-eyðimörkinni, sem nú nær yfir landamæri þriggja ríkja, Botsvana, Namibíu og Suður-Afríku. Flestir þeirra búa í Botsvana, og nefnist ættbálkur þeirra þar Basarva, en í Namibíu býr um þriðjungur búskmanna og kallast þeir San.

Búskmenn hafa hafst við á þessum slóðum í 20 þúsund ár, en hafa lengi átt í vök að verjast, fyrst fyrir um 1.500 árum þegar Bantúmenn streymdu til suðurs frá Mið-Afríku og síðan kom næsta holskeflan fyrir um 350 árum þegar Evrópubúar komu og sölsuðu undir sig allt það land sem þeir gátu.

Nú eru Búskmenn um hundrað þúsund talsins og búa flestir við verulega fátækt. - gb



**ÚRSKURÐAR BEÐIÐ** Brúnin var þung á fólkinu sem beið úrskurðar hæstaréttar í réttarsalnum í höfuðborginni Lobatse á miðvikudaginn.



**FÁBREYTT LÍF** Búskmennirnir bíða þess margir í ofvæni að mega flytja aftur til fyrri heimkynna sinna í Kalahari-eyðimörkinni.



**KONUR VIÐ KOFA** Búskmenn hafa hafst við í Kalahari-eyðimörkinni í 20 þúsund ár.



**FÖGNUÐUR FYRIR UTAN DÓMHÚSIÐ** Mikill fögnuður braust út þegar dómur hafði fallið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





Gleðileg Sony jól
32"
BRAVIA
BESTA VERÐIÐ!
KDL32U2000
119.950,-
Staðgreitt
9.995,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
Upplausn: 1366x768 HD ready • Contrast: 1200:1 • Birta cd/m2: 450
3D Comb Filter • BBE ViVa HD3D hljómtækni • SRS Trusurround
XT hljómtækni • Borðstandur fylgir
40" og 46"
BRAVIA
Besta sjónvarp í heimi!
WHAT HI-FI?
W2000 40"
449.950,-
Staðgreitt
37.495,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
W2000 46"
599.950,-
Staðgreitt
49.995,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
BRAVIA Engine með Live Color Creation • Upplausn: 1920x1080 Full HD 1080
3D Comb Filter • BBE ViVa HD3D hljóðtækni • SRS Trusurround XT hljómtæknii
Borstandur fylgir • Contrast: 1:1800 (Dynamiskur 1:8000) • Birta cd/m2: 450
32"
BRAVIA
Alpha 100
99.950,-
Staðgreitt
8.330,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
Sony D-SLR myndavél • 10 megapixlar
Hristivörn á myndflögu
Innbyggt heimabíó og DVD spilari og rafdrifnum framhlið sem lokar tækinu þegar það ekki er í notkun!
ESPRIT 1
499.950,-
Staðgreitt
41.662,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
HD-ready upplausn 1366 x 768
Innbyggður DVD/CD/SA-CD spilari
DivX og MP3 afspilun • 200W
S-Master magnari • Innbyggður
bassahátalari • Tengi fyrir tölvu
Skiptanleg framhlið margir litir í boði
Kauptu Sony hjá Sony!
Sony Center Kringlunni
WWW.SONYCENTER.IS SÍMI 588 7669
like.no.other



Opið 10.00 til 20.00 alla helgina!
Þú þarft ekki
Bringur
íslenskar og ferskar
kílóverð nú:
1398 KR.
Merkt verð 1998KR.
30% afsláttur við kassann
Læri/leggir
kílóverð nú:
349 KR.
Merkt verð 499KR.
Ferskir bitar
2.27 kg
259 KR.
USA ARINKUBBAR
MÓA KJÚKLINGUR
kílóverð nú:
479 KR.
Merkt verð 799KR.
Hálfur lítri
49 KR.
EGILS PILLI
HÁREYÐINGARSETT
498 KR.
VEET
Grillaður
heill og kaldur
Móa kjúklingur
40% afsláttur við kassann
Opið 10.00 til 20.00 alla helgina!
1 kíló!
79 KR.
BÓNUSBRAUÐ
1 KÍLÓ
26 sneiðar
Fjölkerfa
DVD spilari
Komnir aftur!
*Dolby digital AC3
*Digital Theatre Sound (DTS)
*NTSC afspilun yfir í Pal
*Scart með RGB, RCA
og Component (Y, Pb, Pr) tengi
*Coaxial tengi *Fjarstýring
*Barnalæsing
1500 tæki
DVD DivX
4998 KR.
FJÖLKERFA SPILARI
DivX
FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI
SPILAR: DivX3.11 or above, DivX4.X, DivX5, DivX Pro, Xvid files up to 10M bit-rate.
COMPATIBLE WITH DVD/DVCD/SVCD/VCD/CD/MP3/CD-R/CD-RW/DVD+RW/JPEG/Kodak picture CD
Digital Direct Progessive Scan



að leita lengra!
Munið! VSK af jólakjötinu og gott betur til jóla!
Vængir
kílóverð nú:
174 KR.
Merkt verð 249KR.
30% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
HAMBORGARHRYGGUR m/beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
1189 KR.
Merkt verð 1698KR
HAMBORGARHRYGGUR beinlaus
KÍLÓVERÐ NÚ:
1539 KR.
Merkt verð 2198KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
30% afsláttur við kassann
30% afsláttur við kassann
Á borðið
UNGNAUTAHAKK
UNGNAUTAHAKK
kílóverð nú:
979 KR.
Merkt verð 1398KR.
Ungnautahakk 8-12% fita
Ekki bara 12.3% heldur:
25% afsláttur við kassann
Danskur beinlaus HAMBORGARHRYGGUR
1498 KR.
KÍLÓVERÐ
Hamborgarhryggur
12 lítrar
499 KR.
Coca-Cola light
Með þér um jólin!
6x 2 lítrar Coca-Cola light
XXL risapitsa
760/800g
498 KR.
XXL Freschetta
PIZZA SPECIALE
Sauce Filled
BÓNUS
Vanilluís
EINN LÍTRI
259 KR.
Nýtt!
20% sósufylling!
í sölu! DVD D-421
3989 KR.
Spilar öll kerfin!
SERVÓRU VERSLANIR
2 Channel/DVD/CD/CDR
CDRW/VCD/SVCD/JPEG
MP3 spilari
Spilar öll kerfi (multi region)
Dolby Digital, AC3 Digital
Theatre Sound (DTS)
Valmyndakerfi NTSC
Afspilun yfir í Pal RCA, Scart,
Coax og Optical tengi
Fjarstýring
EKKERT BRUÐL
Sjáðu verðið!
DVD D-421 spilarinn
www.bonus.is
BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### Ekki bara áhugamál

**„Það er litið svo á að það að vera bóndi sé ákveðinn lífsstíll, tekjurnar eru ekki miklar og oft er þetta mesti barningur.“**

MERETE RABOLLE, BÓNDI Á HRAUNI Í HÚNAVATNSSÝSLU, UM BÆNDAMENNINGUNA Á GRÆNLANDI ÞAÐAN SEM HÚN ER NÝKOMIN.

**Bændablaðið, 12. desember**

### Ástin spyr ekki um aldur

**„Það er ekki aldurinn sem skiptir máli, heldur hvenær unga fólkið er tilbúið til þess.“**

GUNTA LAZDANE, TALSMAÐUR ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISMÁLASTOFNUNARINNAR, UM HVENÆR FÓLK EIGI AÐ BYRJA AÐ STUNDA KYNLÍF, EN ÍSLENDINGAR BYRJA YNGSTIR ALLRA EVRÓPUBÚA.

**Fréttablaðið, 14. desember**

nær og fjær

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HRAFN GUNNLAUGSSON KVIKMYNDALEIKSTJÓRI

## Maginn fór upp í heila



„Ég var að koma frá Argentínu,“ segir Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndaleikstjóri nýsnúinn heim úr tólf daga ferð á Óháðu kvikmyndahátíðina í Mar de Plata – Silfri hafsins.

Hrafn segir að á hátíðinni hafi fimm mynda hans verið sýndar með spænsku tali. Hver mynd hafi verið sýnd fimm sinnum. Sýndar voru Hrafninn flýgur, Í skugga hrafnsins, Hvíti víkingurinn, Hin helgu vé og Myrkrahöfðinginn.

„Þetta voru 25 sýningar og ég var á þeim öllu. Ég er orðinn það glúrinn í spænsku að ég gat rætt við públikum,“ segir Hrafn ánægður með viðtökur heimamanna:

„Eins og okkur finnst frumskógurinn exótískur þá finnst Argentínumönnum jöklar og sandar og hraun mjög exótísk. Þannig að þetta var mikið kynnt sem hinar exótísku víkingamyndir.“

Í Argentínu þáði Hrafn boð um að stökkva í fallhlíf í fyrsta skipti á ævinni. „Maginn fór upp í heila,“ lýsir Hrafn sem reiknar ekki með fleiri fallhlífarstökkum: „Þetta er eins og taka stúdentspróf, maður gerir það ekki aftur.“

Hrafn situr nú við að útbúa nýja bíómyndaútgáfu af Hvíta víkingnum og vonast til að koma myndinni á DVD á næsta ári: „Ég er að búa til þá bíómynd sem Hvíti víkingurinn átti alltaf að vera.“

## FÆÐINGARSTAÐUR KRISTS

### KJÖTHÚS EÐA BRAUÐHÚS



Bærinn Betlehem er nátengdur jólum þar sem kristnir telja að þar hafi Jesús fæðst, en bærinn var einnig fæðingarstaður Davíðs konungs. Nafnið þýðir „kjöthús“ á arabísku en „brauðhús“ á hebresku. Konstantínus keisari lét byggja kirkju yfir meintan fæðingarstað Krists árið 330 sem talinn er elsta uppistandandi kirkja í heimi. Bærinn var innlimaður í Ísrael eftir innrásina í Jórdaníu árið 1967, en varð hluti af sjálfstjórnarsvæði Palestínu árið 1995.

## SJÓNARHÓLL

OLÍUSAMRÁÐIÐ



**MÁR GUNNLAUGSSON**
Starfsmaður Félagsþjónustunnar.

### „Borgararnir hafa allir beðið skaða“

„Auðvitað finnst mér það rétt, en það er spurning á hvaða grundvelli það er gert. Þetta er ekki svart-hvítt dæmi,“ segir Már Gunnlaugsson félagsþjónustustarfsmaður um ákæru ríkissaksóknara á hendur forstjórum olíufélaganna. „Ég vil ekki sjá hluti í formi hefndar, heldur skoða hvernig er hægt að laga kerfið, það verður að vera hægt að fá framkvæmdastjóra til að gæta sín þegar ákvarðanir eru teknar. Það er ekki vafamál að það eigi að draga þá til ábyrgðar en það er erfiðara að stilla á þá bótakröfum.“ Forstjórarnir eiga yfir höfði sér 2-4 ára fangelsisdóm og sektir að auki. „Mér finnst að það eigi að dæma á þá fangelsisdóm, ég er ekki viss um að sektir hafi áhrif. Menn eru farnir að geta borgað sig út úr öllu.“ Már segir þó ekki nóg að Reykjavíkurborg geri bótakröfu á olíufélögin. „Þetta mál varðar einstaklinga líka. Borgararnir hafa allir beðið skaða af þessu máli.“

# Selur snyrtivörur frá Dauðahafinu

**Steinunn Garðarsdóttir er nýkomin heim frá Ísrael, og ætlar að vera á Íslandi yfir jólin. Meðferðis hefur hún snyrtivörur frá Dauðahafinu sem hún selur úr búð sinni í Steinagerði fram að jólum. Með henni í för er einnig eiginmaðurinn Shmuel.**



**STEINUNN GARÐARSDÓTTIR OG SHMUEL Í ÍSRAEL** Kynntust á Indlandi og fluttu saman til Ísrael. Þau komu heim um jólin og selja nú snyrtivörur frá Dauðahafssvæðinu. Þetta eru fyrstu jólin hans Shmuels sem hefur aldrei áður séð snjó.

„Þetta eru náttúrulega unnar spavörur, ávaxtaolíur, krem, perluduft, baðsölt og Dauðahafsleir,“ segir Steinunn. „Þetta hefur verið lengi á markaði í Ísrael, sléttir húðina og kemur í veg fyrir hrukkumyndun.“

*Er það nú alveg víst?*

„Fólk sem kaupir þesar vörur kaupir þær aftur og aftur. Tengdamóðir mín hefur góða reynslu af þeim. Perluduft hefur lengi verið notað í Japan og Kína gegn hrukkumyndun, það er mikið af kalsíum í þeim og hún gerir húðina skærari.“

*En segðu okkur frá honum Shmuel.*

„Við kynntumst þegar ég var að ferðast í Indlandi í febrúar. Hér heima vann ég í sölustörfum en hef ávallt haft áhuga á andlegum málum og það er mikið af jóga og hugleiðslu á Indlandi.“

*Hjálpar hugleiðslan við sölustörf?*

„Hiklaust.“

*Og þú varðst skotin í Shmuel?*

„Ég flutti með honum til Ísrael í ágúst. Hann býr uppi í sveit og við erum að mestu vernduð frá stríði. Hann fæst við að skipuleggja partí og fundi og ég aðstoða hann við það. Hann er líka á fullu að vinna í friðarmálum.“

*Og hvernig eru friðarhorfur?*

„Hér sér maður 18 ára stelpur með risastóra riffla fara með litlu systur út í búð. Við forðumst helst að fara á stóra markaði eða í höfuðborgina. En við höfum ferðast um staðina þar sem sprengjur lentu í stríðinu í sumar. Það var undarlegt að sjá glæný hús að hruni komin.“

*Steinunn kom heim fyrir viku. Eru þetta fyrstu jólin hans Shmuels?*

„Já, fyrsti snjórinn, fyrstu jólin, allur pakkinn.“

*„Og þið farið aftur út eftir áramót?“*

„Við ætlum fyrst til Mið-Ameríku. Við höfum mjög gaman af að ferðast og ætlum nú til Gvatemala. Og svo förum við aftur til Ísrael.“

*Hefur fólk hér heima ekki stundum áhyggjur?*

„Við systurnar ferðumst báðar mikið svo mamma og pabbi eru farinn að venjast þessu. Við látum reglulega vita af okkur í gegnum síma eða tölvupóst. En það er rosalega gaman að koma heim.“

Dauðahafsmarkaðurinn er í Steinagerði 2 og er opinn um helgina frá 12-19 og á virkum dögum fram að jólum frá 17-19.

**valurg@frettabladid.is**


Opnum fyrir morgunverð kl. 9:00
mánudaga - laugardaga
verslun opnar kl. 10:00



195,-
2 rúnstykki, 1 egg, skinka, ostur, smjör, sulta og heitur drykkur
IKEA Restaurant & Café
IKEA
Þú átt allt gott skilið!
© Inter IKEA Systems B.V. 2006


# Ís kúabænda svínvirkar

Guðrún Egilsdóttir, kúabóndi á Holtsseli í Eyjafjarðarsveit, hóf í sumar að framleiða ís úr mjólkinni sem hún mjólkar ásamt bónda sínum, Guðmundi. Fyrir þessi jól hafa þau yfir 20 bragðtegundir í boði. En hvernig datt þeim þetta í hug?

„Okkur langaði til að prófa eitthvað nýtt. Guðmundur fann auglýsingu í bresku bændablaði frá hollensku ísfyrirtæki sem reynir að nota eins mikið heimaframleidd hráefni og þeir geta. Við höfðum samband við þá, þeir buðu okkur í heimsókn og okkur leist bara vel á þetta.“



**EYJAFJARÐARSVEIT** Heimkynni Holtsselsíssins.

Fyrirtækið heitir Farmhouse og sér þeim hjónum fyrir bragðefnum og uppskriftum. Tvær sænskar stelpur búa einnig á bænum og sjá um ísframleiðslu á milli annarra starfa. Ísinn er svo seldur í Nóatúnsbúðirnar, í Heilsuhúsið í Akureyri og á suma veitingastaði. Einnig er hægt að kaupa hann beint frá hjónunum á Holtsseli. En hver er uppáhaldsís Guðrúnar? „Ætli það sé ekki ítalskur sorbet, mjólkur- og eggjalaus, með jarðarberja- eða hindberjabragði. Við erum einnig með ís fyrir sykursjúka svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“ Salan hefur gengið vel og þau anna varla eftirspurn. „Þetta svínvirkar,“ segir kúabóndinn.

**- vg**


JÓLABÆKUR
ALLAR JÓLABÆKUR HJÁ OFFICE 1 ERU Á JÓLATILBOÐI
MORGUNBLAÐIÐ
26 FIMMTUDAGUR 14. DESEMBER 2006
Jólabækurnar ódýrastar í Office 1
Í matinn er þetta helst
ÍSLAND í aldanna rás 1800 - 1899
Úti að aka
ROUTE US 66
Christopher Paolini
ERAGON
Immaculée Ilibagiza með Steve Erwin
EIN TIL FRÁSAGNAR
Viltu vinna milljarð?
VIKAS SWARUP
Telpan frá Stokkseyri
Háski
hundakjöt
HERGÉ
ÆVINTÝRI TINNA
Tinni í Tíbet
GALDRA stelpur
Eldur hafsins
Sagan af Dimmalimm
Afgreiðslutímar
Office 1 Skeifunni 17
15. desember 9 - 22
16.-17. desember 10 - 22
18.-22. desember 9 - 22
Þorláksmessa 10 - 23
Aðfangadagur 10 - 13
Office 1 Smáralind
13. desember 11 - 19
14.-15. desember 11 - 22
16.-17. desember 10 - 22
18.-22. desember 11 - 22
Þorláksmessa 10 - 23
Aðfangadagur 10 - 13
Office 1 Akureyri
13.- 15. desember 10 - 18
16. desember 11 - 18
17. desember 13 - 18
18.- 22. desember 10 - 22
Þorláksmessa 10 - 23
Aðfangadagur 10 - 13
Office 1 Egilsstöðum
13.-15. desember 9 - 18
16. desember 10 - 22
17. desember 12 - 22
18.-22. desember 9 - 22
Þorláksmessa 9 - 23
Aðfangadagur 10 - 12
Office 1 Ísafirði
16. desember 10 - 18
17. desember 13 - 18
20.-22. desember 9 - 22
Þorláksmessa 10 - 23
Aðfangadagur 10 - 12
Opið aðra dagar samkvæmt venju.
Office 1 Vestmannaeyjum
14. desember 9 - 22
16. desember 10 - 18
21. desember 9 -22
Þorláksmessa 10 - 22
Aðfangadagur 10 - 13
27. des. Lokað
Opið aðra dagar samkvæmt venju.
Office 1 Superstore

## Svona erum við

> Fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir í meira en sex mánuði frá apríl til júní hvers árs.




Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** STÆKKUNARSTEFNA EVRÓPUSAMBANDSINS

# *Hægt á eftir inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu*

Á leiðtogafundi Evrópusambandsins, sem nú stendur yfir í Brussel, munu leiðtogar ESB-ríkjanna 25 leggja formlega blessun sína yfir inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu í sambandið um áramótin. En þeir munu jafnframt gefa skýr skilaboð til tilvonandi aðildarþjóða um að á næstu árum muni sambandið fara hægar í sakirnar varðandi frekari fjölgun aðildarríkja. „Stækkunarþreyta“ er sögð komin í sambandið.

**Hvers vegna „stækkunarþreyta“?**
Að baki „stækkunarþreytu“ Evrópusambandsins eru örlög stjórnarskrársáttmála þess, en hann var eins og kunnugt er felldur í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi í fyrrasumar, ári eftir að tíu ný aðildarríki bættust í raðir sambandsins, flest fyrrverandi austantjaldslönd.

Í kosningabaráttunni fyrir og gegn samþykkt stjórnarskrársáttmálans komu ljóslega upp á yfirborðið þau viðhorf, að innganga nýju ríkjanna drægi úr vægi eldri aðildarríkjanna og opnaði fyrir straum ódýrs vinnuafls að austan, sem tæki störf frá heimamönnum, lækkaði laun og ógnaði velferðarréttindum þeirra.



Það var ekki síst þessi neikvæða afstaða til stækkunarinnar sem varð til þess að meirihluti kjósenda í þessum tveimur stofnríkjum ESB snerist á sveif með andstæðingum stjórnarskrársáttmálans. En strand nýja sáttmálans þýddi jafnframt að ekki kæmust í gildi uppfærðar reglur um ákvarðanatöku, stofnanakerfi og fjármögnun sambandsins við frekari fjölgun aðildarríkja. Svo lengi sem þetta ástand varir hafa margir sagt að gera verði hlé á frekari stækkun sambandsins uns fundist hefur leið til að bæta úr þessu.

**Eru allir sammála?**
Aðildarríkin skiptast mjög í tvö horn í afstöðu sinni til stækkunarstefnu sambandsins. Frakkland, Austurríki, og Holland eru í hópi þeirra sem mesta fyrirvara hafa gegn frekari stækkun, en Bretland, Svíþjóð og Pólland í hópi hinna sem leggja áherslu á að dyrum ESB verði haldið opnum.

## SPURT & SVARAÐ
**MÓÐURMÁLSKENNSLA NÝBÚABARNA**

### *Á að vera inni í skólum*

Sveitarfélögin standa ekki fyrir móðurmálskennslu fyrir nýbúabörn sem hafa flust til landsins, að Kópavogi undanskildum. Félagið Móðurmál hefur boðið upp á móðurmálskennslu í áratug. Hólmfríður Garðarsdóttir er formaður.

**Hvaða félag er þetta?**
Þetta er áhugafélag foreldra og fræðimanna. Kennt er á mörgum tungumálum eftir áhuga hverju sinni. Í vetur og fyrravetur hefur kennslan farið fram í Háskóla Íslands því að nýr rektor veitti okkur góðfúslegt leyfi til notkunar á kennslustofum á laugardagsmorgnum. Það skipti sköpum.



**HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR**
Formaður Móðurmáls

**Hvernig fer þetta fram?**
Þetta er skipulagt skólastarf með námsáætlun fyrir misserið sem er tólf vikur. Krakkarnir koma saman í hópum. Þeim er skipt eftir aldri og þau vinna á sínu móðurmáli.

**Hvernig kemur hið opinbera að þessu?**
Í formi styrkja. En auðvitað finnst mér og stjórn Móðurmáls að þetta starf eigi að vera inni í eiginlegu skólastarfi.

# Söluferli á hlut ríkisins í ÍAV

**Aðdragandinn að sölu á hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum er um margt athyglisverður. Mikið var um tengsl milli bjóðenda og umsjónarmanna sölunnar, auk pólitískra afskipta. Fréttablaðið rekur hér söluferlið í tímaröð.**

**2001:** Gengið er að tilboði Landsbanka Íslands um að annast söluna á hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum. Vegna aðstæðna á markaði er ákveðið að fresta sölunni.

**Ársbyrjun 2003:** Hafist er handa að nýju við að undirbúa söluna.

**24. febrúar:** Jón Sveinsson, nefndarmaður í einkavæðingarnefnd, lýsir því yfir að hann muni segja sig frá verkefninu á tilteknum tímapunkti vegna vanhæfis þar sem hann gegni stöðu stjórnarformanns í ÍAV.

**6. mars**: Hlutur ríkisins auglýstur til sölu. Á fundi einkavæðingarnefndar er lagt fram bréf frá stjórnendum ÍAV þar sem greint er frá því að þeir eru með tilboð í undirbúningi. Jón Sveinsson segir sig frá þessu verkefni í nefndinni vegna vanhæfis, sökum tengsla við stjórnenduna. Á sama fundi er hins vegar ákveðið að hann ásamt Benóný T. Eggertssyni, endurskoðanda ÍAV, muni annast kynningu á félaginu fyrir öðrum bjóðendum. Þeir voru báðir endurskipaðir í stöður sínar hjá ÍAV eftir að nýir eigendur tóku við.

**13. mars:** Fulltrúar JB byggingarfélags og Trésmiðju Snorra Hjaltasonar fara á kynningarfund. Jón Sveinsson hefur forgöngu um kynningu í forföllum stjórnenda. Sigurður Atli Jónsson fer yfir framkvæmd útboðsins fyrir hönd Landsbankans. Þar er dökk mynd dregin upp af stöðu ÍAV.

**14. mars:** Á fundi einkavæðingarnefndar er rætt um stöðu stjórnendanna í ferlinu þar sem komið hafði fram á kynningarfundum með öðrum bjóðendum að þeim þætti staða þeirra sem innherja óeðlileg. Nefndarmenn eru hins vegar sammála um að lítið sé hægt að gera í þessu máli enda „væri innherjum heimilt að kaupa hlutabréf í félögum undir ákveðnum kringumstæðum m.a. í kjölfar ársuppgjörs eins og er í þessu tilfelli“.

**21. mars:** Tilboðsfresti lýkur og hafa fjögur tilboð borist. Bjóðendur eru: Jarðboranir hf., JBB og TSH, Joco ehf. og EAV ehf.

**25. mars:** Á fundi einkavæðingarnefndar er lagt fram bréf frá Sigurði Atla dagsett 21. mars þar sem fram kemur að hann sé persónulega tengdur Jarðborunum hf. og að Landsbankinn tengist bæði Jarðborunum hf. og EAV ehf. Því segir Landsbankinn og Sigurður Atli sig frá málinu vegna tengsla.

**28. mars:** Sturla Sigurjónsson, starfsmaður í utanríkisráðuneytinu, mætir á fund einkavæðingarnefndar og greinir frá samtali sínu við Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra. Þar kom fram að Halldór væri „á þeirri skoðun að tvö tilboð væru sambærileg“. Bókað að Baldur Guðlaugsson, fulltrúi fjármálaráðherra, telji „framgang málsins ekki vera í samræmi við fyrra vinnulag þar sem það væri hlutverk nefndarinnar að leggja tillögur fyrir ráðherranefndina en ekki öfugt.“



**SÖLUSAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Stefán Friðfinnsson, þáverandi forstjóri ÍAV, Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, Geir H. Haarde, þáverandi fjármálaráðherra, og Ólafur Davíðsson, þáverandi formaður einkavæðingarnefndar.



FRÉTTASKÝRING
**ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON**
thordur@frettabladid.is

**16. apríl:** Jafet Ólafsson frá Verðbréfastofunni hf. mætir á fund einkavæðingarnefndar og er óskað eftir vinnu fyrirtækisins við mat á tilboðunum. Rætt er um tímaramma og segja nefndarmenn að pressa sé á málinu.

**23. apríl:** Greinargerð Verðbréfastofunnar hf. er lögð fram. Í umfjöllun hennar á tilboði EAV ehf. kemur meðal annars fram að „Verðbréfastofan telur þessa fyrirvara í besta falli ekki ganga upp og hægt er að velta upp þeirri spurningu hvort tilboðið sé í raun gilt. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur kosið að taka tilboðið gilt eins og það er lagt fram. Samkvæmt upplýsingum frá nefndinni er ekki hægt að ganga að neinum þessara fyrirvara. Það er því nærtækast að telja að þá gildi lægra tilboðið frá EAV“.

**25. apríl:** EAV ehf. er boðið til viðræðna um kaup á hlut ríkisins í ÍAV.

**2. maí:** Skrifað er undir samning um sölu á 39,86 prósenta hlut ríkisins í ÍAV til EAV ehf. á genginu 3,69. Jarðboranir hafa áður boðið fast verð: 4,02 á hvern hlut.

## ÞEIR SEM KOMU AÐ EINKAVÆÐINGU Á ÍAV

**Stefán Friðfinnsson**
Var forstjóri ÍAV og í forsvari fyrir Eignarhaldsfélagið AV ehf., sem keypti að endingu hlut ríkisins í fyrirtækinu. Er í dag stjórnarformaður ÍAV.



**Halldór Ásgrímsson**
Var utanríkisráðherra þegar salan fór fram og sat í ráðherranefnd um einkavæðingu. Lét boð ganga inn á fund einkavæðingarnefndar um að „hann væri á þeirri skoðun að tvö tilboð væru sambærileg.“ Er formaður norrænu ráðherranefndarinnar.



**Jón Sveinsson**
Er formaður einkavæðingarnefndar og hefur setið í henni um árabil. Hann var stjórnarformaður ÍAV þegar salan fór fram auk þess sem hann sinnti lögfræðistörfum fyrir félagið. Dró upp dökka mynd af rekstri félagsins í kynningum fyrir aðra bjóðendur. Var endurskipaður stjórnarformaður af nýjum eigendum og hélt áfram að sinna lögfræðistörfum fyrir ÍAV. Hefur verið formaður laganefndar Framsóknarflokksins.



**Sævar Þór Sigurgeirsson**
Situr í einkavæðingarnefnd sem fulltrúi iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Lét bóka á fundi að hann hefði komist að sömu niðurstöðu og Halldór Ásgrímsson. Hann er formaður kjördæmisambands Framsóknarfélaga í Reykjavík suður.



**Jafet Ólafsson**
Var framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar hf. sem annaðist matsgerð á tilboðum í hlut ríkisins. Í greinargerð stofunnar eru gerðar verulegar athugasemdir við tilboð EAV ehf.



**Benóný T. Eggertsson**
Var endurskoðandi ÍAV og kom að undirbúningi söluferlisins. Er gefið að hafa aðstoðað EAV ehf. við tilboðsgerðina. Var endurráðinn sem endurskoðandi félagsins eftir að kaupin voru gengin í gegn.



**Sturla Sigurjónsson**
Var starfsmaður í utanríkisráðuneytinu á meðan að Halldór Ásgrímsson réð þar ríkjum. Greindi frá samtali sínu við Halldór um skoðun ráðherrans á tilboðum í hlut ríkisins. Starfar í dag sem ráðgjafi í utanríkismálum í forsætisráðuneytivnu.



**Baldur Guðlaugsson**
Var fulltrúi fjármálaráðherra í einkavæðingarnefnd. Lét bóka í kjölfar skilaboða Halldórs inn á fund nefndarinnar að það væri hlutverk nefndarinnar að leggja tillögur fyrir ráðherra, ekki öfugt. Er ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.

**Sigurður Atli Jónsson**
Var fulltrúi umsjónaraðila útboðsins, Landsbanka Íslands, í útboðsferlinu. Sat á sama tíma í stjórn Atorku sem átti ráðandi hlut í Jarðborunum hf., einum af bjóðendunum í hlut ríkisins. Sagði sig frá verkefninu á lokastigum þess vegna óeðlilegra tengsla við bjóðendur.






BIOTHERM HOMME

N° 1 Í SNYRTIVÖRUM FYRIR KARLMENN*

Biotherm Homme frá 1985 brautryðjandi í snyrtivörum fyrir karlmenn og mest selda herrasnyrtivaran í Evrópu í valinni dreifingu.*

Í Biotherm vörunum er hreint seyði af Thermal Plankton, sem er einstakt, virkt innihaldsefni (unnið úr heitum lindum) sem hefur endurnýjandi og örvandi eiginleika á starfsemi húðarinnar.

## HIGH RECHARGE

High Recharge er orkubomba sem endurhleður húðina. Í rakakreminu eru m.a. ginseng, steinefni og snefilefni. Húðin fær aukinn ljóma, einstakan raka og aukna orku.

**SAMBAND VELLÍÐUNAR OG ÁNÆGJU**

Ferskar, léttar áferðir, orkugefandi ilmir og vistvænar umbúðir. BIOTHERM HOMME gerir hvern dag ánægjulegri.



Taska með Aquapower öflugu rakakremi 75 ml og sturtusápu 30 ml. Einnig til fyrir þurra húð.

**Verð: 3.100 kr.** – verðmæti: 4.900 kr.



Taska með Aquatic lotion 100 ml eftir rakstur sem er róandi og kælandi og 20 ml Aquapower rakakremi.

**Verð: 2.880 kr.** – verðmæti: 5.200 kr.



Taska með High Recharge 50 ml kremi, raksápu 50 ml og sturtusápu 30 ml.

**Verð: 3.750** – verðmæti: 5.900



Age Refirm krem og Biotherm armbandsúr í tösku. Kremið styrkir húðina og dregur úr hrukkum, hentar fyrir 40+

**Verð: 4.700 kr.**



Taska með Age Fitness 50 ml kremi, sem vinnur gegn fyrstu merkjum öldrunar, Age Fitness næturkremi 20 ml og sturtusápu 30 ml.

**Verð: 3.950 kr.** – verðmæti: 7.390 kr.



Gel Douche sturtusápa 200 ml fyrir húð og hár og High Recharge rakakrem 20 ml í tösku.

**Verð: 1.990 kr.** – verðmæti: 3.890 kr.

**Útsölustaðir Biotherm:** Útsölustaðir: Andorra, Strandgötu 32, Hafnarfirði - Bjarg, Stillholti 14, Akranesi - Debenhams, Smáralind GK snyrtistofa, Kjarnanum, Mosfellsbæ - Snyrtivöruverslunin Glæsibæ – Hagkaup, Kringlunni - Jara, Hafnarstræti 104, Akureyri Konur & Menn, Hafnarstræti 9-13, Ísafirði - Lyf & heilsa, Austurveri - Lyf & heilsa Kringunni - Lyf & heilsa, Mjódd Lyf & heilsa, Hringbraut, JL húsinu - Lyf & heilsa, Kjarnanum, Selfossi - Lyf & heilsa, Suðurgötu 2, Keflavík

Öll verð eru viðmiðunarverð. Ath. að Biotherm útsölustaðir geta boðið önnur verð.

# Refsiákvæði í samkeppnislögum fyrir hendi en óvissa vegna fordæmaleysis

**Ákærur á hendur Einari Benediktssyni, forstjóra Olíuverslunar Íslands hf, Geir Magnússyni, fyrrverandi forstjóra Olíufélagsins hf., og Kristni Björnssyni, fyrrverandi forstjóra Skeljungs hf., vegna samráðs gefa tilefni til þess að skoða álitaefni samkeppnislaga.**




**HÚSLEIT Í HÖFUÐSTÖÐVUM SKELJUNGS** Starfsmenn samkeppnisyfirvalda sjást hér fara með gögn út úr höfuðstöðvum Skeljungs 18. desember 2001. Rannsókn og ákærumeðferð málsins tók tæp fimm ár. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála lækkaði sektir samkeppnisyfirvalda úr 2,6 milljörðum í 1,5 31. janúar 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Sú staðreynd að einstaklingar höfðu aldrei verið ákærðir fyrir brot á samkeppnislögum fram að útgáfu ákæru á hendur forstjórum olíufélaganna á árunum 1993 til 2001, Kristni Björnssyni, Geir Magnússyni og Einari Benediktssyni, gefur tilefni til þess að varpa fram eftirfarandi spurningu: Er hægt á grundvelli ákvæða í samkeppnislögum að sakfella starfsmenn fyrirtækja fyrir brot á samkeppnislögum og dæma þá til refsinga?

Ákæruvaldið í máli gegn forstjórum olíufélaganna, sem höfðu samráð um yfirgripsmikla starfsemi olíufélaganna á árunum 1993 til 2001, hefur metið stöðu málsins sem svo, eftir fimm ára langa rannsókn og ákærumeðferð, að hægt sé að sækja menn til saka og dæma þá til refsingar á grundvelli samkeppnislaganna. Annars hefði ekki verið ákært í málinu og krafa um refsingu engin verið. Afstaða ákæruvaldsins til þessa álitaefnis er því ljós.

### Lagaákvæðin skýr – vafi uppi

Í 42. grein samkeppnislaga, sem forstjórarnir eru meðal annars ákærðir fyrir að brjóta gegn, kemur fram að „brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum en fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar“.

Í sömu lögum segir einnig að gera megi sektir jafnt lögaðilum sem einstaklingum og „hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda“, og þá getur lögaðili borið ábyrgð á greiðslu sektar sem „starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd stafi hans hjá lögaðilanum“.

Í grein Róberts Ragnars Spanó, nýskipaðs prófessors við lagadeild Háskóla Íslands, í Tímariti lögfræðingafélagsins leitast hann við að svara fyrrnefndri spurningu, um hvort starfsmenn fyrirtækja geti borið refsiábyrgð.

Svar hans er að „vafi leiki á því, að mælt sé fyrir um refsiverða háttsemi starfsmanna fyrirtækja,“ í samkeppnislögum þannig að „fullnægt sé kröfum stjórnarskrárinnar“. Róbert Ragnar segir refsiákvæðið í lögunum, eitt og sér, ekki svara því ótvírætt „hvort starfsmenn fyrirtækis geti orðið refsiábyrgir vegna háttsemi í rekstri“ sem fellur undir þær greinar samkeppnislaga sem tilgreina ólögmætt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu.


KRISTINN BJÖRNSSON


GEIR MAGNÚSSON


EINAR BENEDIKTSSON

„Með öðrum orðum: Þótt 42. grein samkeppnislaga veiti almenna heimild til að refsa einstaklingi, þar á meðal starfsmanni fyrirtækis, vegna brota á lögunum verður að afmarka hverju sinni með sjálfstæðri túlkun á einstökum ákvæðum laganna [...] hvort þar sé mælt fyrir um refsinæma verknaði persónulegra (lifandi) gerenda og þá hvort starfsmenn fyrirtækja falli í þann hóp“, eins og orðrétt segir í grein Róberts.

Haft var eftir Ragnari H. Hall, lögmanni Kristins Björnssonar, í Fréttablaðinu í gær að hann liti á ákærurnar á hendur forstjórunum sem „lögfræðilega tilraunastarfsemi“ því hæpið væri, á grundvelli sömu raka og Róbert Ragnar fjallar um í grein sinni, að sækja einstaklinga til saka fyrir brot á samkeppnislögum.

### Stórfelldar ákærur og fordæmi

Ákærurnar eru í 27 liðum eins og greint var frá Fréttablaðinu í gær. Í fyrsta hluta ákærunnar er fjallað um brot sem tengjast samráðum vegna útboða, sem að nokkru leyti geta talist sambærileg þeim sem liggja til grundvallar í máli Reykjavíkurborgar og Strætó bs. en héraðsdómur dæmdi olíufélögin til þess að greiða Reykjavíkurborg tæpar 78 milljónir króna í skaðabætur vegna samráðs. Féllst dómurinn meðal annars á þá röksemd, sem er kjarninn í málflutningi Reykjavíkurborgar, að samráðið væri til þess fallið að „hækka verð, eða að minnsta kosti komast hjá lækkun verðs, í því skyni að skapa ávinning í einu eða öðru formi“, eins og orðrétt segir í dómnum.

Gísli Baldur Garðarsson, stjórnarformaður og lögmaður Olís, sagðist í samtali við Fréttablaðið líta svo á að mál Reykjavíkurborgar væri ekki fordæmisgefandi fyrir önnur mál sem hugsanlega koma í kjölfarið. „Þetta tiltekna mál er svolítið sérstakt því þetta er eina málið, af öllum þeim sem voru rannsökuð í umfangsmikilli rannsókn, þar sem fyrir lá að félögin höfðu viðurkennt samráð vegna tilboðs og sammælst um verð,“ sagði Gísli Baldur eftir að dómur var kveðinn upp.

Þetta vekur spurningar um hvort forsvarsmenn olíufélaganna líti svo á að vafi leiki á því að samráð hafi verið viðhaft vegna annarra útboða sem tiltekin eru í skýrslu samkeppnisyfirvalda og ákæru á hendur forstjórunum þremur. Meðal annars í tengslum við útboð íslenska ríkisins sem undirbýr málsókn á hendur olíufélögunum, eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu. Ef forsvarsmenn neita því fyrir dómi að samráð hafi verið viðhaft, en dómur kemst að þeirri niðurstöðu að svo hafi verið, er rökrétt á grundvelli almennra viðmiða að ætla að meðferð málsins verði í öðrum farvegi en hún hefði annars verið. Á þetta á þó eftir að reyna fyrir dómi.

Í öðrum hluta ákærunnar er fjallað um brot tengd skiptingu markaðar og í þriðja hluta fjallað um samráð um verð á söluvörum og almennum viðskiptakjörum.

Óljóst er hvenær málið verður tekið fyrir í dómi en reikna má með að meðferð þess verði umfangsmikil þar sem mikið magn gagna liggur að baki ákærunni á hendur forstjórunum.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

## FRAMVINDA MÁLS

**18. desember 2001**
Samkeppnisyfirvöld gera húsleit hjá olíufélögunum.

**28. október 2004**
Samkeppnisstofnun sektar olíufélögin um 2,6 milljarða króna fyrir samráð.

**31. janúar 2005**
Áfrýjunarnefnd samkeppnismála ákveður að lækka sektir olíufélaganna niður í 1,5 milljarða króna. Olís var gert að greiða 560 milljónir króna, Esso 495 milljónir króna og Skeljungi 450 milljónir.

**17. nóvember**
Embætti ríkislögreglustjóra lýkur rannsókn málsins og sendir málið til ríkissaksóknara.

**1. febrúar 2006**
Fréttablaðið flytur af því fréttir að 34 hafi stöðu sakborninga við ákærumeðferð hjá embætti ríkislögreglustjóra.

**ágúst 2006**
Fréttablaðið flytur af því fréttir að enginn sé að vinna að ákærumeðferð ríkissaksóknara vegna verðsamráðs olíufélaganna. Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari var þá í sumarfríi og lá vinna við málið niðri á meðan.

**september 2006**
Fréttablaðið flytur af því fréttir að íslenska ríkið hafi óskað eftir viðurkenningu á bótaskyldu vegna verðsamráðs olíufélaganna í tengslum við útboð Ríkiskaupa. Olíufélögin höfnuðu viðurkenningu og ákvað ríkið í kjölfarið að höfða mál á hendur þeim.

**14. desember 2006**
Reykjavíkurborg og Strætó bs. eru dæmdar tæpar 78 milljónir króna í bætur vegna verðsamráðs olíufélaganna í tengslum við útboð í október 1996. Rannsókn og ákærumeðferð málsins stóð yfir í næstum fimm ár.






# Árleg Pakkajól Bylgjunnar

## – Nú í Smáralind

Gefum eina aukagjöf um jólin og tryggjum þannig öllum börnum gleðileg jól.

Jólapappír er að finna við jólatréð í **Smáralind** ásamt merkimiðum, þar sem þú merkir við gjöf til stráks, stelpu eða til beggja kynja, ásamt þeim aldri sem gjöfin hentar.

**Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar** koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Ef þú býrð úti á landi þá kemur **Pósturinn** gjöfunum endurgjaldslaust til skila. Það eina sem þú þarft að gera er að fara með pakkann á næsta pósthús.

Leggðu góðu málefni lið. Gefðu eina gjöf til og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.

*Við óskum öllum gleðilegra jóla!*

BYLGJAN 989

# 30-90% afsláttur




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.440 kr
Bókatíðindaverð 3.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.010 kr
Bókatíðindaverð 4.300,-

Huginn áritar:
Laugardag í Kringlu kl. 17:00
Sunnudag í Smáralind kl. 16:00




30%* afsláttur
3. sæti** Barna
TILBOÐ 1.880 kr
Bókatíðindaverð 2.690,-

Guðrún áritar sunnudag kl. 15:00 í Smáralind




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490 kr
Bókatíðindaverð 4.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.790 kr
Bókatíðindaverð 3.990,-




30%* afsláttur
7. sæti** Almennt
TILBOÐ 3.140 kr
Bókatíðindaverð 4.490,-




10. sæti** Almennt




7. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.130 kr
Bókatíðindaverð 4.480,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.090 kr
Bókatíðindaverð 2.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.780 kr
Bókatíðindaverð 3.980,-




90%* afsláttur
TILB
19
Almenn
1.9

* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði eða almennu verði.
** Samkvæmt sölulista Morgunblaðsins 5. des.-11. des. 2006.

Gildir til 18. desember eða á meðan birgðir endast.

# af vinsælum bókum

## Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar




30%* afsláttur
1. sæti** Skáldverk
TILBOÐ 3.280 kr
Bókatíðindaverð 4.690,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.270 kr
Bókatíðindaverð 4.680,-




35%* afsláttur
2. sæti** Almennt
TILBOÐ 2.910 kr
kynningarverð 4.490,-

Óttar Sveinsson áritar laugardag
Smáralind kl. 14:00
Kringlu kl. 16:00




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560 kr
Bókatíðindaverð 5.490,-



30%* afsláttur
7. sæti** Ævisögur
TILBOÐ 4.880 kr
Bókatíðindaverð 6.980,-




30%* afsláttur
6. sæti** Ævisögur
TILBOÐ 4.180 kr
Bókatíðindaverð 5.980,-




33%* afsláttur
3. sæti** Ævisögur
TILBOÐ 3.990 kr
Bókatíðindaverð 5.980,-




2. sæti** Barna
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.640 kr
Bókatíðindaverð 3.780,-






30%* afsláttur
TILBOÐ 2.090 kr
Bókatíðindaverð 2.990,-

Sigrún áritar laugardag
kl. 15:00 í Kringlu




9. sæti** Ævisögur
35%* afsláttur
TILBOÐ 2.590 kr
Bókatíðindaverð 3.990,-




8. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490 kr
Bókatíðindaverð 4.990,-




5. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.280 kr
Bókatíðindaverð 4.690,-

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.454 **-0,15%**
**Fjöldi viðskipta:** 429
**Velta:** 3.501 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | +9,16% | **Nýherji** | -5,06% |
| **Teymi** | +6,38% | **Marel** | -1,86% |
| **365** | +1,46% | **Eimskipafélagið** | -0,96% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,87 +1,46% ... Actavis 65,00 -0,61% ... Alfesca 5,14 +0,00% ... Atlantic Petroleum 548,00 +0,00% ... Atorka 6,61 +0,15% ... Bakkavör 62,40 -0,16% ... Eimskipafélagið 31,10 -0,96% ... FL Group 24,00 +0,00% ... Glitnir 23,40 -0,43% ... Kaupþing 849,00 +0,00% ... Landsbankinn 27,10 -0,37% ... Marel 79,00 -1,86% ... Mosaic Fashions 16,20 +1,25% ... Straumur-Burðarás 17,80 +0,57% ... Össur 114,50 +0,88%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Tilfinningahiti tengdur vörumerki**
Framkvæmdastjóri House of Fraser, John King, fékk í gær afhentar tvær fjörutíu og fjögurra blaðsíðna skýrslur fullar af athugasemdum, aðra fyrir sig sjálfan og hina handa Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs. Í skýrslunni biðla breskir tignarmenn, stjórnmálamenn og viðskiptavinir til þeirra að láta ekki hið aldagamla og rótgróna verslunarnafn Beatties flakka en nokkrar af verslunum vöruhússins eru reknar undir því nafni. Tilefni til geðshræringar þeirra hafði Jón Ásgeir gefið eftir að Baugur, ásamt hópi fjárfesta, tók House of Fraser yfir í haust. Sagði hann það nafn ekki lengur fá hljómgrunn hjá viðskiptavinum og gaf í skyn að það yrði lagt niður.



**Hættuleg nýjung fyrir lygalaupa**
Nú mega þeir sem eiga til að grípa til hvítrar lygi, eða hafa jafnvel eitthvað reglulega óhreint í pokahorninu, fara að vara sig. Netsímafyrirtækið Skype kemur brátt með lygamæli á markað sem viðskiptavinir fyrirtækisins munu geta notað með símtölum sínum í gegnum Skype. Tækið mælir hljóðbylgjur frá þeim sem talað er við og gefur svo greiningu á því hversu taugaveiklaður viðkomandi er. Það má leiða líkur að því að tækið verði óspart notað af vænisjúkum ástmönnum og -konum sem grunar maka sína um eitthvað misjafnt. Það má líka ímynda sér að það muni nýtast vel í ýmiss konar viðskiptum. Til að mynda gæti það stóraukist að kaupa sér bíl í gegnum símann, án þess að berja hann augum fyrst.

## MARKAÐSPUNKTAR

Alþjóðabankinn spáir því að það hægi á hagvexti í heiminum á næsta ári eftir myndarlegan vöxt undanfarin misseri. Greiningardeild Glitnis, sem greinir frá spánni, segir þó að horfur í heimsbúskapnum séu góðar næsta kastið.

Seðlabanki Sviss ákvað í gær að hækka stýrivexti bankans um 25 punkta og verða þeir eftirleiðis 2 prósent. Gripið var til hækkunarinnar til að sporna gegn aukinni verðbólgu þrátt fyrir góðar horfur á næsta ári.

Í nýjum Kauphallartíðindum kemur fram að Kauphöll Íslands verði lokuð á jóladag, annan í jólum og nýársdag. Þá er á því vakin athygli að viðskiptakerfi Kauphallarinnar verður einnig lokað þessa daga og síðasti viðskiptadagur ársins verði því 29. desember. Fyrsti viðskiptadagur ársins 2007 verður miðvikudagurinn 3. janúar.

# OPEC-ríkin draga úr olíuframleiðslu

Heimsmarkaðsverð á hráolíu tók talsverðan kipp í gær í kjölfar þess að aðildarríki OPEC, samtökolíuútflutningsríkja, ákváðu að loknum fundi sínum í Abuja í Nígeríu í gær að minnka olíuframleiðslu ríkjanna um allt að hálfa milljón olíutunna á dag frá og með febrúar á næsta ári.

Verð á olíu, sem afhent verður í janúar á næsta ári, hækkaði um rúman dal bæði á markaði í Bandaríkjunum og verð á Norðursjávarolíu álíka mikið. Verð á báðum mörkuðum fór í kringum 62,43 dali á tunnu.

Ali al-Jarrah al-Sabah, olíumálaráðherra Kúvæt, sagðist að loknum fundinum vera ánægður með niðurstöðuna og vísaði til ákvörðunar samtakanna í október þar sem ákveðið var að draga úr olíuframleiðslu um 1,2 milljónir tunna á dag frá 1. nóvember síðastliðnum til að sporna gegn frekari verðlækkunum á hráolíu og draga úr umframbirgðum á olíu. Heildarsamdrátturinn nemur því um 1,7 milljónum tunna á dag.

Fulltrúar aðildarríkjanna OPEC, sem eru 11 talsins, sögðu einhug um ákvörðunina og vísuðu á bug orðrómi um að ríkin muni ekki öll draga úr olíuframleiðslu sinni. Það gerðist einmitt í nóvember enda dróst olíuframleiðsla ekki saman um nema 1,2 milljónir tunna í mánuðinum öllum. **- jab**



**FRÁ FUNDI OPEC-RÍKJANNA** Kazem Vaziri Hamaneh, olíumálaráðherra Írana, ásamt sendinefnd sinni, á fundi OPEC-ríkjanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# OMX gerir tilboð í kauphöll Slóveníu

Norræna kauphallasamstæðan OMX hefur gert kauptilboð í Kauphöllina í Ljubljana í Slóveníu. Tilboðið hljóðar upp á 4,2 milljónir evra eða rúmar 386 milljónir íslenskra króna.

Hans-Ole Jochumsen, forseti upplýsingaveitna og nýmarkaða hjá OMX, segir í tilkynningu að verði af kaupunum muni þau rúmlega 130 fyrirtæki sem skráð eru í kauphöllinni verða sýnilegri. Markaðsvirði félaganna nemur 1.655 milljörðum íslenskra króna.

Tilboðið hefur verið lagt fyrir stjórn slóvensku kauphallarinnar og þá 29 banka og fjármálastofnanir sem að henni standa. Þá eru kaupin háð samþykki fjármálayfirvalda í Slóveníu, að því er segir í tilkynningunni. **- jab**



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** OMX, sem meðal annars á Kauphöll Íslands, hefur gert tilboð í kauphöllina í Slóveníu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stork boðar til fundar um vantraust á stjórn

**Stjórn Stork í Hollandi boðar með harmkvælum sérstakan hluthafafund þar sem efnið er vantraustsyfirlýsing á hana. Tekist er á um stefnu þar sem stærstu hluthafar vilja brjóta upp starfsemina. Marel hefur hug á að kaupa Stork Food Systems.**

Stork-fyrirtækjasamstæðan hollenska boðar til sérstaks hluthafafundar í Amsterdam 18. janúar næstkomandi. Fundurinn er boðaður í kjölfar beiðni stærstu hluthafa Stork, bandarísku fjárfestingarsjóðanna Centaurus Capital og Paulson & Co., sem saman fara með um 32 prósenta hlut.

Á fundinum verða bornar upp tvær tillögur sem sjóðirnir lögðu til í bréfi til Stork 23. nóvember síðastliðinn. Fyrri tillagan er vantraustsyfirlýsing á yfirstjórn (supervisory board) Stork. Verði hún samþykkt leiðir hún til þess að stjórnin þurfi að fara frá í heild.

Í hinni er lagt til að sérhver ákvörðun framkvæmdastjórnar Stork (management board) varðandi kaup eða eignastýringu að virði meira en 100 milljónir evra verði tekin til endurskoðunar hluthafa á fundinum.

Deila hluthafanna og stjórnar fyrirtækisins hljóp í algjöran hnút þegar stjórnin neitaði að fara eftir niðurstöðu meirihluta hluthafafundar í október þar sem samþykkt var að skipta samstæðunni upp þannig að Stork einbeitti sér að kjarnastarfsemi, en aðrir hlutar yrðu seldir.

Marel sem með óbeinum hætti ræður yfir átta prósenta hlut í Stork sér mikil tækifæri í sameiningu við matvælavinnsluvélahlutann sem kallast Stork Food Systems. Kjarnastarfsemi Stork er hins vegar í flugvélaiðnaði og stendur sá hluti undir rúmum 60 prósentum starfseminnar.

Í tilkynningu sem Stork sendi út í gær kemur fram að stjórn og stjórnendur telji tillögur sjóðanna „með öllu óréttlætanlegar, ábyrgðarlausar og þjóni ekki hagsmunum fyrirtækisins og hluthafa þess“. Stork segist þess fullvisst að tillögurnar séu til þess fallnar að rýra verðgildi hlutabréfa fyrirtækisins og séu skaðlegar viðskiptahagsmunum þess. „Því er eftir því kallað að hluthafar hafni allir tillögunum.“ Fyrirtækið segist hins vegar nauðbeygt til þess að boða til fundarins fyrst eftir því hafi verið leitað.

„Vantrauststillagan er ekki einvörðungu byggð á óréttmætum og röngum málflutningi, heldur er hún til þess fallin að auka enn á þann óróa sem Stork er nú í með mögulegum alvarlegum afleiðingum fyrir fyrirtækið,“ segir í tilkynningunni. **olikr@frettabladid.is**



**BOEING-ÞOTA Í VIÐHALDI** Kjarnastarfsemi Stork N.V. er í flugvélaiðnaði, en sá hluti fyrirtækjasamstæðunnar framleiðir meðal annars fyrir Boeing. Marel hefur hins vegar augastað á matvælavinnsluvélahluta Stork. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




# Miklar sveiflur á 365 og Teymi

**Gengi 365 hækkar um rúm fjörutíu prósent í desember. Kaupréttarsamningar forstjóra 365 og Teymis hafa hækkað um tugi milljóna króna.**

Gengi hlutabréfa í Teymi og 365, sem mynduðu stærstan hluta af fjárfestingafélaginu Dagsbrún, er komið upp fyrir það verð sem var á bréfum félaganna þegar Dagsbrún var skipt upp í lok nóvember. Gengi á bréfum Teymis hefur hækkað um níu prósent frá skiptingunni en um sex prósent hjá 365, útgefanda Fréttablaðsins.

Heildarvirði Dagsbrúnar var ríflega 27,5 milljarðar við uppstokkunina en verðmæti Teymis og 365 er nú rúmlega tveimur milljörðum meira.

Miklar sveiflur hafa verið á gengi nýju félaganna, einkum 365. Í gær stóð gengi 365 í 4,87 krónum á hlut, sem er yfir fjörutíu prósenta hækkun frá lokum nóvember þegar gengið fór í lægsta gildi. Þá hafði félagið fallið um fjórðung frá uppskiptingu Dagsbrúnar. Þá hækkuðu bréf í Teymi um rúm sex prósent í gær og alls um átján prósent frá 30. nóvember þegar bréf Teymis botnuðu.

Nokkrar ástæður kunna að liggja að baki þessum viðsnúningi. Hvað 365 varðar voru gerðir kaupréttarsamningar við lykilstjórnendur á genginu 3,44 í byrjun desember. Auk þess keyptu Baugur Group, stærsti hluthafinn í 365, og Fons eignarhaldsfélag, annar stór eigandi, bréf um svipað leyti.

Félögin sjálf hafa keypt eigin bréf til að mæta skuldbindingum vegna kaupréttarsamninga sem kann að hafa leitt til fyrrgreindra verðhækkana.

Samningur Ara Edwald, forstjóra 365, um kaup á 23,8 milljónum hluta á genginu 3,44 til næstu þriggja ára, hefur hækkað um 34 milljónir króna í virði.

Þá hefur verið greint frá því að þrettán lykilstjórnendur Teymis hafi fengið kauprétt að 175 milljónum hluta á genginu 4,45 til næstu þriggja ára.

Árni Pétur Jónsson, forstjóri Teymis, fær rétt til að kaupa áttatíu milljónir hluta á umræddu gengi og nemur heildarvirði samningsins 356 milljónum króna. Miðað við gengi gærdagsins hefur þessi samningur aukist um 44 milljónir króna að verðmæti. **- eþa**

**Uppskipting Dagsbrúnar fór fram á genginu 4,58 krónur á hlut**

| | Síðasta gengi | Lægsta gengi í ár | Hækkun gengis frá lægsta gildi |
|---|---|---|---|
| 365 | 4,87 | 3,44 | 41,5% |
| Teymi | 5,0 | 4,22 | 18,5% |


JÓLATÓNLISTIN HLJÓMAR Á LÉTT BYLGJUNNI
OG KEMUR ÞÉR Í JÓLASKAPIÐ.
NJÓTTU UNDIRBÚNINGSINS MEÐ GÓÐRI TÓNLIST.
GOTT FÓLK McCANN
LÉTT BYLGJAN 967
- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!

# FL Group tryggir sér frekari fjármögnun

**Félagið hefur fengið aðgang að 92 milljörðum á árinu.**

FL Group hefur samið um þriggja ára fjármögnun við Barclays Capital og fær með samningnum aðgang að 37 milljarða króna lánsfé.

Með samningnum gefst FL kostur á að fjármagna kaup á hlutabréfum í skráðum fyrirtækjum á Íslandi og erlendis, en félagið er einn umsvifamesti fjárfestirinn á innlendum hlutabréfamarkaði. Enn fremur eykst sveigjanleiki FL til fjármögnunar á núverandi og síðari tíma verkefnum.

Frá byrjun árs hefur FL tryggt sér aðgang að fjármögnunarsamningum fyrir 92 milljarða króna, eða einn milljarð evra, frá alþjóðlegum bankastofnunum.

Hannes Smárason, forstjóri FL, segir að samningurinn við Barclays styrki stöðu félagsins og auðveldi því að koma áætlunum í verk. **- eþa**

# Samdráttur hjá iTunes?

Bandaríski tölvu- og hugbúnaðarrisinn Apple vísar á bug fréttum þess efnis að sala á tónlist hjá iTunes-tónlistarveitu fyrirtækisins hafi dregist saman um 65 prósent á fyrri hluta ársins í Bandaríkjunum.

Forsvarsmenn Apple segja fréttirnar beinlínis rangar því fyrirtækið hafi selt rúmlega 1,5 milljarða laga á tímabilinu. Fyrirtækið hefur þrátt fyrir þetta neitað að gera opinberar upplýsingar um sölu tónlistar á netveitunni.

Ráðgjafarfyrirtækið Forrester Research, sem birti tölurnar í nýlegri skýrslu, segir of snemmt að rýna í merkinguna en ýjar að því hvort kaupendur stafrænnar tónlistar hafi fengið nóg því einungis sé hægt að spila tónlist sem keypt sé í netveitu iTunes í iPod-spilastokkum, sem Apple framleiðir.



**STEVE JOBS MEÐ IPOD** Ráðgjafarfyrirtæki segir sölu á tónlist hjá iTunes hafa dregist saman um 65 prósent á fyrri hluta ársins. Apple neitar fréttunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Niðurstöðurnar eru svipaðar þeim og greiningarfyrirtækið Nielsen Soundscan greindi frá fyrr á árinu en fyrirtækið segir söluna hafa staðið í stað eða minnkað nokkuð frá byrjun árs. Það bendir hins vegar á að samdráttar gæti hjá fleiri tónlistarveitum en iTunes.

Fram kemur í könnun Forrester Reasearch að sala á tónlist á netinu sé enn sem komið er einungis lítið brot af heildarsölu á tónlist því sala á hljómdiskum trónir enn á toppinum. **- jab**



**OLÍUVINNSLA** Straumur er farinn út úr Artumas Group.

# Straumur selur í Artumas

Straumur-Burðarás hefur selt allan sinn hlut í kanadíska orkufyrirtækinu Artumas Group sem er skráð í Kauphöllina í Ósló. Um sex prósenta hlut var að ræða, sem hægt er að meta á rúmlega 600 milljónir króna.

Ætla má að Straumur hafi hagnast nokkuð á fjárfestingunni ef tekið er mið af gengisþróun í Artumas frá því í fyrrasumar þegar bréfin komust í eigu gamla Burðaráss. Burðarás keypti bréfin skömmu eftir að Artumas var skráð á markað og fór hlutur hans mest upp í tæp tíu prósent.

Artumas vinnur að orkuvinnslu og dreifingu orku í nokkrum löndum í Austur-Afríku. **- eþa**




Hinir vinsælu *gel*-arnar komnir aftur

- Viður eða gler
- Ýmsir litir í boði
- Auðveld uppsetning
- Hægt að staðsetja nánast hvar sem er
- Lyktarlaus bruni

*Reykháfur óþarfur!*



valencia kebo

RAFVER

SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333
WWW.RAFVER.IS


# Líflegur upphafsdagur Icelandair

**Áhersla verður lögð á frekari vöxt fyrirtækisins, segir stjórnarformaður Icelandair Group Holding. Forstjórinn tók sprettinn úr Kauphöllinni í beina útsendingu hjá Bloomberg-fréttaveitunni.**

Icelandair Group Holding hf. er fyrsta íslenska félagið til að skrá bréf sín í Kauphöll Íslands eftir að hún varð hluti af OMX Nordic Exchange. Viðskipti hófust með bréf félagsins í gær. „Svolítið merkilegt er að vera nýjasta fyrirtækið á markaði, en um leið eitt af þeim elstu í landinu,“ sagði Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, við skráningu félagsins.

Heildarhlutafé Icelandair Group Holding er einn milljarður en alls voru 185 milljónir hluta seldar almenningi, starfsmönnum og fagfjárfestum í nýlega afstöðnu útboði. Virði félagsins miðað við útboðsgengi var því 27 milljarðar króna. Félagið var selt nýjum kjölfestufjárfestum, starfsmönnum og almenningi og því aftur komið á markað sem félag í svipuðum rekstri og fyrirrennari þess, Flugleiðir hf., sem var skráð í Kauphöll Íslands árið 1992. „Flugleiðir voru áttunda félagið sem hér var skráð á markað og mikið vatn runnið til sjávar frá þeim tíma,“ sagði Páll Harðarson, forstöðumaður rekstrarsviðs Kauphallarinnar, þegar hann bauð félagið velkomið. Sem dæmi benti hann á að uppreiknað markaðsvirði félaga í Kauphöllinni á þeim tíma hefði ekki numið nema um 17 milljörðum króna, en í dag nemur markaðsvirði skráðra félaga um 2.600 milljörðum króna. Páll benti á að í nýafstöðnu útboði hafi komið í ljós áhugi erlendra fjárfesta á Icelandair. Á lista yfir tíu stærstu hluthafa eru tveir erlendir bankar og um sex prósent félagsins eru í erlendri eigu. „Við höldum að með þeim breytingum sem eiga sér stað með inngöngu Kauphallarinnar í OMX Nordic Exchange muni slíkur áhugi enn aukast.“

Jón Karl sagði félagið hlakka mikið til verunnar í Kauphöllinni. „Okkur telst til að við séum fyrsta félagið úr ferðaþjónustugeiranum sem er að koma inn aftur og teljum mjög mikilvægt að ferðaþjónustan, sem hér hefur verið vaxandi atvinnugrein, eigi í Kauphöllinni verðugan fulltrúa. Við ætlum að gera okkar besta til að sjá til þess að þetta fyrirtæki blómstri og verði hér flottasta fyrirtækið á markaði, að minnsta kosti í þessum geira,“ sagði hann rétt áður en viðskipti hófust í gær. Jón Karl gat þó ekki staldrað lengi við í Kauphöllinni því hann þurfti að vera mættur í Útvarpshúsið klukkan hálfellefu um morguninn þar sem búið var að koma á beinum hlekk yfir gervihnött svo að hann gæti verið í beinni útsendingu í viðtali við viðskiptafréttaveituna Bloomberg. „Áhugi á íslensku viðskiptalífi er miklu meiri en verið hefur,“ sagði hann á hlaupum í útsendinguna og bætti við að vissulega fylgdi því ábyrgð um leið og tækifæri. Ekki var að sjá í



**ÁNÆGJA MEÐ UPPHAF VIÐSKIPTA** Páll Harðarson, forstöðumaður rekstrarsviðs Kauphallar Íslands, og Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, fylgjast með Finni Ingólfssyni stjórnarformanni og Jóni Karli Ólafssyni, forstjóra Icelandair, takast í hendur eftir að viðskipti hófust með bréf félagsins í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

útsendingunni að forstjórinn hafi verið á síðustu stundu þegar hann sallarólegur svaraði spurningum og kvaðst hæstánægður með upphaf viðskipta og nýafstaðið útboð. Hann benti á að félagið hefði vaxið hratt síðustu ár og útskýrði að skipulag félagsins hefði gert því kleift að bregðast hratt við breyttum aðstæðum í flugheiminum eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum haustið 2001. „Í raun hafa síðustu þrjú til fjögur ár verið þau farsælustu í sögu félagsins,“ benti hann á, en á sama tíma hafa mörg erlend flugfélög átt í erfiðleikum. Benti hann á að hæfileikinn til að laga sig að breyttum rekstraraðstæðum væri mikilvægur fyrirtækjum í fluggeiranum. Icelandair segir Jón Karl bæði geta vaxið hratt eða dregið hratt saman seglin, ef á þurfi að halda.

„Við stefnum á vöxt en enga byltingu,“ segir Finnur Ingólfsson, stjórnarformaður Icelandair Group Holding, og telur tækifærin næg. Félagið ætli sér til að mynda vænan hlut í auknum ferðamannastraumi sem spáð hafi verið um leið og það vinni að því að sú spá rætist. „Ferðaiðnaður er vaxtargrein í heiminum og við ætlum að leggja okkar að mörkum til að íslensk fyrirtæki geti vaxið með góðum samgöngum til landsins,“ segir hann og bendir á að þótt Icelandair sé kannski ekki stærsta útrásarfyrirtækið þá sé það það fyrsta. „Samgöngurnar sem félagið býður milli Íslands og annarra landa er auðvitað grunnurinn að þeim árangri sem útrásarfyrirtækin hafa verið að ná. Alveg klárt er að félagið og eigendur þess eiga skyldum að gegna í þeim efnum.“

**olikr@frettabladid.is**

## Dagsvelta yfir 12 hundruð milljónum

Lífleg viðskipti voru með Icelandair Group Holding á fyrsta degi félagsins í Kauphöllinni. Félagið hækkaði um 2,2 prósent frá útboðsgengi til fjárfesta og kostaði hluturinn 27,6 krónur í lok gærdags.

Alls nam veltan á fyrsta viðskiptadegi 1.221 milljón króna, sem var tvöfalt meira en hjá næst veltumesta félaginu, og skiptu fjögur prósent hlutafjár í nýja félaginu um hendur. Markaðsverðmæti Icelandair Group Holding var 27,6 milljarðar króna í lok gærdags. **- eþa**

## TÍU STÆRSTU EIGENDUR ICELANDAIR GROUP HOLDING

| | |
|---|---|
| Langflug ehf. | 32,0% 1) |
| Naust ehf. | 14,8% |
| Fjárfestingafélagið Máttur | 11,1% |
| Urður ehf. | 5,6% |
| Glitnir | 3,7% |
| GLB Hedge | 2,9% |
| SEB | 2,5% |
| Flugval ehf. | 1,9% |
| Barclays Capital Securities | 1,3% |
| Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 | 1,3% |
| Alls tíu stærstu | 77,1% |

# Starfsemi IG í Maryland lögð af

Icelandic USA, dótturfélag Icelandic Group, ætlar að loka verksmiðju sinni í Cambridge í Maryland. Í verksmiðjunni fara á milli þrjátíu og fjörutíu prósent af framleiðslu Icelandic USA fram og þar starfa um það bil fjögur hundruð manns. Ekki stendur til að bæta við nýrri verksmiðju, þar sem félagið getur sinnt allri framleiðslu og dreifingu fyrirtækisins í verksmiðju sinni í Newport News í Virginíu og í nýlegri dreifingarmiðstöð á sömu slóðum. Smám saman verður dregið úr starfseminni í Cambridge þar til henni verður alfarið hætt í árslok 2007.

Lokunin mun, samkvæmt tilkynningu frá Icelandic Group, fela í sér 0,8 milljarða króna virðisrýrnun sem mun gjaldfærast á fjórða ársfjórðungi 2006. Þar að auki mun falla til um 0,4 milljarða króna kostnaður vegna endurskipulagningar á sama ársfjórðungi. Í Morgunkorni Glitnis segir að með þessu sé ljóst að rekstrarmarkmið félagsins, um 55 milljóna evra EBITDA-framlegð, sem eru um fimm milljarðar króna, fyrir árið í heild muni ekki nást. Allt stefni í að árið verði litað af slökum rekstrarárangri og mikilli endurskipulagningu eins og árið 2005. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandic Group, segir að nú sjái brátt fyrir endann á mikilli endurskipulagningu innan samstæðunnar. „Þær miklu breytingar sem hafa verið keyrðar í gegn á árinu munu skila sér í mun betri rekstrarárangri í ár en í fyrra, þótt enn megi gera betur. Lokun verksmiðjunnar í Cambridge mun hafa í för með sér betri rekstrarniðurstöðu þar sem nýting verksmiðju okkar í Newport News verður betri og rekstur hennar fyrir vikið hagkvæmari.“ **- hhs**



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI ICELANDIC GROUP** Verksmiðju Icelandic USA í Cambridge í Maryland verður lokað á næsta ári.

# Staðfest að brotið var á Mjólku

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest úrskurð Samkeppniseftirlitsins frá 13. október um að Osta- og smjörsalan hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína gagnvart Mjólku. Það hafi hún gert með því að mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum með undanrennuduft. Osta- og smjörsalan áfrýjaði úrskurðinum til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem nú hefur staðfest hann.

Ólafur M. Magnússon, forstjóri Mjólku, telur að þetta staðfesti þá gagnrýni sem forsvarsmenn Mjólku hafi haft uppi gagnvart samkeppnisumhverfi mjólkuriðnaðarins. „Ég held að landbúnaðarráðherra hljóti að bregðast við því kalli sem þessi niðurstaða gefur til kynna. Ef þessu umhverfi verður ekki breytt felur það í sér að það sé beinn vilji stjórnvalda að Mjólka, og aðrir þeir sem hafa verið að hasla sér völl í samkeppni við mjólkuriðnaðinn, hverfi af sjónarsviðinu.“ **- hhs**

# MAX

LágMAXverð

**8.389 kr.**

almennt verð ~~12.995~~





**23.989 kr.**

almennt verð ~~32.995~~

**Nokia 5300**
- Litaskjár
- Þyngd 106,5 grömm
- Biðtími allt að 223 klst.
- Taltími allt 3,2 klst
- Bluetooth tengimöguleikar
- Myndavél 1.3 Megapixel
- Íslenskt valmyndakerfi
- FM útvarp, 5MB minni og microSD minnisrauf
- MP3

**Nokia 2610**
- Litaskjár
- Þyngd 91gr
- 65,536 lita skjár
- Biðtími allt að 300 klst.
- Taltími allt að 3 klst
- Talandi klukka - íslenska
- Talandi vekjaraklukka – íslenska
- Innbyggður handfrjáls hátalari
- Íslenskt valmyndakerfi
- Íslenskar leiðbeiningar



**19.999 kr.**

**Nokia 7360 Pink**
- Þyngd 92 grömm
- Biðtími allt að 450 klst.
- Taltími allt að 4 klst.
- Litaskjár
- Tölvupóstur
- VGA myndvél
- FM útvarp

almennt verð ~~22.995~~



**29.989 kr.**

**Nokia 5500 Sport**
- Litaskjár
- Þyngd 103 grömm
- Biðtími allt að 270 klst.
- Taltími allt að 4 klst.
- Bluetooth
- 2 Megapixel myndavél
- FM sýndarútvarp
- MP3 spilari
- Högg, ryk og vatnsvarinn
- Talandi SMS skilaboð
- Hreyfiskynjari
- Skrefamælir
- Symbian stýrikerfi
- Samhæfir við Outlook ofl

almennt verð ~~37.995~~



**16.989 kr.**

**Nokia 6103**
- Matrix litaskjár
- Þyngd 97 grömm
- Biðtími allt að 300 klst.
- Taltími allt að 4 klst.
- Bluetooth tengimöguleikar
- Myndavél VGA 640 x 480
- Tölvupóstur POP3 og IMAP4
- 4.2Mb minni fyrir myndir og tóna
- FM stereó útvarp og heyrnartól
- Bluetooth og myndavél
- Íslensk valmynd

almennt verð ~~22.999~~



**29.989 kr.**

**Nokia 6233**
- Litaskjár
- Þyngd 110 grömm
- Biðtími allt að 340 klst.
- Taltími allt að 4 klst.
- Bluetooth tengimöguleikar
- 2.0 Megapixel myndavél
- Hreyfimyndaupptaka
- Innbyggður handfrjáls hátalari
- POP3, IMAP4 og SMTP póstur
- FM sýndarútvarp
- MP3 spilari
- Íslensk valmynd

almennt verð ~~36.995~~



**32.989 kr.**

**Nokia 6280**
- Litaskjár
- Þyngd 115 grömm
- Biðtími allt að 250 klst.
- Taltími allt að 4 klst.
- Bluetooth tengimöguleikar
- Hægt að tengja við PC tölvu
- USB kapall fylgir
- 2.0 Megapixel myndavél
- VGA 640x480 hreyfimyndataka
- Tónlistarspilari MP3
- Tölvupóstur POP3 og IMAP4
- Innbyggður handfrjáls hátalari
- 64Mb minniskort fylgir
- FM stereó útvarp og heyrnartól
- Íslensk valmynd/ handbók

almennt verð ~~39.995~~



**45.989 kr.**

**Nokia N73**
- Litaskjár
- Þyngd 116 grömm
- Biðtími allt að 340 klst.
- Taltími allt að 4 klst.
- Bluetooth tengimöguleikar
- Tölvupóstur
- 3.2 Megapixel myndavél
- Carl Zeiss Optics linsa
- Tveir stereó hátalarar - 3D hljóð
- Handfrjáls stereó búnaður fylgir
- FM sýndarútvarp
- MP3 spilari

almennt verð ~~59.995~~

NOKIA
Connecting People

**OPIÐ TIL kl. 22**

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Auðlindanýting í úthöfunum

## Ábyrg afstaða

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Mála sannast er að gildi sjávarútvegs fyrir þjóðarbúskapinn er ekki það sama og áður. Eigi að síður skiptir hann enn sköpum og er bakbein allrar verðmætasköpunar í landinu. Alþjóðleg hagsmunagæsla á því sviði hefur í því ljósi engu minni þýðingu en fyrr.

Þetta kom einkar vel í ljós á dögunum þegar fjallað var um verndun viðkvæmra vistkerfa í úthafinu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þar náðist mikilvægt samkomulag. Það fól í sér málamiðlun. En hún brýtur ekki í bága við þau grundvallarsjónarmið sem við og flestar aðrar ábyrgar fiskveiðiþjóðir höfum fylgt.

Það hefur verið ófrávíkjanleg afstaða Íslands að Sameinuðu þjóðirnar ættu í samræmi við hafréttarsáttmálann að viðurkenna í verki rétt svæðabundinna samtaka þjóða til að stjórna veiðum á úthöfunum. Aðeins með því móti er unnt að tryggja staðbundna þekkingu sem er afar mikilvæg á þessu sviði.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa verið gerðar margar tilraunir til þess að taka allt vald í þessum efnum undir einn hatt. Slík skipan mála mun veikja vísindalegar forsendur sem grundvöll ákvarðana en auka að sama skapi vægi lögmáls hrossakaupanna.

Sums staðar er þörf á að banna veiðar með botnvörpu til þess að vernda viðkvæm vistkerfi. Það á við bæði innan landhelgi sem utan. Engar vísindalegar forsendur eru hins vegar fyrir algildu banni af því tagi. Hrossakaup á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um fiskveiðistjórnun eru líkleg til að leiða til þess háttar óvísindalegra ákvarðana.

Hentistefna varðandi grundvallarregluna um sjálfbæra nýtingu á greiðari leið upp á fundarborð allsherjarþingsins en svæðastofnana. Fyrir þá sök er þeim betur treystandi til að framfylgja ábyrgri og um leið hagkvæmri nýtingarstefnu.

Það er utanríkispólitískur styrkur Íslands að hafa á alþjóðavettvangi fylgt skýrum grundvallarviðhorfum í þessum efnum um langan tíma. Afstaða er því ekki tekin eftir því hvernig vindarnir blása hverju sinni eða hvernig á stendur með önnur mál.

Þegar Halldór Ásgrímsson kom í utanríkisráðuneytið fyrir meir en áratug var á ný farið að halda fast í reipi grundvallarsjónarmiða varðandi þessa hagsmuni Íslands. Eftirmenn hans hafa allir fetað í þau fótspor.

Með sumum öðrum þjóðum þykir fiskur varla nógu fínt málefni til afskipta fyrir utanríkisráðuneyti. Í því ljósi er ærin ástæða til þess að taka undir með sjávarútvegsráðherra þegar hann í grein hér í Fréttablaðinu í þessari viku ber lof á sterka forystu utanríkisráðuneytisins við afgreiðslu þessara mála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna fyrir skömmu.

Ísland á mikið undir því að fylgt sé skýrri og markvissri langtímastefnu á þessu sviði hvar sem þau eru til umfjöllunar á alþjóðavettvangi. Í þeim efnum dregur utanríkisþjónustan eðlilega dám af sýn þess ráðherra sem ábyrgur er á hverjum tíma.

Að öllu athuguðu er því ærin ástæða til að gefa því gaum þegar utanríkisþjónustan vinnur vel með sjávarútvegsráðuneytinu að svo mikilvægri hagsmunagæslu eins og raun var á í þessu tilviki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hefurðu fengið desemberuppbótina þína?

Desemberuppbót á að greiða ekki seinna en 15. desember.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ráðagóður rektor

Almennt er talið að það styrki viðskiptaháskólann á Bifröst verulega að ráða Ágúst Einarsson prófessor sem rektor. Ágúst hefur verið afkastamikill kennari og fræðimaður í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og leitt margan fræðinginn fyrstu akademísku sporin. Þá hefur hann látið þróun Háskólans sig varða og viljað berjast fyrir ákveðnum úrbótum. Bauð hann sig meðal annars fram til rekstors HÍ í fyrra og atti á endanum kappi við Kristínu Ingólfsdóttur, núverandi rektor. Nú fær Bifröst að njóta krafta hans sem fróðlegt verður að fylgjast með.



### Módern Framsókn

Nýbúið er að endurhanna flokksskrifstofur Framsóknarflokksins við Hverfisgötu og verður opið hús á laugardaginn fyrir flokksmenn og velunnara. Þann dag heldur Framsókn upp á 90 ára afmæli sitt en minna fer fyrir 90 ára afmæli Alþýðuflokksins, sem enn þá er til að nafninu til. Kynnt verður nýtt afmælismerki í tilefni tímamótanna. Sjálft flokksmerkið, sem hannað var í framkvæmdastjóratíð Sigurðar heitins Geirdal árið 1986, verður óbreytt. Vísar það meðal annars til róta lands og lýðs, þangað sem flokkurinn vill sækja styrk sinn.

### Fóru villur vegar

„Atvinnustjórnmálamenn fóru villur vegar á síðustu dögum þingsins. Þeir rugluðu saman hagsmunum sínum og lýðræðisins og töldu að þeir hlytu að fara saman. Þessu er hins vegar þveröfugt farið. Hagsmunir lýðræðisins felast nefnilega einmitt í því að atvinnuöryggi þingmanna sé sem minnst og að flokkar þurfi stöðugt að vinna málum sínum stuðnings til þess að einhver hafi áhuga á því að styrkja þá - hvort sem er með atkvæði, málafylgju eða fjárútlátum," segir Þórlindur Kjartansson á Deiglunni í ágætri gagnrýni sinni á lög um fjármál stjórnmálaflokka.



bjorgvin@frettabladid.is

## Kapítalismi og ójöfnuður



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Tekjuskiptingin

Eftir að Karl Marx valt af stalli, hefur Samfylkingin fundið sér nýjan spámann. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir nefnir hann með velþóknun í ræðum, og þingmannsefnin Kristrún Heimisdóttir og Björgvin Sigurðsson segjast bæði á heimasíðum sínum hafa orðið fyrir áhrifum af honum. Þetta er bandaríski heimspekingurinn John Rawls, sem lést fyrir fjórum árum. Hann var prófessor í stjórnmálaheimspeki í Harvard-háskóla og höfundur umtalaðs verks, Kenningar um réttlæti. Þetta er vel valið. Rawls eflir frjálslynda og öfundlausa jafnaðarstefnu að rökum.

Rawls biður okkur að velta því fyrir okkur, hvers konar skipulag við myndum velja, ef við vissum ekkert um, hvernig okkur myndi sjálfum reiða af. Þetta kallar hann að skríða undir fávísisfeld. Í flókinni rökfærslu kemst Rawls að þeirri niðurstöðu, að við myndum undir fávísisfeldinum ákveða að fara leið minnstu áhættu um, hvað teldist réttlát tekjuskipting. Við myndum reyna að verja okkur gegn versta kostinum, sem væri að lenda í hópi hinna verst settu. Við myndum velja skipulag, þar sem hagur hinna verst settu yrði eins góður og hann gæti framast orðið. Þar væri lágmarkið hámarkað. Tekjumunur manna helgaðist af því einu, að hinir verst settu græddu á honum.

Kenning Rawls hefur sætt margvíslegum andmælum. Hann gerir ráð fyrir, að menn eigi ekki að njóta sérstakra hæfileika sinna, því að þeir séu í sameign. En hafa menn ekki tilkall til eigin hæfileika? Hann skilgreinir ekki heldur, hverjir hinir verst settu eru: Eru þeir 1%, 5% eða 10% fátækasta fólksins? Hann leiðir hjá sér, hvers vegna þeir eru verst settir. Eiga menn ekki að bera einhverja ábyrgð á eigin hlutskipti? Einnig má spyrja, hvort frjálst val einstaklinga muni ekki ætíð raska „réttlátri" tekjuskiptingu. Stórsöngvari heldur tónleika. Fimm þúsund manns greiða aðgangseyrinn, fimm þúsund krónur. Eftir þetta eru fimm þúsund manns hver fimm þúsund krónum fátækari og einn maður tveimur og hálfri milljón krónum ríkari. Tekjuskiptingin er orðin ójafnari. En erfitt er að koma auga á ranglætið.

Hvað sem slíkum andmælum líður, bendir Rawls á verðugt umhugsunarefni. Hvar vegnar lítilmagnanum best? Rawls setur tekjujöfnun skorður: Hún á aðeins að miða að því, að kjör hinna verst settu batni. Hún er ekki markmið í sjálfri sér. Ef velja þarf á milli tekjujöfnunar og bætts hags lítilmagnans, þá víkur tekjujöfnunin. Sönnum jafnaðarmönnum hlýtur að þykja þetta eðlilegt. Þeir bera umhyggju fyrir lítilmagnanum, en eru öfundlausir um efnafólk. Þess vegna hljóta þeir að samþykkja þann tekjumun, sem er beinlínis í hag hinum bágstöddustu.

Skynsamlegt mat á því, hvar lítilmagnanum vegnar best, hlýtur síðan að miðast við raunhæfa kosti, ekki fjarlæg draumalönd. Jafnframt verður það að miðast við tegundir af löndum, því að ætíð má deila um aðstæður í einstökum löndum. Er Lúxemborg til dæmis stór svefnbær frekar en sjálfbær eining? Geta Norðmenn haldið uppi víðtækri velferðaraðstoð í krafti olíuauðsins? Við skulum þess vegna umorða spurningu Rawls: Við hvers konar skipulag, sem við þekkjum hér á jörðu niðri, er hagur lítilmagnans bestur?

Undanfarna tvo áratugi hefur hópur hagfræðinga smíðað svonefnda vísitölu atvinnufrelsis (sem lesa má nánar um á heimasíðunni www.freetheworld.com). Komið hefur í ljós afar sterkt samband á milli atvinnufrelsis og hagsældar, eins og hún mælist í vergri landsframleiðslu á mann. Í þeim fjórðungi landa, þar sem atvinnufrelsi er mest, er framleiðslan á mann áttföld á við það, sem hún er í ófrjálsasta fjórðungnum. Frá sjónarmiði jafnaðarmanna er enn athyglisverðara, að hagur hinna 10% tekjulægstu er bestur í frjálsustu löndunum, við kapítalisma. Í ófrjálsasta fjórðungnum er hlutur þessa hóps af heildartekjum 2,2%, en í frjálsasta fjórðungnum 2,5%. Þetta virðist ef til vill lítill munur. En stærð sneiðar ræðst af stærð kökunnar: Í ófrjálsasta fjórðungnum eru tekjur þessa tekjulægsta hóps að meðaltali 826 Bandaríkjadalir á ári, í næstófrjálsasta fjórðungnum 1.186 dalir, í næstfrjálsasta fjórðungnum 2.322 dalir, en í frjálsasta fjórðungnum 6.518 dalir.

Kapítalisminn stenst prófstein Rawls með glæsibrag. Þar vegnar lítilmagnanum best, jafnframt því sem ójöfnuður er minni en í ófrjálsustu löndunum. Við tökum Samfylkingarfólk á orðinu.

## Framlög til LÍN skorin niður

**UMRÆÐAN**
Lánasjóðurinn



ÁSGEIR RUNÓLFSSON

Nú á dögunum voru samþykkt fjárlög fyrir árið 2007 frá Alþingi. Þegar málið kom til þriðju og síðustu umræðu í Alþingi kom fram breytingartillaga frá fulltrúum stjórnvalda um að skera niður áður áætlað framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) um 139 milljónir. Gefnar voru þær skýringar að ekki væri gert ráð fyrir eins mikilli fjölgun lánþega og að gengisþróun hafi verið hagstæðari en áður hafi verið áætlað.

Af þessu má ráða að svigrúm hefði verið til að veita meira fé til LÍN en var gert. Sérstaklega ef sú staðreynd er höfð í huga að tekjuafgangur fjárlaganna er 9,1 milljarður króna.

Það er margt sem má betur fara hjá LÍN og hafa námsmannahreyfingarnar margoft lagt fram kröfur sínar sem miða að bættum lánasjóði, fyrir stjórn LÍN. Blessunarlega eiga fulltrúar námsmanna sæti í stjórninni ásamt fulltrúum stjórnvalda, því ætti stjórnvöldum að vera vel kunnugt um kröfur námsmanna og ástæðu þess að kröfunum er hafnað. Jú, ástæðan er sú að það er ekki til nógu mikill peningur hjá lánasjóðnum. Það er peningaskortur LÍN sem stendur í vegi fyrir bættum hag námsmanna. Því er sárt að horfa upp á þennan niðurskurð á framlögum til LÍN.

Námsmannahreyfingarnar sendu frá sér tilkynningu á dögunum þar sem sagt er að þeim þyki miður að þessi niðurskurður hafi átt sér stað og á öðrum stað segir: „Sjóðinn vantar aukið fjármagn til að gera nauðsynlegar breytingar. Sem dæmi má nefna að enn er ekki farið að lána fyrir skólagjöldum í grunnnámi erlendis, endurgreiðsla þarf að stöðvast þegar nám hefst að nýju, námsmenn í hlutanámi fá ekki námslán og leiðrétta þarf upphæð grunnframfærslu fyrir ákveðna hópa. Vaxtarstyrkurinn sem á að brúa bilið í tekjuöflun námsmanna milli þess að nám hefst og að námslán eru greidd út er ekki nógu hár." Þetta er langt því frá að vera tæmandi listi og enn ónefnd sú staðreynd að námslánin eru of lág og mæta ekki eðlilegri framfærsluþörf námsmanna. Ekki nóg með það heldur skerðast lágu námslánin í hlutfalli við tekjur lánþegans og er honum þannig refsað fyrir að afla sér tekna.

Því má vera ljóst að bæta þarf kjör námsmanna en því miður virðist vilji stjórnvalda til þess ekki vera mikill. Þessar 139 milljónir hefðu verið nýttar til góðra verka hjá lánasjóðnum.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Stúdentaráðs HÍ og fulltrúi námsmanna í stjórn LÍN.*

# Góð spil í jólapakkann

Opið til kl. 22:00 öll kvöld til jóla






Gott verð **4.449** kr

**Ticket to ride**
Ævintýralegur lestarleikur. Spil ársins m.a. í: Þýskalandi, Japan, Svíþjóð, Finnlandi, Spáni auk fjölda annarra verðlauna.

Gott verð **3.999** kr




**Rapidough**
Eitt magnaðasta fjölskylduspilið á markaðinum. Þar sem þú leirar svörin til sigurs.

Gott verð **3.699** kr




**Sequence**
Vinsælasta spilið á Íslandi í dag.




TILBOÐ **999** kr/pk
Verð áður 1.499.-

**Orða Rummikub**
Sígilt fjölskylduspil.




Gott verð **1.349** kr

**Monopoly**
spilið vinsæla – spilað með spilum. Frábær nýjung.




TILBOÐ **3.999** kr/pk
Verð áður 4.999.-

**Partý & Co**
Skemmtilega fjölskyldu- og partýspilið.




Gott verð **3.999** kr

**Áfram fyrsti bekkur**
Lærdómsspilið þar sem börnin læra stafina, að skrifa og reikna og margt fleira.



Mordillo og Loup púsluspil

**Mordillo og Loup púsluspilin fást aðeins í Smáralind og Kringlu.**

Gott verð **2.999** kr




Eins og í sjónvarpsauglýsingu TV

**Air Football**
Spilið sem skapar mestu spennuna og fjörið. Notið hendurnar og kýlið á kallana.



Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla






## MEÐ **FULLKOMNA FORYSTU**
## Í PLASMA–SJÓNVARPSTÆKJUM!

**PUREBLACK Panel 2** – Ótrúlega nákvæmir og náttúrulegir litir, mögnuð dýpt og skerpa.
**Direct Colour Filter 2** – Einstök filma í stað glerhlífar veitir glampavörn og nær ótakmarkað sjónsvið.
**Dynamic HD Converter** – Stækkar venjuleg sjónvarpsmerki upp í HD upplausn og gefur óvenju skarpa mynd.
Innbyggður DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort.
Tvö stafræn HDMI tengi og PC-tölvuinngangur.

Upplausn: 1024 x 768
Contrast: 3000:1
Birta: 1100 cd/m2
Svartími: ~0 ms
Mynd-í-mynd (2 tuner, multi-mode)

3ja ára ábyrgð!
PIONEER–ORMSSON

**PIONEER PDP-427XD 42" PLASMA: Verð kr. ~~399.900~~** — **TILBOÐ: Kr. 359.900**
**PIONEER PDP-507XD 50" PLASMA: Verð kr. 499.900**

# PIONEER PDP-427XD / PDP-507XD

## Sjöunda kynslóð margverðlaunaðrar plasmatækninnar frá Pioneer.
## **Það flottasta á markaðnum!**

Leiðandi í framleiðslu Plasma-sjónvarpstækja og með fullkomna forystu. Fagtímarit um víða veröld staðfesta það. M.a. hefur PIONEER fengið EISA verðlaunin *"European Plasma Television of the Year"* tvö ár í röð. Hér er framtíðin tryggð. Náttúrulegir litir – hreinni, skarpari og mun raunverulegri mynd en nokkru sinni fyrr. Komdu og sjáðu muninn!

LCD skjáirnir frá SHARP eru álitnir þeir bestu í heimi. Það kemur fáum á óvart sem fylgst hafa með þróun LCD sjónvarpa. Þar hefur SHARP verið í forystusveit frá upphafi. Vörulínan er stór – hún spannar frá 20" upp í 52". Ef myndgæðin skipta þig máli, þegar þú hugleiðir sjónvarpskaup þá treystu SHARP – ótvíræður frumkvöðull LCD tækninnar.



**32" LCD SJÓNVARP**

SHARP LC32GD8E
Skjástærð: 32"
DVB-T Stafrænn sjónvarpsmóttakari.
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC32GD8E**
**TILBOÐ: 179.900.-**



**32" LCD SJÓNVARP**

SHARP LC32GA9E
Skjástærðir: 32"
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: 2x HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC32GA9E 32"**
**TILBOÐ: 179.900.-**

KVIKA BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.

**SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800 | SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 | RADIONAUST-AKUREYRI · SÍMI 461 5000 | ORMSSON-KEFLAVÍK · SÍMI 421-1535**

# VIÐ BJÓÐUM GÆÐI, ENDINGU OG 3ja ÁRA ÁBYRGÐ*



**32” LCD SJÓNVARP**

SAMSUNG LE32N71BX
Upplausn: 1366 x 768
Svartími: 8 ms
Contrast: 6000:1
Sjónsvið: 178°/178°

**TILBOÐ: 219.900.-**

**42" Plasma SJÓNVARP**

SAMSUNG PS42C7HX
Skjástærð: 42”
Upplausn: 1024x768
Contrast: 10.000:1
Sjónsvið: 175° x 175°
HDMI tengi
2 x scart og PC tengi.
Borðstandur fylgir.

**SAMSUNG PS42C7HX**
**Verð áður: ~~299.900~~**
**TILBOÐ: 249.900.-**

*Jólatilboð*



**32” LCD sjónvarp**

SAMSUNG LE32R71WX
32" og 40" skjástærðir
10-bita litavinnsla
Upplausn: 1366 x 768
Svartími: 8 ms
Contrast: 3000:1
Sjónsvið: 178°/178°

Litir: Hvítt / svart

**SAMSUNG LE32R71WX**
**TILBOÐ: 179.900.-**

**SAMSUNG LE40R71BX**
**TILBOÐ: 289.900.-**
Litur: Svart



**19” LCD sjónvarp**

SAMSUNG LE19R71BX
Upplausn 1440 x 900
Svartími: 8 ms
Contrast 800:1
Birta: 500cd/m2
Sjónsvið 160°/160°

Litir: Hvítt / svart

**TILBOÐ: 74.900.-**



## LOEWE.

LOEWE línan er glæsilega hönnuð, hvernig sem á það er litið. LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands og leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun. LOEWE sjónvörp eru margverðlaunað fyrir gæði og afburða hönnun. LOEWE er Benzinn í LCD sjónvarpstækninni.

## SAMSUNG

Eitt framsæknasta raftæknifyrirtæki heims í dag er án efa SAMSUNG. Hjá SAMSUNG er markmiðið „Toppvara á góðu verði“. SAMSUNG hefur margsinnis fengið EISA-verðlaunin en þau eru mikilsvirt viðurkenningin og veitt ár hvert af samtökum evrópskra fag- og tæknitímarita. SAMSUNG er tæknirisi sem ýtt hefur Sony af stalli.



## LOEWE.

**LOEWE Xelos**
Vandaður frágangur og falleg hönnun – fáanlegt platínugrátt eða steinsvart.
HD-Ready, tilbúið fyrir næstu kynslóð sjónvarpstækninnar.
Image+ tækni eykur skerpu, mýkir hreyfingar og gefur bestu myndgæði sem völ er á. HDMI tenging og innbyggður DVB-T/C stafrænn sjónvarpsmóttakari.
Loewe Assist+ gerir tækið einfaldara og þægilegra í notkun. Kraftmikið Sound+ hljóðkerfi gefur frábær hljómgæði.

**LOEWE Xelos 32” SE**
**Verð: ~~299.900.-~~**
**TILBOÐ: 219.900.-**

3ja ára ábyrgð!
LOEWE-ORMSSON

## LOEWE.

**LOEWE Concept**
Concept línan tekur brot af því besta úr Xelos og býður hin einstöku LOEWE gæði á áður óþekktu verði.
Fáanleg silfurgrá eða steinsvört með fallegri háglans áferð.
HD-Ready tækni með stafrænni HDMI tengingu og innbyggðum DVB-T/C stafrænum sjónvarpsmóttakara.
LOEWE Assist+ gerir tækið einfalt og þægilegt í notkun.
Sound+ hljóðkerfi með CRX surround hljómi.

**LOEWE Concept 32” SE**
**Listaverð: ~~239.900.-~~**
**TILBOÐ: 189.900.-**



3ja ára ábyrgð!
LOEWE-ORMSSON

* 3ja ára ábyrgð er á Pioneer og Loewe.



3ja ára ábyrgð!
LOEWE-ORMSSON

## LOEWE.

**LOEWE Individual**
Individual línan frá LOEWE tekur alla tæknilega kosti Xelos tækjanna og sameinar þá einstakri hönnun og nýrri hugsun. LOEWE Individual er hannað til að falla að þínum aðstæðum, þínum vilja og þínum lífsstíl.
Fallegur háglans álrammi og glerhlíf yfir skjá. Fáanlegt í mörgum litasamsetningum, með útskiptanlegum hliðarrömmum. Fjölbreyttir upphengimöguleikar, s.s. gólfstandar, loftfesting, súlufesting og veggfesting.
Einnig til í mjög takmörkuðu upplagi með ekta Swarovski-kristölum í hliðum, innbyggðum hörðum disk til upptöku og rafdrifnum snúningsfæti.

**LOEWE Individual 32”**
**Listaverð: ~~309.900.-~~**
**TILBOÐ: 269.900.-**

## 11 ORMSSON VERSLANIR ALLS

**NÝTT! – 3 nýjar á Austurlandi:**
**VÍK Neskaupstað, Reyðarfirði og Egilsstöðum**

SÍMI 477 1900 SÍMI 474 1477 SÍMI 471 2038

ORMSSON

WWW.ORMSSON.IS

ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI · SÍMI 456 4751 | MODEL-AKRANESI · SÍMI 431 3333 | ÁRVIRKINN-SELFOSSI · SÍMI 480 1160 | ... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT

# Tilgangur jólanna

UMRÆÐAN
Jólaundirbúningur


GUÐJÓN GESTSSON

Hver er tilgangur jólanna? Nú styttist í jólin og fólk fer á stjá, flestir í þeim eina tilgangi að eyða eins miklum peningum í jólagjafir og þeir mögulega geta, gefa allt það stærsta og flottasta sem völ er á. Með hverju árinu sem að líður keppast fyrirtækin við það að bjóða alltaf aðeins meiri, betri og dýrari vöru.

*Hvernig væri nú að vinna aðeins minna og láta það eftir sér frekar að gefa aðeins minni gjafir en eiga þá meiri og dýrmætari stundir í faðmi fjölskyldunnar.*

Markaðurinn er alltaf að reyna að flýta jólunum. Það er stundum eins og hinn raunverulegi tilgangur jólanna sé gleymdur. Þessi hátíð snýst ekki bara um gjafir. Við megum stundum til með að gleyma okkur í allri þessari efnishyggju sem að ríkir svo sterkt í heiminum í dag. En það er einnig til fólk sem að hefur það ekki svo gott, því miður lifum við ekki í þannig þjófélagi. Hér á Íslandi er líka til fólk sem ekki á neina peninga, hvorki fyrir mat hvað þá gjöfum, gleymum því ekki. Hér áður fyrr var gleðin svo ríkjandi hjá börnunum, jólin hafa misst svolítið marks, nú snúast gjafirnar bæði frá jólasveininum og fjölskyldum allt of mikið um það hver gefi dýrustu gjöfina.

En kæri lesandi ef við snúum okkur að hinum raunverulega tilgangi jólanna. Erum við ekki að halda upp á það að sonur Guðs Jesús Kristur kom í heiminn á þessum degi? Þetta er líka tími fyrir fjölskylduna að koma saman og njóta samverunnar. Við þurfum að gefa okkur tíma til þess að sinna henni fjölskyldunni líka, taka sér jólafrí. Það er svo oft sem að við hugsum um að vinna eins og skepnur til þess eins að eiga fyrir Visa-reikningum sem bíður okkar eftir jólin. Hvernig væri nú að vinna aðeins minna og láta það eftir sér frekar að gefa aðeins minni gjafir en eiga þá meiri og dýrmætari stundir í faðmi fjölskyldunnar. Því að þetta eru stundir sem að við fáum ekki aftur, en það er gott að eiga góðar minningar. Þreyta og stress er ekki eitthvað sem að við kjósum að minnast þegar við hugsum um jólin. Gleðileg jól !

*Höfundur er nemandi við Háskólann á Bifröst*




# Samtaka Nú!

UMRÆÐAN
Íslandsmynd


TIM HART

Ég kom hingað fyrst árið 2000 til að taka þátt í gleðinni á gamlárskvöld. Nú, fimmtán flugferðum fram og til baka frá Englandi, er ég mér til allrar hamingju orðinn starfandi íbúi þessa lands.

Ég vona að á komandi ári og þeim sem eftir koma geti ég hjálpað landi og þjóð að átta sig betur á stöðu sinni í þeirri heimsmynd sem við stöndum frammi fyrir.

Það er alls ekki ósk mín að ögra neinum eða æsa nokkurn mann með þeim vangaveltum mínum sem hér fylgja á eftir. Stundum veitir fólki engu að síður af fersku sjónarhorni frá einhverjum sem hefur skoðað samfélagið með glöggum gestsaugum.

Íslenska þjóðin er vel menntuð og er á nokkuð háu plani hvað varðar vitsmunalega umræðu. Almennt sýna íslendingar viðmælendum sínum og skoðunum þeirra virðingu. Ég segi þessi orð vegna þess sem stendur hér að framan og að hér á Íslandi hef ég öðlast vináttu sem ég veit að mun vara alla tíð, eitthvað sem ekki er gefið í þessum heimi á okkar tímum.

Að mínu mati er Ísland besta land í heimi. Hér búa ekki of margir, orkulindirnar eru endurnýjanlegar, nægur aðgangur að hreinu vatni og tæknistigið er hátt, svo ekki sé minnst á frábæra staðsetningu milli Evrópu og Bandaríkjanna o.s.frv.

Hins vegar virðast Íslendingar upp til hópa ótrúlega sáttir við að eiga bara flatskjássjónvarp, jeppa og flottan gemsa. Þá hafa Reykvíkingar valdið ótrúlegri sjónmengun með því að fylla sjóndeildarhing borgarinnar af hryllilega hönnuðum húsum, sem flest standa frekar auð og setja óþarfa þrýsting á fjárhags- og fasteignamarkaði.

Mér finnst það líka liggja beint við að stofna til landshappdrættis fyrir fólk yfir vissum aldri og hafa íbúðirnar í hinni yfirgefnu varnarstöð Nató sem vinninga. Þar eru allar aðstæður fullkomnar til að reka hágæða þjónustukjarna fyrir eldri borgara með öllum helstu nauðsynjum og félagslegum þjónustustoðum, kvikmyndahúsi, verslunum, sjúkrahúsum og fleiru. Væri þar kjörinn möguleiki til að bæta félagslíf eldri borgara en um leið að viðhalda sjálfstæði þeirra.

Það gleður mig lítt að tjá undrun mína á skipulagsbresti á vinnustöðum hérlendis. Mér þykir Íslendingar ekki heldur hafa náð að tileinka sér hagkvæmni í vinnu.

*Að mínu mati hafa Íslendingar að vissu leyti tileinkað sér vissa hjarðmennskuhugsun í stað sjálfstæðis.*

Íslendingar virðast einnig ánægðir með það fyrirkomulag að flytja inn lággæða grænmeti og ávexti. Frekar mætti fjárfesta í aukinni þróun og vexti innan landbúnaðargeirans og auka framleiðslu á vistvænum og óerfðabreyttum matvælum. Slíkar fjárfestingar gætu fært þjóðinni miklar útflutningstekjur og um leið bætt heilsu landsmanna til muna.

Að mínu mati hafa Íslendingar að vissu leyti tileinkað sér vissa hjarðmennskuhugsun í stað sjálfstæðis. Ég sé ekkert frumkvæði eða leiðtogaeiginleika í stjórnmálamönnunum og engan mann eða málstað sem nýtur almenns stuðnings, ef frá talin hin nýlega framkoma Ómars Ragnarssonar. Mér virðist sem Íslendingar vilji af örvæntingu sigla í kjölfar annarra vestrænna þjóða. Þetta er að ganga af annars fallegri og sérstæðri menningu ykkar dauðri og ég tel það mikil mistök.

Ef við tökum nýlegt dæmi, þá vissu allir Íslendingar af Kárahnjúkavirkjun fyrir fimm árum, en fæstir gerðu nokkuð eða sögðu fyrr en það var of seint. Ykkur frumbyggjum þessa lands er nú, meir en nokkru sinni, nauðsynlegt að minnast þess að þið ráðið framtíð þessa lands, ekki hinar ríku fjölskyldur og kaupsýslumenn. Það er fólkið sem hefur úrslitavald. Þið eruð svo farsæl að vera hluti af lítilli þjóð þar sem atkvæði ykkar skipta miklu máli. Það er ekki hægt að segja um mörg önnur lönd í heiminum í dag.

Innflytjendur eru ekki vandamál á Íslandi enn sem komið er. Ég hef hins vegar nokkrar áhyggjur af þeim öra vexti sem sjá má í flæði þeirra hingað til lands. Ég vildi sjá strangari stefnu í innflytjendamálum, jafnvel eitthvað í líkingu við þá sem ríkir í Ástralíu. Ekki eru allir innflytjendur Íslandsvinir, eins og ég kýs að kalla mig. Ég hef hitt einn innflytjanda sem flutti hingað einungis til þess að fá betri eftirlaun. Sjálfur flutti ég hingað vegna kraftsins í náttúrunni og fjöllunum.

Líklega sjáið þið nú að ég hef fjölmargar skoðanir á hinum ólíku hliðum íslensks þjóðlífs og ég vona að ég geti tekið þátt í að vinna landi og þjóð, innfæddum sem innfluttum, gagn. Ég vona að orð mín verði ykkur einhver hvatning til að gera hið sama.

Kannski er ég að setja mig á háan hest, en ég lít á vissan hátt svo á, að hlutverk mitt sé hlutverk sendiboða til ykkar allra.

Ég hef séð Ísland rýrna frá því ég fyrst kom hingað, en ég finn og veit að Ísland getur blómstrað og leitt aðrar þjóðir heims með fordæmi sínu, en um leið varðveitt menningu sína og tryggt áframhaldandi útflutningstekjur. En örlög Íslands eru í ykkar höndum, hvers og eins, ég er aðeins sendiboði.

*Höfundur býr og starfar á Íslandi.*

# Er Kárahnjúkavirkjun arðbær?

UMRÆÐAN
Virkjanaframkvæmdir


STEFÁN JÓNSSON

Kárahnjúkavirkjun. Þetta eina orð er oft á tíðum nóg eitt og sér til að koma af stað heitum umræðum. Þetta eina orð skipti á tímabili þjóðinni í þrjá flokka, þeir sem voru með virkjun, þeir sem voru á móti og þeim sem var eiginlega alveg sama. Það er samt eitt sem alltaf hefur verið svolítið í lausu lofti, er Kárahnjúkavirkjun arðbær?

Í raun og veru er bara eitt fyrirtæki sem getur svarað þessari spurningu og það fyrirtæki er Landsvirkjun.

**Er Landsvirkjun búin að semja af sér?**

Umhverfismat Kárahnjúkavirkjunar var tekið fyrir hjá Skipulagsstofnun árið 2001. Í niðurstöðum stofnunarinnar kom fram að hún lagðist gegn framkvæmdum. Ein af mörgum ástæðunum fyrir því var að gögn vantaði um væntanlegt söluverð á kílówattstund frá virkjununni og þar af leiðandi ekki hægt að segja með neinni vissu um að virkjuninn væri arðbær. Einu upplýsingarnar um að virkjuninn væri arðbær fólust í því að Landsvirkjun taldi svo vera.

Í athugasemd Ólafs F. Magnússonar í skýrslu Skipulagsstofnunar kemur fram að ýmislegt bendi jafnvel til þess að tap yrði á virkjuninni. Uppgefinn kostnaður virkjunarinnar er 90-100 milljarðar. Samkvæmt Ólafi þyrftu tekjur orkusölunnar að vera 8-9% af þeirri upphæð eða á bilinu 7,2-9 milljarðar og eru þá ekki teknar inn neinar bætur vegna þeirra umhverfisspjalla sem virkjunin veldur. Þetta þýðir að miðað við 4800 gígawattstundar orkusölu virkjunarinnar á ári þyrfti Landsvirkjun að selja raforkuna 50-90% hærra en hún hefur verið að selja raforku til stóriðju á undanförnum árum. Það gæti reynst verulega erfitt í harðri samkeppni við þriðja heims ríki sem bráðvantar erlent fjármagn og gera litlar kröfur um umhverfisvernd.

**Verður Kárahnjúkavirkjun olnbogabarn þjóðarinnar?**

Skipulagsstofnun gerði einnig athugasemd við verðbólguspá þá sem gefin var upp í skýrslu Þjóðhagsstofnunnar, en hún var 1,5-2%, og töldu hana vera byggða á röngum forsendum. Hún var byggð á því að farið væri í þessa framkvæmd þegar kólnað hefði í hagkerfinu og dregið hefði úr þennslu, orðrétt segir: „fyrirsjáanlegt er að ef þennsla er til staðar við upphaf framkvæmda verði að „kæla“ hagkerfið niður áður en hafist verður handa“.

*Af hverju getur Landsvirkjun ekki tekið af allan vafa um arðsemi virkjunarinnar og birt söluverð raforkunnar?*

Árið 2001 var þensla ennþá í gangi og taldi Skipulagsstofnun að verðbólgan myndi fara töluvert upp fyrir gefnar tölur og að gengið myndi styrkjast verulega við þetta mikið magn af erlendu lánsfé. Í sérfræðiáliti frá HHÍ (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands) kom einnig fram að Seðlabankinn myndi sjálfsagt þurfa að beita ýmsum verkfærum til að hemja verðbólguna og hækka stýrivexti og þar með herða að ýmsum öðrum atvinnugreinum í landinu. Einnig myndi hátt gengi koma niður á útflutningsgreinum og gæti það jafnvel farið svo að verkefnið myndi að verulegu leyti koma í staðinn fyrir önnur störf en ekki verða sú viðbót sem vænst var.

Sif Friðleifsdóttir umhverfisráðherra felldi úrskurð Skipulagsstofnunar úr gildi árið 2001 og fallist var á framkvæmdir. Síðar hefur komið í ljós að verðbólguspá Skipulagsstofnunar sem og spá um hátt gengi krónunnar voru á rökum reistar.

**Af hverju þessi leynd?**

Af hverju er allt þetta pukur búið að vera í kringum þessa framkvæmd? Af hverju getur Landsvirkjun ekki tekið af allan vafa um arðsemi virkjunarinnar og birt söluverð raforkunnar? Gæti það virkilega verið að Kárahnjúkavirkjun skili ekki arði og við skattborgararnir þurfum með einum eða öðrum hætti að borga brúsann á endanum. Sá sem þetta ritar vonar innilega ekki og þykir miður að þessari stóru spurningu sé svona erfitt að svara: Verður stærsta framkvæmd Íslandssögunnar arðbær? – Við verðum bara að bíða og sjá?

*Höfundur er nemi við Háskólann á Bifröst.*



## SYNGUR INN JÓLIN

Ó helga nótt með Jussi Björling kemur Eggerti feldskera Jóhannssyni í jólaskap

JÓLIN KOMA 12



## JÓLAVERÐURINN Á VOX

Hallgrímur Friðrik Sigurðarson töfrar fram aðalrétt og eftirrétt sem hann segir að allir geti útbúið

MATUR 2



## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ JÓLIN KOMA ]

**Dýraríkið** er með sérstök jólapakkatilboð og hægt er að fá fiskabúr, hamstrabúr og fuglabúr með öllu tilheyrandi með þrjátíu prósenta afslætti út desember.

**10%** sýrður rjómi frá MS fæst nú í sprautuflöskum.

**Laufabrauð** frá Kristjáns bakaríi er hægt að fá bæði steikt og ósteikt.

**Húsasmiðjan** er með þrjátíu prósenta afslátt af öllum jólaljósum.

**Jólabomba** stendur yfir í Prolux sjónvörpum við Höfðabakka og er hægt að fá fjölda LCD skjáa á mikið lækkuðu verði.

**Niðurskorið** íslenskt rauðkál er komið á markað. Rauðkálinu er pakkað í 350 g poka. Framan á pokanum er líka uppskrift að soðnu hátíðarrauðkáli. Niðurskorna rauðkálið hentar ekki bara til niðursuðu það er líka mjög gott ferskt í alls kyns salöt og sem meðlæti með mat.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 15. desember, 349. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.15 | 13.23 | 15.30 |
| Akureyri | 11.30 | 13.07 | 14.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Glaðir gestir á góðri stund. Frá vinstri Ásthildur Helgadóttir, verkfræðingur og fótboltakona, Guðmundur Steingrímsson, stjórnmála- og tónlistarmaður, Margrét Kristín Blöndal, bókavörður og söngkona, Guðmundur Pálsson og Bragi Valdimar Skúlason baggalútar, Björgvin Halldórsson, þulur og stórsöngvari, og baggalútarnir Karl Sigurðsson og Guðmundur Kristinn Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kósíheit par exellance

***Aðventan er einstaklega vel til þess fallin að eiga góða stund með glöðum gestum.***

Meðlimir hamingjusveitarinnar Baggalúts héldu aðventuboð á dögunum. Boðið, sem var haldið í innri stofu veitingastaðarins Við Tjörnina, fór fram í hádeginu og buðu drengirnir upp á léttar kræsingar frá Jómfrúnni í Lækjargötu, loftkökur, mandarínur og konfekt. Veitingunum var svo rennt niður með margs konar jóladrykkjum, til dæmis malti og appelsíni, púrtvíni og bjór.

Til að skapa sem besta stemningu leituðust þeir kappar við að velja fáa gesti, en úr ólíkum áttum, enda er það líkt með gesti í matarboði og hráefni í góðum rétti – allt þarf að velja saman af kostgæfni svo að útkoman verði sem best. Gestirnir voru Magga Stína, Guðmundur Steingrímsson, Ásthildur Helgadóttir og aldursforsetinn síungi Björgvin Halldórsson, sem mætti fyrstur til leiks. Karlpeningurinn ræddi þjóðmálin meðan þeir biðu eftir dömunum og þá voru það helst innflytjendamál sem voru mönnum ofarlega í huga. Fljótlega fundu þeir út að skoðanir flestra voru á sömu blaðsíðu og þar með var grunnur lagður að góðu boði, en að sögn Karls Sigurðssonar er fátt betur til þess fallið að mynda stemningu í jólaboði en umræður af þessu tagi. Þegar dömurnar mættu svo náði stemningin hámarki sínu og mikil kæti ríkti meðal gestanna. Boðið stóð yfir í rúma klukkustund og undu allir glaðir við sitt, enda fátt skemmtilegra en að eiga góða stund með glöðu fólki í miðju jólaannríki.

Myndir úr boðinu má skoða á síðu 4.

*mhg@frettabladid.is*

## Kaffi í stað jólakorta

INNNES EHF. OG SELECTA GEFA HJÁLPARSTARFI KIRKJUNNAR OG MÆÐRASTYRKSNEFND GEVALIA-KAFFI.

Í stað þess að senda út jólakort og jólagjafir til viðskiptavina sinna var ákveðið hjá Innnesi ehf. og dótturfyrirtæki þess, Selecta, að gefa Hjálparstarfi kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur 2.000 Gevalia-kaffipakka til að deila út til skjólstæðinga sinna fyrir jólin. Er það ósk þeirra að þessi gjöf megi koma sér vel fyrir þá aðila sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Kaffi er mörgum ómissandi þáttur og verður kaffið í hverjum pakka sem afhentur verður úthlutunardagana 18.-21. desember í Sætúni 8 hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd.



Ragnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, og Páll Hilmarson, framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá Innnesi ehf.






**Pítsa** er vænlegur kvöldmatur í jólaamstrinu. Bara eitt símtal og kvöldmaturinn bankar svo sjálfur upp á.

Hrein lífræn jógúrt!



Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.

Bio•Bú

Kýrin Kinna er eingöngu fóðruð á grasi

Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

# Jólaverðurinn á VOX

***Hallgrímur Friðrik Sigurðarson, Chef sous á Vox, töfraði fram á svipstundu aðalrétt og eftirrétt sem hann segir að allir geti eldað, með tilheyrandi meðlæti og sérstakri áherslu á sósuna. Hægt er að skipta á hreindýrinu og gæs, villibráð eða öðru kjötmeti.***





Hallgrímur Sigurðsson, Chef sous á Vox, með einföldu en ómótstæðilegu súkkulaðikökuna.

**UPPSKRIFTIRNAR ERU FYRIR FJÓRA.**

## Grillað hreindýr með sykruðum eplum, steinseljurótarmús og gljáðum skallottulauk

**AÐALRÉTTUR**
800 g hreindýr
3 greinar garðablóðberg
smjörklípa
salt og pipar
Meðlæti
1 grænt epli
1 dl sykur
smjörklípa
Steinseljurótarmús
250 g steinseljurót
4 dl rjómi
sítrónusafi
smjörklípa
salt og pipar

**SÓSA**
Allur kjötafskurður og bein
1 stk. gulrót
½ sellerírót
4 skallottulaukar
3 dl portvín
2 dl rauðvín
1 stjörnuanís
2 einiber
½ kanilstöng
5 svört piparkorn
3 greinar garðablóðberg
2 greinar rósamarin
1 lárviðarlauf
½ vanillustöng
3 msk. smjör
salt og pipar
örlítið sherry-edik eða balsamic-edik

Ef bein og afskurður eru til staðar er frábært að æfa sósugerðina, rista grænmeti, bein, afskurð af steikinni, sjóða niður í rauðvíni, portvíni og kryddum og bæta við örlitlu vatni. Sjóða allt niður um helming, sigta, smakka til með ediki, smjöri, salti og pipar og þykkja ef óskað er.

Á meðan sósan lagar sig nánast sjálf er tími til að skræla og síðan sjóða steinseljurótina í rjóma þar til hún er meyr. Mauka svo í matvinnsluvél, smakka til með sítrónusafa, smjöri, salti og pipar.

Afhýðið skallottulaukinn, skerið í tvennt og steikið á pönnu upp úr olíu, setjið svo örlítið smjör á pönnuna í lokin og smakkið til með salti, pipar og örlitlum sítrónusafa. Búið til karamellu úr sykrinum, afhýðið eplið, kjarnhreinsið og eldið í karamellunni þar til það er meyrt.

Hreindýrið getið þið grillað úti ef það er ekki farið að snjóa á svölunum, nú eða steikt það á pönnu. Setjið smjörklípu og garðablóðbergsgreinar (timian) á pönnuna, brúnið kjötið í heilu lagi og fáið góða steikarhúð áður en hreyft er við kjötinu á pönnunni. Stærð vöðvans ræður því hvort klára þurfi eldunina í ofninum eða hvort pannan dugar. Látið kjötið hvíla vel áður en skorið er á diskana svo það missi ekki kjötsafa og bragð.

## Einfalda súkkulaðikakan

250 g smjör, mjúkt
1,5 dl rjómi
250 g dökkt súkkulaði
100 g sykur
8 egg

Hitið ofninn í 180°C. Bræðið súkkulaði yfir vatnsbaði, bætið í mjúku smjöri og rjóma. Pískið eggin og sykurinn saman og bætið við súkkulaðiblönduna, hellið í 4 smurða espressobolla og bakið í um 10 mínútur. Kælið á bökunargrind.

**MANDARÍNUKRAP**
10 mandarínur
10 msk. gott hunang (Acacia)
1 kanilstöng
1 negulnagli
1 stjörnuanís

Kreistið safann úr mandarínunum og sjóðið upp á vökvanum ásamt hunangi og kryddum, smakkið til og sigtið, frystið. Þegar er borið fram er gott að skrapa krapið saman með gaffli.

**BERJASÓSA**
Veljið 1-2 box (um 200 g) af uppáhaldsberjunum ykkar og hendið helmingnum af þeim í pott og mauksjóðið. (Hinn helmingurinn er borinn fram ferskur á diskinn). Sigtið vel eftir að berin eru mauksoðin og stillið af bragð og þykkt með hunangi og örlitlu vatni. Passið að sjóða ekki mjög skarpt, því þá gætu berin brunnið í botninn. Passið að hræra reglulega í pottinum. Hér er líka upplagt að leika sér með uppáhaldskryddin sín. Timian, kanill, anís, koníak, romm eða annað sem leynist í hillum heimilisins til að lauma í pottinn á meðan berin sjóða.

Berið síðan öll herlegheitin fram með ferskum blönduðum berjum, ferskri myntu, og kannski þeyttum rjóma fyrir hörðustu sælkerana.






Kryddin frá Pottagöldrum eru ómissandi í matreiðsluna

WMF Steikarskúffa
Tilboðsverð: 5.990 kr



Villeroy & Boch
Kringlunni / Sími: 5331919

allt tíska
Alla fimmtudaga

# Fagmenn í fóðurleit

**ÚT AÐ BORÐA MEÐ LIONEL**



## *Te&kaffi*

LAUGAVEGUR 27

Kennararnir Þorbjörn Sigurbjörnsson og Sigurður Eggertsson hafa það að heilögu markmiði að vega og meta alla veitingastaði Laugavegarins.

**BORÐAÐ:** For: Paprikusúpa með brauði. Aðall: „Foccacia" brauðhlemmur með kjúklingi, baconi, mozzarella-osti og sólþurrkuðum tómötum og ferskt salat. Aftan: Frönsk súkkulaðikaka með rjóma og te & kaffi. Reynt var að panta ferskt ávaxtasalat með léttri vanillusósu og gulrótarköku með rjóma sem aldrei bregst en matseðillinn miðlaði villandi upplýsingum því hvorugt var á boðstólum.

**GÆÐI FÆÐIS:** Einkennileg en góð súpa, fór samt lítið fyrir paprikum og paprikubragði. Brauðhlemmurinn var hvort tveggja seðjandi og þokkafullur í senn. Hann uppfyllti allar skyldur brauðhlemms. Teið bragðaðist eins og sviti af sætri stelpu. Þeir þekkja sem reynt hafa. Verð: Fimmtán hundruð kall. Frekar í dýrari kantinum.

**ÞJÓNUSTA:** Afar góð og geðsleg þjónusta. Boðið var upp á smökkun áður en pantað var (öryggisatriði).

**STEMNING:** Inni á þessum munúðarfulla stað ríkir eitursvöl kaffistemning. Hér hittist gáfað fólk með gleraugu. Rólegir og þægilegir tónar framkalla frið. Því til staðfestingar urðum við ekki varir við nein slagsmál sem heyrir til tíðinda í miðbæ Reykjavíkur.

**DOLLAN:** Virkilega fágað salerni. Allt var til alls og snyrtimennska í fyrirrúmi. Á þessari dollu vildi ég sitja alla mína daga.

**ANNAÐ:** Í miðri máltíð fylltist staðurinn af reyk. Enn er óupplýst hvort þar hafi verið á ferðinni hluti af skemmtidagskrá eða helber ólukka.

**KENNARAEINKUNN: UPP Á MARGA FISKA. 27 FISKAR AF 37**







KORTER.IS

# Gefðu mér smakk, mig langar svo í

***Í aðventuboði Baggalúts mættust góðir gestir og gerðu sér glaðan dag.***

Fátt er betur til þess fallið að lýsa upp skammdegið en gleði og kátína með góðum gestum. Þetta vita bræðurnir í Baggalúti og því ákváðu þeir að smala saman nokkrum vel völdum einstaklingum til þess að fagna komandi hátíð og eiga með sér góða stund í hádegisverðarboði. Gómsætt smurbrauð frá Jómfrúnni, konfekt og loftkökur voru meðal þess sem drengirnir buðu upp á og gengu menn frá boðinu glaðir, saddir og sælir.

*mhg@frettabladid.is*



Okkar ástsæli Björgvin Halldórsson mætti stundvíslega í boðið.



Snemma í boðinu bar ýmis mál á góma. Meðal annars voru innflytjendamálin skeggrædd og komust menn að því að þar voru allir sömu skoðunar. Hér má sjá Guðmund Pálsson og Björgvin Halldórsson í heitum samræðum.



Magga Stína og Björgvin heilsast hér innilega, en eins og kvenna er siður létu þær Ásthildur og Magga Stína mennina bíða svolítið eftir sér.





Björgvin er gæddur hæfileikum á ýmsum sviðum líkt og aðrir gestir í boðinu. Hann „imponeraði“ mannskapinn með stórfenglegum töktum við uppvörtun.



Magga Stína er alltaf ánægð með lífið. Hér tekur hún hissa og glöð á móti árituðum jóladisk Baggalúts. Guðmundur Pálsson fylgist með viðbrögðum hennar, fullur eftirvæntingar.









Karl Sigurðsson horfir hér með andakt á mynd af Vígdísi forseta sem er þeim félögum afar kær. Drengirnir hefðu gjarnan viljað fá Vigdísi í boðið en eins og fyrrum forseta er siður töldu þeir líklegt að hún hefði verið einhvers staðar erlendis að sinna erindum.



Guðmundur Kristinn Jónsson, ólmur í smurbrauðið frá Jómfrúnni.



Gómsætar snittur frá Jómfrúnni og Jól og blíða Baggalúts gerðu boðið ógleymanlegt.



Loftkökur eru bráðnauðsynlegar í öllum jólaboðum. Björgvin situr makindalega á meltunni á meðan Guðmundur Kristinn Jónsson, Kiddi, ræðir málin við gestina.



Allar góðar veislur hafa sama endi - uppvaskið. Það þarf samt alls ekki að vera leiðinlegt eins og sjá má á þessari mynd. Tökum okkur Baggalútana til fyrirmyndar næst þegar ráðist verður í þetta verk.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Innri stofan á veitingastaðnum Við Tjörnina er einstaklega huggulegur staður sem minnir fólk á uppruna sinn, enda gæti þetta verið stofan heima hjá ömmu. Um loftið liðuðust tónar Hauks heitins Morthens, en allt tónlistarfólkið í boðinu var sammála um að tónlist Hauks væri sú jólalegasta sem til er á landinu.















Risa-hörpuskel með rjómasósu.

# Uppskriftin að sósunni er atvinnuleyndarmál

***Kringlukráin er vinsæll viðkomustaður viðskiptavina Kringlunnar og um þetta leyti árs koma þar um 200 matargestir á dag. Kokkurinn Sigríður Vilhjálmsdóttir gaf sér þó tíma til að búa til þrjá rétti fyrir Fréttablaðið þegar þess var farið á leit.***

Sigríður leggur áherslu á að gefa uppskriftir sem fólk getur auðveldlega tileinkað sér. Að salatpitsu sem notið hefur mikilla vinsælda á staðnum, risahörpuskel sem er fljótlegur og ljúffengur forréttur og heimagerðan ís sem eftirrétt. Hún ákvað að gefa upp aðferðir við réttina en hlutföll hráefna segir hún verða að fara eftir tilfinningu hvers og eins. Því eru magntölur ekki með, nema í ísuppskriftinni. Pitsudeig og pitsusósu gefur hún ekki upp því það segir hún vera atvinnuleyndarmál. Annars miklar hún ekki fyrir sér hlutina og þegar hún lýsir gerð réttanna gegnum símann endar hún á setningum eins og „meira var það nú ekki“ og „þetta er nú ekki flóknara!“



## Salatpitsa

Pitsubotn. Fólk getur keypt sér botn eða deig úti í búð eða notað eigin uppskrift af degi.
Pitsusósa úr búð
Rifinn ostur
Klettasalatblanda í pakka
Fetaostur
Kryddolía af fetaostinum
Rauð paprika
Parmesanostur
Balsamik-vinegrett eða -krem

„Ég hef það þannig að ég flet út botninn og set hann á heita bökunarplötu sem ég sting aðeins inn í ofninn til að gera hann meðfærilegri.

Þegar komin er smá húð á hann er hann tekinn úr ofninum, pitsusósan sett á, rifinn ostur og síðan er pitsan fullbökuð.

Svo er sett klettasalatblanda sem fæst í pökkum og stráð vel yfir, smávegis af fetaosti dreift yfir og dassað yfir með kryddolíunni sem fetaosturinn liggur í í krukkunni. Rauð paprika er líka sett ofan á, parmesanostur og svo er balsamik-vinegrett eða balsamik-krem sem er aðeins þykkra. Svo er pitsan ekkert bökuð meira heldur er þetta bara fersk grænmetispitsa. Það var nú ekki flóknara en þetta.“

## Risahörpuskel með rjómasósu og klettasalatsolíu

Risahörpudiskur, þrír á mann
Salt og pipar
Hvítlauksolía
Hvítvín
Rjómi

„Pannan er hituð vel með olíunni á. Hörpuskelin er snöggsteikt og krydduð með salti og pipar. Henni er snúið við til að fá svolítið stökka húð báðum megin. Svo er hitinn lækkaður og smá hvítvíni slett yfir, hvítlauksolíu og rjóma. Maður á aldrei að sjóða fiskinn alveg í gegn en þó verður að sjóða sósuna aðeins niður, þannig að hún verði svolítið þykk. Þetta er spurning um að standa yfir pönnunni, sósan þykknar á meðan þú horfir á hana. Þetta eru bara nokkrar mínútur. Ég hef borið þetta fram á klettasalatsbeði. Raða upp hörpunni og svo fer rjómasósan af pönnunni yfir. Það er bara smekksatriði hvað fólk notar af hvítvíni, hvítlauksolíu og rjóma en við höfum ekkert verið að spara það hér.“

**KLETTASALATSOLÍA TIL SKREYTINGAR**
Klettasalat
Olía
Sett í mixer og síðan notað til skreytinga.

„Meira er það nú ekki,“ segir Sigríður.

## Hindberjaís með súkkulaði

3 egg
1 pakki hindber frosin
100 g sykur
1 msk. vanillusykur
4 dl rjómi
1 pakki súkkulaðispænir eða kurl



„Eggjarauður og sykur er þeytt vel saman. Berin eru mixuð saman í blandara ásamt matskeið af vanillusykri. Svo blandar maður helmingnum af berjamulningnum við eggjahræruna.

Rjóminn er þeyttur og hvíturnar stífþeyttar hvort í sínu lagi og hvort tveggja er hrært mjög varlega saman við eggjahræruna.

Síðan eru súkkulaðikurlið eða spænirnir sett út í kremið.

Þegar þetta er sett í form er það gert þannig að fyrst er helmingurinn af eggja- og rjómahrærunni settur síðan það sem eftir var af hindberjablöndunni og síðan restin af hrærunni. Þá kemur sterkt hindberjabragð inn í miðjuna. Svo fer formið inn í frysti. Auðveldara gat það ekki verið!

Hægt er að búa til til hindberjamauk til að bera með ísnum. Þá kaupir maður annan pakka af frosnum hindberjum og setur í mixarann og hefur sem sósu með. En ísinn er mjög ferskur og fínn eins og hann er.“


Ólífupaté gefur nýstárlegt bragð á jólahlaðborðið.

# Ólífur á brauðið

***Ólífuvinnsla og útflutningur eru aðal atvinnugreinin á grísku eyjunni Lesbos. Þar eru margar milljónir ólífutrjáa og allir íbúarnir eiga tré.***

Það er enginn maður með mönnum nema eiga ólífutré á eyjunni. Þar ganga heilu garðarnir í arf og það þykir góð gjöf að fá tré í fæðingar, fermingar, eða brúðkaupsgjöf.

Öll fjölskyldan hjálpast að þegar ólífuvertíðin fer í gang sem minnir örlítið á íslenskar réttir sökum asa og gleði. Undir trén eru lagðir netdúkar sem ólífurnar hrynja á og síðan er tínt og tínt og uppskerunni komið í pressun. Ólífuolían sem búin er til á eyjunni er ein sú besta í heimi. Ólífur eru borðaðar nánast með öllu og það er frábært að búa til paté úr ferskum ólífum, sem nota má á brauð.

## *Ólífupaté frá Lesbos*

1 hvítlauksgeiri
125 svartar ólífur (steinlausar)
15 g furuhnetur
1 msk. kapers
1 msk. sítrónusafi
1 msk. rósmarín
2 msk. ólífuolía, fersk kaldpressuð extra virgin úr glerflösku
Salt og pipar
Allt sett saman í matvinnsluvél og maukað.
Borið fram með brauði.



# Eplasalat

***Uppskrift frá matreiðslumanninum Óla Páli Einarssyni.***

Fyrst er búinn til lögur úr eftirtöldu:
250 ml rauðvín
50 ml grenadine (rautt síróp)
1 stjörnuanís
1 steytt kardimomma

7-8 konfektepli (þessi litlu, rauðu – má líka nota græn)
150 g sellerí
nokkrir valhnetukjarnar
250 g majones (létt)
1 msk. sítrónusafi (ferskur)
2 msk. flórsykur
sletta af Grand Marnier líkjör
1,5 dl léttþeyttur rjómi

Eplin eru skorin í teninga og létt soðin í tvær mínútur í rauðvíns-sírópsleginum. Eplin sigtuð frá og kæld en vökvinn geymdur. Selleríið er skorið í teninga, soðið snöggt og kælt snöggt líka. Hnetukjarnar muldir. Majones, sítrónusafi og flórsykur er hrært saman. Smakkað til með smáslettu af Grand Marnier. Síðan er eplum, sellerii og hnetukjörnunum blandað í. Rétt áður en salatið er borið fram er léttþeyttur rjómi hrærður saman við og síðan er það skreytt með valhnetum og sellerílaufi.

# Grænmeti frá Asíu

***Sælkerabúð Nings við Suðurlandsbraut selur ferskt grænmeti sem hún flytur inn beint frá Asíu í viku hverri.***

Í sælkerabúðinni Nings-vöruhúsi að Suðurlandsbraut 6 má finna allt til asískrar matargerðar. Þar fást vörur sem ekki er hægt að kaupa annars staðar á Íslandi og má þar meðal annars nefna ferskt asískt grænmeti sem kemur til landsins vikulega með flugi. Á Nings veitingahúsunum við Suðurlandsbraut og Hlíðasmára í Kópavogi er sérstakur heilsuréttamatseðill með fjölbreyttum réttum sem innihalda sérvalið hráefni, litla fitu, ekkert salt og ekkert MSG enda er það efni hreinlega bannað í eldhúsum Nings veitingastaðanna. Í Nings eru matreiddir tilbúnir asískir réttir.


Nings flytur inn ferskt asískt grænmeti vikulega.


## Jóla matseðill

| *Forréttir* | *Einrétta* | *þrírétta* |
|---|---|---|
| **Kremuð kúrbítssúp** med camenbert | 1.090,- | |
| eða | | |
| **Grafinn lax með tartarasósu** og frisée salati | 1.090,- | |
| *Aðalréttir* | | |
| **Ofnbakaður saltfiskur** með möndlu/ parmesano hjúp gratín á " rataouille" beði | 3.390,- | 4.390,- |
| eða | | |
| **Andabringu "magret"** með hunangssósu, mangósýrópi og léttsteiktu skógargrænmeti | 3.390,- | 4.390,- |
| *Desert* | | |
| **Blaut frönsk súkkulaðikaka** með mandarínuís og appelsínusósu | 990,- | |

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29
Borðapantanir í síma 562 1988





# Skötuveislan

er byrjuð hjá okkur. Komdu og skoðaðu fiskborðið okkar fullt af ilmandi tindabykkju og skötubörðum, hnoðmör, hamsatólg og þrumara með.

Fiskisaga
*Ævintýralegar fiskbúðir*

*Hamraborg 14a • Skipholti 70 • Höfðabakka 1 • Vegamótum (Nesvegi 100) Sundlaugavegi 12 • Háaleitisbraut 58-60*

**45%** Hagkaup selja After Eight myntusúkkulaði á 45% lægra verði nú en endranær. 400 g pakki kostar nú 349 í stað 629. Það er mesti afslátturinn þessa helgina.















**BÓNUS** — Tilboðin gilda til 17. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einінga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa grillaður kjúklingur | 479 | 719 | 479 | 35 |
| Bónus ferskar kjúklingabringur | 1.398 | 1.798 | 1.398 | 20 |
| Bónus ferkir kjúklingaleggir | 349 | 449 | 349 | 20 |
| Bónus fersk kjúklingalæri | 349 | 449 | 349 | 20 |
| Ferskt ungnautahakk | 979 | 1.259 | 979 | 20 |
| Ali hamborgarhryggur m beini | 1.189 | 1.528 | 1.189 | 20 |
| Ali hamborgarhryggur úrbeinaður | 1.539 | 1.979 | 1.539 | 20 |
| Frón piparkökudeig 300 g | 159 | Nýtt | 530 | |
| Bónus ís m. sósufyllingu 1 l | 259 | Nýtt | 259 | |
| Bónsu ferskur trönuberjasafi 1 l | 198 | 259 | 198 | 25 |

**FJARÐARKAUP** ekki bara verð! — Tilboðin gilda til 17. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einінga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| FK jurtakryddað lambalæri | 1.298 | 1.855 | 1.298 | 30 |
| Fjallalambs úrb. hangilæri | 1.273 | 1.698 | 1.273 | 25 |
| Ali pork roast steik | 1.123 | 1.498 | 1.123 | 25 |
| Hamborgarar 4x80g m/brauði | 398 | 498 | 100 | 20 |
| SS hátíðarlæri | 1.998 | nýtt | 1.998 | |
| Grillaður kjúklingur | 598 | 798 | 598 | 25 |
| Mjúkís frá Kjörís | 489 | 748 | 245 | 35 |
| Wagner stoneowen pitsur 350 g | 298 | 428 | 298 | 30 |
| Mackintosh 1.643 kg +After Eight 200 g | 1.989 | 2.587 | 1.989 | |
| Coca Cola 4x2 l +DVD kaupauki | 780 | nýtt | 780 | |

**HAGKAUP** Skemmtilegast að versla — Tilboðin gilda til 17. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einінga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínahnakki úrbeinaður úr kjötborði | 998 | 1.579 | 998 | 35 |
| Svínalundir fylltar, úr kjötborði | 1.998 | 2.649 | 1.998 | 25 |
| Nautalundir frosnar | 2.799 | 3.999 | 2.799 | 30 |
| Danskur hamborgarhryggur | 1.598 | 1.998 | 1.598 | 20 |
| After Eight mintsúkkulaði 400 g | 349 | 629 | 872 | 45 |
| Mackintosh dós 3 kg | 2.599 | 3.899 | 866 | 35 |
| Kjörís Mjúkís bananasplitt 1 l | 319 | 499 | 319 | 35 |
| Kjörís Mjúkís með súkkulaði 1 l | 319 | 499 | 319 | 35 |
| Kjörís Mjúkís með pekanhn/karam. 1 l | 319 | 499 | 319 | 35 |
| Kjörís Mjúkís vanilla 1 l | 319 | 499 | 319 | 35 |

**KRÓNAN** — Tilboðin gilda til 17. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einінga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa kjúklingabringur magnpk. | 1.875 | 2.679 | 1.875 | 30 |
| Gríms gratineruð ýsa m/brokkolí 400 g | 299 | 396 | 748 | 25 |
| Gríms plokkfiskur 400 g | 299 | 399 | 748 | 25 |
| Móðir náttúra brokkolíbuff 320 g | 457 | 609 | 1.428 | 25 |
| Móðir náttúra sólskinssósa 220 ml | 239 | 319 | 1.086 | 25 |
| Bk Jólagrísasteik | 1.256 | 1.794 | 1.256 | 30 |
| Hóla hamborgarhryggur m/beini | 1.189 | 1.698 | 1.189 | 30 |
| Hóla hangiframpartur úrbeinaður | 1.398 | 1.748 | 1.398 | 20 |
| Hóla Bayoneskinka | 1.189 | 1.698 | 1.189 | 30 |
| Freschetta pítsur XL 3 teg. 500 g | 389 | 449 | 389 | 15 |

**NÓATÚN** — Tilboin gilda til 17. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einінga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalundir | 2.998 | 3.898 | 2.998 | 25 |
| Grísalundir m/sælkerafyllingu | 2.498 | 2.798 | 2.498 | 10 |
| Grísalundir | 1.798 | 2.598 | 1.798 | 30 |
| Eðalf. reyktur lax, heil flök | 1.499 | 2.499 | 1.499 | 40 |
| Eðalf. graflax, heil flök | 1.514 | 2.524 | 1.514 | 40 |
| ÍF Fasana Patè krukka 200 g | 898 | 998 | 4.490 | 10 |
| ÍF hreindýrapatè krukka 200 g | 898 | 998 | 4.490 | 10 |
| Ora jóla/árgangssíld 630 g | 499 | 599 | 792 | 15 |
| 1944 hangikjöt í uppstúf 450 g | 655 | 728 | 655 | 10 |
| 1944 fiskibollur m/kartöflum | 448 | 498 | 448 | 10 |

**Þín verslun** — Tilboðin gilda til 20. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einінga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| 1/1 ferskur kjúklingur | 468 | 669 | 468 | 30 |
| Úrb. bringur án skinns | 1.686 | 2.409 | 1.686 | 30 |
| Kjúklingalæri/leggir magnbakki | 484 | 692 | 484 | 30 |
| Borgarnes hangiálegg 150 g | 429 | 540 | 429 | 20 |
| Hangiframpartur úrb.pk | 1.489 | 1.867 | 1.489 | 20 |
| Maarud 350 g | 349 | 479 | 997 | 25 |
| Oetker búðingur vanillu 3*72 g | 199 | 286 | 921 | 30 |
| Oetker búðingur möndlu 3*78 g | 199 | 286 | 551 | 30 |
| Otker búðingur súkkul 2*100 g | 199 | 286 | 995 | 30 |
| Bonduelle grænar baunir 400 g | 79 | 99 | 198 | 20 |
| Bonduelle gulrætur smáar 400 g | 79 | 99 | 198 | 20 |
| Bonduelle gulr.& grænar baunir 400 g | 89 | 115 | 223 | 25 |
| Bonduelle maískorn 400 g | 89 | 139 | 223 | 35 |

# Fermingargræjurnar bestar

***Þegar Helgi Rafn Ingvarsson tónlistarmaður er spurður út í bestu og verstu kaup sem hann hefur gert í gegnum tíðina kemur ekki á óvart að þau skuli tengjast tónlist.***

„Bestu kaupin sem ég hef gert eru Aiwa-tónlistargræjurnar mínar sem ég fékk í fermingargjöf. Þó ég hafi ekki keypt þær sjálfur verð ég að titla þær bestu kaupin,“ segir Helgi Rafn og bætir við að græjurnar hafi enst einstaklega vel í þau sjö ár sem hann hefur átt þær. „Ég þyrfti samt að fara að kaupa mér nýjar græjur fljótlega.“

Helgi innréttaði fyrir nokkru tónlistarstúdíó í bílskúrnum hjá sér og þegar hann var að koma sér fyrir í bílskúrnum gerði hann kaup sem hann sér nokkuð eftir. „Þegar ég var að græja mig í bílskúrnum keypti ég mér fjögurra eða sex rása „Multigate Rack Gizmo“. Ég hef aldrei notað hann og ef einhver vill kaupa hann má sá alveg hafa samband við mig,“ segir Helgi hress og vonar að einhver bjóði sig fram.

Helgi er nýbúinn að gefa út sína fyrstu sólóplötu sem heitir „Personal Belongings“ og er samin af Helga, Karli O. Olgeirssyni og Pétri Ben. „Platan var sirka eitt og hálft ár í smíðum. Það er að segja hugmyndavinna, lagasmíðar og upptökur. Það var ákveðið strax að gera plötu sem við myndum allir vera sáttir við, það er að segja ég og Karl og Samúel hjá Frost Music. Ef okkur hefði fundist eitthvað vanta hefðum við bara frestað henni þangað til við værum komnir með það sem við værum að leita að,“ segir Helgi hæstánægður með frumraun sína. „Takmark mitt



Tónlistarmaðurinn Helgi Rafn Ingvarsson er hæstánægður með Aiwa-fermingargræjurnar sínar.

með þessu öllu saman var að standa uppi með plötu og geta sagt stoltur, Þetta er platan mín. Því takmarki er náð,“ segir Helgi sem er byrjaður að semja fyrir næstu plötu sem hann vonast til að verði enn betri en sú fyrsta.

*olihjortur@frettabladid.is*

# Léttir en traustir

***Millistífir gönguskór úr leðri eru á 15% afslætti í Everest í Skeifunni 6.***

„Þetta eru vinsælustu skórnir í búðinni. Þeir heita Trezeta og eru til bæði í kven- og karlasniði,“ segir Heiðar Ágústsson framkvæmdastjóri ferða-og útivistarverslunarinnar Everest. Hann selur þessa eftirsóttu skó nú á tilboði, 21.995 í stað 25.995 krónur. „Höfuðkostirnir við þessa skó er að þeir eru einstaklega léttir, vega einungis 750 g. Þetta eru skór sem henta í allt frá miðlungsgöngu upp í stranga göngu um fjöll og firnindi og fara langleiðina í að sameina kosti skóa sem notaðir eru í léttar göngur og strangar. Þeir eru millistífir og eru með gore-tex öndunarfilmu.“



Trezeta gönguskór.

# Klipping fyrir herra

***Enginn sannur herramaður sest til borðs á aðfangadag nema vel klipptur og rakaður.***

Rakarastofan Neðstutröð 8 býður herraklippingu og strípur á jólatilboði á 5.900 krónur. Tímapantanir fara fram í síma 564 1923 en opið er alla daga fram að jólum og jafnframt frá 10 til 13 á aðfangadag.

Rakarastofan selur einnig snyrtivörur fyrir karlmenn en þær er hægt að skoða á www.herramenn.is.

*- tg*



Þessi ungi herra hefur ákveðið að gerast herramaður fyrir jólin.





**Jólatilboð**

**Upofloor eikarparket á 2.500 kr fm á meðan birgðir endast**

**Upofloor eikarparket með listum og undirlagi á 3.000 kr fm**

PARKET & GÓLF

PARKET & GÓLF
ÁRMÚLI 23
108 REYKJAVÍK
SÍMI: 568 1888
FAX: 568 1866
WWW.PARKETGOLF.IS
PARKET@PARKETGOLF.IS

ÁRATUGA ÞEKKING, ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Temprakon hitajöfnunarsængin

Nú á jólatilboði






TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.



TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.



Jólagjöfin í ár

**Sængin sem breytir öllu**

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni.

Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY




Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga fram að jólum frá kl. 10-19 • Laugardag frá kl. 11-18 • Sunnudag frá kl. 13-18
Föstudaginn 22. des frá kl. 10-22 • Laugardaginn 23. des. frá kl. 10-23 • Aðfangadag frá kl. 10-12

**Laufabrauð** má kaupa tilbúið úti í búð. Bara að minna ykkur á það svo þið farið ekki offari í jólaundirbúningnum.






*Hjá okkur færðu fallegustu bumbufötin fyrir jólin*

Fallegar gjafavörur fyrir verðandi mæður og litlu krílin.

tvö líf

Holtasmári 1• sími 571 8500 • www.tvolif.is
Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum



ALVÖRU HJÓL SEM FER ALLA LEIÐ

LINHAI



ÞJARKUR 4X4
*Hjólin koma götuskráð
Borgartúni 36 588 9747
VDO Offroad Line










Hlý Jólagjöf

Ullarjakkar stærðir 36-42

Verð frá 9990

FLASH
Laugavegi 54, sími 552 5201




Inniskór. Tiger, 400 kr.

Jólabangsi. Tiger, 200 kr.

Jólaengill. Accessorize, 1.099 kr.

Sprellikarl. Accessorize, 399 kr.

# Skemmtilegt í skóinn

***Jólasveinarnir eru byrjaðir að tínast til byggða og farnir að gefa börnunum í skóinn.***

Stekkjastaur, Giljagaur, Stúfur og Þvörusleikir eru komnir til byggða og búnir að færa öllum þægum börnum eitthvað fallegt í skóinn. Enn eiga níu bræður þeirra eftir að láta sjá sig og næstur er Pottaskefill sem kemur í nótt. Þeir jólasveinabræður eru yfirleitt mjög sniðugir í gjafavali enda er margt til af fallegum hlutum sem þeir geta gefið litlum börnum. Hér á síðunni má sjá eitthvað af því sem þeim gæti dottið í hug að færa einhverjum englabörnum að næturlagi.

*- eö*



Bíll. Tiger, 200 kr.



Fingravettlingar. Accessorize, 1.599 kr.




Lúdó. Dótabúðin, 395 kr.



Snjókarl. Ice in a bucket, 399 kr.



Klukka. Tiger, 400 kr.



Yu-Gi-Oh! Dótabúðin, 595 kr.



Jólakortaefni. Accessorize, 1.099 kr.



Perlur. Dótabúðin, 231 kr.



Skordýr. Ice in a bucket, 199 kr.


HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11



Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123



Bandalag íslenskra skáta

SIRKUSÚTTEKT - FEÐGAR OG FEÐGIN Í ÍSLENSKUM FJÖLMIÐLUM

# SIRKUS

15. DESEMBER 2006

TOP 10 STYSTU CELEB HJÓNABÖNDIN





LOGI BERGMANN BÝÐUR UPP Á PYLSUR Í FERTUGSAFMÆLINU

# Viðkvæmur fyrir einkalífinu



STEFÁN KARL OG STEINUNN

## Eiga von á barni



KRISTÓFER HELGASON

## Selur græjur fyrir stráka



ILSE JACOBSEN

## Gerði gúmmístígvél að tískuvöru


Þríkrossinn

tákn heilagrar þrenningar
Til styrktar Blindum



Sími 525 0000.
Fæst um land allt. Dreifingaraðili Blindrafélagið.

BLINDRAFÉLAGIÐ STOFNAÐ 1939

Blindrafélagið
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík

# Kommon, þetta er ríkis

Raddir heyrast og verða sífellt háværari. Samkeppnin á fjölmiðlamarkaðinum er engin venjuleg samkeppni. Þar er öllum brögðum beitt til þess að vera bestir og flottastir. Nær daglega velta menn fyrir sér möguleikum á nýjum tækifærum í bransanum. Andstæðingar sameinast og þykjast komnir með réttu formúluna. Á meðan mætir fjölmiðlafólk í vinnuna með hnútinn í maganum. Verður búið að loka sjoppunni á morgun?



Út á við reyna menn að spila sig stóra. Þessar raddirnar sem verða háværari eru raddir sem saka Kastljósið um slæleg vinnubrögð. Mörgum finnst óeðlilegt að ríkisfyrirtæki mæti samkeppninni með þeim hætti sem raunin er. „Ef þú ferð í þennan þátt verðurðu ekki hjá okkur" eru skilaboð sem Kastljóssmenn nota grimmt á viðmælendur sína. Þetta finnst samkeppnisaðilum Kastljóssins skítlegt. Þátturinn sé það stór og öflugur að viðmælendur geti með engum hætti gert annað en fara eftir þessum skilaboðum. Það bitnar á samkeppnisaðilanum.

Við sem horfum bara á sjónvarpið tökum ekkert eftir þessu. Lítum á þetta sem væl enda flestir ánægðir með frábæran þátt Kastljóssins. En er þetta óeðlilegt? Myndu ekki allir haga sér eins og Þórhallur Gunnarsson? Það vilja jú allir vera bestir og flottastir. Sirkusblaðið hefur mikla dreifingu og flestir vilja vera í blaðinu. Oft biðjum við viðmælendur okkar að slaka á í öðrum blöðum til þess að sitja einir að fréttinni. En þetta er bara tvennt ólíkt. Þegar allt kemur til alls þá er ástæða fyrir því að Ríkisútvarpið heitir Ríkisútvarpið. Það er vegna þess að það er ríkis. Peningarnir okkar eru notaðir til þess að ráða sjö manna ritstjórn Kastljóssins. Eða eins og mætur maður sagði við mig um daginn, þetta er bara spurning um samkeppni og samkeppnislög. Og menn verða að vinna heiðarlega. Eða er þetta bara eitthvert djöfulsins væl?

*Breki Logason*

## STÓRTÍÐINDI STEFÁNS OG STEINUNNAR:

# Fyrsta barnið á leiðinni

Stefán Karl Stefánsson á nú von á sínu fyrsta barni. Eiginkona hans, leikkonan Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, ber nú barn þeirra undir belti en fyrir á hún tvö börn með fyrrverandi manni sínum.
Ekki náðist í hjónakornin vegna þessa en þau eru að sögn vina himinlifandi. Einn þeirra sagði í samtali við Sirkus að þau hefðu lengi stefnt að því að eignast saman barn og það sé því langþráður draumur sem nú sé að rætast.
Stefán Karl er önnum kafinn við að koma á koppinn stórmynd sem byggð er á sönnum atburðurðum. Myndin mun að sögn Stefán kosta um 85 milljónir dollara og verður Stefán, ef allt gengur eftir, framleiðandi myndarinnar en mun ekki leika í henni.
Eins og fyrr segir verður myndin byggð á sönnum atburðum. Hún mun segja frá því þegar flutningaskipið Suðurland sökk 290 sjómílur austnorðaustur af Langanesi á jólanótt árið 1986. Ellefu menn voru um borð þegar skipið lagði af stað frá Íslandi á Þorláksmessu með síldarfarm sem sigla átti með til Sovétríkjanna. Fimm þeirra komust lífs af þegar skipið sökk og var bjargað við illan leik af dönskum þyrlubjörgunarmönnum.
Sagan af því þegar Suðurlandið sökk er í senn ógnvekjandi og áhrifarík. Ekki síst vegna þeirra kenninga sem uppi eru um tildrög slyssins. Lengi hefur verið rætt um það að rússneskur kjarnorkukafbátur hafi siglt undir Suðurlandinu til að fela sig fyrir eftirlitsflugvélum og kafbátum Bandríkjamanna á svæðinu. Sú kenning hefur lengi verið uppi að kafbáturinn hafi rekist í Suðurlandið með þeim afleiðingum að flutningaskipið sökk.
Skipbrotsmenn hafa borið að þeir hafi séð torkennileg ljós þegar þeir voru komnir um borð í gúmbjörgunarbátinn. Einn þeirra staðhæfði að ljósin kæmu frá kafbáti.



**Steinun Ólína og Stefán Karl**
Eru búsett í Los Angeles og eiga nú von á sínu fyrsta barni saman.

## 6 SETNINGAR SEM ÞÚ SEGIR OG BENDA TIL ÞESS ...

# ... að þú hafir ekki farið á djammið lengi



**1.** „Ha, er hægt að kaupa sushi á Tunglinu?"



**2.** „Þetta er bara eins og í útlöndum, bjór á krana og allt saman."

**3.** „Pikkaðu mig bara upp. Ég er niðri á Hallærisplani."



**4.** „Nei, Kiddi Bigfoot, langt síðan við höfum sést."



**5.** Í röðinni á Kaffibarnum: „Náðu bara í Damon Albarn, hann veit af mér."

**6.** Í leigubílaröðinni í Lækjargötu: „Er búið að fylla upp í lækinn sem var alltaf hérna?"








## Ég var að heyra...

Að dansinn hjá **Ásgeiri Kolbeins** í byrjun Sirkus Rvk þáttanna væri heldur betur að slá í gegn / Um síðustu helgi sáust ófáar stúlkurnar á Pravda stíga nákvæmlega þennan dans / Að **Kiddi Bigfoot** hafi verið að gera allt vitlaust á Hverfis um síðustu helgi. Dóttir Bigfootsins steig þar villtan dans í Playboy-átfittinu við taktfasta músík föður síns / Að **Basshunterinn** sé væntanlegur á klakann um áramótin. Gerði hann allt vitlaust síðast en hann mun koma fram í Reykjavík, Akureyri og á Selfossi / Að **Auddi Blöndal** hafi reynt að taka **Loga Bergmann** í sumar. Fékk hann **Svanhildi** í lið með sér en hún var trygg eiginmanni sínum og lét ekki vaða. Áttu þau að fara út að borða og **Svanhildur** að keyra heim. Lögreglan átti svo að stoppa þau og taka Svanhildi fyrir ölvun við akstur. Hefði verið fyndið / Að **Ghozt og Exos** séu að spila á Pravda eftir miðnætti á föstudag / Að **DJ Jerry** verði á Barnum á laugardagskvöldið í samvinnu við Grolsch. Hann spilaði í hinu eftirminnilega **Smirnoffpartíi** í Héðinshúsinu fyrr í vetur. Ekki láta þig vanta þar. Það er frítt inn /







**SIRKUS**
**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórar** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is og Breki Logason, breki@minnsirkus.is **Ritstjórn** Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is, Sigríður Dögg Arnardóttir, siggadogg@minnsirkus.is og Sölvi Snær Magnússon, solvi@minnsirkus.is **Sirkusstjóri** Árni Þór Vigfússon **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Auglýsingar** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is




# Veldu þann sem þér þykir bestur!

1. ÁN BRAGÐEFNA
2. ÁN GELATÍN*
3. ÁN ROTVARNAREFNA

MJÓLKA

www.mjolka.is

* 18% Sýrður rjómi



stelpubögg með Siggu Dögg

# Feðgar og feðgin í fjölmiðlum

## Bólfélagatalan x 3

Lygi er ekki það sama og lygi. Lygi getur verið stór, lítil eða bara ýkja. Stór lygi væri til dæmis framhjáhald og lítil lygi það að klæðast hvítu á brúðkaupsdaginn. (Kannski þess vegna sem litlar lygar eru kenndar við hvítt)… Það þarf ekki að vefengja hvítar lygar eða ræða þær neitt frekar, innst inni þá vitum við að þær eru ekki alveg „heilagur sannleikurinn“.

Uppáhalds hvíta lygin mín tengist bólfélagatölunni. Þetta er ein af þessum „töfratölum“ sem hafa kynngimagnaðan kraft bundinn eigandanum. Það skemmtilega við þessa „töfratölu“ er sú staðreynd að allir ljúga til um hana, stærri eða minni, allt hrein og bein lygi. Hvort sem það er samfélaginu að kenna eða ekki þá tökum við öll þátt í „leiknum“.

Þegar ég er spurð „hversu mörgum hefurðu …?“ Þá verður mér litið á þetta saklausa blik sem myndast í augum hans sem grátbiður að talan sé ekki fleiri en tveir tugir og alls ekki stærri en hans tala. Sem klókur kvenmaður sem skilur leikreglurnar horfi ég djúpt í augu hans og hvísla ofurvarlega: „Þeir eru rétt um tíu og enginn einnar nætur gaman.“ Hann andvarpar og ég sé að honum er létt. Ég er ennþá „litla óspillta“ stelpan hans. Mér þykir það kynlegt að strákar vilja að við séum allar litlar „Maríur“ en samt eigum við að vera liðugar eins og fimleikastelpur og dúxa í „rúmfræði“.

Þessu er öfugt farið þegar kemur að piltunum. Svarið sem ég hef oftast fengið er „þær eru svo margar að ég bara man það ekki“. Einmitt. Þetta á að segja mér að hann sé: a) eftirsóttasti piparsveinninn í bænum, b) kunni til verka og c) ég sé heppin að vera svo sérstök að hann segist „aldrei muna gleyma mér“.
Hvað sem svo ykkur hefur verið sagt, strákar, þetta er ekki smart.
Haldið ykkur við sannleikann því hér er hann betri en nokkur hvít lygi.

Persónulega þá trúi ég formúlunni í American Pie, „margfaldaðu töluna með þremur fyrir stelpuna og deildu með þremur fyrir strákinn“.
Að því gefnu þá er þetta samt ein af þessum hvítu lygum sem mér finnst ekki koma nokkrum manni við. Næst þegar þú ætlar að spyrja sætu skvísuna þína hafðu þá bakvið eyrað að alveg eins og með atvinnumennina í íþróttum þá skapar æfingin meistarann …

„Hvað ætlar þú að verða þegar þegar þú ert orðinn stór?“ Á Íslandi virðist það nokkuð algengt að afkvæmi fjölmiðlamanna elti feður sína. Margir efnilegustu blaða- og fjölmiðlamenn landsins eiga ekki langt að sækja reynslu í fagið. Það getur oft verið þægilegt að leita til pabba gamla þegar eitthvað kemur upp á. Sirkus tók saman nokkur ættartengsl í fjölmiðlaheiminum. Hér eru feðgar og feðgin úr bransanum.



## Töffararnir í Efstaleitinu

**BOGI ÁGÚSTSSON OG ÁGÚST BOGASON**

Þeir eru fáir sem hafa verið lengur á skjánum en Bogi Ágústsson. Hann er yfirmaður fréttasviðs Ríkisútvarpsins og alltaf jafn flottur. Sonur hans er með eina efnilegustu rödd landsins. Ágúst Bogason er útvarpsmaður á Rás 2. Hann hefur þó komið víða við og var lengi vel lykilmaður á hinu virtu DéVaffi. Hann hefur einnig starfað á Sirkus tímaritinu. Þeir eru báðir miklir KR-ingar og bera titilinn töffararnir í Efstaleitinu vel.





## Ritstjórinn og sjónvarpsfréttakonan

**SIGURJÓN M. EGILSSON OG HJÖRDÍS RUT SIGURJÓNSDÓTTIR**

Það verður seint sagt að Sigrujón M Egilsson hafi hægt um sig í fjölmiðlaheiminum. Af Fréttablaðinu fór hann með látum og réði sig sem ritstjóri Blaðsins. Maður kemst varla á internetið þessa dagana án þess að lesa einhverjar samsæriskenningar um kaup eða stofnun dagblaðs SME, eins og hann er alltaf kallaður.
Það eru kannski ekki allir sem vita að sjónvarpsfréttakonan skelegga Hjördís Rut Sigurjónsdóttir er dóttir ritstjórans. Hvort eitthvað sé líkt með þeim feðginum látum við þó ósagt en Hjördís er dugleg að koma með öðruvísi hliðar á málunum líkt og faðir sinn.

## Stockton og Malone blaðageirans

**REYNIR TRAUSTASON OG JÓN TRAUSTI REYNISSON**

Ísafoldarfeðgar hafa stimplað sig rækilega inn með fyrstu tveimur tölublöðum sínum. Þeir eru þó engir nýgræðingar í faginu og báðir fyrrverandi sjómenn að vestan. Þeir virðast þó óaðskiljanlegir. Voru saman á Fréttablaðinu, DV, Mannlíf og ritstýra nú Ísafold í sameiningu. Reynir talar vel um strákinn og segir það hafa verið lykilatriði að fá hann í slaginn með sér. Maður fær það oft á tilfinninguna að þeir bakki hvorn annan upp. Svolítið svona Stockton og Malone blaðageirans. Báðir eru þeir eldklárir og vita alveg hvað þeir vilja.



## Kóngurinn og prinsessan

**EIRÍKUR JÓNSSON OG HANNA EIRÍKSDÓTTIR**

Ef það þyrfti að krýna kóng fjölmiðlabransans væri bara einn sem kæmi til greina. Það er ekki til sú sál á Íslandi sem veit ekki hver Eiríkur Jónsson er, og þá er ekki verið að tala um lúðalega gæjann hjá kennarasambandinu. Eiríkur hefur alltaf farið sínar eigin leiðir og á örugglega fleiri óvildarmenn en stuðningsmenn. Stuðningsmenn hans eru þó til og bera mikla virðingu fyrir kónginum. Eiríkur á líka gullfallega dóttur sem fetað hefur í fótspor pabba. Hanna Eiríksdóttir er útskrifuð úr blaðamannaskóla frá Ameríku. Hún hefur bæði starfað með föður sínum en er nú í nokkurri samkeppni við hann. Eiríkur er á Séð og heyrt og Hanna á DV. Hæfileikarík og fjallmyndarleg feðgin.



## Örkin hans Ómars

**ÓMAR RAGNARSSON, LÁRA ÓMARSDÓTTIR OG ÞORFINNUR ÓMARSSON**

Börnin hans Ómars voru bæði tvö áberandi í útsendingum hinnar sálugu NFS. Ómar náttúrulega löngu orðinn „legend“ í íslenskum fjölmiðlum og hlaut meira að segja Edduna nú í ár fyrir gjörninginn sinn í kringum Kárahnjúka. Þorfinnur hefur einnig verið að kenna fjölmiðlafræði í háskólanum en er nú upplýsingafulltrúi friðargæslunnar á Sri Lanka. Lára hefur verið að gera það gott í Kompási auk þess sem hún átti fína spretti á NFS.




Sérverslun með sjávarfang





FYLGIFISKAR

Opið alla virka daga frá kl. 11.30 til 18.30

Opið á laugardögum að Suðurlandsbraut 10 frá kl. 11.00 til 14.00

Verið velkomin

FYLGIFISKAR

Suðurlandsbraut 10 • sími 533 1300 • Skólavörðustígur 8 • fylgifiskar.is


## AMPOPPPARTÍ OG UPPLESTUR

Í síðustu viku voru fyrstu tónleikarnir í nýrri eldhúspartí-tónleikaröð hjá FM957. Það var Ampop sem hóf tónleikaröðina en á næstu vikum munu sveitir eins og Í svörtum fötum og Á móti sól stíga á svið.
Sirkus kíkti líka á upplestur Ingvars E. Sigurðssonar á Konungsbók Arnaldar Indriðasonar í Þjóðmenningarhúsinu. Fram að jólum verður hægt að kíkja í hádeginu í Þjóðmenningarhúsið og heyra landsþekkta leikara lesa upp úr því helsta úr jólabókaflóðinu. Kíktu á thjodmenning.is til að fá frekari upplýsingar.



**Fjörugt Eldhúsparti** Guðrún, Aldís og Björk.



**Upplestur í þjóðmenningarhúsinu.** Ingvar E. Sigurðsson les upp úr Konungsbók Arnalds Indriðasonar.



**Þau mættu líka** Nonni, Einar, Magnús, Elísa og Hildur.

# Gott í jólamatinn!




Maizena Cremefine til matargerðar hentar vel í heitan mat í stað rjóma, með aðeins 15% fituinnihald, ríkt af hollri jurtafitu. Bragðið er sérlega gott með rjómakenndri fyllingu og Maizena Cremefine til matargerðar skilur ekki við suðu. Notaðu Maizena Cremefine í heita rétti, súpur og sósur í stað rjóma.

***Í staðinn fyrir rjóma!***

## Með jurtafitu

Freisting sem óhætt er að falla fyrir!

Fíton/SÍA FI019381



**Einn með öllu**
Logi heldur upp á fertugsafmæli sitt í kvöld. Allar stærstu stjörnunrnar ætla að mæta en Logi ætlar að bjóða upp á pulsur í afmælinu.

**LOGI BERGMANN EIÐSSON VARÐ FERTUGUR Í SÍÐUSTU VIKU OG HEFUR SJALDAN VERIÐ BRATTARI. HANN HEFUR MIKLAR SKOÐANIR Á FJÖLMIÐLUM SEM HANN HEFUR STARFAÐ VIÐ FRÁ NÍTJÁN ÁRA ALDRI.**

# Viðkvæmur fyrir einkalífinu

Það þekkja allir manninn á skjánum. Logi Bergmann er einn af þessum mönnum sem hefur lengi verið umtalaður. Á flestum heimilum er hann nokkurs konar stofustáss. Myndarlegur, karlmannlegur og virðulegur. Á bak við þriggja daga skeggið er samt sprelligosi sem hefur gaman af lífinu. Hann hefur verið í fjölmiðlabransanum nánast allt sitt líf. Ólst upp á Þjóðviljanum, fór á Moggann en hefur lengst af verið harður RÚV-ari. Nú er það fréttastofa Stöðvar 2 sem á hug hans allan. Sirkus fékk sér kaffi með Loga sem opnaði sig um brúðkaupið, Meistarann og félaga sína í bransanum. Það sjokkeraði samt marga að heyra að sjálfur Logi Bergmann væri orðinn fertugur. Hvað finnst honum um það?

„Ég fékk nú bara svona smá sjokk sjálfur þegar ég áttaði mig á þessu, ekkert meira en það. Það eru samt allir í kringum mig að peppa mig upp og segja mér að þetta verði allt í lagi. Eins og þetta sé eitthvert stórmál," segir Logi og hlær. Hann viðurkennir þó að ekki séu mörg ár síðan honum fannst afmælisbörn í fertugsafmælum gömul. „Mér finnst samt pínu plús við að vera fertugur að vera ekki líka opinber starfsmaður."

**Logi var nefnilega mjög dæmigerður opinber starfsmaður, brosti og sagði komið með peningana hingað. Svanhildur Hólm, eiginkona Loga, segir í nýlegu viðtali við tímaritið Ísafold að Logi hafi verið einhver harðasti RÚV-ari landsins. Er það rétt?**

„Ég var mjög harður en ég held að það sé bara vegna þess að ég er mikill „team player". Hvort sem það var á Mogganum, RÚV eða Stöð 2. Ef ég er með þér í liði þá geri ég allt fyrir þig. Þegar ég fór af Þjóðviljanum og yfir á Moggann var sagt við mig að ég yrði mikill Morgunblaðsmaður. Sem mér sem ungum kommúnista fannst fráleitt. En sú varð þó raunin enda varði ég blaðið út og suður."

Hið svokallaða RÚV-frumvarp hefur mikið verið í umræðunni. „Þetta er alveg út í hött og ég hef ekki trú á því að þetta fari svona í gegn," segir Logi og upplýsir að hann telji gömlu RÚV-félaga sína sátta við frumvarpið. „Þetta er bara leikur og þeir láta líta út eins og þeir séu ósáttir en eru mjög sáttir. Ef þeir gerðu það ekki myndu menn halda að eitthvað væri að frumvarpinu og breyta því."

Síðan Logi hóf störf á Stöð 2 hefur hann, fyrir utan að sjá um spurningaþáttinn Meistarann, eingöngu lesið fréttir en ekki unnið sem fréttamaður. Hann segist sakna þess að hafa ekki áhrif. „Ég fer að vinna sem vaktstjóri núna eftir áramót þannig að það er ekki langt í að maður fari að vinna aftur við fréttir. Ég á það til að vera ósáttur við fréttir og það gerist ekkert ef maður hefur ekkert um málið að segja."

**„Mér finnst samt pínu plús við að vera fertugur að vera ekki líka opinber starfsmaður."**

**Hann er þó einnig að gutla við stjórnmálafræði í Háskóla Íslands. Hann er í prófum þessa dagana og á lítið eftir af náminu. Er það merki um að þú sért að fara að gera eitthvað annað, kominn með háskólapróf og svona?**

„Nei þetta er það eina sem ég kann. Ég byrjaði í stjórnmálafræðinni fyrir

Framhald ▶






G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007
NÝJAR OG SPENNANDI
VÖRUR FYRIR JÓLIN.
G-STAR RAW DEFENDER marc newson g-star.com



Góðar veitingar í fallegu og vinalegu umhverfi
í einu glæsilegasta húsi miðbæjarins

# Léttur jólaseðill

***Súpa:***
Rjómalöguð marónusúpa með laufabrauði
***Forréttur:***
Síldartvenna með rúgbrauði og smjöri
***Aðalréttur:***
Sígild purusteik með heimalöguðu rauðkáli og brúnuðum kartöflum
***Eftirréttur:***
Heimagerður "Apfelstrudel" með vanillusósu
***Jólaglögg***





Komdu endilega í kaffi
og heimalagaðan desert



***Húsið opnar kl.11 alla daga.***

**GEYSIR**
**Bistro & Bar**
**Aðalstræti 2, 101 Rvk. s. 5174300**

## „Nú þekki ég til dæmis Britney Spears ekki persónulega. En hvernig fólk leyfir sér að tala um hana skil ég ekki. Þú myndir ekki segja svona hluti um til dæmis Andreu Gylfa.“



**Engann lauk!**
Þegar Logi fær sér pulsu pantar hann með sinnepi, túmat og remmara. Engann lauk fyrir Loga.



mörgum árum en svo sat hún bara á hakanum. Ég á tvo, þrjá kúrsa eftir og það er bara fáránlegt að klára þetta ekki, á meðan ég hef allavega fulla fótaferð,“ segir Logi og hlær, enda kornungur drengurinn.

**Mikil pressa að bransakarlinn standi sig í þessu?**
„Nei, alls ekki. Ég hef samt sjálfur mikinn metnað og vil fá háar einkunnir. Ég er reyndar búinn að gefa eitt loforð í kringum þetta. Ég lofaði Ólafi Harðarsyni prófessor fyrir mörgum árum að ef ég kláraði þetta þá myndi ég kyssa hann á munninn í útskriftinni.“

**„Ég lofaði Ólafi Harðarsyni prófessor fyrir mörgum árum að ef ég kláraði þetta þá myndi ég kyssa hann á munninn í útskriftinni.”**

**Hann ætlar sem sagt ekki að halda neina veislu. Enda nóg af veislum í kringum Loga. Fertugsafmæli í kvöld og svo gifti hann sig síðasta sumar.**

**Það voru mikil læti í kringum brúðkaupið. Á tímabili bliknaði brúðkaup Beckham-hjónanna í samanburði við ykkar. Hvað fannst þér um það allt saman?**

„Verst fannst mér bara að fá ekki að hafa þetta í friði. Þetta er mitt einkalíf og ég var mjög sár yfir þessu. Fannst svona svolítið verið að drulla yfir heilagan hlut, það sat í mér og ég varð mjög reiður. Mönnum fannst þetta fyndið en ég vildi hafa þetta í friði og bað um það.“

**Hvernig var því tekið?**
„Ég reyndi að tala um þessa hluti og aðra við menn. Menn lofuðu bara og sviku það svo. Ég veit hvernig menn þeir eru eftir þetta. Dagurinn var hins vegar alveg frábær.“

**Logi og Svanhildur hafa mikið verið í fjölmiðlum. Bæði sem stjórnendur en ekki síst sem umfjöllunarefni hinnar svokölluðu gulu pressu. Hvað finnst Loga um þá tegund blaðamennsku?**

„Auðvitað verður alltaf einhver á kantinum og mér finnst menn svolítið vera að skiptast í tvo hópa núna. Annars vegar þeir sem drulla og svo þeir sem drullað er yfir. Mér finnst menn drulla of mikið yfir fólk. Nú þekki ég til dæmis Britney Spears ekki persónulega, en hvernig fólk leyfir sér að tala um hana skil ég ekki. Þú myndir ekki segja svona hluti um til dæmis Andreu Gylfa. Það er eins og þetta fólk sé ekki til,“ segir Logi og lýsir stemningunni í kringum þetta eitthvað á þessa leið: „Ha, ha, þarna náðum við þér og þú getur ekkert gert! Ég tek því bara. En þegar kemur að einkalífinu þá er ég viðkvæmur.“

**Logi hefur lengi unnið með fólki sem almenningur þekkir af skjánum. Hver af samstarfsmönnunum er ólíkastur þeim sem sést á skjánum svona dagsdaglega?**

„Ég veit það nú ekki. Sindri Sindrason virkar alvarlegur og yfirvegaður í sjónvarpi, og reyndar stærri. En í raun er hann alveg ótrúlega fyndinn náungi. Ég hélt líka alltaf að Helgi Seljan væri hálfviti. Og stóð lengi í þeirri meiningu en svo er þetta náttúrulega algjör toppdrengur. Þetta er dæmi um að þú upplifir fólk eins og þú heldur að það sé, en svo er raunin yfirleitt allt önnur. Gísli Marteinn er til dæmis einhver besti sjónvarpsmaður sem við höfum átt. Samt er það þannig að hann fær ekki þá viðurkenningu sem hann á skilið vegna þess að fólk er alltaf að nudda honum upp úr pólitík sem skiptir í raun engu máli.“

**Hvernig heldurðu að fólk upplifi þig?**
„Þegar ég er til dæmis veislustjóri kemur fólk mjög oft til mín og segir ég hélt þú værir ekki svona. Það heldur að ég sé alvörugefnari. Maður er náttúrulega að lesa fréttir sem eru ekki alltaf eitthvað til að flissa yfir. Ég held að fólk upplifi mig alvarlegri og kannski virðulegri en ég er,“ segir Logi og hlær.

**Logi er nefnilega algjör prakkari og margar sögurnar um hrekki hans á fréttastofu sjónvarps fá mann til þess að brosa. Ertu svona mikill prakkari?**
„Já, ég er það. Hef reyndar verið frekar rólegur síðan ég kom á Stöð 2. En oft upplifi ég mig eins og David Brent í Office, svona vinnustaðagrínara. Þetta er bara hluti af þeim anda sem maður vill hafa í kringum sig, maður vill hafa gaman í vinnunni.“

**Hvað er það grófasta sem þú hefur gert?**
„Það er margt. En það sem mér finnst skemmtilegast er að plana eitthvað svona. Eins og til dæmis að falsa tölvupóst og sjá svo viðbrögðin. Einu sinni snerum við íbúðinni hjá Illuga Gunnarssyni og Brynhildi nágranna okkar við. Fórum inn í stofu og spegluðum hana alveg nákvæmlega. Okkur fannst þetta svo fyndið á meðan á þessu stóð að við pissuðum næstum á okkur. Viðbrögðin hjá þeim hjónum eru líka ógleymanleg.“

Talið berst að blaðamennsku eins og gerist oft þegar fjölmiðlamenn tala saman. Logi er fyrst og fremst sjónvarpsfréttamaður og viðurkennir að ef hann væri blaðamaður myndi honum líklega leiðast sjónvarpsfréttafólk. „Það er bara vegna þess að við fáum miklu meira kredit af því að við erum á staðnum. Þið eruð kannski búin að vinna heilu dagana að einhverju sem enginn svo veit hver gerði. Nema þið komið ríðandi á einhverjum hesti á Austurvöll,“ og á Logi þar við ritstjórann Reyni Traustason í Ísafoldarauglýsingunum.

**Eins og frægt er skipti Logi yfir á Stöð 2 frá RÚV eftir langa veru þar. Hann starfaði á fréttastofu Stöðvar 2 í mánuð áður en hin sáluga NFS var sett á laggirnar.**

**Hafðirðu trú á NFS í upphafi?**
„Nei. En ég fundaði með mönnum sem sannfærðu mig um að þetta gæti gengið. Mér fannst það alltaf magnað. Þetta gekk ekki og þannig er bara það.“

**„Fannst svona svolítið verið að drulla yfir heilagan hlut, það sat í mér og ég varð mjög reiður.“**

**Þið eruð í mikilli sókn nú þegar NFS er grafið og gleymt?**
„Já, það var náttúrulega lykilatriði fyrir okkur að fá nafnið og verða aftur fréttastofa Stöðvar 2 enda hrikalega gott vörumerki, Traust í 20 ár. Hugurinn er góður en þetta var náttúrulega erfitt út af þessum uppsögnum og fleiru en þetta er að verða gott núna.“

En að öðru, eins og stundum er sagt í sjónvarpinu. Logi var að gefa út borðspil sem ber sama heiti og sjónvarpsþátturinn hans. Meistarinn. Hvort er betra þú eða Svanhildur?

„Ég… það er engin spurning. Ef þú spyrðir Svanhildi myndi hún samt segjast vera betri. Miklu betri.“

Logi og Svanhildur kona hans sömdu nefnilega spilið ásamt Trausta Hafsteinssyni blaðamanni. Logi samdi sjálfur 700-800 spurningar í spilinu en fékk valinkunna gáfumenn til þess að hjálpa sér með restina. Hann hefur verið í spurningabransanum í mörg ár og hefur lýst því yfir að hann sé nett spurninganörd. En hvað er það við Meistarann sem er svona frábært?

„Það sem ég er ánægðastur með er þessi sjens að geta unnið. Þú þarft ekki að vera bókmenntafræðingurinn í hópnum til þess að vinna, það hjálpar auðvitað. Ef þú svarar öllum spurningunum rétt vinnurðu. En það geta allir unnið Meistarann, möguleikarnir eru að minnsta kosti meiri en í mörgum öðrum spilum.“

Í lokin ákváðum við að prófa meistarann sjálfan og tókum tvær spurningar úr spilinu með okkur. Fyrri spurningin fjallar um íslenska bæi og er svohljóðandi.
Hvar eru danskir dagar haldnir og hvar írskir? „Stykkishólmi og Akranesi minnir mig,“ svarar Logi og það er hárrétt hjá honum.

Hin spurningin er lauflétt og ætti í rauninni að vera með barnaspurningunum. Við létum samt vaða. Hvaða ár fæddist Che Guevara og í hvaða landi?
Logi hugsar sig lengi um en segir svo. „Það hefur örugglega verið 1922 og hann fæddist í Argentínu.“ Þó allir geti unnið í Meistaranum þá geta greinilega allir klikkað líka. Meistarinn sjálfur hefur hér með sannað það. Rétt svar er nefnilega 1928 í Argentínu.

LJÓSMYNDIR: Stefán Karlsson
TEXTI: Breki Logason og Andri Ólafsson

# Ellert, alltaf skemmtilegur!

2. sæti






**Ellert**
Áritun á laugardag:
Hagkaup Smáralind kl. 15
Á sunnudag:
Hagkaup Kringlunni kl. 15




**Ellert B Schram**
sendir frá sér bráðskemmtilega og óborganlega bók – **Á undan sinni samtíð**, sönn skáldsaga.
Hún er í **öðru sæti** á metsölulista Pennans 13/12. Allar bækur.
Hún fær ★★★ hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins.

## Saga Guðrúnar Halldórsdóttur

Áritanir á laugardag:
Penninn Kringlunni kl. 15
Hagkaup Kringlunni kl. 17
Á sunnudag:
MM Laugavegi kl. 15
Hagkaup Smáralind kl. 17




## Skuggaheimar

Feiknaspennandi og bráðfyndið framhald verðlaunabókarinnar vinsælu, Leynilandsins, eftir metsöluhöfundinn Jane Johnson.

BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN

**HELGA ÓLAFSDÓTTIR SLÓ Á ÞRÁÐINN TIL ILSE JACOBSEN**

# Gerði gúmmístígvél að tískuvöru

Skóáhugi íslenskra kvenna er gífurlegur, mig minnir að ég hafi heyrt nýlega tölu um það að meðaltal skópara á konu hér á landi séu 20 pör af skóm. Mér fannst spennandi að heyra í konu sem getur farið í nýtt par af skóm á hverjum degi, konu sem hefur ekki tölu á skópörunum sínum.
Ilse Jacobsen heitir konan. Hún er hörkutól sem byrjaði að vinna sér inn vasapening með blaðburði sex ára gömul. Hún fílar Íslendinga af því að þeir eru duglegir og hreinskilnir. Hún byrjaði að hanna og selja skó undir sínu nafni fyrir rúmum tíu árum. Hún hefur ekki gengið í hönnunarskóla, en gúmmístígvélin hennar hafa slegið í gegn sem tískuvara. Í dag eru skórnir, fötin og aukahlutirnir hennar eins og heitar ömmulummur á góðum sunnudegi, stoppa ekki lengi á hillum verslana um allan heim.

Ég var forvitin að vita meira um konu sem kaupir skó þrátt fyrir að hún passi ekki í þá og af hverju í ósköpunum að opna „koncept“ búð með sínum vörum á Garðatorgi í Garðabæ?
Ég æfði mig í að segja gulrótarrúgbrauð á dönsku tíu sinnum, opnaði bleika gemsann minn og tók stutt spjall við Ilse.

**Sæl Ilse, hvernig hefur þú það þessa stundina?**
„Ég hef það mjög gott, reyndar frekar stressuð af því að við erum að leggja lokahönd á vetrarlínuna fyrir næsta vetur.“

**Ég er mjög forvitin að vita af hverju þú opnaðir Ilse Jacobsen „koncept“ búð á Garðatorgi af öllum stöðum?**
„Ég opnaði mína fyrstu búð í heimabænum mínum, Hornbæk í Danmörku. Þegar Ragnheiður, eigandi Ilse Jacobsen á Íslandi, hitti mig í fyrsta skiptið fannst mér þetta ekkert galin hugmynd hjá henni og minnti mig óneitanlega á þegar ég opnaði fyrstu búðina mína. Ég skellti mér til Íslands til að skoða málið. Ragnheiður sýndi mér svo verslunarplássið á Garðatorgi, ég hugsaði bara eitt … ææææ … hvernig kemst ég héðan út? Mér fannst Garðatorg ekki spennandi kostur. En Ragnheiður var á öðru máli, þó að ég hafi nánast hlaupið út. Hún sagði mér að það væri ekkert mál að innrétta búðina flotta með stuttum fyrirvara. Ragnheiður var einnig með liðsauka, bæjarstjóra Garðabæjar, Gunnar Einarsson. Hann mætti galvaskur til að sýna mér framtíðarplönin fyrir Garðatorg og miðbæinn í Garðabæ. Á endanum lét ég undan og ákvað að hlusta á heimafólkið. Ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun, búðin er ótrúlega falleg og gengur rosalega vel. Ragnheiður vissi hvað hún var að gera allan tímann.“



Ilse Jacobsen kaupir sér skó þó þeir séu of litlir

**Þú slóst fyrst í gegn með reimuð gúmmístígvél, sem mér finnst vera einstök hönnun. Ég hef tekið eftir því að íslenskar konur eru einstaklega ánægðar með að geta gengið í gúmmístígvélum og samt verið trendí!**
„Já, það er rétt að stígvélin mín hafa slegið í gegn, ég hitti naglann á höfuðið. Stígvélin eru núna seld úti um allan heim og helstu tímaritin hafa fjallað um þau. Þau eru líka einstök á marga vegu. Fyrst og fremst eru þau alger náttúruvara, ekkert PVC sem er eiturefni og oft notað í gúmmívörur. Þau eru líka ullarfóðruð sem þýðir að stígvélin anda þegar gengið er í þeim. Stígvélin eru einnig ótrúlega vönduð því þau eru handgerð.“

**Hvaðan koma hugmyndirnar?**
„Ég fæ hugmyndir frá öllu mögulegu. Til dæmis þegar ég er á kaffihúsi og horfi á fólk, þær geta líka læðst að mér klukkan fimm á morgnana. Ég fer einnig mikið á sýningar úti í heimi og sanka að mér hugmyndum þar. En það sem er í uppáhaldi hjá mér er að horfa á gamlar bíómyndir.“

**Hver eru helstu einkenni Ilse Jacobsen?**
„Einfaldleiki.“

**Mundir þú einhvern tímann ganga í of litlum skóm ef þér þættu þeir geggjað flottir?**
„Ég verð að segja nei, ég gæti aldrei verið í of litlum skóm. En það er ekki þar með sagt að ég mundi ekki kaupa þá. Ég safna fallegum skóm og ef ég sé skó sem mig langar í og þeir passa ekki á mig, kaupi ég þá bara fyrir skósafnið mitt.“

**Þú hannar undurfagra sandala fyrir hvert sumar, ég var forvitin að heyra hvað er „must have“ næsta sumar?**
„Þetta er erfið spurning því það eru svo margir flottir sandalar í sumar‘07-línunni. Hvað segir þú um koníakslitaða leðursandala með korksóla, sem eru ótrúlega þægilegir en samt súper flottir? Ég er ekki alveg hætt því að ég verð að nefna röndóttu Maritime-ballerínuskóna.“

**Hvernig föt eru í uppáhaldi hjá þér?**
„Ekkert sem slær aukahlutum við.“

**Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn?**
„Ég á engan einn uppáhalds hönnuð, ég kaupi það sem mér finnst fallegt hverju sinni.“

**Hin klassíska spurning: How do you like Iceland?**
„Mér finnst allir Íslendingar vera svo trendí. Þeir eru með á nótunum og Íslendingar eru langt á undan Dönum hvað varðar stíl. Landið sjálft er dásamlegt og Íslendingar eru súper duglegir.“

**Hvað gerir þig glaða?**
„Að vakna snemma á morgnana, sjá hundinn minn Beauty liggja og teygja úr sér í sófanum algerlega afslappaðan. Hann veifar skottinu þegar hann heyrir í mér og svo fær hann fyrsta morgunkossinn.“

**Hvernig eiga konur að dekra við sig fyrir jólin?**
„Ég mundi fara í nudd, gufubað og fótsnyrtingu. Hljómar það ekki vel?“

**Lokaspurningin, hvað ætlar þú að gera á morgun?**
„Halda ekta danskan julefrokost með starfsfólkinu mínu.“

„Mange tak for din tid, Ilse.“ Ég þurfti sem betur fer ekki að segja gulrótarrúgbrauð í samtalinu og er mjög ánægð með að það fjallaði að mestu leyti um „sandaler og gumistøvler“, sem er mun léttara að segja á dönsku.

TEXTI: Helga Ólafsdóttir
MYNDIR: Les Kaner og Valli




## Hvað er Ilse Jacobsen „konsept“ búð?

**Gæðaverslun fyrir konur á öllum aldri þar sem skór og fylgihlutir hannaðir af Ilse Jacobsen eru í forgrunni. Andi verslunarinnar tekur mið af hennar hönnunargildum. Um 30% af vörunum eru ekki frá Ilse Jacobsen, heldur aðrar vörur sem eru valdar í takt við hennar standard. Í versluninni í Garðabæ eru mest dönsk merki eins og Baum und Pferdgarten og Naja Lauf sem hafa verið að slá í gegn í Norður-Evrópu.**




ELM DESIGN
ÍSLENSK HÖNNUN
Laugavegi 1 • sími 511 0991 • www.elm.is

# DD unit um hollywoodstjörnurnar

## 1



Let´s get crackin on dis mutha....* fyrst og fremst verðum við víst að byrja á því sem er aðalmálið í vikunni og það er engin önnur en Nic the stick*var heldur betur tekin í bólinu eða á freeway-inum en hún var að fara af honum og beygði í öfuga átt sem eflaust er ekki frásögu færandi nema að hringt var á lögguna sem kom og tók skvísuna. Hún var svona hellluð á því*, sem skýrir kannski af hverju hún vill vera með Joel Madden x-inu hennar Hilary Duff*, en í ljós kom að hún var á Vicodini og búin að vera reykja skunk, uss uss uss! Og við sem trúðum því öll að hún væri alveg sober og dandy* svona eins og hún borði alveg fullt.. kommon hún er 85 pund eða um 42,5 kíló!

## 2



Hún er komin - augnablikið sem við höfum öll beðið eftir með lollann í brókunum* ekki satt - mynd af Shiloh Jolie-Pitt eða THE BABY eins og hún er kölluð! Það verður nú ekki af henni tekið blessuninni að hún er voða sæt enda genamengið ekki af verri endanum. En í nýja Vogue er hún Jolie að tala sig út um samband þeirra Brads, börnin og Maniston*. Jolie segist alveg vilja bjóða henni í kaffi ef Maniston vill en annað en það hafi þær rétt svo sagt hæ við hvor aðra ekki mikið meira.. segir hún en veit að Jen tók og sneri hana í gólfið, kýldi Tomb Raider í mallann og sagði að hún væri glataður flugmaður sem hún ku víst hafa tekið mjög nærri sér hún Jolie. Mú hahahah hafðu það maneater you*!




## 3

Annars er hún bara sæt hún Jolie ég segi það ekki, það er varla hægt að segja annað en kannski tad* grönn en það er svo sem ekkert nýtt en Brad er lookin mighty fine* hérna að styðja kelluna sína á frumsýningunni fyrir The Good Shepard - mikið búið að drulla yfir kjólinn hennar en ég skil ekki alveg af hverju mér finnst hann bara helvíti finn miðað við svona það sem hún hefur áður látið sjá sig í áður.



## 4

Það er aðeins hægt að grenja úr hlátri þegar horft er á nýja pótentíalinn* hennar Brit Brit - ég hélt að ég myndi aldrei segja þetta en go back to K-Fed girl* - JR Rotem is fug like the day is long girl!! Jesús minn þetta er ekta svona túrista kani sem við þekkjum á Laugaveginum úr 100 metra fjarlægð í stóru Raiders úlpunum, ljós-bláu ógeðs-gallabuxunum sem virðast ekki taka mark á því að þær eiga ekki að fara lengra en um mittið! Total disregard to the croch area* - og hann er líka í framan eins og hann sé búin að elta kyrrstæðan bíl í marga daga - ok hann er kannski ekki svona ómögulegur en shiiiiiiii girl K-Fed var þó alla vega hunk*! Þú hlýtur að geta gert eitthvað betra en þetta.. en þetta er vissulega betra en að veifa kjötgluggatjöldunum* þínum út um allt!



## GLÓSUR – LÆRÐU LINGÓIÐ

**Let´s get crackin on dis mutha** Drífum okkur í þessum andsk...

**Nic the stick** Nicole Ritchie - kölluð þetta vegna þess hversu grönn hún er

**Hellluð á því** Full, drukkin, undir áhrifum einhvers

**Joel Madden x-inu hennar Hilary Duff** Söngvarinn í Good Charlotte og popp-stelpan Hilary Duff hættu saman fyrir korteri síðan og Nic the stick er bara búin að koma sér fyrir í fanginu á honum

**Vicodini og búin að vera reykja skunk** Vicodin er sterkt verkjalyf og að reykja skunk er að neyta kannabisefna

**Sober og dandy** Edrú og hress

**Lollann í brókunum** Að hafa misst saur sökum æsings

**Maniston** Jennifer Aniston er kölluð þetta því hún er með mannakjálka

**Maneater you** Mannæta - sagt um konur sem ræna mönnum úr hjónaböndum/samböndum

**Tad** Aðeins, örlítið

**Lookin mighty fine** Lítur ansi vel út kallinn

**Pótentíalinn** Vonbiðill, tilvonandi kærasti

**Brit Brit** Britney Spears

**Go back to K-Fed girl** Farðu aftur til K-Fed

**JR Rotem is fug like the day is long girl** Þessi náungi er jafn-ljótur og dagurinn er langur

**Total disregard to the croch area** Fullkomið skeytingarleysi gagnvart klof-svæði

**Hunk** Flottur, sætur

**Capital dauðasynd** Höfuðsynd í tískumálum

**Veifa kjötgluggatjöldunum** Að vera að pípóla um bæinn nærfatalaus

**Alter egó-i** Annað sjálf, yfirskin til að fela sig á bak við, afar hentugt

**SVEPPUR** Lúði, sveppur fer með lúðann á annað og æðra plan, ef mikill sveppaskapur er á ferð þá erum við að tala um sveppasúpu/ost

**Aren´t we lookin a bit poofy these days** Erum við ekki eitthvað bólgnar þessa daganna …

**Blohan** Lindsay Lohan

**Heavy binge drinkin and drugs** Drykkjutarnir og eiturlyfjaneyslu

**Hence the poofy -ness** Þess vegna er hún bólgin því eitrið er að fara út úr kroppnum á henni

**Yada yada yada** Bla bla bla

**Factory girl** Mynd sem gerist í kringum Andy Warhol og gengið í kringum hann

**Mega fug** Afar ófríður

**Ohh booo fuckin hooo** Ohh ææææ og hvað með það

**A-týpu** Metnaðarfullar, duglegar, fallegar, framagjarnar, gengur vel

**Stafrófskatagoríuna** Að vera það aftarlega í röðinni að þú kemst ekki að fyrr en eftir stafinn „Ö" þegar verið að er að raða í fegurðarstuðulinn.

**Pöpulnum** Sótsvartur almúginn

**Age old story** Aldagömul saga sem breytist

**Contrary to popular belief** Þrátt fyrir útbreidda trú á því

**Bling** Íburður og læti

**Skanky hoes** Ljótar tuðrur, druslur, glyðrur

be sure to check me out á www.dd-unit.blogspot.com

## 5



### FLAME THROWER CANDIDAT VIKUNNAR!

Engin önnur en dívan hún Beyoncé sem fer alveg gífurlega í mig þessa vikuna - aðallega vegna þess að hún er með sama lit í augnskugganum og kjóllinn sinn sem er capital dauðasynd* í tískugeiranum og mínum augum! iiiiewwwwuuuu þetta er nottlega bara bannað í EES-og Evrópusambandsríkj-um. Eli Saib kjóllinn er ágætur en ég er tæp fyrir baby-bláu, vibba litur sem gerir engum greiða. Annað sem setti hana á listann í vikunni er alter egó-ið* hennar Sasha - guð ég titra af aulahrolli - hún segist ekki vera sú sem kemur fram né vera sexý og díva með vesen, allir sem þekki hana viti það að þetta er ekki Beyoncé - þetta er Sasha... ehhh allir saman nú SVEPP-UR*!!!! Svo var hún víst leiðinleg við stelpurnar með sér í Dreamgirls... var alveg með dívustælana, ég á eitthvað bágt með að trúa því en ok ég bý alveg til fréttirnar!

## Topp 10 stystu celebb hjónaböndin:

**10.** Liza Minnelli & David Gest skildu eftir tæpt ár - sælla minninga

**9.** Jennifer Lopez & Cris Judd skildu eftir að hafa verið saman í tæpa 10 mánuði

**8.** Drew Barrymore & Tom Green skildu eftir 5 mánaða hjónaband .

**7.** Renee Zellweger & Kenny Chesney sóttu um ógildingu hjónabands eftir tæpa 4 mánuði

**6.** Marshall Mathers III (Eminem) & Kim Mathers skildu eftir 90 daga hjónaband þegar þau giftu sig í seinna skiptið

**5.** Lisa Marie Presley & Nicolas Cage rétt þraukuðu þrjá mánuði og skildu svo

**4.** Ali Landry & Mario Lopez kúkaði á sig og hélt framhjá og þau voru skilin eftir tæpa tvo mánuði

**3.** Cher & Gregg Allman skildu eftir einungis níu daga hjónaband

**2.** Britney Spears & Jason Alexander skildu eins og frægt var eftir 55 tíma hjónaband

**1.** Robin Givens, fyrrverandi hans Tysons & Svetozar Marinkovic's, skildu sama dag og þau giftu sig, ahhh ææ

# WHO CARE´S FRÉTTIR!

Aren´t we lookin a bit poofy these days*! En Blohan* getur víst prísað sig sæla að vera ekki Nic the Stick en hún er hérna í Stellu McCartney samfesting að stinga af AA-fundi en stelpan er víst búin að vera aktífur meðlimur í 1 ár – þrátt fyrir heavy binge drinkin and drugs* en batnandi manni er best að lifa og núna er hún búin að sjússa sig í um 10 daga hence the poofy -ness* veiii gott hjá stelpunni! Enda vill hún eflaust ekki enda eins og tuðran hún Anna Nicole Smith útúrpilluð og klikkuð á því – en við vitum aldrei, kannski verður Blohan næsta Tara Reid.



Hún Sienna Miller er jú voðalega hugguleg snót en ég er samt eitthvað þreytt á henni og að hún sé eitthvað að opna sig í blöðum útum hvippinn og hvappinn um hvað það fokkaði henni upp að hafa gengið í gegnum þetta bull með Jude Law og yada yada yada* en auðvitað hefur hún kannski ekki beint frá meiru að segja í bili – hún er ekkert búin að vera að gera neinar rósir í myndunum sínum en það er aldrei að vita hvort Factory girl* muni ganga vel – við vonum það alla vega svo hún geti hætt að hanga í jakkalöfunum á fræga fyrrverandi kærastanum sínum.



Og talandi um Jude.. er það ég eða er hann orðin mega fug*?Hann er núna alltaf að væla um að hann sé ekki að þéna neinn Brad Pitt pening og að skilnaðurinn við Sadie hafi farið illa með hann fjárhagslega ohh booo fuckin hooo* - þú svafst hjá forljótu fóstrunni þinni og með Siennu upp á arminn á sama tíma - hvað er þetta með menn sem eru með A-týpu* konum að halda framhjá með konum sem komast ekki einu sinni í stafrófs-catagoríuna*? Alveg með ólíkindum - en auðvitað að kannski þurfa þeira að gera sig breiða fyrir pöpulnum af því þeir eru jafnir topp-gellunum sem þeir eiga heima? Age old story...



Contrary to popular belief* þá eru Ryan Gosling og Rachel McAdams, sem fóru á kostum í The Notebook, ekki hætt saman heldur þvert á móti þá eru þau víst bara að fara smella sér í hnapphelduna - jamm og það helst bara í rólegheitum og ekkert bling* og læti. Vinkona mín sá hann nú reyndar í Las Vegas í sumar og fór nú heldur ófögrum orðum um þennan dreng sem ég hef haft regluleg-ar mætur á en hann var víst í sama filing og Jude, umvafin skanky hoes* sem vinkona mín gaf sér að voru vændiskonur en seldi það nú ekki dýrara en hún stal því. DD-unit óskar þeim góðs gengis og vonum að þau haldast gift lengur en fólkið á listanum hérna á síðunni!




JACK BLACK
NACHO LIBRE
WIDESCREEN
SPECIAL COLLECTOR'S EDITION
JACK BLACK
NACHO LIBRE
HE'S NACHO AVERAGE HERO
KOMIN Í VERSLANIR OG Á LEIGUR Á DVD.
SAM MYNDIR

TEKINN

## BJÖRGVIN HALLDÓRSSON VAR ILLA TEKINN Í SMÁRALINDINNI

# Krakkinn er óþolandi!

Björgvin Halldórsson var búinn að segja Audda að það yrði ekki hægt að hrekkja sig. Það efldi okkar mann að sjálfsögðu til dáða og að lokum var látið til skarar skríða í Smáralindinni. Platplötuáritun var sett á svið og Bó mætti til að hitta aðdáendur sína. Það á meðal reyndist vera ung stúlka.







**1 LADA SPORT**
**A Night in Christmastown**
„Jólasveinarnir í Lödu Sport eru hér með eitt af betri jólalögum ársins 2006. Ég gerði mér reyndar ekki grein fyrir því að það væru að koma jól fyrr en ég heyrði þetta.“



**2 WOLFMOTHER**
**White Unicorn**
„Næsti singull frá Wolfmother er svona jolly/stoner rokk sem kemur manni í gott skap.“



**3 120 DAYS**
**Sedadet Times**
„Norsku frændur mínir í hljómsveitinni 120 Days eiga hug minn allan þessa daganna. Þetta er svona indie útgáfa af AHA, það getur ekki klikkað.“



## KRISTÓFER HELGASON SELUR LEIKFÖNG FYRIR STRÁKA

# Þú þarft bara að muna eftir þumalputtanum

„Þetta mætti flokka sem leikföng fyrir stráka á öllum aldri,“ segir útvarpsmaðurinn Kristófer Helgason um vörur sem hann selur í gegnum heimasíðu sína, www.khelgason.is. „Þarna eru inni á milli verkfæri fyrir fagmenn. Til dæmis ljós sem útivistar- og jeppakallar nota á hálendi. Og í raun allir sem þurfa annaðhvort að lýsa upp eða sjá í myrkri,“ segir Kristófer sem býður einnig upp á nætursjónauka í hæsta gæðaflokki.

„Þetta er bara svona aukabúgrein hjá mér. Sjálfur er ég mikill tækja- og græjukall og hef haft augun opin fyrir skemmtilegum hlutum. Þegar maður svo rekst á eitthvað sniðugt langar mann að kynna það fyrir öðrum.“

Kristófer segir sumt dótið eldra en annað nýrra. Hann er með umboð fyrir allar þessar vörur á Íslandi en sumar eru eingöngu seldar hjá viðurkenndum söluaðilum. Eitt af því sem vakti mikla athygli Sirkus var hinn svokallaði Sleeptracker. Þetta er úr sem skynjar þegar fólk fer úr djúpsvefni í léttsvefn og vekur þig á hárréttum tíma. „Eins og flestir vita er slæmt að vakna í mjög djúpum svefni og þá er maður bara með höfuðverk og þreyttur það sem eftir lifir dags,“ segir Kristófer sem sjálfur notar Sleeptrackerinn og segir þetta svínvirka.

„Þetta var meðal annars valin uppfinning ársins hjá Time Magazine árið 2005“ Einnig er Kristófer með fingrafaralásinn sem vakið hefur mikla athygli. „Þetta er bara svona lesari sem les fingraför. Nú þarftu ekki lengur að muna eftir lyklunum. Það eina sem þú þarft að muna er að hafa puttann með og það eru litlar líkur á að þú verðir viðskila við hann, það hefur þó gerst.“



**Kristófer Helgason** Með hluta af varningnum sem hann selur á heimasíðu sinni, khelgason.is.




**1 CHRIS CORNELL**
**You Know My Name.**
Frábært lag frá söngvara Soundgarden og aðallag kvikmyndarinnar Casino Royal, sem sagt James Bond-lagið. Með því besta sem er í gangi í dag.



**2 SPRENGJUHÖLLIN**
**Tímarnir okkar**
Ungliðarnir í dag í íslenskri tónlist, mig grunar að þetta lag komi til með að ná griðarlegum vinsældum á komandi vikum.



**3 FEDDE LE GRANDE**
**Put your hands up for Detroit**
Loksins kominn almennilegur dans-smellur. Búinn að bíða lengi eftir svona lagi.



## Hlustaðu á þetta ...

Útvarpsþátturinn Frank blæs til veglegrar veislu á mánudaginn. Þátturinn hóf göngu sína snemma á þessu ári og þar sem árið er brátt liðið í aldanna skaut þýðir það bara eitt. Tími til þess að gera upp árið 2006! Já, þið heyrðuð rétt, ársuppgjör Útvarpsþáttarins Franks verður næsta mánudag frá 20-24 (átta til miðnættis fyrir þá sem skilja ekki tölustafi)! Já í heila fjóra tíma! 10 bestu íslensku plöturnar og 25 bestu erlendu plöturnar!!! Alls 35 plötur!!! Allir búnir í prófum, enginn að vinna og ekkert að gera annað en að hlusta á uppáhalds útvarpsþáttinn ykkar! Hver skaraði fram úr, hver sökkaði (nei annars það verður ekkert um það, bara þeir bestu í útvarpsþættinum Frank)!



## Kvikmyndakritik í Sirkus

### Hágrátið yfir The Holiday ★★☆☆

Áður en fjallað er um kvikmynd eins og The Holiday er vert að gera sér grein fyrir því að henni er leikstýrt af konu sem státar af því að hafa leikstýrt myndum eins og What Women Want og Parent Trap. Og þegar ég meina státar af þá meina ég að því er beinlínis hampað í ýmsu kynningarefni sem myndinni fylgir. Ég hefði frekar haldið að PR menn myndu leggja sig í líma við að eyða hugsanlegum tengingum við þær hörmungar. En svo er ekki.

The Holiday er náttúrlega líka bara þannig mynd. Hún fjallar um tvær konur sem hafa brennt sig á karlmönnum en finna sanna ást í öðru landi. Ekkert flókið, bara krúttlegt. Og líklega eitthvað sem flestar konur hafa látið sig dreyma um þegar þær fá upp í kok af þursunum hér á Fróni.

Án þess að gefa of mikið upp verður Cameron Diaz ástfangin af Jude Law og Kate Winslet af Jack Black. Hvað annað? Mynd sem skartar svona leikurum verður náttúrlega aldrei léleg. Of mikið af bransafólki hefur verið sigað á verkefni og of mörgum peningum búið að eyða. Og svo eru þetta líka allt svo ljómandi fínir leikarar. En svona myndir verða líka aldrei virkilega góðar. Þær þurfa að þjóna of mörgum til að geta nokkurn tímann náð almennilega í gegn til áhorfenda. En hvaða máli skiptir það svo sem? The Holiday er bara fín afþreying. Og svo var mér sagt að vinkonur mágkonu vinar míns hefðu hágrátið yfir Jude Law. Ekki er það ónýtt. Ég mæli því hiklaust með henni fyrir stráka sem eiga kærustur og stelpur sem eiga vinkonur. Aðrir skulu fara að sjá á eitthvað annað.

*Andri Ólafsson*



## Sjáðu þetta ...



Benni Hemm Hemm heldur útgáfutónleika í Tjarnarbíói í kvöld og fagnar útkomu nýju breiðskífu sinnar Kajak, sem er annar diskur sveitarinnar. Platan hefur hlotið frábærar viðtökur en sveitin er nýkomin heim úr tónleikaferðalagi frá Bretlandi og Japan. Einungis eru 200 miðar í boði og kostar þússara. 12 tónar redda þessu. Einnig koma fram Skakkamange, Retro Stefson og Hjaltalín. Byrjar 20.30.



PSP
leikjaúrvalið er í BT
EINNIG FÁANLEGIR ALLIR BESTU ÍÞRÓTTALEIKIRNIR!
Spilaðu alla uppáhaldsleikina þína hvar sem er, hvenær sem er!
FIFA 07
4.999
TIGER WOODS PGA TOUR 07
4.999
NBA LIVE 07
4.999
FRÁBÆRIR LEIKIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!
LocoRoco
4.999
Daxter
4.999
Scooby-Doo! Who's Watching Who?
4.999
LEGO Star Wars II The Original Trilogy
4.999
...OG SVO ALLIR ÞESSIR!
Killzone Liberation
4.999
Dark Mirror
4.999
Gangs of London
4.999
Tekken
4.999
Carbon
4.999
Ridge Racer 2
4.999
MotoGP
4.999
PSP
í jólapakkann
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# Tónaðu hlaupið




Tónaðu:
Veldu þér markmið og stilltu inn þína tónlist.
Hlaupið:
Skynjari sendir þráðlaust úr sérstöku hólfi á Nike+ skóm í iPod nano
allt um tíma, vegalengdir, hraða og brennslu í hlaupinu.
iPod nano segir þér frá því.
Tengdu:
iPod nano við tölvuna þína og afköstin flytjast sjálfkrafa inn á þitt eigið svæði á nikeplus.com

Fáanlegt í Útilíf og Sportver

nikeplus.com

# Óviðræðuhæf fram á þriðja í jólum

***Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona vill helst fá bækur í jólagjöf.***

Hera heldur jólin venjulega heima hjá foreldrum sínum. „Ég hef alltaf verið hjá þeim á aðfangadag, nema þegar ég hef búið erlendis,“ segir hún og bætir við að fjölskyldan eigi sér ákveðnar jólahefðir. „Á aðfangadagsmorgun byrjum við alltaf á því að ryksuga og skúra og mamma setur upp hangikjötið svo komi jólalykt í húsið. Síðan förum við í kirkjugarðinn og setjum kerti og kransa á leiðin. Klukkan sex förum við mamma venjulega og syngjum í messu einhvers staðar, en það er misjafnt hvar það er og svo borðum við jólamatinn sem er svínakótelettur og heimatilbúið rauðkál á la mamma. Eftir að búið er að opna pakkana drekkum við heitt kakó, borðum kökur og konfekt og horfum á tónleikana í ríkissjónvarpinu, nema ef við mamma förum aftur að syngja í messu, sem hefur stundum gerst. Enda erum við yfirleitt alveg búnar á jóladag og tökum það rólega, nema við séum líka að syngja í messu þá,“ segir hún og hlær.

Á jóladag er hangikjötið sem sett er upp á aðfangadag borðað. „Mamma kaupir alltaf eitthvert gott hangikjöt og svo fáum við sent alveg ekta íslenskt heimareykt hangikjöt úr sveitinni. Með því borðum við aftur heimalagaða rauðkálið hennar mömmu, uppstúf, kartöflur, laufabrauð og svona. Svo er bara legið og lesið eða spilað.“

Hera segir að henni finnist mjög gaman að fá bækur í jólagjöf. „Systir mín er dugleg að gefa mér bækur og mér finnst það æðislegt. Ég hef fengið Arnald Indriða síðustu ár þannig að ég er yfirleitt óviðræðuhæf fram á þriðja í jólum. Þessum tíma á að eyða í að lesa og borða og gera ekki neitt.“

Þótt Heru finnist gaman að borða góðan mat með fjölskyldunni um jólin er hún hins vegar á því að jólasmákökurnar eigi að klára fyrir hátíðirnar. „Smákökurnar á að borða í desember, ekki að geyma þær fram að jólum því þá eru þær bara fyrir og fara aukalega ofan í mann og skapa vandræði. Það er bara nóg að eiga nokkrar sörur eftir í frystinum handa gestum,“ segir hún og hlær.

*- eö*



Heru finnst að jólunum eigi að eyða í að lesa, borða og gera ekki neitt.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bókamerkilegir jólasveinar

***Jólabækurnar rjúka út af bókasöfnunum fyrir jólin og á Akranesi fylgir jólasveinn með.***

Margir leggja leið sína á bókasafnið í desember til að fá lánaðar nýjar bækur eða önnur safngögn. Á Akranesi fá bókaormarnir óvæntan glaðning. Nú eru jólasveinarnir að tínast til byggða og hefur Bókasafn Akraness fengið unga listakonu á Akranesi, Sylvíu Dröfn Björgvinsdóttur, til að búa til falleg jólabókamerki, eitt fyrir hvern jólasvein og verða þau sett í bækur sem lánast út fyrir jólin.



jólasveinarnir leggja sitt af mörkum til að auka bóklestur fyrir jólin.

Myndirnar á bókamerkjunum eru að sjálfsögðu af hinum gömlu góðu íslensku jólasveinum og á vefsíðu Þjóðminjasafns Íslands eru fróðlegar upplýsingar um hvern og einn þeirra.

## Jólalagið

BJART ER YFIR BETLEHEM

Bjart er yfir Betlehem
blikar jólastjarna.
Stjarnan mín og stjarnan þín,
stjarna allra barna.
Var hún áður vitringum
vegaljósið skæra.
Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa kæra.

Víða höfðu vitringar
vegi kannað hljóðir
fundið sínum ferðum á
fjöldamargar þjóðir.
Barst þeim allt frá Betlehem
birtan undur skæra.
Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa kæra.

Barni gjafir báru þeir.
Blítt þá englar sungu.
Lausnaranum lýstu þeir,
lofgjörð drottni sungu.
Bjart er yfir Betlehem
blikar jólastjarna,
Stjarnan mín og stjarnan þín
stjarna allra barna.

*Ingólfur Jónsson*





Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu
ANNA MARÍA DESIGN GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is

Purga-T
sjálfvirku slökkvitækin fyrir sjónvörp
• Alltaf á vakt
• Slekkur eldinn strax
• Fullkomlega öruggt
• Fæst í verslunum um land allt
H. Blöndal ehf.
Sími 517 2121 / www.hblondal.is

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

MABEF Listalagerinn
Mikið úrval af listmálaravörum
Maimeri dal 1923 Made in Italy
JÁRN&GLER
Járn og Gler ehf - Skútuvogur 1H
Barkarvogsmegin - S : 5858900
www.jarngler.is



Eggert feldskeri fer aldrei úr náttfötunum á jóladag en ætlar að klæða sig upp í kvöld þegar hann syngur á tónleikum í Grafarvogskirkju með kórnum sínum Vox academica. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Syngur inn jólin með Bach

*Eggert Jóhannsson feldskeri kemst í jólaskap við tónlist og matarilm.*

„Það sem kemur mér í jólastuð er lagið Ó helga nótt sem Jussi Björling syngur," segir Eggert sem heyrði lagið fyrst þegar hann var í námi í Svíþjóð. „Þetta er jólalag sem er mikið spilað þar í landi og það er svo fallegt að ég táraðist þegar ég heyrði það í fyrsta sinn," segir Eggert sem hlustar á lagið minnst tvisvar á aðfangadag meðan hann matreiðir jólamatinn.

Annað sem kemur Eggerti í jólaskap er ilmurinn af villtri bráð á aðfangadagskvöld en Eggert ólst upp við það að fá rjúpu á jólunum. „Ég er þó hins vegar farinn að elda hreindýr í seinni tíð," segir hann og dregur saman í eina setningu það sem jólin snúast um í hans huga. „Falleg tónlist, gott skap og góður matur," segir hann og bætir einu við. „Ein jólahefð hefur verið hjá mér í seinni tíð og það er að fara ekki úr náttfötunum á jóladag og ef einhverjir vilja heimsækja mig tek ég bara á móti þeim á náttfötunum," segir hann glettinn.

Mikið er að gera hjá feldskeranum fyrir jólin en hann gefur sér þó glaður tíma til æfinga með kór sínum Vox academica sem heldur aðventutónleika sína í kvöld klukkan átta í Grafarvogskirkju. Á dagskránni eru verkin Magnificat eftir Bach og Messías eftir Händel. Eggert hefur verið í kórnum í fjögur ár en ástæða þess að hann gekk til liðs við hann var hestaferð sem hann fór ásamt kórstjóranum Hákoni Leifssyni. „Þegar ég heyrði hvað honum var mikið niðri fyrir þegar hann talaði um kórinn og tónlist langaði mig til að vera hluti af þessu og sé ekki eftir því enda er hann óskaplega metnaðarfullur og það er gaman að vinna með fólki sem hefur metnað til að gera eitthvað gott," segir Eggert og er hrifinn af jólastemningunni í verkunum sem hann syngur í kvöld. „Hákoni hefur alltaf tekist að fá einsöngvara með okkur sem henta vel í þau verk sem við erum að syngja og eftir að hafa heyrt í þeim og hljómsveitinni í vikunni hlakka ég ógurlega til að syngja þessa tónleika."

Fjölskyldu spilið
Nýtt 2006 útgáfa
Trivial Pursuit™
GENUS-ÚTGÁFA
-hið sígilda spurningaspil um almenna þekkingu með 2400 nýjum spurningum
STÓRA TRIVIAL ÁSKORUNIN
Taktu þátt og þú gætir unnið nýtt Trivial Pursuit™ Genus í spennandi leik á www.leikco.is
Vinningshafar verða dregnir út á Bylgjunni.
Nánari upplýsingar um vinningshafa eru veittar á www.leikco.is
Vinsælasta fróðleiksspilið í heiminum
2400 nýjar spurningar

## jólaskrautið }

# Gersemar Íslands með gylltri húð

GULLHRINGURINN Á ÍSLANDS HÖND ER ORÐINN AÐ FALLEGUM JÓLAÓRÓA.

Uppsprettan að þessu fallega jólaskrauti er Gullni hringurinn svokallaði, dagsferð þar sem farið er á Þingvelli, Gullfoss og Geysi og ýmsar aðrar náttúruperlur íslenskar skoðaðar á leiðinni. Valdís Jóhannsdóttir er hönnuðurinn og Gullni hringurinn er fyrsti óróinn í röð óróa sem hún kallar Gersemi Íslands eða Iceland treasures og hún stefnir á að búa til svona óróa fyrir allt Ísland. „Mig langar að búa til óróa fyrir þessa helstu staði á Íslandi, einn fyrir hvern landshluta og sérstaka staði þar." Valdís stefnir á að gera að minnsta kosti einn óróa á ári, jafnvel fleiri. „Ég vona að ég verði komin með sex mismunandi fyrir vorið en væntanlegir eru bæði Bláa lónið og Víkingaþorpið í Hafnarfirði.

Gullni hringurinn er húðaður með 24 karata gulli en stefnan er að óróarnir fáist bæði með gull- og silfurhúðun. Valdís vinnur þetta í samvinnu við bandarískt fyrirtæki en hugmyndin kviknaði á ferð um Bandaríkin. „Við fjölskyldan vorum á ferðalag fyrir ári síðan og keyptum svona minjagripi af þeim stöðum sem við heimsóttum. Og ég fór að hugsa; af hverju ekki að gera svona fyrir Ísland líka? Ég held að það hafi tekist að koma með skemmtilega útfærslu og nýja hugmynd, bæði fyrir ferðamenn og Íslendinga."

Óróarnir eru til í helstu minjagripaverslunum eins og Rammagerðinni og Islandia og svo þessum helstu ferðamannastöðum í kringum Gullna hringinn. Garðheimar og Jólahúsið eru með hann til sölu líka og er verðið kringum 1.250 krónur. Hægt er að hafa samband við Valdísi í gegnum netfangið enomatic@enomatic.is



Valdís Jóhannsdóttir stefnir á að gera marga óróa í viðbót af náttúruperlum Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Gullni hringurinn er nú greyptur í óróa.

# Jólasveinar níu og þrettán

*Fjöldi jólasveinanna hefur ekki alltaf verið sá sami og óljóst hvernig stendur á því.*

Eins og allir vita eru jólasveinarnir þrettán og heita Stekkjastaur, Giljagaur, Stúfur, Þvörusleikir, Pottaskefill, Askasleikir, Hurðaskellir, Skyrgámur, Bjúgnakrækir, Gluggagægir, Gáttaþefur, Ketkrókur og Kertasníkir. Fjöldi þeirra bræðra hefur þó eitthvað verið á reiki og áður fyrr voru þeir taldir vera níu, eins og fram kemur í laginu Jólasveinar einn og átta. Nöfn bræðranna hafa heldur ekki alltaf verið þau sömu því samkvæmt Þjóðsögum Jóns Árnasonar hétu sveinarnir einhvern tímann Gáttaþefur, Gluggagægir, Pottasleikir, Pönnuskuggi, Guttormur, Bandaleysir, Lampaskuggi og Klettaskora þegar þeir voru aðeins níu talsins.

Ástæðurnar fyrir þessu misræmi eru óljósar en ýmislegt getur komið til. Áður fyrr voru jólasveinarnir náttúrulega ekki jafn viðkunnanlegir og mannblendnir og reyndu helst að gera fólki grikk án þess að láta mikið á sér bera. Því getur verið að aldrei hafi almennilega verið hægt að kasta á þá tölu og að nöfnin hafi ekki öll komist almennilega til skila.

Annar möguleiki er sá að Grýla og Leppalúði hafi ákveðið að eignast nokkra sveina í viðbót á efri árum og þessir sem koma ekki lengur til byggða hafi horfið til annarra starfa því það er jú margt sem jólasveinar geta tekið sér fyrir hendur.

- eö


Hugsanlegt er að einhverjir jólasveinar hafi tekið sér eitthvað annað fyrir hendur en að gefa börnum í skóinn.




## á jóladöfinni }

**15.DESEMBER**

**Þvörusleikir** kemur í Þjóðminjasafnið kl. 11.

**Kammerkórinn Vox Academica** heldur árlega aðventutónleika sína í Grafarvogskirkju og hefjast þeir klukkan átta. Flutt verða verkin Magnificat eftir Johann Sebastian Bach og Messías eftir George Friedrich Händel. Kórnum til viðbótar verða Camerartica og einsöngvararnir **Hallveig Rúnarsdóttir** sópran, **Lilja Eggertsdóttir sópran**, **Sesselja Kristjánsdóttir** alt, **Þorbjörn Rúnarsson** tenór og **Ágúst Ólafsson** bassi.



Tuttugustu og áttundu jólasöngvar **Kórs Langholtskirkju** verða haldnir klukkan ellefu. Auk Kórs Langholtskirkju syngur **Gradualekór Langholtskirkju** á tónleikunum. Einsöngvarar í ár verða **Eivör Pálsdóttir, Bragi Bergþórsson og Ólöf Kolbrún Harðardóttir**. Jólalag Eivarar Pálsdóttur, sem hún samdi síðastliðið ár og sló eftirminnilega í gegn, verður endurflutt og Eivör er að semja nýtt lag sem frumflutt verður á jólasöngv-unum. Stjórnandi er Jón Stefánsson.



## Jólapakkamót Hellis

TAFLFÉLAGIÐ HELLIR HELDUR UNGLINGASKÁKMÓT Á SUNNUDAGINN

Jólapakkamót Taflfélagsins Hellis, verður haldið í tíunda sinn á sunnudaginn. Skákmótið er iðulega best sótta unglingaskákmót hvers árs, en í fyrra tóku um 150 skákmenn þátt.

Borgarstjórinn í Reykjavík Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, setur mótið og leikur fyrsta leik þess. Mótið hefur unnið sér fastan sess í skáklífi landsmanna en margir ungir og efnilegir skákmenn og skákkonur hafa hafið sín fyrstu skákskref á Jólapakkamótinu.

Tefldar verða fimm umferðir með tíu mínútna umhugsunartíma á mann. Jólapakkar eru í verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki. Auk þess verður happdrætti með þremur jólapökkum í hverjum aldursflokki fyrir sig. Í lokin verður svo risahappdrætti þar sem öflugar skáktölvur verða meðal vinninga. Mótið er haldið í Ráðhúsi Reykjavíkur og hefst klukkan 13.00. Allar upplýsingar um skráningu má nálgast á www.hellir.com

Jólagjöf heimilisins fæst hjá ECC











Hjá ECC færðu jólagjöfina sem þú færð ekki annarsstaðar. Lofthreinsitæki frá LTK, nudd og hægindastóla frá Keyton og M-Class. Fótboltaspil og þythokkíborð frá Solex, rafmagnshitara frá Kemper og gashitara frá TMC.

ECC

ECC Bolholti 4 – Sími 511 1001

www.ecc.is

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI





Renault Kangoo nýskr. 05/2006, 1600cc, 6 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 18.000 þ. Verð 1.650.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**


Nýr Dodge Durango Limited 5,7 L Hemi, 340 hö., 7 manna, dökkblár, leður, lúga, allt rafknúið, flottustu hljómgræjurnar Km. mælir. Full ábyrgð. Þjónustaður af Ræsi. Til sýnis á staðnum. Fáránlega lágt verð. 4.190 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**


Nýr Mazda CX-7, árg. 2007, 2.3L. DISI 4cyl. Turbo og intercooled vél, 244 hestöfl, stöðuleikakerfi, spólvörn, 4x2, 18" álfelgur, hraðastillir, spoiler, stýris stilling fyrir útvarp og cd, TPMS dekkja loftþrýstings nemi o.fl. Verð. 3.990.000 kr. Uppl. í s. 565 2500. Fæst í fleiri útfærslum.

**X4 ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**


Volvo V70XC V-AWD, árg. 2002, ek.123 þús.km. Verð 2650 þús.kr. Áhv.2150 þús.kr.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17**
**www.100bilar.is**

Nýtt! Plast skúffa fyrir Dodge Ram með stuttum palli frá Duraliner. Upplýsingar í síma 565 2500.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

## Bílar til sölu


Renault Megane, árg. '00. Ek. 82þ. Verðtilboð 480þ. Uppl. í s. 849 3959.


Cherokee grand Ltd. árg. '01. Ek. 80 þ. m. Yfirtaka á láni sem stendur í ca. 1800 þ. Uppl. í s. 893 6513.



Jeep jólatilboð! Lægra verð og bílinn heim í flugi með Icelandair. Nýlegir Grand Cherokee 2005-2007 með nýja útlitinu frá Kr. 2.450.000. Liberty jeppinn frá kr. 2.190.000 benzín eða dísel. Nýjir Jeep frá verksmiðju frá Kr. 2.790.000. Hagstæður dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

Tilboð óskast í vélarvana Musso '97, tveir eigendur, nýleg heilsársdekk. Uppl. í s. 846 3430.

## 0-250 þús.

M.Colt árg.89 ek.86 þús. sk.'07. Verð 75 þús. Áhugasamir hafa samband í síma 894 5668 eða 694 7650.

Mitsubishi Lancer '89 sk.'07 nagladekk á felgum. Verð 35 þúsund. Uppl. í s. 695 7260.

Volvo 460 árg. '96, ek. 126 þús., ssk., toppeint., V. 175 þús. Nissan Almera árg. '96, nýsk., gott verð. S. 844 6609.

## 250-499 þús.


Gullfallegur Musso á jólatilboð 400 þús. stgr. Ásett verð 790 þús. Musso '97 2,9 dísel 5 gíra beinsk. Ek. 187 þús. breyttur fyrir 33", góður bíll, sk. '07. Uppl. í s. 846 1065. Ath. skipti.


Honda HRV '99, ek. 75 þús km, varð fyrir tjóni. Verð 300 þús stgr. S. 551 6374 & 602 1395.

## 500-999 þús.


Nissan Terrano II SE. Glæsilegur, 33 tommu breyttur, 7 manna jeppi. 1998, ekinn 128.000 km, kr. 875.000, ávílandi 675.000, álfelgur, topplúga, geislaspilari, hiti í sætum. Sími 898 3021.

## 1-2 milljónir


Til sölu glæsilegur Chrysler PT Cruser 11/12 2002. Ekinn 45.000. Ath sk. ódýrari Uppl. Höfðahöllinn sími 567 4840.


Nissan Almera '05, ek. 19 þús.km. ssk, vetrar-og sumardekk, álfelgur og spoiler. Verð 1.650 þús./áhvílandi 1.550 þús. Uppl. í 663 1020.


**Algjör Gullmoli !!!!!!**
Nissan Micra, árg. '05, ek. 8 þ., 5 gíra, Abs, Cd, sk. '08, ásett 1470þ., 100% lán 1399 þ., 820 0151.



Toyota jólatilboð! Lægra verð og bílinn heim í flugi með Icelandair. Nýr Toyota jeppi frá Kr. 3.390.000. Tacoma frá Kr. 1.990.000, 4Runner (Ameriskur Landcruiser) frá Kr. 3.790.000. Einnig RAV4 og HiLux 3.0 Turbo dísel sjálfskiptur með leðri og hlaðinn aukabúnaði. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.


**Bíll í sérflokki !!!**
Subaru Impreza GX, árg. '03, ek. 51 þ., 2,0, ssk., sk. '07. Ásett 1520 þ., möguleiki á láni, 661 8185.

## Jeppar


Toyota Land Cruiser 100 vx diesel, '99, ek. 171 þús., 35" breyttur, leður, TEMS, DVD, webasto aukamiðstöð o.fl. Uppl. í s. 893 0888.


Musso EL 2.9 '98 185 þús.km bsk., dísel sk. á fellihýsi 550 þús Áhv. 450 892 8809.


**Toppeintak!!**
Toyota Landcruiser GX árg.'05, ek.22 þús., aukasæti. Einn eigandi. Ásett 4.850. S.661 8185.

Til sölu Toyota Hi-Lux árg. '87, styttri gerð, 38" breytt, I.F.S. 2.2, bensín, túrbó, beinsk., sjúskað útlit, skoðuð og í lagi. Verð 40 þús. Uppl. í s. 862 2159.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Ford jólatilboð! Lægra verð og bílinn heim í flugi með Icelandair. Ford Explorer með nýja útlitinu 2006-2007 frá Kr. 2.690.000. Splúnkunýr frá verksmiðju Ford Explorer Sport-Track frá Kr. 2.750.000. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

## Pallbílar



Pallbíla jólatilboð! Lægra verð og bílinn heim í flugi með Icelandair. Nýjir Ford og Dodge pallbílar frá Kr. 1.990.000. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

## Sendibílar

Hyundai H-100 árg. '98, ek. 84 þús. Lítur vel út, er í góðu standi, skoðaður. Verð 280 þús. Uppl. í s. 899 0067 & 557 1100, Örn.

## Vörubílar



Eigum á lager mjög meðfærilegar gámasliskjur í gámabreidd, 6 tonna burðargeta. Verð: málaðar kr. 168.300- án vsk og galvaniseraðar 211.700- án vsk. Vélaborg Krókhálsi 5F, (gengið inn frá Járnhálsi) sími 414 8600.

## Mótorhjól


Harley 2003 svart afmælismodel til sölu 2,1. Ekið 2000 km Uppl. í síma 895 0747.

**Icebike.is auglýsir**
Hjólamenn og aðrir áhuga og fjölskyldumeðlimir jólagjöfin gæti leynst hjá okkur. Eigum að eiga flest allt fyrir hjólafólkið. Stór sem smá. S. 421 5452, Iðavellir 10. Reykjanesbæ.

## Hjólhýsi


**Jólagjafir fyrir húsbíla og hjólhýsa eigendur.**
Cramer gasgrill,hjólagrindur,Truma-Ultraheat borðbúnaður, pottar og pönnur. omfl. Skoðaðu úrvalið hjá okkur. Hobbyhúsið Dugguvogi 12 S. 517 7040 www.hobbyhusid.is

## Vinnuvélar



**Snjókeðjur**
Útvegum með stuttum fyrirvara snjókeðjur undir vinnuvélar. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Njarðarnesi 2 603 Akureyri, sími 464 8600.



Háþrýstidælur fyrir matvæla- og iðnfyritæki, Liprar og traustar þriggja fasa háþrýstidælur með þrýstingsstilli, 8 metra slöngu og 15 lítra hreinsiefnakút K500T, 190 bar, 780 l/klst, kr. 80.000- án vsk& K600T, 170 bar, 900 l/klst, kr. 93.000- án vsk. K750T, 210 bar, 900 l/klst, kr. 102.000-án vsk. Vélaborg Krókhálsi 5F, (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600.


Til sölu JCB super 4 árg 1997 Traktorsgrafa í góðu standi, 8512 vinnustundir. Skráningarnúmer EH-0506. Upplýsingar í síma 822 3440 Kjartan.

# Góðir hönnuðir,

Pipar auglýsingastofa óskar eftir að ráða grafíska hönnuði til starfa sem fyrst. Ef þú vilt slást í hóp framsækinna og ólíkra einstaklinga sem takast á við fjölbreytt, alþjóðleg og krefjandi verkefni þá höfum við áhuga á að hitta þig yfir kaffibolla.

Umsóknir skulu sendar á **umsokn@pipar.is** eða með pósti merktar „Halla Guðrún Mixa“ fyrir 18. desember næstkomandi. Fyllsta trúnaðar verður gætt í meðferð umsókna.

**STARFSLÝSING**

- *Hönnun og umsjón með auglýsingum*
- *Gerð auglýsingaefnis, bæklinga og markpósts*
- *Hugmyndavinna og þátttaka í auglýsinga- og markaðsherferðum*
- *Þátttaka í stefnumótun og vörumerkjaímynd*
- *Hönnun fyrir vef og grafíkvinna fyrir sjónvarp*

**HÆFNISKRÖFUR**

- *Háskólapróf í grafískri hönnun eða sambærilega menntun*
- *Starfsreynsla er æskileg*
- *Frumkvæði, metnaður, fjölhæfni og lipurð í mannlegum samskiptum*
- *Að geta haft mörg járn í eldinum samtímis*

Hjá Pipar auglýsingastofu starfa sérfræðingar á sviði sjónvarps- og útvarpsauglýsinga, almannatengsla, prenthönnunar, vefhönnunar, markaðsráðgjafar, viðburðastjórnunar ásamt birtingaþjónustu í samvinnu við Auglýsingamiðlun. Stofan tekur jafnt að sér heildræna sem afmarkaða þjónustu, allt eftir eðli viðskiptavina og verkefna. Stofan starfar mikið að alþjóðlegum verkefnum og hefur innanborðs starfsfólk frá mörgum þjóðlöndum. Breidd þeirrar þjónustu sem stofan veitir er þess vegna með því besta sem gerist á auglýsingamarkaðnum.

PIPAR

**Pipar auglýsingastofa**
**Tryggvagötu 17 / Hafnarhúsinu / 101 Reykjavík**
**sími 552 9900 / www.pipar.is**



GOTT FÓLK McCANN



# Ljóð í sjóð

Ernst J. Backman




## Njóttu listanna og styrktu gott málefni í leiðinni

Ljóð í sjóð er glæsilegt safn málverka og ljóða ásamt geisladiski með ljóðalestri og tónlist sem landslið íslenskra listamanna hafa gefið til styrktar MND félaginu, sjúklingum og aðstandendum þeirra. Listamenn hafa tekið höndum saman en nú er okkar að styrkja málefnið áfram. Bókin fæst á aðeins 3.000 krónur í Hagkaupum, Fjarðarkaupum, STUDIOos Rangárseli og á www.mnd.is

MND félagið styður við rannsóknir á taugasjúkdómnum MND sem og við þá sem fengið hafa sjúkdóminn og aðstandendur þeirra.

VIÐ VELJUM LÍFIÐ!
FINNUM LÆKNINGU VIÐ MND
www.mnd.is

**Lítið brot þess fjölda íslenskra listamanna sem koma að verkinu:**

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Andri Snær Magnason
Daði Guðbjörnsson
Edda Heiðrún Backman
Einar Már Guðmundsson
Eiríkur Smith
Elvar Guðni
Ernst J. Backman
Eyjólfur Kristjánsson
Gerður Kristný
Gísli Helgason
Guðmundur Rúnar Lúðvíksson
Gummi Jóns
Gunnar Dal
Gyrðir Elíasson
Helga Ármanns
Helga Unnars
Hildur Vala
Hörður Torfa
Hörður Þorsteinsson
Ingibjörg Haraldsdóttir
Jón Arnar
Jón Ólafsson
Karólína Lárusdóttir
Kristján Árnason
Magnús Þórarinsson
Margrét Ólafsdóttir
M. Waren
Páll Óskar & Monika
P. Klein
Pétur
Pétur Gautur
Rafn Jónsson
Ragnar Sólberg Rafnsson
Ragnheiður Gröndal
Ragnheiður Steindórsdóttir
Regína Ósk
Rut Gunnarsdóttir
Rúnar Júlíusson
Sálin hans Jóns míns
Sig. K. Arnarsson
Sigurður Óli
Sigurður Pálsson
Sigurður Þórir
Sólveig Eggerz
Steindór Hjörleifsson
Villi á Burstó
Víðir Ingólfur Þrastarson
Thor Vilhjálmsson
Tinna Rós Þorsteinsdóttir
Tolli
Þorsteinn frá Hamri
Þóra Ben
Þórarinn Eldjárn
og fleiri

## VISSIR ÞÚ...

... að 7 prósent af allri bygguppskeru á Írlandi eru notuð til að brugga Guinness-bjór?

... að 90% af C-vítamíninu í rósakáli glatast við suðu?

... að 96% af agúrku er vatn?

... að af matseðlinum á Subway er hægt að setja saman báta á tvo milljón vegu?

... að appelsínusafi auðveldar líkamanum upptöku járns úr fæðunni?

... að avókadó hefur fleiri hitaeiningar en nokkur annar ávöxtur?

... að á degi hverjum borða 7% Bandaríkjamanna á McDonalds?

... að á dæmigerðu kanadísku heimili fara 45% af vatnsnotkun heimilsins í klósettið og 51% til þrifa og þvotta? Afgangurinn, eða 4 prósent, er notaður til drykkjar.

... á dæmigerðum veitingastað fær viðskiptavinurinn mat fyrir 27 aura af hverri krónu sem hann lætur af hendi?

... að árið 1993 eyddi bandaríska ríkið 277 þúsund dollurum í „rannsóknir á súrkáli“?

... að bananar vaxa ekki á trjám heldur á rótarstöngli?

... að bananar vega að meðaltali 126 grömm?

... að Bandaríkjamenn eyða meira fé í kattamat heldur en barnamat?

... að baunir eru elsta tegund grænmetis sem nýtt hefur verið til manneldis?

... að bjórfroða hverfur ef maður sleikir fingurinn og stingur honum niður í bjórinn?

... að blár matur er ekki til. Meira að segja bláber eru fjólublá?

... að blár Ópal innihélt upphaflega klóróform?

... að chili-krydd er venjulega blanda af þurrkuðu chili, hvítlauksdufti, rauðum paprikum, óreganó og kúmeni?

... að Coca-Cola var fyrst selt í apóteki í Atlanta á 5 sent glasið?

... að Coca-Cola var upphaflega grænt?

... að danskir vísindamenn hafa komist að því að bjór smakkast betur ef hlustað er á ákveðna tóntegund um leið og hann er drukkinn? Besta tóntíðnin er mismunandi á milli bjórtegunda en sem dæmi má nefna að rétta tóntíðnin fyrir Carlsberg-bjór liggur á bilinu 510-520 Hz.

... að diet Coke var fyrst framleitt árið 1983?

... að dós af Diet Coke flýtur í vatni en dós af venjulegu kóki sekkur?

... að drykkjarvatn er um 3 billjón ára gamalt?

... að dökka kjötið á steiktum kalkún inniheldur fleiri hitaeiningar en hvíta kjötið?

... að Earl Dean hannaði kókflöskuna?

... að ef drukkið er vatn eftir máltíð minnkar það sýrumyndun í munni um 61%?

... að ef eggjum er snúið á diski halda þau sem eru harðsoðin áfram að snúast en ósoðin og linsoðin stöðvast?

... að ef Kínverjar flyttu inn 10% af þeim hrísgrjónum sem þeir borða í stað þess að framleiða þau sjálfir,myndi heimsmarkaðsverð á hrísgrjónum hækka um 80%?

... að ef miðað er við höfðatölu snæða Frakkar allra þjóða mest af osti?

*Heimild: Fánýtur fróðleikur, Sögur ehf. bókaútgáfa*

# DRAUMAHELGI

## *Stórir styrktartónleikar*

„Ég hæfi helgina í Pétursborg, þar sem ég skoðaði meðal annars málverk í Vetrarhöllinni ásamt manninum mínum,“ segir Soffía Karlsdóttir söngkona dreymin. „Við eyddum síðan rómantískri nóttu saman á Hotel Moskvu.“

Daginn eftir flygju skötuhjónin til Suður-Ítalíu, en Soffíu hefur lengi dreymt um að komast í sveitasæluna þar, vegna gómsætu tómatanna, þunga rauðvínsins og alls hvítlauksilmsins eins og hún orðar það sjálf. „Við færum í matarboð hjá ítalskri stórfjölskyldu við langborð hlaðið kræsingum, sætum síðan tvö saman og horfðum á sólsetrið þar til við sofnuðum.“

Soffía færi ekki á fætur fyrr en undir hádegi á sunnudegi þegar hún fengi mat, ávexti og ferskan humarkokteil, borinn í rúmið. „Síðan myndi ég vilja hafa alla vini mína í Hollandi með mér til Íslands þar sem ég héldi heljarinnar styrktartónleika fyrir þá sem eru bágstaddir hérlendis og fengi fullt af góðum skemmtikröftum til liðs við mig,“ segir hún. „Á Íslandi er fullt af fólki sem hefur það ekki gott um jólin og því um að gera að hjálpa þeim eftir fremsta megni. Mér finnst nefnilega í lagi að líta sér nær og gott að hefja nýtt ár með þá tilhugsun að leiðarljósi.“ *-rve*



SOFFÍA KARLSDÓTTIR SÖNGKONA HEFUR UNNIÐ HÖRÐUM HÖNDUM VIÐ GERÐ PLÖTUNNAR WILD HORSES. HÚN GÆTI ÞVÍ HUGSAÐ SÉR AÐ SLAPPA AÐEINS AF ÁÐUR EN HÚN HÉLDI STYRKTARTÓNLEIKA. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




# Fyrirtæki sem ríkisborgari?

**UMRÆÐAN**
Samfélagsábyrgð


HRAFNHILDUR RAGNARSDÓTTIR

Ef litið væri á fyrirtæki sem ríkisborgara gætum við heimfært þá samfélagsábyrgð, sem við teljum einstaklinga hafa yfir á fyrirtæki, og þannig vænst þess að það taki sömu siðferðislegu, félagslegu og umhverfislegu ábyrgð og skyldur sem krafist er af öllum eða flestum þjóðfélagsþegnum.

En hvernig getur fyrirtæki axlað slíka ábyrgð? Mikilvægt er að fyrirtæki setji sér siðareglur og geri samfélagsábyrgð að hluta af þeim fyrirtækisstefnum sem það ætlar sér að fylgja. Mjög mikilvægt er að stjórnendur fyrirtækis fylgist náið með að slíkum stefnum sé framfylgt og komi þannig í veg fyrir hvers konar brot á þeim. Slíkt gagnsæi og upplýsingaflæði tengist beint áhættustjórnun, sem hvert fyrirtæki ætti að hafa á takteinum.

Það skiptir sköpum fyrir fyrirtæki að tileinka sér sterkt viðskiptasiðferði. Þannig er hægt að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra innan fyrirtækis og langtímamarkmið vega þá þyngra en skammtímamarkmið. Sem dæmi, ef fyrirtæki stundar kaup og sölu, að eiga ekki viðskipti við þann aðila sem framleiðir vörur sínar undir annarlegum kringumstæðum þó það sé besta verðið þá stundina, og taka þar af leiðandi þá áhættu að skaða ímynd fyrirtækisins og mögulega framtíðarviðskipti, sem og auka óánægju starfsfólks.

Fyrirtæki getur tekið félagslega ábyrgð með því að ráða ekki til sín einsleitan hóp einstaklinga, heldur ráði meðvitað til sín fólk af báðum kynjum og ólíkum bakgrunni, sérstaklega er kemur að stjórnunarstörfum, og skapar starfsaðstæður sem tekur tillit til ólíkra þarfa einstaklinga/hópa. Slíkt eykur jákvæð viðhorf til fyrirtækisins og minnkar líkurnar á því að einn eða fleiri hópar þjóðfélagsins líti fyrirtækið hornauga.

Öll þurfum við að taka umhverfislega ábyrgð, jafnt einstaklingar sem fyrirtæki, svo samfélög okkar haldi áfram að vaxa og dafna. Fyrirtæki geta stuðlað að slíkri þróun með því að nota umhverfisvæna tækni og minnka losun úrgans og mengunar. Fyrirtækið stuðlar þannig að sjálfbærri þróun þess samfélags sem það starfar í, og heldur frekar í við hina hraðbreytilegu tækni. Það er í hag fyrirtækis að mynda sér heildstæða stefnu í þessum málaflokki og fylgi henni sterkt eftir. Fyrirtæki gæti t.d. styrkt háskóla eða námskeið sem viðkoma þeirra rekstri og þannig stuðlað að því að fá til sín hæft fólk, og á sama tíma styrkt sína viðskiptagrein. Eða byggt upp eigin sjóði og veitt styrki til vissra málaflokka. Þannig verður almenningur var við stefnu og störf fyrirtækisins og af því hlýtur fyrirtækið góða umsögn og jákvæð viðhorf í samfélaginu. Það mun ekki einungis auka aðdráttarafl þess og laða til sín starfsfólk, heldur einnig haldast betur á eigin fólki.

*Öll þurfum við að taka umhverfislega ábyrgð, jafnt einstaklingar sem fyrirtæki, svo samfélög okkar haldi áfram að vaxa og dafna.*

Umhverfisvæn starfsemi býr einnig til betra starfsumhverfi ekki bara fyrir starfsfólk heldur fyrirtækið og reksturinn í heild.

Kröfur almennings til einkageirans fara vaxandi og sífellt fleiri horfa til þess þegar keyptar eru vörur eða þjónusta, hvers konar fyrirtæki það er að eiga viðskipti við. Fjölbreytni meðal stjórnenda eykur skilning á þessum þáttum. Bættir viðskiptahættir þýðir bætt viðskipti og aukinn hagnaður. Stjórnendur ættu ekki að þurfa að hugsa sig tvisvar um. Það er mun ábatasamara að útfæra slíka fyrirtækjastefnu en að gera það ekki.

*Höfundur er ráðgjafi, PricewaterhouseCoopers.*

# *Börnin á götunni um jólin*

**UMRÆÐAN**
Guðrún Hulda Fossdal lýsir aðstæðum móður.

Einstæð móðir sem er 75% öryrki stendur frammi fyrir því að vera á götunni um jólin með börnin sín tvö.

Hún var í leiguíbúð áður en fjölskyldan fór á götuna, en vegna þess að leigusalinn seldi íbúðina þurfti hún að flytja. Frá því hún vissi að hún þyrfti að losa íbúðina hefur hún leitað að íbúð á frjálsum markaði en ekki fundið íbúð sem hún getur borgað af þar sem markaðurinn er mjög hár núna. Hún á rétt á auka húsaleigubótum en þær duga stutt þegar 4 herbergja íbúðir eru á um 120 þús á mánuði.

Félagsþjónustan hefur lofað henni íbúð hjá þeim og var hluti af loforðinu það að hún fengi íbúð áður en hún og börnin þyrftu að flytja svo þau myndu ekki fara á götuna. Nú er hún búin að skila íbúðinni af sér en engin íbúð er komin. Einu íbúðirnar sem henni stóðu til boða voru íbúðir á 3-4 hæð í lyftulausum húsum, þær gat hún ekki þegið vegna veikinda sinna.

Lausnin sem félagsþjónustan taldi sig hafa þá fundið var að hún færi inn hjá Félagi einstæðra foreldra en þar er allt fullt eins og er. Úrræði sem félagsþjónustan fann þá var að litla fjölskyldan færi á gistiheimili sem móðirin mynda greiða sjálf upp að þeirri upphæð sem hún var að greiða í leigu á íbúðinni sem hún var í en félagsþjónustan myndi greiða það sem færi yfir þá upphæð.

Hvorki móður né öðrum fannst það við hæfi að fara að bjóða börnunm upp á það að vera á gistiheimili þar sem allra er von.

Annað barnið er veikt og er heldur ekki hægt að bjóða því að vera innan um ókunnugt fólk.

Ekki er útlit fyrir að lausn finnist á þessu máli á næstunni og alls ekki fyrir jól.

Litla fjölskyldan flakkar því á milli vina móðurinnar á höfuðborgarsvæðinu með tilheyrandi erfiðleikum, börnin geta ekki umgengist vini sína í sínu skólahverfi og þarf að keyra börnin hverfana á milli til þess að þau geti stundað skólann.


TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090



JÓLAGJÖF SEM GETUR LÁTIÐ DRAUMA RÆTAST?

DREYMIR EINHVERN SEM ÞÚ ÞEKKIR STÓRA DRAUMA OG VANTAR AÐEINS HVATNINGU . . .

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA

VEGLEGASTA JÓLAGJÖFIN ER TIL FRAMTÍÐAR

Tónvinnslunám A Aðalnámsbraut Tónvinnsluskólans er tónvinnslunámið en skólinn fékk nýlega viðurkenningu **Digidesign** sem viðurkenndur **Pro Tools** skóli. Það hefur mikla þýðingu því að námi loknu fá nemendur Diploma, viðurkennt af **Digidesign**, upp á að þeir hafi lokið prófi í tónvinnslu. Þetta Diploma veitir nemendum því aðgang að framhaldsnámi í tónvinnslu erlendis. Jafnframt fá nemendur viðurkenningu fyrir þekkingu á **Reason** tónlistarforritinu.

Vinnuaðstaðan er í tveimur fyrsta flokks hljóðverum, RMP og Stúdíó Sýrlandi, auk tölvuvers Snælandsskóla.

Sjá betur á www.tonvinnsluskoli.is.

PRO TOOLS digidesign

DIPLOMA

SKRÁNING ER HAFIN

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ Í TÓNLISTARSKÖPUN OG HLJÓÐRITUN

Tónlistarsköpun og hljóðritun með heimilistölvu. Barna- og unglinganámskeið. Kennt er á hið einstaka **Reason** tónlistarforrit sem er þeim kostum gætt að það má nota í flestum venjulegum heimilistölvum. Það þýðir að ekki þarf að leggja út í aukakostnað svo að ungi snillingurinn fá notið sín, en þetta forrit nýtur jafnframt mikilla vinsælda meðal starfandi tónlistarmanna.

Námskeiðin fara fram í fullkomnum tölvuverum Foldaskóla og Snælandsskóla. Þar hefur hver nemandi sér tölvu til að læra á forritið með og fara síðan að vinna tónlist með aðstoð og undir handleiðslu kennara. Eftir námskeiðið geta krakkarnir bæði samið, tekið upp og unnið tónlist í sinni eigin tölvu heima við. 8 vikna námskeið, 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

propellerhead REASON

SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

# Stóriðjuskólinn í Straumsvík

UMRÆÐAN
Starfsmenntun



SIGURÐUR T. SIGURÐSSON

Í Fréttablaðinu þann 15. nóvember sl. var grein eftir Auði Þórhallsdóttur, leiðtoga fræðslumála hjá Alcan á Íslandi, um Stóriðjuskólann í Straumsvík. Greinin væri að mínum dómi ágæt ef í henni væri ekki meinlegt ranghermi sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Ég veit ekki hvaðan Auður Þórhallsdóttir hefur upplýsingarnar, en hef grun um að þær séu frá æðstu stjórn fyrirtækisins. Hvaðan sem þær koma þá eru þær uppspuni sem þarf að leiðrétta.

**Stolnar fjaðrir !**

Í upphafi greinarinnar má lesa eftirfarandi: „Tilurð skólans má rekja til þess að framkvæmdastjórn Íslenska álfélagsins hf., síðar Alcan á Íslandi hf., taldi brýnt að efla starfsmenntun hjá því starfsfólki fyrirtækisins sem hafði litla formlega menntun.“

Með þessari fullyrðingu gefur Auður í skyn að framkvæmdastjórn Íslenska álfélagsins hf. hafi haft frumkvæði að stofnun Stóriðjuskólans í Straumsvík. Það er alrangt. Þetta eru vægast sagt ósmekkleg ósannindi, sem yfirmenn álversins hafa oftar en einu sinni á undanförnum árum komið á framfæri við fjölmiðla. Ég hef hingað til ekki opinberlega gert neina athugasemd við þessa rangfærslu, en þegar ég las grein Auðar Þórhallsdóttur fannst mér nóg komið. Yfirmenn álversins í Straumsvík geta hælt sér af því sem þeir gera vel en þeir eiga ekki að viðhafa söguföIsun og skreyta sig með stolnum fjöðrum. Þeir vita að það var að frumkvæði Verkamannafélagsins Hlífar og trúnaðarmanna þess að Stóriðjuskólinn í Straumsvík var stofnaður. Þetta er bláköld staðreynd sem þeir verða að sætta sig við.

**Aukið starfsnám**

Í kringum 1990 voru trúnaðarmenn Hlífar hjá ÍSAL farnir að huga að nauðsyn þess að álverið byði ófaglærðum verkamönnum upp á föst námskeið þar sem tekið væri fyrir á skipulegan hátt námsefni sem varðaði m.a. meðferð á sífellt flóknari tæknibúnaði við framleiðsluna. Þá þegar var trúnaðarmönnum ljóst að fullkomnari búnaður við framleiðsluna krafðist meiri menntunar starfsmanna.

Á árinu 1993 öfluðu trúnaðarmenn Hlífar og aðaltrúnaðarmaður verkalýðsfélaganna hjá ÍSAL sér upplýsinga um nám og starfsmenntun hjá álverum í Noregi. Þær upplýsingar voru m.a. hafðar sem fyrirmynd að kröfum félagsins um starfsnám hjá Íslenska álfélaginu hf.

*Þeir vita að það var að frumkvæði Verkamannafélagsins Hlífar og trúnaðarmanna þess að Stóriðjuskólinn í Straumsvík var stofnaður. Þetta er bláköld staðreynd sem þeir verða að sætta sig við.*

Kröfu um skipulega starfsmenntun verkamanna lagði Hlíf síðan fram í kjarasamningunum 1995. Yfirmenn ÍSAL töldu starfsmenntamálin hjá sér í góðu lagi og höfnuðu alfarið hugmyndum Hlífarmanna um aukna starfsmenntun. En trúnaðarmenn Hlífar gáfust ekki upp. Að þeirra frumkvæði voru tveir þeirra, þeir Kolbeinn Gunnarsson og Jóhannes Gunnarsson, fengnir til að kanna hvort íslenska skólakerfið vildi taka starfsnámið að sér. Í framhaldi af því áttu þeir viðræður við Borgarholtsskóla, Iðntæknistofnun og Menningar- og fræðsluráð alþýðu og kynntu þeim málið.

**Stóriðjuskólinn**

Eins og áður segir var aukin starfsmenntun verkamanna ein aðalkrafa Hlífar við gerð kjarasamnings við ÍSAL árið 1995. Við endurnýjun kjarasamningsins 1997 lagði Hlíf aftur fram kröfu um aukna starfsmenntun verkamanna og tókst að knýja yfirmenn ÍSAL til að samþykkja hugmyndir félagsins um stóraukið starfsnám. En samþykki þeirra fékkst ekki átakalaust. Til að fá vilyrði þeirra urðu fulltrúar Hlífar að gefa eftir í öðrum kröfum sem félagið hafði sett fram. Með öðrum orðum. Það var vegna þrýstings frá Hlíf að ÍSAL gekk að kröfum verkamanna um aukna starfsmenntun ófaglærðra hjá ÍSAL. Þeirri starfsemi var síðan gefið nafnið Stóriðjuskólinn.

Vilji yfirmenn Alcan á Íslandi geta þess hverjir áttu frumkvæði að stofnun Stóriðjuskólans í Straumsvík þá eiga þeir að sleppa öllu sjálfshóli og segja að tilurð skólans megi rekja til ákvæðis í kjarasamningi, sem Verkamannafélagið Hlíf og Íslenska álfélagið hf. gerðu með sér árið 1997, til að efla starfsmenntun hjá því starfsfólki fyrirtækisins sem hafði litla formlega menntun.

*Höfundur er fyrrverandi formaður verkalýðsfélagsins Hlífar.*

# Velferðin fyrir borð borin

UMRÆÐAN
Samfélagsmál



ÞORGERÐUR MATTÍA KRISTIANSEN

Ég er búin að vera sjóðandi reið lengi, lengi og fylltist áðan enn á ný réttlátri reiði. Ég veit ekki hvað í ósköpunum ég er að gera hér á þessu guðsvolaða landi, þar sem velferð almennings er sífellt fyrir borð borin.

Tryggingakerfið er í molum og þjónusta heilbrigðiskerfisins í henglum, íslenskum almúga uppálagt að læra nú almennilega á biðraðamenninguna, sýna þolinmæði þjakaður af kvölum. Ég get illa sett mig í spor þess fólks sem er óvinnufært á meðan það bíður í allt að tvö ár eftir að fá nýjan hné- eða mjaðmalið í landi þar sem uppstokkun sjúkrastofnana er talin nauðsynleg með reglulegu millibili, deildir fluttar milli húsa og hæða með tilheyrandi breytingum á rándýrum innréttingum og tímabundnum lokunum. Þar sem sjálfsagt þykir að loka deildum yfir sumartímann vegna sparnaðar og sárveikir sjúklingar nánast settir út á guð og gaddinn (kannski í veikri von um að þeim fækki).

Í landi þar sem fátæktinni er afneitað af valdamönnum sem tilkynna opinberlega að þeim þyki hafragrautur góður (og vellingur eflaust veislumatur) – svo gefa þeir kannski fimm læri til mæðrastyrksnefndar fyrir jólin. Þar sem heilabiluðum er á ævikveldi plantað í rúm í margra manna herbergjum með öðrum farlama gamalmennum sem hafa lagt grundvöllinn að velferðarkerfi okkar. Innréttingin: ein hilla við höfðagaflinn fyrir myndir af börnum og barnabörnum.

*Ég stend mig að því að verða pólitískari með hverjum deginum sem líður, án þess að vera nokkurs staðar flokksbundin, finnst ég eiga hvergi heima, finnst eins og það sé sama rassgatið undir öllum valdhöfum liðinna ára.*

Í landi þar sem svívirðilegustu sálarmorð, kynferðisofbeldi gagnvart börnum og ungum stúlkum þykir lítið refsivert. Þar sem það þykir fréttnæmt ef engin nauðgun er kærð eftir heila helgi. Þar sem engum ungum dreng dettur í hug að kæra kynferðisbrot af ótta við umtal og skömm. Þar sem kynferðisbrotamálum er sífellt vísað frá dómi vegna ónógra sannana, firningarákvæða eða formgalla.

Þar sem lífsgæðakapphaupið er svo klikkað að ekkert er eðlilegra en að grunnskólanemendur fái sér vinnu með skóla til þess að eiga nógan pening fyrir „bráðnauðsynlegum“ lífsgæðum. Þar sem íbúðalánin eru með lánakjörum samkvæmt okurlánakerfi íslenska ríkisins af því ríkisvaldið komst upp með að afnema verðtryggingu launa, en halda verðtryggingu lána.

Í landi, þar sem allt stefnir í kollsiglingu og gjaldþrot yngri kynslóðarinnar sem var ginkeypt fyrir síðustu gylliboðum bankakerfisins á íbúðamarkaðnum og situr nú í skuldasúpunni upp fyrir haus. Í landi þar sem úrlausn sumra verður landfótti, annarra sjálfsvíg.

Þar sem sjálfsagt þykir að senda fyrstu gylliboð bankanna í kjölfar skírnar barnanna og síðar streyma tilboðin um bankareikninga og debetkort með bíómiða í kaupbæti. Enda ungdómurinn upp til hópa svo firrtur af þessu fáránlega fjármálauppeldi að honum þykir frábært að geta keypt eitthvað fyrir ekki neitt og borgað síðar.

Í landi þar sem eina vonin fyrir aukinn hagvöxt er talin vera sú, að selja landið undir álver, sökkva landinu og selja raforkuna á útsöluverði til fyrirtækja sem eru alræmd fyrir yfirgang og spillingu, svo ekki sé talað um mengunina sem þau skilja eftir sig þegar þau taka sig upp og fara. Ég get ekki losnað við úr huga mínum orð konunnar sem var spurð í sjónvarpsþætti nýlega, varðandi virkjanir, hvort meira ætti að virkja á landinu okkar. Hún sagði íhugul: „Nei, sá sem drekkir móður sinni lítur ekki framar glaðan dag.“ Mér varð hverft við, vegna þess að daginn áður hafði ég horft á sakamálaþátt í sjónvarpinu þar sem ungur fjöldamorðingi var dæmdur eftir að komið hafði í ljós, að upphaf glæpaferils hans mátti rekja til þess þegar hann, tíu ára gamall, drekkti móður sinni og fullnægði þar með því sem hann í barnaskap sínum taldi réttlæti.

Ég stend mig að því að verða pólitískari með hverjum deginum sem líður, án þess að vera nokkurs staðar flokksbundin, finnst ég eiga hvergi heima, finnst eins og það sé sama rassgatið undir öllum valdhöfum liðinna ára. Verð sífellt reiðari og reiðari, en finnst ég um leið svo máttlaus, að geta ekki haft nein áhrif. Tuða bara í símanum og helli mér yfir sárasaklausa vini sem nenna að hlusta á mig. En nú finn ég mig knúna til að láta fleiri heyra hversu illa mér líður að horfa upp á allt þetta endemisrugl, þar sem stjórnvöld hugsa aldrei lengra en að næstu kosningum – spara aurinn og henda krónunni; stjórnvöld, sem hafa fyrir löngu sópað vandanum undir teppið og keppast nú við að fjölga hæðunum á húsinu af því teppið er farið að skríða upp stigann.

Hvernig líður öðru hugsandi fólki í þessu fallega landi firringarinnar?

*Af hverju skiptir líf og velferð*
*svona litlu máli*
*í okkar litla*
*fallega*
*landi*

*þessari veröld græðginnar*
*útópíu lýðveldisins*

*þar sem flokkun kostnaðar er*
*ætíð af tvennum toga:*

*annars vegar:*
*FÓRNARKOSTNAÐUR*
*lágmarkaður*
*til viðhalds volaðri þjóð*
*sem kyngir illa matreiddum*
*sannleikanum og kúgast í laumi*

*(en heldur virðingu sinni út á*
*við – og þegir af óttablandinni*
*skömm)*

*hins vegar:*
*AUGLÝSINGAKOSTNAÐUR*
*ótakmarkaður handa*
*valdhafanum*
*svo hann geti barið sér á brjóst*
*í fjölmiðlum*

*(og hreykt sér eins og haninn á*
*haugnum*
*sem hefur einn og sjálfur haft*
*allar hænurnar undir)*

*og auglýsir Ísland*
*í gylltum ljóma*
*sem draumaland þerranna.*

*Höfundur starfar við bókhald og yrkir ljóð í hjáverkum*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




heima er best!
“ Það var nú ekki svo erfitt að setjast aftur á skólabekk eftir öll þessi ár. Þetta er bara alveg þrælgaman - svo er frábært að geta legið heima í sófanum með góða tónlist í heyrnartólunum og lært! ”
Ragnhildur Gísladóttir
Chateau d'Ax
sófi: Chateau d'Ax Como 3ja sæta. 333.000 kr.
Höfum opnað stærri verslun með enn fjölbreyttara úrval af húsgögnum og smávöru fyrir heimilið að Síðumúla 30
Komdu við, úrvalið kemur á óvart.
heima
síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242
-www.heimahusgogn.is-

**HERBERT GUÐMUNDSSON TÓNLISTARMAÐUR ER 53 ÁRA Í DAG**

*„Ég byrjaði í skólahljómsveit í Laugarnesinu aðeins tólf ára gamall og það var ekki aftur snúið. Þetta var frábær tími og ég varð aldrei samur. Bítlarnir höfðu smitað mig.“*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 15. DESEMBER 1961

## *Adolf Eichmann dæmdur til dauða*



Þennan dag árið 1961 var Adolf Eichmann dæmdur til dauða fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni.

Eichmann var fæddur í Solingen í Þýskalandi árið 1906. Árið 1932 gekk hann til liðs við SS-sveitir nasista og komst fljótt til metorða innan þeirra og árið 1939 var hann skipaður í stöðu innan deildar SS í Berlín sem átti að taka á gyðingum.

Árið 1942 sat Eichmann fund ásamt öðrum framámönnum þriðja ríkisins í Wannsee þar sem „lokalausnin á gyðingavandanum“ var rædd. Á fundinum var ákveðið að gyðingum í Evrópu skyldi útrýmt og var Eichmann falin framkvæmdin. Áður en seinni heimsstyrjöldin var úti höfðu milljónir gyðinga látið lífið í útrýmingarbúðum nasista.

Eichmann var handsamaður af Bandaríkjamönnum eftir stríð en slapp úr haldi fyrir Nürnberg réttarhöldin. Árið 1950 flutti hann til Argentínu þar sem margir stríðsglæpamenn földust. Á seinna hluta sjötta áratugarins komst ísraelska leyniþjónustan á snoðir um hann og rændi honum árið 1960.

Árið 1961 hófust réttarhöld yfir Eichmann í Jerúsalem sem lyktaði með að hann var dæmdur til dauða og hálfu ári seinna var hann hengdur.

### MERKISATBURÐIR

- **1861** Maðurinn sem bjó til körfuboltann, James Naismith, fæddist.
- **1913** Mohandas K. Gandhi var handtekinn fyrir að leiða göngu indverskra námuverkamanna í Suður-Afríku.
- **1991** Kúveit fagnar því að ráðið var niðurlögum síðasta olíueldsins sem Írakar kveiktu í Persaflóastríðinu.
- **2001** Bílasprengja særði um 60 manns í Madríd á Spáni.
- **2001** Tíu manns voru aflífaðir í Peking í Kína. Ríkisdagblaðið í Kína sagði að fólkið sem var aflífað hafi allt verið ræningjar og morðingjar á aldrinum 20–23 ára.

---

†



*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðjóns Ottós Bjarnasonar**

frá Böðvarsholti, Ennisbraut 18, Ólafsvík.

**Kristín Jóna Guðjónsdóttir** **Gunnar H. Hauksson**
**Bjarni Guðjónsson** **Bjarney Guðmundsdóttir**
**Jóhann Pétur Guðjónsson** **Þórey Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Sigríður Fanný Ásgeirsdóttir**

frá Lækjarbakka, Skagaströnd,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi 11. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ása Jóhannsdóttir**
**Pétur Steinar Jóhannsson** **Guðrún Víglundsdóttir**
**Gissur Rafn Jóhannsson** **Gyða Þórðardóttir**
**Gylfi Njáll Jóhannsson** **Guðrún Ólafsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn**

---

†



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Sigurðardóttir Strange**

Þrastahrauni 5, Hafnarfirði,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 12. desember, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 19. desember kl. 15.00.

**Egill Ólafur Strange**
**Greta Strange Young** **George Hunter Young**
**Sæunn Strange** **Brian Docherty**
**Victor Strange** **Anna Berglind Arnardóttir**
**Egill Strange** **Sveinbjörg Bergsdóttir**
**Ómar Strange**
**María Strange**
**ömmubörn og langömmubörn**

---



# 90 ára

**Aðalbjörg Jónsdóttir**

hannyrðakona er 90 ára í dag.

---

**ÁGÚST EINARSSON:** NÝR REKTOR HÁSKÓLANS Á BIFRÖST

# Alþjóðamál á oddinn

Ágúst Einarsson prófessor er nýr rektor Háskólans á Bifröst og tekur við starfinu í janúar næstkomandi. Ágúst sagði starfið leggjast mjög vel í sig þegar Fréttablaðið náði tali af honum, en hann var þá staddur í New York til að leggja lokahönd á rannsóknir sem hann hefur unnið við New York University. „Ég er mjög spenntur fyrir þessu og hlakka til. Ég hef fulla trú á þessum skóla og ætla mér að gera góðan skóla enn betri með því ágæta fólki sem þar er,“ sagði hann.

Ágúst hefur komið víða við á ferli sínum. Hann hefur verið í fyrirtækjarekstri og sjávarútvegi ásamt því að starfa á opinberum vettvangi, en síðastliðin 16 ár hefur hann verið prófessor við Háskóla Íslands. „Þetta er nýtt verkefni og skemmtilegt. Ég hef alltaf gaman af því að takast á við ný viðfangsefni,“ sagði hann. Ágúst kveðst hafa virkilega gaman af kennslu, en það er enn óvíst hvort hann komi að kennslu samhliða rektorsstarfinu. „Þetta er umfangsmikið stjórnunarstarf, svo það verður sennilega að bíða eitthvað,“ sagði hann.

Ágústi þykir Bifröst standa vel að vígi gagnvart öðrum íslenskum háskólum. „Þetta er orðinn stór skóli og býður líka upp á eina svona háskólasamfélagið á þessu landi. Þetta er svona campus eins og er mjög algengt erlendis. Á svæðinu búa tæplega þúsund manns og þessi möguleiki á fyllilega rétt á sér,“ sagði Ágúst, sem sagði nemendur hafa verið mjög ánægða með skólann. „Bæði námið og staðinn. Þessi umgjörð er alveg dásamleg,“ sagði hann og sagðist hlakka mikið til að flytjast í sveitasæluna. „Í mínum huga er líka mikilvægt að líta til sögu skólans, hann á sér mjög merkilega sögu í skólastarfi Íslendinga. Þetta er merkileg stofnun sem hefur skilað miklu framlagi í íslenskri menntasögu,“ sagði hann. „Ég er bæði stoltur og ánægður að koma þarna í kjölfar mjög margra ágætra manna sem hafa stýrt þessum góða skóla,“ bætti hann við.

Einhverjar breytingar verða gerðar á skólastarfinu. „Það segir sig sjálft að með nýjum rektor koma nýjar áherslur,“ sagði Ágúst, sem mun leggja áherslu á alþjóðamál. „Ég hef mikinn áhuga á frekara samstarfi við erlenda skóla og stofnanir og innlenda háskóla. Ég vil hafa meiri samvinnu milli háskóla hér á landi og sé fyrir mér að það sé hægt að beita sér í þeim efnum,“ sagði Ágúst. Hann vill jafnframt fá fleiri útlendinga í nám á Bifröst. „Ég vil sækja útlendinga inn í landið til góðrar menntunar og vil stefna að því að Ísland verði þekkt um allan heim sem land góðra háskóla,“ sagði Ágúst.



**UMHUGAÐ UM SÖGUNA** Ágúst segir Bifröst eiga sér merkilega sögu og þykir skólinn standa vel að vígi í íslensku háskólasamfélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/PB

sunna@frettabladid.is

# Árlegir tónleikar

Tónleikar til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna fara fram í Háskólabíói í áttunda skiptið 28. desember næstkomandi. Rjómi íslenskra tónlistarmanna leggur málefninu lið á ári hverju, en skipulagning hefur frá upphafi verið í höndum umboðsmanns Íslands, Einars Bárðarsonar. Allir tónlistarmenn og aðrir sem að tónleikunum koma gefa vinnu sína, en Háskólabíó leggur til húsnæðið.

„Þetta er bara partur af hátíðarundirbúningnum hjá mér, og mér finnst þetta bara ómissandi,“ segir Einar Bárðarson, sem kveðst vera afar stoltur af verkefninu. Listi tónlistarmanna er þegar orðinn nokkuð langur, en þó á eflaust eftir að bætast við hann. Sálin hans Jóns míns er þar fremst í flokki, en hljómsveitin sú hefur verið með frá upphafi. Meðal annarra þátttakenda má nefna Bubba Morthens, Magna og Á móti sól, Pál Óskar, Garðar Thór Cortes og stúlknasveitina Nylon. Miðasala hófst í gær og fer fram á midi.is, í Skífunni og verslunum BT á landsbyggðinni.



**HLUTI AF JÓLAUNDIRBÚNINGNUM** Einar Bárðarson hefur skipulagt tónleikana frá upphafi, og segir þá vera hluta af jólaundirbúningnum.

### AFMÆLI



**Indriði Pálsson,** fyrrverandi forstjóri Skeljungs, er 79 ára.



**Birgir Þór Bieltvedt,** kaupsýslumaður í Danmörku, er 39 ára.



**Ármann Þorvaldsson,** bankamaður hjá KB banka í Bretlandi, er 39 ára.



**Katla Margrét Þorgeirsdóttir** leikkona er 36 ára.




* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur.




## STUÐ MILLI STRÍÐA Stígvél í glugganum

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** ER Á MÓTI ÞVÍ AÐ JÓLASVEINAR SETJI RÁNDÝRAR GJAFIR Í SKÓINN



Þegar ég var lítil fannst mér eitt af því skemmtilegasta við jólin og aðdraganda þeirra að setja skóinn út í glugga og eftirvæntingin sem fylgdi því að athuga á morgnana hvað væri í honum var ólýsanleg. Gjafirnar frá jólasveinunum voru svo sem aldrei stórar en það var ekki það sem skipti máli enda fengu flest börn eitthvað svipað, nema þau sem voru virkilega óþekk og fengu ekki neitt. Mandarínur voru klassískar, sokkapar gat komið sér vel og stundum leyndist eitthvert smádót í skónum sem skemmtilegt var að leika sér með.

Síðustu ár er hins vegar eins og jólasveinarnir séu farnir að gera upp á milli barna sem er svolítið leiðinlegt. Á meðan sum börn fá þessar hefðbundnu smágjafir í skóinn þurfa önnur helst að vera með stígvél eða vöðlur í glugganum til þess að rúma allar stóru og flottu gjafirnar sem þau fá. Ekkert samræmi virðist lengur vera á milli þess hversu vel börnin haga sér og þess hvað þau fá og greinilegt að eitthvað annað ræður því.

Starfsfólk margra leikskóla hefur því gripið til þess ráðs að skrifa jólasveinunum og biðja þá um að gæta hófs í gjafavali. Auðvitað er jólasveinunum í sjálfsvald sett hvað þeir gefa hverju barni en allt í lagi er að minna þá aðeins á að börn bera saman hvað þau fá í skóinn. Erfitt getur verið fyrir lítið barn sem alltaf er til fyrirmyndar að skilja af hverju það fær bara límmiða í skóinn á meðan annað barn sem hlýðir kannski aldrei neinu fær leikjatölvu.

Jólin eru hátíð barnanna og það má ekki gleyma því að þau eru hátíð allra barna. Þó að jólasveinunum finnist gaman að gleðja einhver börn með dýrum gjöfum verða þeir að athuga að það getur gert önnur börn leið þegar farið er að bera saman. Mikilfengleiki gjafanna skiptir líka engu máli ef að allir fá gjafir af svipaðri stærðargráðu. Ef öll börn fá epli eða spilastokk í skóinn verður nefnilega enginn leiður yfir því að fá ekki geislaspilara eða legókastala.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Peter Boyle látinn

**Leikarinn Peter Boyle, sem er þekktastur í seinni tíð fyrir að leika pabbann Frank Barone í gamanþættinum Everybody Loves Raymond, er látinn, 71 árs að aldri.**



FEDGAR Peter Boyle ásamt Ray Romano og Brad Garett sem léku syni hans í Everybody Loves Raymond. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Boyle lést á sjúkrahúsi í New York eftir að hafa átt við veikindi að stríða í nokkurn tíma. Hann fékk heilablóðfall árið 1990 og gat ekki talað í sex mánuði á eftir. Árið 1999 fékk hann síðan hjartaáfall á tökustað Everybody Loves Raymond en náði heilsu aftur skömmu síðar.



**Hæfileikaríkur leikari**

„Ég er afar sorgmæddur vegna dauða Peters Boyle," sagði Ray Romano, sem leikur aðalhlutverkið í Everybody Loves Raymond. „Hann gaf mér góð ráð og fékk mig alltaf til að hlæja. Það hversu góðum tengslum hann náði við alla í kringum sig kom mér alltaf jafnmikið á óvart. Að hann skuli hafa getað leikið svo sannfærandi durg í þættinum á meðan hann var í raun og veru samúðarfull og yndisleg persóna, sýnir vel hversu hæfileikaríkur hann var," sagði Romano.

„Þetta er eins og að missa maka sinn," bætti Doris Roberts, sem lék eiginkonu Boyles í þættinum. Þáttaröðin Everybody Loves Raymond lauk göngu sinni á síðasta ári eftir níu ára sigurgöngu.

**Farsæll ferill**

Ferill Peters Boyle í kvikmyndunum hafði verið nokkuð glæsilegur áður en hann hóf leik í Everybody Loves Raymond árið 1996. Meðal annars lék hann í hinni sígildu kvikmynd Taxi Driver eftir Martin Scorsese og Joe sem kom út 1970. Í upphafi ferilsins var Boyle jafnan ráðinn í hlutverk ýmiss konar rudda og harðjaxla en sú ímynd rann fljótlega af honum eftir að hann lék í The Candidate á móti Robert Redford og í gamanmyndinni Young Frankenstein eftir Mel Brooks.

Á meðal fleiri mynda sem Boyle lék í má nefna voru Johnny Dangerously, The Dream Team, Monster´s Ball, The Santa Clause, The Santa Clause 2 og While You Were Sleeping. Í sjónvarpi vann hann meðal annars Emmy-verðlaun fyrir gestahlutverk sitt í The X-Files árið 1996.

**Vinur Johns Lennon**

Boyle bjó allt sitt líf í New York með eiginkonu sinni og eignuðust þau tvær dætur saman. Kona hans var góð vinkona Yoko Ono og varð Boyle í kjölfarið náinn vinur Johns Lennon. Var Bítillinn fyrrverandi m.a. svaramaður í brúðkaupi hans. „Við leituðum báðir að sannleikanum og reyndum að finna skjóta leið að því að verða upplýstari manneskjur," sagði Boyle eitt sinn um Lennon.



# Algjört prump

Rockstar Supernova ættu allir landsmenn að þekkja en hérna er á ferðinni hljómsveitin úr raunveruleikaþáttunum vinsælu. Það var Lukas Rossi sem fór með sigur af hólmi og þurfti hann Magni okkar að bíta í súrt.

Hér er á ferðinni dæmigerð rokktónlist með tilheyrandi harðneskju, gólum, þungum bassa, krispí trommum, tærum en rifnum gítarriffum og fjöri. Sagt hefur verið að diskurinn hafi verið klár löngu áður en úrslit voru kunn í þættinum, en ég nenni ekki að trúa því. Það er skemmst frá því að segja að þessi diskur er ekki góður. Tónlistin er ótrúlega óspennandi og hafa þessi gömlu rokk-grey greinilega ekki vott af frumleika eftir í blóðinu. Í hljómsveit þar sem allir þurfa að vera stjörnur, er ekki nein liðsheild og það heyrist svo sannarlega í öllum lögum plötunnar, nema kannski laginu Headspin sem verður á köflum einlægt og ákveðið. Útsetningar Gilby Clark eru svo sem mjög fagmannlegar en ekki í takt við neinn almennilegan tíðaranda. Lukas Rossi er leiðindasöngvari. Hann er gjarn á að væla textana sína í stað þess að syngja þá og tilgerðin hreinlega drýpur af honum. Hann minnir mig einna helst á pervisnu geldingana sem sýndir voru í kvikmyndinni Amadeus. Ýmis fólskuleg upptökutækni er notuð við gerð laganna, en útkoman verður einhver ofhlaðinn hræringur.

Ekki kaupa þennan disk, plís. Mér líður eins og einhver hafi rekið við í eyrað á mér. **Dóri DNA**




**TÓNLIST**

**Rockstar Supernova**

Rockstar Supernova

★

Aðdáendur þáttanna geta ekki einu sinni réttlætt sorann á þessari plötu. Tónlistin fer inn um eitt eyrað og út um hitt, eins og gestur sem maður er feginn að kveðja og vill aldrei sjá aftur.







Hangilæri
frá Kjötbankanum - úrbeinað




**999** kr/kg. áður 1.469 kr/kg.
Nettó hamborgarhryggur




**1.499** kr/kg. áður 2.148 kr/kg.
Nettó hangilæri - úrbeinað




SS jólakjöt í miklu úrvali

H:N markaðssamskipti / SÍA - Umbrot: Víkurfréttir




**3 fyrir 2**
Freschetta pizza Brickoven




**384** kr/kg. áður 640 kr/kg.
Ísfugl ferskur kjúklingur

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 15. desember til 17. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is





# Unglingagjöfin þessi jól

**43% afsláttur**




**1.704** kr/stk. áður 2.990 kr/stk.

Kossar, knús og málið er dautt




Berjadagar í nettó




Jólatvenna

nettó

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

**Kl. 20.00**
*Kammerkórinn Vox academica í Grafarvogskirkju. Kórinn fagnaði tíu ára afmæli sínu í haust sem leið og af því tilefni verða árlegir aðventutónleikar kórsins með sérstökum hátíðablæ. Flutt verða verkin Magnificat eftir Johann Sebastian Bach og Messías eftir George Friedrich Händel. Stjórnandi er Hákon Leifsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Víkin fær styrk

Sjálfseignarstofnunin Víkin sem stendur fyrir Sjóminjasafninu í Reykjavík á Grandagarði fær fjárstyrk sem nemur tíu milljónum á ári næstu þrjú ár. Safnið var stofnað fyrir tveimur árum og opnaði fyrstu sýningu sína á Hátíð hafsins snemmsumars það ár. Það er til húsa í gömlu Bæjarútgerðarhúsunum á Granda og býr þar í skjóli Faxaflóahafna. Aðrir styrktaraðilar þess eru Reykjavíkurborg, Eimskip, Glitnir og HB Grandi. Standa nú vonir til að kippur komi í frágang á húsnæðinu.

Þrjár sýningar eru nú í safninu. Á næsta ári verður neðri hæðin tekin í notkun þegar opnuð verður glæsileg sýning í tilefni af 90 ára afmæli Reykjavíkurhafnar. Á sama tíma verða teknir í gagnið nýir inngangar og móttökusalur. Uppbygging Sjóminjasafnsins verður hluti nýja Mýrargötuskipulagsins og er safninu ætlaður veglegur sess í þeirri nýju hafnarmynd sem framkvæmdir eru hafnar við. Aðalinngangur safnsins mun þá verða frá höfninni, þar sem nú


SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR FORSTÖÐUMAÐUR VÍKUR

er Daníelsslippur, og nýr bryggjukantur verður á útisvæði safnsins.

Þann 26. október sl. voru stofnuð Hollvinasamtök varðskipsins Óðins og er eitt helsta markmið samtakanna að varðveita Óðin. Gert er ráð fyrir bryggjulægi framan við safnið þar sem Óðinn og Magni munu liggja, en Magni er fyrsta stálskipið sem smíðað var á Íslandi.



**> Dustaðu rykið af …**

gömlu matreiðslubókunum þar sem finna má uppskriftir af **rauðkálsverkun** og nákvæma leiðarvísa um **uppstúfsgerð**. Matreiðslubók Helgu Sigurðardóttur, **Lærið að matbúa**, frá 1959 getur án efa veitt þjóðlegan innblástur í eldhúsið.



**MEÐ Á NÓTUNUM**
**Árni Heimir Ingólfsson**

## Er menning fyrir ungt fólk?

Fyrir skömmu hóf Listahátíð í Reykjavík að selja miða á þrjá af stærstu viðburðum hátíðarinnar 2007: San Fransisco-ballettinn og einsöngstónleika Dmitri Hvorostovsky og Bryn Terfel. Miðasalan er sögð hafa farið vel af stað og kemur það ekki á óvart þegar um svo frábæra listamenn er að ræða. Hins vegar hefur verðið farið fyrir brjóstið á sumum enda í hærri kantinum: miðinn á söngtónleikana kostar litlar 6.400 krónur í dýrari sætin og 5.900 í þau ódýrari.

Í sjálfu sér er ekkert út á miðaverðið að setja. Terfel og Hvorostovsky eru söngvarar á heimsmælikvarða og tónleikagestir víðs vegar um heiminn borga mikið fé fyrir að heyra þá syngja. Bryn Terfel fer til dæmis beint héðan til Bergen þar sem hann syngur á listahátíð borgarinnar og verð á dýrustu miðum þar er hlutfallslega sambærilegt við Listahátíð – þ.e. þegar tekið er tillit til þess að Grieghallen tekur mun fleiri í sæti en Háskólabíó. En það er líka hægt að kaupa miða á Terfel í Grieghallen á allt niður í 2.200 krónur í ódýrustu sæti og námsmenn fá 30% afslátt sama hvar setið er. Og þetta er algjört lykilatriði. Ef listir og menning eiga að þrífast þurfa þær að vera aðgengilegar öllum sem hafa verulegan áhuga. Enda eru menningarstofnanir um allan heim að leita leiða til að gera t.d. ungu fólki, sem ekki hefur ráð á dýrustu miðum, tækifæri til að njóta þess sem í boði er.

**Námsmannaafsláttur slær í gegn**

Í ágústmánuði 2005 tók Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn, sem m.a. rekur hið nýbyggða óperuhús, að bjóða upp á svokallaðan U30-afslátt af öllum sýningum. Allir yngri en 30 ára fá 65% afslátt sama hvar í salnum setið er, og miðana er hægt að kaupa fyrirfram á netinu, á pósthúsum og víðar. Fyrirkomulagið sló strax í gegn; á starfsárinu seldust yfir 12.000 miðar með námsmannaafslætti og allt útlit er fyrir að enn fleiri miðar seljist í ár. Í Berlín geta námsmenn keypt miða í Staatsoper með helmingsafslætti nokkrar vikur fram í tímann, eða á 12 evrur (þúsundkall) hálftíma fyrir sýningu. Námsmenn geta keypt miða í Metropolitan-óperuna á 25 dollara, eða 1.800 krónur. Hér á landi hafa leikhúsin staðið sig betur í þessum efnum en aðrir: Þjóðleikhúsið er með unglingaverð á miðum á svölum, Leikfélag Akureyrar er með sérstaka áskrift fyrir ungt fólk í boði Landsbankans, og Íslenska óperan býður námsmönnum helmings afslátt af miðaverði.

Listahátíð – og aðrar leiðandi menningarstofnanir – mættu taka sér þetta frumkvæði til fyrirmyndar. Námsmönnum er auðvitað sama þótt þeir sitji ekki í bestu sætunum, svo lengi sem þeir geta upplifað stemninguna sem fylgir því að vera á staðnum. Það hefði varla verið Listahátíð fjárhagslega ofviða að selja miða á t.d. tvo öftustu bekkina í Háskólabíói, þar sem hljómburður er gjörsamlega afleitur, á innan við fimmþúsundkall. Kannski munu íslenskir námsmenn einhvern tímann geta keypt sér miða á Listahátíð með ríflegum afslætti eins og tíðkast í Noregi og Danmörku. Hóflegt miðaverð og afsláttur fyrir fólk undir þrítugu eru sjálfsagðir hlutir í menningarsamfélagi sem vill standa undir nafni.

# Samtal við listasöguna

**Sýningin Frelsun litarins verður opnuð í Listasafni Íslands í dag. Um er að ræða tímamótasýningu á verkum frönsku expressjónistanna, eða fauvistanna, og geta gestir nú í fyrsta sinn barið augum verk málara á borð við Renoir og Matisse hér á landi.**


**FRIÐSEMDARMAÐUR FRÁ ABRUZZI** Portrettmynd Henri Matisse af Ítalanum Pignatelli sem jafnan var kallaður Bevilacqua. Verkið einkennist af hrjúfri litasamsetningu, hröðum og þykkum pensilstrikum en liturinn byggir upp myndina og dregur fram mikilfengleika fyrirmyndarinnar.

Sýningin Frelsun litarins eða Regard Fauve kemur frá Musée des beaux-arts safninu í Bordeaux í Frakklandi í tengslum við menningarhátíðina, POURQUOI PAS? – franskt vor á Íslandi sem íslensk og frönsk stjórnvöld standa að og markar sýningin upphaf hennar sem nokkurs konar forleikur en hátíðin verður sett með formlegum hætti hinn 22. febrúar næstkomandi.

Sýningin endurspeglar markvissa söfnun Listasafnsins í Bordeaux á málverkum fauvistanna, og má rekja í henni upphaf og þróun þessarar uppreisnar litarins við lok 19. aldar og í byrjun 20. aldar. Er þetta í fyrsta sinn sem verk frá þessu tímabili eru kynnt á sýningu hér á landi. Alls verða 52 verk á sýningunni eftir þrettán listamenn – landslagsmyndir, andlitsmyndir, uppstillingar og módelmyndir.

Í tengslum við þessa sýningu efnir Listasafnið til sérstakrar sýningar á verkum Jóns Stefánssonar en hann er eini Íslendingurinn sem lærði hjá málaranum Matisse. Ólafur Kvaran, safnstjóri Listasafns Íslands, er sýningarstjóri þeirrar sýningar og útskýrir að franska sýningin hafi gildi á eigin forsendum en einnig fyrir íslenska listasögu. „Jón var nemandi Matisse á árunum 1908-1911 en þar lærði hann fyrst og fremst að meta málarann Cézanne og það sést dálítið á þessari sýningu á verkum hans hér. Við vildum sýna þennan klassíska streng í Jóni því bæði Cézanne og Matisse eru hluti af þessari klassísku hefð. Það er margt í list Jóns sem tengist þessum mönnum bæði beint og óbeint og því varpar franska sýningin ákveðnu ljósi á íslenska myndlist, samhengi, tengingar og viðmið í listasögunni almennt.“

Ólafur áréttar að þessi franska sýning sé í takt við þá samvinnu sem Listasafn Íslands hefur byggt við stór erlend söfn í gegnum árin. „Þetta er gríðarlega mikilvægur þáttur í okkar starfi að eiga í þessu samtali við alþjóðlega listasögu.“

Í tengslum við sýninguna verður efnt til fræðsluerinda, leiðsagna og fyrirlestrahalds þar sem áhugasamir geta kynnt sér frekar þann bakgrunn og áhrifamátt sem list þessi hafði á heiminn, til dæmis mun Ólafur ræða um Jón Stefánsson og tengsl hans við klassískho myndhefðina næstkomandi sunnudag kl. 14. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu safnsins, www.listasafn.is. - khh

# Jólalegur kokteill

Nemendur Kramhússins efna til Jólagleði í Borgarleikhúsinu á morgun og sýna margslungnar listir sínar. Leyndir hæfileikar fá þar að njóta sín og munu stíga á svið hversdagsstjörnur úr hinum íslenska veruleika.

Jólagleðin hefur vaxið ár frá ári og er nú orðin metnaðarfull sýning með dans- og skemmtiatriðum um 280 þátttakenda. Eins og venja er mun fjölbreytni ríkja og í boði er alþjóðlegur menningarkokteill að hætti hússins undir stjórn kennara frá Danmörku, Belgíu, Frakklandi, Spáni, Búlgaríu, Austurríki, Gíneu, Argentínu, Perú, Mexíkó, Síle og Íslandi. Að vanda munu óvæntar uppákomur og leynigestir gleðja áhorfendur og kynnir kvöldsins er Kolbrún Halldórsdóttir.

Húsið opnar kl. 20.00 og skemmtunin hefst kl. 20.30. Eftir að formlegri dagskrá lýkur verður súpa og heimabakað brauð selt á vægu verði og haldinn dansleikur í andyri hússins.


**ÞAÐ FER ALLT Á HAUS Í BORGARLEIKHÚSINU** Tuttugasta og fjórða jólagleði Kramhússins á morgun.

# Hátíðlegir jólatónar í Hafnarfirði

Kór Flensborgarskólans heldur hátíðartónleika sína í hinum nýja og glæsilega sal Flensborgarskólans, Hamarssal á morgun kl. 16. Sérstakir gestir tónleikanna verða söngvarinn Páll Óskar og hörpuleikarinn Monika Abendroth. Stjórnandi er Hrafnhildur Blomsterberg.

Flutt verður hátíðardagskrá, gömul og ný jóla- og aðventulög í vönduðum flutningi áttatíu manna ungmennakórs og tvíeykisins Páls Óskars og Moniku.

Boðið verður upp á frítt kaffi og meðlæti í hléi. Miðaverð er kr. 1.500 og er forsala þeirra hafin á Súfistanum og hjá kórfélögum.

**KÓR FLENSBORGARSKÓLA** Árlegir jólatónleikar í sal skólans á morgun.




JÓLAPAKKATILBOÐ
Lenco
AUDIO-VIDEO
SCD24
Lítið og nett FERÐATÆKI með útvarpi og geislaspilara.
VERÐ 3.990
FRÁBÆRT VERÐ
Dantax
CASINO1
Gamaldags" FM ÚTVARP með Aux inngangi og heyrnartólstengi.
TILBOÐ 6.990
FULLT VERÐ kr. 8.990
JVC
RCEX26
FERÐATÆKI með útvarpi með stöðvaminnum, segulbandi, geislaspilara og fjarstýringu.
VERÐ 10.990
FRÁBÆRT VERÐ
JVC
UXN1W
Lítil og nett MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 GEISLASPILARA og útvarpi, 20w magnara með Hyper Bass Pro, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Aux inngangi að framan, klukku og fjarstýringu. Spilar CD-R/RW.
TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 24.990
JVC
SPILAR MP3 DISKA
UXS59
MÍKRÓSAMSTÆÐA með 5 diska MP3 geislaspilara og 120w RMS magnara, RDS útvarpi með 30 stöðvaminnum, Active Hyper-Bass PRO, Aux tengi og fjarstýringu.
Spilar CD-R/RW
TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 39.990
15"
12v/220v
UNITED
LTV15L52
15" LCD Sjónvarp með Digital Comb filter, 8w stereó hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Er bæði fyrir 12 og 220V.
TILBOÐ 34.990
FULLT VERÐ kr. 39.990
20"
UNITED
UTV20x40
20" SJÓNVARP með textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.
TILBOÐ 16.990
FULLT VERÐ kr. 16.990
21"
Dantax
21DVDV3
Sambyggt 21" SJÓNVARP og fjölkerfa DVD SPILARI með Black Matrix myndlampa, stereó hljóðkerfi, allar aðgerðir á skjá, Scart tengi, textavarpi og fjarstýringu.
Spilar DVD, VCD og SVCD
Spilar CD, CD-R/RW, JPEG og MP3
TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 29.990
20"
UNITED
LTV20L60
20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereó hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heyrnartól út, PC-inn, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.
TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 69.990
27"
HD ready
ÖRÞUNNT LCD
UNITED
LTV27W60
27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.
TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 109.990
DVD SPILARI
MATRIX
DVX5050
Fjölkerfa DVD DivX spilari með DolbyDigital og DTS, Scart, Component og SVHS tengi og Coaxial tengi.
Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX - Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
VERÐ 6.990
FRÁBÆRT VERÐ
DVD OG MYNDBAND
FUNAI
DPVR7530D
Fjölkerfa DivX DVD SPILARI og 4 hausa MYNDBANDSTÆKI með DolbyDigital og DTS, 4 hausa myndbandstæki, Longplay, RCA tengi að framan, 2 Scart og SVHS tengjum, RCA hljóðútgangi, Digital Coaxial tengi og fjarstýringu.
VERÐ 16.990
FRÁBÆRT VERÐ
Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
160GB HARÐUR DISKUR
PHILIPS
DVDR3450H
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 160GB HÖRÐUM DISK, allt að 250 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.
Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
TILBOÐ 44.990
FULLT VERÐ kr. 54.990
HEIMABÍÓSETT
JVC
THS11
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 4x42w og 2x26w Dolby Digital/DTS magnara, 5 litlum umhverfishátölurum og bassaboxi, Dolby Pro Logic II, NTSC afspilun á PAL sjónvarp, RDS FM útvarp með 30 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýringu.
Spilar DivX, DVD, DVD-R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG
TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 29.990
JVC
THP5
Kraftmikið 360w HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara og 4x40w/2x100w Dolby Digital/DTS magnara, 5 litlum umhverfishátölurum og bassaboxi, Progressive Scan, USB 2.0 tengi að framan, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, NTSC afspilun á PAL sjónvarp, FM útvarpi með stöðvaminnum og Component, SCART (RGB, Y/C, Composite) útgöngum.
Spilar DVD, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2006
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Póllinn, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# Jólatónleikar í Langholtskirkju

Kór Langholtskirkju heldur árlega jólatónleika sína í kvöld og verður það í tuttugasta og áttunda sinn sem „Jólasöngvar“ þeirra hljóma í kirkjunni. Um er að ræða ferna tónleika, því tvennir verða á laugardag og einir á sunnudagskvöld enda hafa vinsældir þessa viðburðar aukist með hverju ári.

Auk Kórs Langholtskirkju syngur Gradualekór kirkjunnar á tónleikunum.

Fyrstu jólasöngvarnir voru haldnir í Landakotskirkju 1978. Jón Stefánsson kórstjóri fékk þá hugmynd að gefa fólki tækifæri til að slaka á eftir eril jólainnkaupanna síðasta föstudagskvöld fyrir jól og voru tónleikarnir auglýstir kl. 23. Á þessum árum voru slíkir tónleikar nær óþekktir þótt aðventukvöld með kórsöng væru farin að ryðja sér til rúms í sumum kirkjum. Hugmyndin hitti rækilega í mark og Landakotskirkja troðfylltist af fólki með innkaupapoka í hönd. Fyrstu tónleikarnir í Langholtskirkju voru haldnir í kirkjuskipinu 1980 áður en gler var komið í kirkjuna, í tíu stiga frosti, og ganga í minningunni undir heitinu „vettlingatónleikarnir“. Þá skapaðist sú hefð að gefa tónleikagestum jólasúkkulaði og piparkökur í hléi til að ylja sér og hefur sú hefð haldist þrátt fyrir að ekki reynist lengur þörf á þykkum skjólfatnaði á tónleikunum.



EIVÖR PÁLSDÓTTIR OG KÓR LANGHOLTSKIRKJU Söngkonan ástsæla er ein þriggja einsöngvara sem taka þátt í Jólasöngvum kórsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einsöngvarar í ár verða Eivör Pálsdóttir sem nú syngur í annað sinn á jólatónleikum kórsins en hún hefur samið nýtt jólalag sérstaklega fyrir þessa tónleika sem heitir „Ave Maria“, Bragi Bergþórsson og Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Hljóðfæraleikarar verða Hallfríður Ólafsdóttir og Arna Kristín Einarsdóttir flautur, Monika Abendroth harpa, Jón Sigurðsson kontrabassi, Lára Bryndís Eggertsdóttir orgel, Kjartan Valdemarsson píanó og Pétur Grétarsson trommur. Stjórnandi er Jón Stefánsson.

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 23 en nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðunni www.midi.is.

# Forngripum skilað

Safn í Kaliforníu, sem kennt er við J. Paul Getty, hefur tilkynnt að það ætli að skila tveimur grískum listaverkum fornum til Grikklands en stjórnvöld þar í landi hafa í nær áratug fullyrt að verkin hafi á sínum tíma verið flutt þaðan í strássi við grísk lög. Verkin eru útfararkrans og kvenmynd úr marmara og bæði talin vera frá 400 f.Kr. Safnið keypti þau 1993 fyrir 4,4 milljónir dala og þau hafa verið til sýnis í safninu í Malibu í jaðri Los Angeles. Safnið hefur skilað fjölda gripa að undanförnu, í nóvember var skilað úr fórum þess 28 gripum. Grísk stjórnvöld hafa gengið fram af mikilli hörku til að ná til sín gripum úr safninu.

Staða deildarstjóra í forngripadeild safnsins batnar ekki: Marion True á von á kærum fyrir stuld og hylmingu. Hún er nú fyrir rétti í Róm fyrir að hafa reynt að kaupa forngripi úr ítalskri jörð og smygla þeim úr landi. Getty-safnið sleit samningaviðræðum við ítölsk stjórnvöld í nóvember en hafði þá að eigin frumkvæði skilað ítalska ríkinu 26 gripum. Eftir standa 20 gripir sem deilt er um.

Styttan Kvenlíkaminn eða Kore var bitbein Ítala og Grikkja til skamms tíma en sátt var svo gerð að styttan og fimm aðrir gripir féllu í hendur grikkja. Kransinn sem er úr gulli skreyttur gleri komst í hendur True úr fórum tveggja manna í Zürich. Hann er grafinn upp í Makedóníu þar sem fleiri slíkir hafa fundist. True keypti hann 1992 og hófu Grikkir málflutning 1996 til að komast yfir hann á ný.

Rannsókn á viðskiptaháttum True hefur á liðnum árum varpað ljósi á umfangsmikla verslun með forngripi. Nú beinast áhyggjur fornleifafræðinga vestan hafs og austan að hrikalegu ástandi á einu elsta og gripaauðugasta svæði heims, Írak, þar sem ekki er þverfótað fyrir forngripum sem nú liggja undir eyðileggingu vegna stríðs. Er leitt líkum að því að þar



GRÍSKAR FORNMINJAR Kore frá Peplos.

muni hverfa ófáir gripir og dúkka upp á svörtum markaði forngripa og þaðan enda í fórum auðmanna um heim allan. - pbb

Kringlukráin
Geirmundur Valtýsson í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR
Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja verk eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason
6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík
7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni
Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1
SpKef
FLAGARI Í FRAMSÓKN - HALLDÓR ER KOMINN AFTUR! - Nánari upplýsingar á www.opera.is
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 - FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
Þorláksmessa í Óperunni - Óperukareokí
Davíð Ólafsson, óperusöngvari, heldur uppi fjörinu - Húsið opnar kl. 20
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Leitin að jólunum
Fæst nú á geisladiski í miðasölu Þjóðleikhússins og Hagkaupum.

Stóra sviðið kl. 20:00
STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 17:00 uppselt, lau. 6/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus.
BAKKYNJUR eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 uppselt, 2. sýn. mið. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 4/1 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 5/1 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 11/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 12/1 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 18/1.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 20/1
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.
Kúlan
SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 14/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 uppselt.
Leikhúsloftið
LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 16/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, sun. 17/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, fös. 22/12 kl. 13:00 uppselt, lau. 23/12 kl. 13:00 uppselt.
Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

ÓFAGRA VERÖLD
Fim 28/12 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS.
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 21/1 kl. 20 5.sýning Blá kort
VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 30/12 kl. 20 Fös 5/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20 Fös 19/1 kl. 20
SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800
BRILLJANT SKILNAÐUR
Fös 29/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20
Lau 6/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20
MEIN KAMPF
Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Sun 14/1 kl.20 AUKAS.
Lau 20/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 27/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar
DAGUR VONAR
Mið 10/1 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fim 11/1 Afmælissýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20 Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20 Fös 26/1 kl. 20
AMADEUS
Sun 7/1 kl. 20 Sun 14/1 kl. 20
Lau 20/1 kl. 20 Allra síðustu sýningar
FOOTLOOSE
Lau 6/1 kl. 20 Fim 11/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20 Lau 27/1 kl. 20
JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Barna og unglingaleikhúsið Borgarbörn
Í dag kl. 9:30 UPPS.
Lau 16/12 kl. 13:00
Lau 16/12 kl. 15:00
Sun 17/12 kl. 13:00
Sun 17/12 kl. 15:00
Miðaverð 500 virka daga og 1400 um helgar
Síðustu sýningar
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 30/12 kl. 14 Sun 7/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 14
GJAFAKORT
Gjafakort í Borgarleikhúsið, frábær jólagjöf.
Gjafakortin gilda endalaust!
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000

AUSTURBÆR
Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar kynnir Jólafárið eftir Kikku.
Lau 9. des kl. 13.00 / Lau 16. des kl. 13.00 / Sun 17. des kl. 13.00 Miðaverð kr. 800
Hljómsveitin Dúndurfréttir.
Þri 12. des kl. 20.00 Pink Floyd / Þri 12. des kl. 22.30 Led Zeppelin, Deep purple, Uriah Heep
Fim 14. des kl. 20.00 Led Zeppelin, Deep purple, Uriah Heep / Fim 14. des kl. 22.30 Pink Floyd
Miðaverð kr. 3500. Tvennir tónleikar sama dag kr. 5000.
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

Xit hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

OBBOSÍ!
BARNA- OG FJÖLSKYLDU TÓNLEIKAR
í Ráðhúsi Reykjavíkur
laugardaginn 16.desember kl. 16.00
Kristjana Skúladóttir og hljómsveit flytja efni af nýjum og skemmtilegum geisladiski
Ókeypis aðgangur - allir velkomnir!
Sproti mætir á staðinn!
www.dimma.is www.obbosi.blog.is

## NÝ TÓNLIST




Um þessar mundir fagna meðlimir **Hljómskálakvintettsins** 30 ára afmæli hans með útgáfu veglegrar jólaplötu. Hljómplatan hefur að geyma rúmlega tuttugu sígild jólalög og hátíðlega jólasálma í vönduðum útsetningum fyrir málmblásarakvintett. Þá er einnig að finna á hljómplötunni jólatréssyrpu fyrir yngstu hlustendurna. Kvintettinn var stofnaður á vorönn 1976 af þáverandi nemendum Tónlistarskólans í Reykjavík. Kennir málmblásarakvintettinn sig við Hljómskálann við Tjörnina, en þar fengu nemendurnir inni með fyrstu æfingar sínar og hafa átt þar athvarf síðan. Sveitina skipa trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson og Sveinn Þ. Birgisson, Þorkell Jóelsson hornleikari, Oddur Björnsson básúnuleikari og Bjarni Guðmundsson túbuleikari. Hljómskálakvintettinn hefur mjög komið við sögu Reykjavíkur á hátíðarstundum borgarinnar undanfarinn aldarfjórðung en til gamans má nefna leik hópsins við lagningu hornsteins og vígslu Borgarleikhússins, lagninguhornsteins og vígslu Ráðhúss Reykjavíkur, vígslu Perlunnar og 100 ára afmælishátíð Leikfélags Reykjavíkur svo aðeins örfá dæmi séu tekin.

# Enginn dregur stein í efa

Þjóðskáld á tímamótum, degi hallar. Skáld sem fylgt hefur ljóðvinum á heillandi ferðalagi hálfrar aldar um innland íslenskrar náttúru og sögu – þar sem stórhuga maðurinn leitar átta í *skjálfandi smæð* (29). Íslenskastur allra skálda, meistari myndmálsins, myndhöggvari orðsins, yrkir landið inn í ljóðið og lesanda sinn, yrkir nú haustgarðinn af engu minni list en fyrsta sprotann. Dýrlegur skáldskapur, bókstaflega göldróttur.

Skáldið horfir til framtíðar með því að líta yfir farinn veg, rýnir í *óradjúp jarðtímans* (33), finnur skáldinu stað í sögunni og dregur af henni lærdóm. Hrífur lesandann með sér í flugsýn yfir ævidag skáldsins, frá morgundraumi að kvölddyrum, horfir um öxl á ferðalag sitt og förunauta, vegferð mannsins gegnum stríð og frið, almátt ástar og náttúru, auðmýkt ljóðsins. Býður lesandanum hlutdeild í óvæntum galdri: opinberar honum tign náttúrunnar í fegurð ljóðsins, vekur honum sannfærandi hughrif, birtir honum mynd af yfirburðum náttúrunnar í orði og sannar með því yfirburð orðsins.


HANNES PÉTURSSON

Beinum sjónum að eilífðarmálum skáldmælandans (mælir í 1. pers. fleirtölu): Spyr um guð í guðlausum heimi og finnur svar í sköpunarverkinu sjálfu og blessaðri skepnunni: *kyrrðarvizku, innar dögum* (16), ástinni: *alhvítur fugl ... í fullsælu sem hann trúir að vari frá eilífð til eilífðar* (31). Skáldið skynjar afl handan mannsins *...okkur var hrundið...* (6) en *þótt hann standist ekki án draums* (9,51) er holdið mold. Guð er *orð úr fortíð* (53), trúarbrögð *mannleg íhlutunarsemi* (16), *himnafaðir* úr bók, maðurinn *manndýr sem bugaði myrkur sjálfs sín* (25). *Undir sundurleitum himnum* (15) kröfðust „við förunautar" fyrrum svara og heimtuðum staðgengil guðs, en ... *Hvílumst. Hlustum ef við getum á lífið – hina löngu hugsun* (23): almættið er *fellt í alla skepnu* (15), sköpunarverkið er guð. Og hvað þá með *okkur*? Erum (vorum) *við því samboðnir*? Skáldið svarar því meðví svo fullkomnum skáldskap (44) að galdurinn endurtekur sig: orðið sigrar sjálft sig. Fullkomið ljóðið svarar öðru en *öðru nær* (44).

Er list þá uppsteytur gegn ríki náttúrunnar, dulvitaður jafnvel, atlaga að reglu appólóníusar, díónýsísk brella? Getur ljóð sem býður náttúrunni sigurlaun – hásæti guðs og manns – verið til vitnis um eigin sigur (orðsins/mannsins) í sama boði? Það er ekki spurning bókarinnar en ef til vill ekki alvitlaus samt.

Þegar ljóð eftir Hannes Pétursson birtust fyrst á prenti í tímariti árið 1954, skáldið þá 22 ára, var haft eftir Steini Steinari: „Ég hef aldrei vitað íslenzkan mann á hans aldri yrkja jafnvel". Það stendur. En það er vandi að gylla gull – *flest er það í brotum sem við berum okkur í munn* (23) – og um töfra þessarar nýju ljóðabókar Hannesar er enginn til vitnis utan bókin sjálf á eintali við lesandann *...silfurþráður inn í sannhreinan sunnanblæ...* (39).

Sigurður Hróarsson




**BÆKUR**
**Fyrir kvölddyrum**
Hannes Pétursson
Mál og menning
★★★★★
Það eru ljóðajól á Íslandi

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**DESEMBER**
12 13 14 **15** 16 17 18
**Föstudagur**

**TÓNLEIKAR**

☐ 20.00 **Kammerkór Tretjakovlistasafnsins** í **Moskvu** flytur rússneska kirkjutónlist og jólasöngva í **Dómkirkjunni** í tilefni af **rússneskum** menningardögum.

☐ 21.00 Hljómsveitin **Dýrðin** heldur útgáfutónleika sína á **Barnum, Laugavegi 22**. Einnig kemur fram hljómsveitin **The Way Down**. Aðgangur er ókeypis.

☐ Hljómsveitin **Dark Harvest** heldur tónleika á **Classic Rock** í **Ármúla**. Nýr söngvari er kynntur til sögunnar en gestasöngvari er **Jenni** úr **Brain Police**.

**FYRIRLESTRAR**

☐ 14.00 **Dr. Markús Meckl**, lektor við Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri flytur erindi sitt **Helförin sem hitamál** í húsakynnum **Háskólans á Akureyri** í stofu Þ14, **Þingvallastræti 23**.

**SÝNINGAR**

☐ 10.00 í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi**, stendur yfir sýning á verkum 45 bandarískra myndlistarmanna. Sýningin **Uncertain States of America** stendur til 21. janúar. Sýningarstjórar eru **Hans Ulrich Obrist** og **Daniel Birnbaum.**

**SÍÐUSTU FORVÖÐ**

☐ 18.00 Sýningu listamannanna **Kristjáns Zaklynsky** og Linu **Larsen DEN** í sýningarýminu **Gallerí Dvergur**, lýkur á morgun. Gallerí Dvergur er staðsett í kjallara bakhúss að Grundarstíg 21 í Þingholtunum. Verkin á sýningunni eru unnin á árinu 2006. Sýningin verður opin milli 18-20 í dag og á morgun.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.





HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5760
Opið í dag kl. 10–18 á Klettháls 11
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum


PETTER & THE PIX


INCUBUS

**Í SPILARANUM**

Petter & the Pix - Easily Tricked
Chin Up Chin Up - This Harness Can't Ride Anything
Sufjan Stevens - Songs for Christmas
Incubus - Light Grenades
Siggi Pálma - Stories

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Vill vinna með Floyd

Rapparinn Lupe Fiasco vill vinna með hljómsveitinni fornfrægu Pink Floyd eða einhverjum meðlimum hennar á næstunni.

Fiasco, sem vann með Jay-Z, Kanye West og Jill Scott á sinni fyrstu plötu, Food & Liqour, gerir sér grein fyrir því að hugmyndin gæti reynst erfið í framkvæmd en ætlar að reyna hvað hann getur.

Food & Liquor var tilnefnd til þrennra Grammy-verðlauna í síðustu viku. Næsta plata Fiasco nefnist The Cool þar sem hann mun vinna með ýmsum efnilegum tónlistarmönnum.


**LUPE FIASCO** Rapparinn Lupe Fiasco vill vinna með Pink Floyd.



**> Plata vikunnar**

**FORGOTTEN LORES - Frá heimsenda**

★★★★★

Frá heimsenda sýnir að Forgotten Lores eru ókrýndir kóngar íslenska rappsins. Orðfærni, flæði og flottir taktar. Ein af plötum ársins.

TJ



**TÓNNINN GEFINN**

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

## *Poppum þetta upp*

Síðustu tvær vikur hef ég verið að ausa úr skálum reiði minnar yfir stærstu plötuútgáfu landsins og helstu útvarpsstöðvarnar fyrir að vera að rústa íslenskt popp. Gagnrýni sem var reyndar réttmæt enda hefur útgáfan hjá stærsta plötuútgáfufyrirtækinu verið alltof einsleit í of langan tíma. Og til þess að ýta enn undir þessa þróun hafa útvarpsstöðvarnar verið alltof íhaldssamar við lagaval og framtakssemin hefur verið lítil sem engin. Ég ætla nú samt að fara að hætta þessari neikvæðni minni í garð íslenskrar popptónlistar en ætla að enda þetta á því að gagnrýna íslenska popptónlistarmenn.

Íslensk meginstraums-popptónlist hefur, eins og margoft hefur komið fram, hljómað nánast eins í rúmlega tíu ár. Ekki er einungis hægt að saka Senu og útvarpsstöðvarnar um stöðu mála eða þeirri staðreynd að sömu upptökustjórarnir hafa verið alltof áberandi, alltof lengi. Sjálfir tónlistarmennirnir þurfa að fara að gera eitthvað sjálfir. Ísland er reyndar uppfullt af frábæru tónlistarfólki en fordómar fyrir meginstraumspoppi eru alltof algengir og það er miður. Nánast má líta á þetta sem snobb, tónlistarmenn vilja ekki „selja sálu sína“ til markaðsaflanna og finnst eins og með því að vera undir hatti Senu eða fá spilun á FM 957 missi þeir listamannsstimpilinn sinn. En hvernig má það vera, af hverju er fólk ekki lengur listamenn þó að fleiri fái að njóta listar viðkomandi? Öll poppsagan er uppfull af listamönnum sem hafa verið undir hatti risaplötufyrirtækja og síðan verið markaðssettir til helvítis, ef ég má taka svo sterkt til orða.



Þeir tónlistarmenn sem hafa breytt gangi poppsögunnar hafa nær allir með tölu verið gefnir út af plöturisa og það á einnig við um poppið hérlendis. En eins og áður segir blasir sú sorglega staðreynd við að poppið hérlendis er staðnað. Þess vegna hef ég verið að gagnrýna stöðu mála og vil að lokum hvetja íslenska tónlistarmenn til þess að fara að poppa þetta upp. Mig þyrstir í ferskt íslenskt meginstraumspopp.







# Lítið um tilraunamennsku

**Stórir tónleikapakkar og veglegar endurútgáfur eru mest áberandi þegar tónlistarmynddiskar ársins 2006 eru skoðaðir. Trausti Júlíusson tékkaði á nokkrum af mest seldu diskum ársins.**


**RAMMSTEIN** Völkerball með Rammstein er gott dæmi um feitan tónleikapakka. Tónleikar og heimildarmyndir á tveimur DVD diskum og CD fylgir með.

Framboð á tónlistarmynddiskum hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár þó að íslenskar útgáfur séu enn þá sárafáar á ári hverju. Stórir tónleikapakkar og veglegar endurútgáfur eru mest áberandi á sölulistum á árinu 2006. Það er sífellt verið að koma meira og meira efni í pakkann og það er að verða regla hjá stórum nöfnum í poppheiminum að fylgja tónleikaferðalagi eftir með tvöföldum eða þreföldum tónleikapökkum. Á þeim eru yfirleitt a.m.k. einir stórir tónleikar í fullri lengd auk hápunkta frá fleiri tónleikum, heimildarmynda og annars aukaefnis. Góð dæmi um svona útgáfur eru Völkerball með Rammstein (2 DVD + 1 CD), Touring the Angel með Depeche Mode (2 DVD + 1 CD) og Death on the Road með Iron Maiden (3 DVD). Það er mikið lagt í þessa pakka. Hljómgæðin eru frábær og umbúðir og frágangur til fyrirmyndar. Harðir aðdáendur eru í skýjunum.

**Dark Side of the Moon í heild sinni**

Eins og áður segir er líka töluvert endurútgefið af tónleikum sem áður voru bara til á vídeói. Og þar er líka stundum mikið lagt í hlutina og aukaefni hrúgað í pakkann. Ágæt dæmi um þetta eru Pulse-tónleikarnir með Pink Floyd. Þeir voru teknir upp í Earls Court í London árið 1994. Á þeim flytur sveitin m.a. Dark Side of the Moon í heild sinni auk annars efnis. Þetta er tvöfaldur pakki með nýrri 5.1 hljóðblöndun og hlaðinn aukaefni. Það er t.d. hægt að skoða kvikmyndirnar sem voru sýndar á bakvið sveitina í ákveðnum lögum á tónleikunum sérstaklega og svo er safn af ólöglegum upptökum af þessu tónleikaferðalagi Pink Floyd undir heitinu Bootlegging the Bootleggers. Þeir sem mættu á tónleika Roger Waters í Egilshöll ættu að vera spenntir. Önnur stór útgáfa í sama gæðaflokki er Zoo TV-pakkinn með U2, en þar er að finna tónleika sveitarinnar frá Sydney árið 1993. Þá má geta þess að Eagle Vision-útgáfan hefur safnað saman tónleikaútgáfum með nokkrum stórum nöfnum og sett saman í pakka. Þ.á m. eru Doors (3 DVD), Beach Boys (3 DVD) og Tina Turner (3 DVD).


**DEPECHE MODE** Dave Gahan er í miklum ham á Touring The Angel tónleikaferðinni.

**Lítil tilraunamennska**

Hefðbundin myndbandasöfn seljast enn þá vel. Metallicu-safnið The Videos 1989–2004 er t.d. mest seldi erlendi tónlistarmynddiskurinn á Íslandi á árinu 2006 og svipuð söfn með U2, Abba, AC/DC og George Michael mokast út líka.

Þegar mynddiskavæðingin tók við af vídeóinu var töluvert um tilraunamennsku. Menn voru að prófa sig áfram með tæknina. Það var t.d. hægt að fylgja bara gítarleikaranum eða skoða ákveðin lög frá mörgum sjónarhornum. Það er lítið um svona tilraunamennsku í dag, enda kannski hálf tilgangslaust þegar upp er staðið. Þó eru enn til menn sem fara nýjar leiðir, þ.á m. The Beastie Boys sem afhentu 50 aðdáendum upptökuvélar og fengu þá til að taka tónleika með þeim í Madison Square Garden í New York upp utan úr sal. Útkomuna má sjá á mynddisknum Awesome, I Shot That! sem þykir magnaður. ■

## VINSÆLUSTU TÓNLISTARMYNDDISKARNIR

Mest seldu erlendu tónlistar-mynddiskarnir á Íslandi það sem af er árinu 2006

1. The Videos 1989-2004 **METALLICA**
2. Pulse (2DVD) **PINK FLOYD**
3. Live! Tonight! Sold Out! DVD **NIRVANA**
4. Völkerball **RAMMSTEIN**
5. Farewell Tour (2DVD) **EAGLES**
6. Long Road Home: Concert DVD **JOHN FOGERTY**
7. Zoo TV: Live from Sydney DVD **U2**
8. Live 1997-2006 (2DVD) **ROBBIE WILLIAMS**
9. Number Ones DVD **ABBA**
10. 18 Singles DVD **U2**


**METALLICA** Rokkararnir öldnu eru vinsælir á Íslandi.


**ABBA** Eiga enn trygga aðdáendur hérlendis.




# 12 Tónar verma

## tónlist á tveimur hæðum

**opið til 22:00 alla daga til jóla!**

Hinir ástsælu Spaðar leika í verslun okkar laugardag kl. 16:00

FERÐAMANNAVERSLUN
ÁRSINS

**12 Tónar**

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 15 511-5656
FIOLSTRÆDE 7 3336 5656
WWW.12TONAR.IS

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

**REYKJAVÍKURNÆTUR** HARPA PÉTURSDÓTTIR LEGGUR TIL AÐ KARLMENN KVEIKI Á HEILANUM FYRIR JÓLIN

# *Of litlar gallabuxur, gjörðu svo vel!*

Það er við hæfi að ræða jólin á þessum tíma árs og þess vegna langar mig að drepa ögn á þeim. En ég ætla sko ekki að fara að predika enn einu sinni um það að við séum að gleyma því sem raunverulega skiptir máli á jólunum og að við séum týnd í efnishyggjugeðveikinni sem er að tröllríða þessari jörð. Alltof margir hafa haldið slíkar ræður í alltof mörg ár. Og þeir sem tala standa alltaf í þeirri trú að þeir séu að predika eitthvað nýtt.

Nei, það sem ég hef að segja er ekki alveg í þeim stíl. Ég hef bara eitt að segja við karlmenn: Það er snjallræði að brjóta heilann aðeins áður en gjöfin handa konunni er keypt. Ég er barasta búin að heyra of margar hryllingssögur af því hvað menn hafa boðið konum sínum upp á á jólunum.

Ein vinkona mín var með splunkunýtt barn á jólunum, eins yndislegt og það er örugglega þá er það þó erfiður tími hjá mörgum konum þegar kílóin eru rétt að byrja að hverfa. Nema hvað að manninum hennar fannst svona líka góð hugmynd að gefa konunni æfingahjól í jólagjöf svo hún gæti nú komið sér í form aftur. Ekki nóg með það heldur gaf hann henni líka of litlar gallabuxur og sagði henni að þegar hún kæmist í þær skyldi hann bjóða henni út að borða. Hvílík gúrka og erkiilli! Þessi yfirlýsing hefur sennilega verið konunni jafn sársaukafull og deyfingarlaus fæðingin sjálf!

Svo veit ég um einn sem pantaði svakalega flotta og dýra jólagjöf frá konunni og keypti hana sjálfur svo hún kæmist örugglega ekki undan því. Svo komu jólin, sem þau eyddu saman tvö ein í fyrsta sinn, og borðuðu og drukku voða fínt og flott. Nema hvað að hann varð svo fullur að hann drapst á sófanum fyrir miðnætti. Daginn eftir þegar hann var krafinn skýringa á því hvar pakkinn hennar væri eiginlega, þar sem hann var vant viðlátinn kvöldið áður, kom í ljós að hann var ekki til. Hann sagði: „Ég ætlaði sko að gefa þér leðurbikíní en ég fann það hvergi svo ég ákvað að reyna aftur á milli jóla og nýárs.“ Frábær jól hjá henni. Ég skil ekki hvernig svona menn ná sér í konur til að byrja með.

Svo hef ég heyrt um fleira, til dæmis skartgripasett og úr í stíl úr Saga boutique. Það finnst mér ekki smart. Af hverju keyptirðu ekkert í útlöndum fyrst þú varst þar? Það gefur vísbendingu um að konan hafi verið fjarri huganum þangað til rétt fyrir lendingu.



Karlmenn gleyma stundum að vera einlægir og rómantískir og að spá í það hvort einhver skilaboð eða ábendingar fylgi gjöfinni. Já, ég segi ekki meira, það er víst best að kveikja á heilanum áður en gjöfin er keypt!

## TILNEFNINGAR TIL GOLDEN GLOBE

**Besta mynd í flokki dramamynda**
Babel
Bobby
The Departed
Little Children
The Queen

**Besta mynd í flokki gaman- og söngmynda**
Borat
The Devil Wears Prada
Dreamgirls
Little Miss Sunshine
Thank You for Smoking

**Besta leikkona í dramamynd**
Penelope Cruz (Volver)
Judi Dench (Notes on a Scandal)
Maggie Gyllenhaal (Sherrybaby)
Helen Mirren (The Queen)
Kate Winslet (Little Children)

**Besti leikari í dramamynd**
Leonardo DiCaprio (Blood Diamond og The Departed)
Peter O'Toole (Venus)
Will Smith (The Pursuit of Happyness)
Forest Whitaker (The Last King of Scotland)

**Besta leikkona í gaman- eða söngmynd**
Annette Bening (Running with Scissors)
Toni Collette (Little Miss Sunshine)
Beyoncé Knowles (Dreamgirls)
Meryl Streep (The Devil Wears Prada)
Renee Zellweger (Miss Potter)

**Besti leikari í gaman- eða söngmynd**
Sacha Baron Cohen (Borat)
Johnny Depp (Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest)
Aaron Eckhart (Thank You for Smoking)
Chiwetel Ejiofor (Kinky Boots)
Will Ferrell (Stranger Than Fiction)

**Besta leikstjórn**
Clint Eastwood (Flags of Our Fathers og Letters From Iwo Jima)
Stephen Frears (The Queen)
Alejandro Gonzalez Inarritu (Babel)
Marin Scorsese (The Departed)

**Besta leikkona í aukahlutverki**
Adriana Barraza (Babel)
Cate Blanchett (Notes on a Scandal)
Emily Blunt (The Devil Wears Prada)
Jennifer Hudson (Dreamgirls)
Kikuchi Rinko (Babel)

**Besti leikari í aukahlutverki**
Ben Affleck (Hollywoodland)
Eddie Murphy (Dreamgirls)
Jack Nicholson (The Departed)
Brad Pitt (Babel)
Mark Wahlberg (The Departed)

**Besta handrit**
Babel
Little Children
Notes on a Scandal
The Departed
The Queen



**CLINT EASTWOOD** Íslandsvinurinn fær tilnefningar fyrir tvær myndir sínar.

# Babel og The Departed með flestar tilnefningar

**Tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna voru tilkynntar í gær. Fjölþjóðlega kvikmyndin Babel, sem skartar leikurunum Brad Pitt og Cate Blanchett, fékk flestar tilnefningar, alls sjö talsins.**



**TILNEFNINGAR TILKYNNTAR** Leikkonan Rosario Dawson talaði við kynningu tilnefninganna.

Golden Globe-verðlaunin verða afhent í 64. sinn 15. janúar næstkomandi. Alejandro González Iñárritu fékk tilnefningu fyrir bestu leikstjórn, en mynd hans, Babel, hlaut sex aðrar tilnefningar, fyrir besta leikara í aukahlutverki, bestu frumsömdu tónlist, bestu mynd, besta handrit og tvær fyrir bestu leikkonu í aukahlutverki.

The Departed, eftir Martin Scorsese, fékk einnig góðar viðtökur. Í myndinni kemur fram einvala lið leikara, en hún fékk sex tilnefningar, þar á meðal fyrir leik Leonardo DiCaprio í aðalhlutverki og tvær fyrir besta leik í aukahlutverki og voru þar félagarnir Jack Nicholson og Mark Wahlberg tilnefndir.

Íslandsvinurinn Clint Eastwood fékk tvær tilnefningar sem besti leikstjóri, aðra fyrir Flags of Our Fathers, sem var tekin upp að hluta í Sandvík, en hina fyrir systur-mynd hennar, Letters From Iwo Jima. Hvorug myndin er þó tilnefnd sem besta mynd í flokki dramamynda. Sú seinni er tilnefnd sem besta myndin á erlendri tungu, en í henni er nær eingöngu töluð japanska. Þar fékk einnig tilnefningu mynd Mel Gibson, Apocalypto, sem er á tungu Maya-indjána.

Nokkrar áberandi kvikmyndir hlutu engar tilnefningar, sem þótti koma nokkuð á óvart. Þar á meðal voru The Good German eftir Steven Soderbergh, kvikmynd Robert De Niro, The Good Shepherd, Children of Men eftir Alfonso Cuaron og United 93 eftir Paul Greengrass, sem fjallar um atburði 11. september árið 2001.

Cars, Happy Feet og Monster House hlutu allar tilnefningar sem besta teiknimynd ársins.



**ÚR BABEL** Í myndinni fléttast saman þrjár aðskildar sögur frá þremur heimshornum.

Golden Globe veitir einnig verðlaun fyrir sjónvarp. Drama- og spennuþættirnir 24, Big Love, Grey's Anatomy, Heroes og Lost fengu allir tilnefningu og Entourage, Ugly Betty, Desperate Housewives, bandaríska útgáfan af The Office og Weeds fengu tilnefningar í flokki bestu gamanþátta.

steindor@frettabladid.is



**FÓLKIÐ Á BAKVIÐ THE DEPARTED** Martin Scorsese, Vera Farmiga og Leonardo DiCaprio við kynningu á myndinni í haust.





mikið úrval af jólavörum

evans.

KRINGLUNNI OG SMÁRALIND STÆRÐIR 16-32

# Glæsileg saga baráttukonu

„... Sigríður Dúna skrifar um þessa **merkilegu konu** af mikilli samúð og skilningi og úr verður **spennandi saga** um konu sem á margan hátt var langt á undan sinni samtíð."

Illugi Jökulsson / Blaðið




„... **viðamikið og vandað verk** ... Hugmyndaleg þróun og tímamót í baráttu og starfi Ólafíu Jóhannsdóttur fyrir réttindum og velferð kvenna er rakin skilmerkilega og einnig glíma hennar við guð."

Hörður Bergmann / kistan.is

„Bókin Ólafía býður upp á nánari kynni af margbrotinni persónu ... **bók sem mikill fengur er að** ... uppfyllir allar þær væntingar sem fólk kann að hafa til Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur sem ævisagnahöfundar ... mjög **lipurlega skrifuð ... ætti ekki að fara framhjá neinum landsmanni.**"

Auður Styrkársdóttir / vefritið Stjórnmál og stjórnsýsla

## Meðal vændiskvenna, fátæklinga og drykkjumanna

Saga Ólafíu Jóhannsdóttur er samofin sögu íslenskra kvenna á ofanverðri nítjándu öld og fram yfir aldamótin 1900. Hún er jafnframt saga skapríkrar konu sem fór ævinlega sína leið og þegar öll sund virtust lokuð fann hún frelsi sitt og lífsbjörg í trú á kærleiksríkan Guð. Í krafti þess gerði hún sér heimili meðal vændiskvenna, fátæklinga og drykkjumanna í Ósló.



Síðasta bók Sigríðar Dúnu, *Björg – Ævisaga Bjargar C. Þorláksson*, hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2001.

JPV ÚTGÁFA

Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík
Sími 575 5600
www.jpv.is

# Með verstu áhrifin

Dómarinn harðskeytti og maðurinn á bak við Idol og X-Factor, Simon Cowell, hefur verið kjörinn sá aðili sem hefur haft verst áhrif á breskt tónlistarlíf undanfarin tuttugu ár.

Cowell hefur látið hafa eftir sér að hann hlusti aldrei á tónlist og telja margir að hann hafi bara áhuga á því sem seljist en ekki góðu lagi. Hefur hann komið fjölmörgum ungum söngvurum á framfæri eftir að þeir slógu í gegn í þáttum hans, við misjafnar undirtektir.

Í öðru sæti í skoðanakönnuninni, sem var framkvæmd af eMusic, voru lagasmiðirnir Stock, Aitken og Waterman, sem eru mennirnir á bak við þekkt lög sem Rick Astley og Kylie Minogue sungu á árum áður.

Útvarpsmaðurinn John Peel, sem lést á árinu, var í efsta sæti yfir þá sem hafa haft bestu áhrifin á breskt tónlistarlíf undanfarin tuttugu ár. Í næstu sætum á eftir komu Jools Holland og Michael Eavis.



**ÓVINSÆLL** Dómarinn harðskeytti er ekki vinsæll á meðal þeirra sem tóku þátt í skoðanakönnun eMusic.




Grand Prix

Verðlaunastóllinn sem var hannaður af Arne Jacobsen árið 1955. Nú fáanlegur í mjög takmörkuðu upplagi - og aðeins til 1. mars.



epal

Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / Fax 568 7740 / epal@epal.is / www.epal.is


# Fróðastir á Fréttablaðinu

**Á miðvikudagskvöld tókust blöðin hart á í því sem skiptir máli þegar blaðamennskan er annars vegar: Að vita. Logi Bergmann Eiðsson stóð fyrir bráðskemmtilegu pressukvöldi þar sem tekist var á í spurningaspilinu Meistarinn. Fréttablaðið hafði vitanlega sigur en hin blöðin stóðu sig prýðilega: Blaðið, DV og Morgunblaðið.**

Loftið var rafmagnað á efri hæð búllunnar Grand rokk við Smiðjustíg. Þangað hafði hinn spurningaglaði sjónvarpsmaður Logi Bergmann Eiðsson boðað lið á vegum blaðanna til keppni. Mættu fjögur lið til leiks – fulltrúar Fréttablaðsins, Mogga, Blaðsins og DV.

Atið fólst í því að keppa í nýju spurningaspili, Meistaranum. Spyrillinn var sjálfur Logi Bergmann Eiðsson sem stjórnaði keppninni af miklu öryggi. Þeir sem mættir voru til að takast á voru þeir Þórarinn Þórarinsson og Steinþór Helgi Arnsteinsson fyrir Fréttablaðið, Jóhann Bjarni Kolbeinsson og Árni Helgason fyrir Moggann, Andrés Magnússon og Brynjólfur Þór Guðmundsson fyrir Blaðið og Kormákur Bragason og Friðrik Indriðason fyrir DV.

Skemmst er frá að segja að Fréttablaðið vann keppnina örugglega. Þeir Þórarinn og Steinþór rúlluðu með léttum leik upp fyrri umferðinni.

„Ég vil nú meina að úrslitin hafi verið ráðin bara um leið og við gengum inn í húsið," segir Þórarinn og er ekki með neina uppgerðar hógværð. En í seinni umferð veittu reyndar þeir á Blaðinu Þórarni og Steinþóri harða keppni. Sem kom viðstöddum nokkuð á óvart því í fyrri umferðinni voru þeir Andrés og Brynjólfur með allt niðrum sig – eins og sagt er. Undir lokin voru liðin hnífjöfn og spennan rafmögnuð. En á elleftu stundu höfðu Fréttablaðsmenn sigur er þeir svöruðu rétt spurningunni um hver leikstýrði nýlegri kvikmynd um ofurmennið Hulk. Þar má segja að þeir hafi báðir verið á heimavelli, þessir annars víðfróðu menn, Þórarinn og Steinþór, enda báðir miklir bíóböffar. Svöruðu Ang Lee og úrslitin voru ráðin.

„Þetta var mjög skemmtilegt. Spilað samkvæmt svokölluðum variánti. Sem þýðir að reglunum er breytt reglulega. Nýjar leikreglur kynntar," segir Logi Bergmann sem er mjög ánægður með hvernig til tókst. „Mikilvægt að prófa spilið á hópi bessservissera. Og sjá að það virkar vel í þá. Það fundust mér mikil meðmæli með spilinu." jakob@frettabladid.is



**SIGURVEGARARNIR** Þórarinn og Steinþór höfðu sigur næsta auðveldlega í fyrri umferðinni en Blaðið veitti þeim harða keppni í seinni umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL



**SPURNINGAGLAÐUR SJÓNVARPSMAÐUR** Logi Bergmann Eiðsson stjórnaði hinni hörðu keppni af miklu öryggi. Og skaut inn á milli bröndurum eins og honum einum er lagið.



**BLAÐAMENN KEPPA** DV-mönnum hljóp kapp í kinn og höfðu á orði að hallað hefði á þá þegar spurningarnar sem Logi valdi voru annars vegar.



**VERÐLAUNAAFHENDING** Sigurvegararnir þiggja verðlaun úr hendi Skarphéðins Guðmundssonar sem skipulagði keppnina ásamt Loga.

# Þjóðlagapopp við ljóð Einars Más

Útgáfutónleikar verða haldnir í Iðnó í kvöld í tilefni af útkomu plötunnar Þriðja leiðin. Elísabet Eyþórsdóttir syngur á plötunni lög Barkar Hrafns Birgissonar, gítarleikara og fyrrverandi meðlims Jagúars. Textarnir eru eftir skáldið Einar Má Guðmundsson. Þá má einnig finna í ljóðabókinni Ég stytti mér leið framhjá dauðann, sem var gefin út á dögunum.

Þriðja leiðin er fyrsta sólóplata Barkar, sem var annar stofnanda Jagúars á sínum tíma. „Ég var í tilvistarkreppu fyrir ári síðan. Ég var nýhættur í Jagúar og vissi ekki hvað ég ætlaði að gera næst. Þá hitti ég Einar Má Guðmundsson. Við þekktumst ekkert en fórum að spjalla og hann sagði mér að hann væri að semja ljóðabók og spurði hvort ég hefði áhuga á að semja músík fyrir hana," segir Börkur Hrafn um tilurð plötunnar. „Ég ákvað að gera þjóðlagapoppplötu við þessa texta og það hafðist á endanum. Ég var búinn að vinna svolítið með Ellen [Kristjánsdóttur] og hún var til í að taka nokkur lög. Hún benti mér síðan á að hún ætti dóttur sem væri alveg tilvalin í þetta. Hún kom síðan til mín alveg skjálfandi á beinunum en hún stóð sig frábærlega," segir Börkur.



**BETA OG BÖRKUR** Elísabet Eyþórsdóttir og Börkur Hrafn Birgisson eru í aðalhlutverki á plötunni Þriðja leiðin. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Að sögn Barkar var kominn tími til að prófa að gera eitthvað sjálfur eftir veruna í Jagúar. „Ég hef alltaf verið að hlusta á svona rólegheita tónlist og undanfarið ár hef ég hlustað gríðarlega mikið á Emilíönu Torrini-plötuna og á Zero 7," segir hann um áhrifavalda sína.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20.00. Einar Már mun lesa ljóð úr bók sinni auk þess sem Ellen og eiginmaður hennar Eyþór munu aðstoða við flutninginn ásamt fleirum. Miðasala fer fram á midi.is. - fb

# Vinna að Ameríkudraumnum

**Hljómsveitina Búdrýgindi ættu allir að kannast við, en þeir unnu Músíktilraunir árið 2002, einungis 15 ára gamlir. Í dag standa strákarnir á tímamótum því þeir útskrifast allir úr menntaskóla núna um jólin. Á döfinni er að taka upp ný lög og svo er á teikniborðinu að reyna „meika það“ í Ameríku undir nýju nafni.**

„Ég er á góðri leið með að verða helköttaður,“ segir Magnús Ágústsson, söngvari hljómsveitarinnar Búdrýgindi, en hann var nýkominn úr tækjasalnum þegar blaðamaður náði sambandi við hann. Búdrýgindi sigruðu Músík-tilraunir Tónabæjar árið 2002 og gaf hljómsveitin út í því framhaldi diskinn Kúbakóla en þá voru drengirnir aðeins 15 ára gamlir. Tveimur árum seinna kom svo skífan Juxtapose og nú síðast í sumar tilkynntu þeir áætlanir um að reyna fyrir sér í Bandaríkjunum, undir nafninu Showdown Clown.

„Tónlistin hefur fengið að sitja á hakanum í haust, en við erum allir svo uppteknir við að klára skólann,“ segir Magnús en allir fjórir meðlimir Búdrýginda útskrifast úr Menntaskólanum við Hamrahlíð núna um jólin, sem er kannski ekki merkilegt nema fyrir þær sakir að allir útskrifast hálfu ári áður en eðlilegt þykir. Magnús neitar því ekki að meðlimir hljómsveitarinnar séu miklir námsmenn en hann og Axel Haraldsson, trommuleikari sveitarinnar, eru báðir með einkaflugmannspróf í ofanálag. „Svo í febrúar ætlum við að fara í einkaflugmannsnám. Við ætlum samt ennþá að verða rokkstjörnur þegar við verðum stórir, bara flug-stjörnur eins og John Travolta og Bruce Dickinson.“ Stefnan hefur verið tekin á upptökuver um hátíðirnar til þess að taka upp nýtt efni og segir Magnús að jafnvel ætli þeir um leið að taka upp enska útgáfu af sínum gömlu lögum.

„Við erum að vinna í þessum Ameríkudraumi og aðstoð væri vel þegin, okkur vantar til dæmis umboðsmann og enn fleiri tengiliði,“ segir Magnús og bætir því við að hljómsveitin vilji ólm hita upp fyrir Incubus sem spilar í Reykjavík eftir áramót. „Svo í janúar verður hljómsveitin níu ára og á næsta ári verðum við akkúrat búnir að vera í bandinu helming ævi okkar,“ en strákarnir hófu að spila saman þegar þeir voru aðeins tíu ára gamlir.

dori@frettabladid.is



**MAGNÚS ÁGÚSTSSON** Helmingur hljómsveitarinnar stefnir í atvinnuflugnám eftir áramót og svo er stefnt á Bandaríkin.



**BÚDRÝGINDI** Klára allir stúdentspróf um jólin, hálfu ári á undan áætlun.



**CHRIS ROCK** Rænir Donald Trump í væntanlegri kvikmynd.

# Ræna Donald Trump

Á næsta ári verður tekin upp ný kvikmynd sem skartar engum öðrum en þeim Eddie Murphy og Chris Rock í aðalhlutverki. Rock og Murphy munu leika húsverði í Trump Tower sem leggja á ráðin um að ræna húsráðandann sjálfan, Donald Trump. Handritshöfundur myndarinnar er Russell Gewirtz sem skrifaði handritið að Inside Man, en hugmyndin kemur frá Eddie Murphy. Kvikmyndinni verður leikstýrt af Brett Ratner og segir handritshöfundurinn að hún verði léttari en Inside Man en þó jafn slungin.





**MARY J. BLIGE** Leiðist umfjöllun fjölmiðla um Britney Spears.

# Til bjargar Spears

R&B söngkonan Mary J. Blige ver kynsystur sína Britney Spears í nýju viðtali, en fjölmiðlar hneykslast á hegðun Spears á hvejum degi. Spears, sem nýlega skildi við Kevin Federline, hefur verið áberandi í skemmtanalífinu og hafa papparassar verið duglegir við að fylgja henni eftir og ná af henni myndum á röngum tíma og á röngum stað. Mary J. Blige, sem er fyrrverandi eiturlyfjaneytandi, segir að Britney sé einungis að fagna frelsinu sem fylgir skilnaði og að innan skamms verði hún búin að róa sig.





# Útsölunni lokið




**TÓNLIST**
**1500 dagar**
Buttercup
★★★
Tónlist Buttercup er rokkaðri en á síðustu plötum og það fer þeim ágætlega. Spilagleði þeirra skín í gegn í bestu lögum plötunnar.

Það hefur ekki heyrst mikið frá drengjunum í Buttercup síðustu ár. Þeir voru heitir á sveitaballamarkaðnum í kringum aldamótin með söngkonuna Írisi Kristinsdóttur fremsta í flokki. Þá komu út plötur með afspyrnuslökum titlum á borð við Allt á útsölu og Buttercup.is en á þeim leyndust ágætis popplög. Eftir að upprunalegu meðlimirnir urðu einir eftir hefur sveitin snúið sér að nokkuð rokkaðri tónlist. Það gefur afskaplega góða raun því 1500 dagar er besta plata Buttercup til þessa.

Tónlistin á 1500 dögum er einfalt popprokk, gítar, bassi og trommur og smá skreytingar með hljómborði og mandólíni. Fyrsta lagið, Fyrr en þú heldur, er flottur smellur en viðlagið minnir óþyrmilega mikið á 200.000 naglbíta. Því næst er komið að besta lagi plötunnar, Ekki þess virði, sem er frábær rokkhittari. Önnur sterk lög eru Fullkomið sólarlag, Yndislega óhamingja og Enginn nema ég.

Þetta er síður en svo gallalaus plata – Dansarinn er til að mynda alveg hryllilega misheppnað. Brotin skel og Á leiðinni heim minna svo óþyrmilega á sveitaballatíma Buttercup, sér í lagi Á leiðinni heim sem hljómar alveg eins og eitthvert gamalt Þjóðhátíðarlag.

Buttercup-menn koma þó nokkuð á óvart hér. Þennan árangur þeirra má ugglaust rekja til þess að þeir hafa gefið sveitaballa„drauminn“ upp á bátinn. Nú eru þetta bara fjórir strákar í hljómsveit að gera tónlist að eigin skapi. Tónlist þeirra mun ekki breyta heiminum, né heldur hafa mikil áhrif á Íslandi. En þeir hafa gaman af þessu og það skín í gegn. **Höskuldur Daði Magnússon**




Hnotubrjóturinn

Aldrei fyrr hafa hnetur brotnað á jafn snyrtilegan og stílhreinan hátt. Nýi Drosselmeyer hnetubrjóturinn fæst í svörtu, rauðu og hvítu.



epal

Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / Fax 568 7740 / epal@epal.is / www.epal.is


# Sprengingar og sverðaglamur í ársbyrjun

**Jack Bauer heldur áfram að bjarga heiminum og menn berast enn á banaspjótum í Róm í nýjum þáttaröðum 24 og Rome sem hefja göngu sína í Bandaríkjunum í upphafi árs. Þættirnir munu skila sér hratt og örugglega til Íslands þannig að aðdáendur þeirra geta farið að hlakka til.**



**MAFÍÓSAGENGI** Tony Soprano mun gera málin upp í átta þátta kafla sem hefur göngu sína í bandarísku sjónvarpi í byrjun ársins 2007.

Sjónvarpsárið 2007 byrjar með látum í Bandaríkjunum með enn einum sturluðum sólarhringnum í lífi leyniþjónustumannsins Jack Bauer í sjöttu þáttaröð 24. Þá tekur við nýr kafli í sögu Rómar við í öðrum árgangi Rome. Rómarþættirnir eru samstarfsverkefni HBO og BBC og þótti fyrsta þáttaröðin ákaflega vel heppnuð þannig að von er á góðu. Eitt helsta tromp HBO verður þó án efa átta þátta lokahnykkur The Sopranos.

### Jack lætur ekki bíða eftir sér

Íslenskir aðdáendur 24 og Rómar þurfa ekki að bíða lengi eftir Jack Bauer og Rómverjunum því þar sem Stöð 2 mun fylgja fast á hæla Bandaríkjamönnum. Sýningar á 24 hefjast með tvöföldum þætti hinn 28. janúar og Rome fylgir í kjölfarið.

Jack var í býsna vondum málum þegar íslenskir áhorfendur skildu við hann í sumar. Hann hafði bjargað Bandaríkjunum undan eiturefnaárás og afhjúpaði um leið forsetann sem landráðamann. Hann fékk þó ekki tækifæri til þess að blása úr nös þar sem útsendarar kínverskra yfirvalda, sem áttu ýmislegt sökótt við hann eftir fjórðu seríu, rændu honum og sigldu með út á reginhaf.

Bandaríkin geta þó ekki verið án Jacks lengi og þegar óvenju harka-legar hryðjuverkaárásir dynja á saklausum borgurum er ekki um annað að ræða en fá Bauer lausan og siga honum á óþjóðalýðinn. Okkar maður er því við sama heygarðshornið og gefur ekkert eftir frekar en fyrri daginn.

Kiefer Sutherland leikur vitaskuld Bauer sem fyrr og flestar lykilpersónur síðustu seríu snúa aftur en þar eru tölvuséníið Chloe O'Brian, yfirboðarinn Bill Buchanan og forsetabróðirinn Wayne Palmer í fylkingarbrjósti.



**JACK BAUER** Losnar úr haldi Kínverja og tekur strax til við að bjarga heiminum í sjöttu þáttaröð 24 sem hefur göngu sína í janúar.

Nokkrir nýliðar bætast í hópinn að þessu sinni. Gamla brýnið James Cromwell leikur Phillip Bauer, föður Jacks, sem skýtur upp kollinum, og harðjaxlinn Powers Boothe, sem gerði það síðast gott sem gerspilltur þingmaður í Sin City, leikur varaforseta Bandaríkjanna.

### Valdabarátta í Róm

Rómarþáttunum lauk með morðinu á Júlíusi Sesari en sagan er samt rétt að byrja og nú eiga þeir sviðið, Markús Antóníus og hinn ungi Oktavíanus, og dramatíkin verður síður en svo minni eftir fráfall Sesars.

Það kemur í hlut Markúsar Antóníusar að snúa vörn í sókn og gera upp við tilræðismennina og svikarann Brútus en þáttaröðin mun svo ekki síst snúast um togstreituna á milli Oktavíanusar og Antóníusar sem kemur sér í millitíðinni notalega fyrir í fangi hinnar fögru Kleópötru.

Rómversku riddararnir Lucius Vorenus og Titus Pullo láta sig heldur ekki vanta en brölti þeirra og lífsbaráttu er fléttað skemmtilega saman við þessa stórviðburði í mannkynssögunni.

Þrátt fyrir miklar vinsældir munu, sem stendur, ekki vera uppi áform um að gera þriðju röðina aðdáendum þáttanna til mikilla vonbrigða enda er margt ósagt enn og við lok þessa árgangs verðum við ekki enn komin að þeim stað sem Ég, Kládíus byrjaði á fyrir þrjátíu árum.

### Tony og aðrir góðkunningjar

Mafíubrölt Tonys Soprano mun að hans sögn kosta hann lífið eða frelsið og þær hrakspár gætu ræst í þáttunum átta sem HBO byrjar að sýna í janúar ef framleiðandinn David Chase getur staðið við það að segja skilið við Tony að þessum kafla loknum.

Sjötta þáttaröð The Sopranos er að renna sitt skeið hjá Sjónvarpinu um þessar mundir en einhver bið mun verða á átta þátta framhaldinu þar sem allt útlit er fyrir að sýningar á þeim hefjist ekki fyrr en með haustinu.

RÚV mun hins vegar gleðja fjölmarga aðdáendur Lost! og Aðþrengdra eiginkvenna í ársbyrjun en sýningar á þriðju þáttaröð Lost! hefjast í janúarlok og Desperate Housewives fylgja í kjölfarið strax í byrjun febrúar.

Fleiri góðkunningjar sem hafa læst klóm sínum í íslenska sjónvarpsáhorfendur munu einnig láta til sín taka í ársbyrjun og má þar á meðal nefna lýtalæknana í Nip/Tuck á Stöð 2 og geðstirða lækninn House, sem Hugh Laurie leikur með miklum tilþrifum, á Skjá einum.



**SESAR** Var drepinn í lok fyrsta árgangs Rome og nú láta þeir til sín taka, Markús Antóníus og Oktavíanus. Fyrst beina þeir spjótum sínum að morðingjum Sesars áður en þeim lendir saman innbyrðis.




Lykill að Hótel Örk

Gefðu þeim sem þér þykir vænt um ljúfa dvöl á fallegum stað!

Pöntunarsíminn er 483 4700

Fæst einnig á Hótel Cabin, Borgartúni 32 Reykjavík, sími 511 6030

HÓTEL ÖRK

| Hótel Örk | www.hotel-ork.is | info@hotel-ork.is

# HELGARTILBOÐ




~~3.499~~ **2.499**

Bo og Sinfó
Bo og Sinfó




~~2.999~~ **1.999**

06.06.06
Bubbi DVD




~~2.999~~ **2.499**

Sálin og Gospel
Sálin




~~2.199~~ **1.999**

Jól með mannakornum
Mannakorn




~~2.199~~ **1.999**

Please don't hate me
Lay low




~~2.199~~ **1.999**

Rokkskífan í 30 ár
Ýmsir



~~2.199~~ **1.999**

Magga Stína syngur Megas
Magga Stína



~~2.199~~ **1.999**

Söknuður
Jóhann Helgason




~~2.199~~ **1.999**

Þjóðlög
Ragnheiður Gröndal




**1.999**

Garfield 2
DVD




**1.699**

Jólasveinar syngja og dans
DVD

**Magga Stína tekur lagið og áritar í Kringlunni í dag kl: 16:00**

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

# Díana og Dodi voru ekki myrt

**Samkvæmt breska blaðinu Daily Mail eru bresku prinsarnir, Vilhjálmur og Harry, reiðir vegna mynda sem teknar voru af móður þeirra lífshættulega slasaðri eftir bílslysið í París.**

Stevens lávarður birti í gær skýrslu um atburðarásina sem varð til þess að Díana prinsessa og unnusti hennar, Dodi Al Fayed, létust eftir bílslys árið 1997. Rannsóknin hefur staðið yfir í rúm þrjú ár og kostað breska ríkið tvær milljónir punda eða um 260 milljónir íslenskra króna. Ekki eru þó allir á eitt sáttir við niðurstöðuna og hefur faðir Dodi, Mohammed Al Fayed, lýst því yfir að lávarðinum hafi jafnvel verið mútað eða hótað. Lögfræðingar lífvarðarins Trevor Ress sem lifði af slysið segja hann ekki ætla að tjá sig um niðurstöðuna.

### Buckingham hreinsuð

Talið er að Stevens hafi kynnt prinsunum tveimur innihald skýrslunnar á þriðjudagskvöldinu en hún er rúmar átta hundruð síður að lengd. Þar hrekur Stevens allar þær samsæriskenningar sem spruttu upp í kringum slysið en faðir Dodi, auðjöfurinn Mohammed Al Fayed, hélt því fram að breska konungsfjölskyldan hefði átt hlut að máli og jafnvel skipað fyrir um slysið vegna ástarævintýris sonar hans við bresku prinsessuna. Eins og kunnugt er hafði hirðin við Buckingham löngum horn í síðu Díönu eftir að hún skildi við Karl Bretaprins með miklum látum.

Í skýrslu Stevens kemur skýrt fram að það hafi verið ölvunarakstur franska bílstjórans Henri Paul sem hafi valdið slysinu en Mohammed Fayed lýsti því yfir í bandarískum viðtalsþætti að lávarðinum hefði verið mútað eða hótað til að hagræða niðurstöðunni. „Breska leyniþjónustan rændi tölvu Stevens fyrir sex mánuðum og hefur fundið eitthvað sem hann hefur talið að þyldi ekki dagsljósið,“ sagði Al Fayed sem hingað til hefur haldið því fram að Díana hafi verið ólétt þegar hún lést og að parið ætlaði að giftast. Skýrslan hafnar öllum slíkum vangaveltum og sagði Stevens á blaðamannafundi að í samtölum sínum við nána vini og ættingja prinsessunar hefði ekkert slíkt borið á góma.

### Fegnir endanlegri niðurstöðu

Synir Díönu, Vilhjálmur og Harry, voru sagðir hafa fyllst viðbjóði samkvæmt Daily Mail þegar þeir lásu um hegðan paparazzi-ljósmyndara á slysstað. Í skýrslunni kemur fram að enginn þeirra ljósmyndara sem komu að slysinu hafi rétt Díönu hjálparhönd heldur frekar tekið af henni myndir, lífshættulega slasaðri. Samkvæmt blaðinu eru prinsarnir nú farnir að íhuga hvort ekki eigi að birta myndirnar til að varpa ljósi á starfshætti þessarar stéttar en myndirnar hafa aldrei komið fyrir sjónir bresks almennings.

Samkvæmt heimildarmanni Daily Mail innan bresku hirðarinnar hafa prinsarnir tveir aldrei trúað því að eitthvert samsæri bresku krúnunnar lægi að baki dauða móður þeirra og þeir séu einfaldlega fegnir að málið sé loks til lykta leitt. „Þeir trúa því að ef eitthvað gott hafi hlotist af slysinu sé það að einhverju ljósi sé varpað á glæpsamlega hegðun paparazzi-ljósmyndara,“ sagði náinn vinur prinsanna í samtali við blaðið. „Þeir hlakka til að halda minningartónleikana um móður sína og halda þannig nafni hennar á lofti á jákvæðan hátt,“ útskýrði heimildamaðurinn. „Loksins er þessu sársaukafullu tímabili í lífi þeirra að ljúka,“ bætti hann við.



**STEVENS LÁVARÐUR** Hefur unnið skýrsluna í þrjú ár og birti loks niðurstöðuna í gær.



**PRINSARNIR AÐ TAKA VIÐ** Þeir Vilhjálmur og Harry eru smám saman að taka við af föður sínum sem ímynd bresku konungsfjölskyldunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**DÍANA PRINSESSA** Var elskuð og dáð af samlöndum sínum en hirðin við Buckingham var ekki par hrifin og voru lengi vel vangaveltur um að hirðin hefði komið að bílslysinu með einum eða öðrum hætti.



**BÍLLINN** BMW Díönu og Dodi leit svona út eftir slysið en samkvæmt skýrslu Stevens lávarðar er líklegt að bílstjórinn Henri Paul sé sökudólgurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**YFIRGEFA RITZ-HÓTELIÐ** Díana prinsessa og Dodi Fayed búast til að fara frá Ritz-hótelinu hið örlagaríka kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**PARIÐ MEÐ BÖRNIN** Pitt heldur á Maddox, en Jolie leiðir dóttur sína, Zahara.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fóðra barnið á skordýrum

Angelina Jolie gaf ættleiddum syni sínum, Maddox, engisprettur að borða á ferð sinni um Kambódíu með ástmanni sínum, Brad Pitt, á dögunum. Maddox, sem er fimm ára gamall, er fæddur í landinu, en þar þykja þessi prótínríku skordýr herramannsmatur.

Leikkonan hefur að sögn einnig smekk fyrir kakkalökkum og lirfum og hefur leitað uppi uppskriftir, svo að hún geti matreitt lostætið heima í Bandaríkjunum.

Brad og Angelina féllu hvort fyrir öðru við gerð myndarinnar „Mr. and Mrs. Smith“ og í kjölfarið skildi Brad við konu sína, leikkonuna Jennifer Aniston.

Tímaritið People hefur útnefnt fjölskylduna „Fjölskyldu ársins 2006“. -sgj



**SHARON STONE** Lítur stórt á sig.

# Æðri kóngafólki?

Sharon Stone er ekki vel liðin í Noregi þessa dagana. Leikkonan var viðstödd hátíðarmálsverð vegna afhendingu friðarverðlauna Nóbels í Osló um síðustu helgi, en slíkir viðburðir lúta ströngum reglum um veisluhald og borðsiði.

Svo virðist þó sem eitthvað hafi gleymst að fara yfir þessi atriði með Stone. Reglum samkvæmt eiga tignustu gestirnir, í þessu tilfelli konungshjónin, að ganga síðust allra í salinn, og eiga þá allir gestir að vera sestir. Stone kom hins vegar heilum tíu mínútum á eftir konungshjónunum og sendi þar með þau skilaboð að hún sé æðri konungshjónunum. Atvikið olli miklu uppnámi í Noregi og hefur hneykslunarbréfum almennings rignt yfir fjölmiðla þar í landi.

10000 KR. AFSLÁTTUR



Ljós fyrir jól

Þessi miði gildir sem 10.000 kr. innborgun á ljósakrónu.

Antikmunir

Klapparstíg 40 - sími 552 7977

Gildir til 24. desember 2006. Aðeins einn miði fyrir eina ljósakrónu.

# Á leið í steininn?

Dekurdrósin Nicole Ritchie á yfir höfði sér fimm daga fangelsisvist, verði hún sakfelld fyrir ölvunarakstur. Nicole var kærð fyrir að keyra ölvuð nú fyrir skemmstu, en hún hafði áður verið handtekin fyrir það sama árið 2002. Samkvæmt lögum Kaliforníu þarf hún að sitja inni í fimm daga og fara á AA-fundi, ásamt því að missa ökuleyfið í ár, ef brot sem þetta er endurtekið. Nicole hefur þegar viðurkennt fyrir lögreglunni að hún hafi verið undir áhrifum verkjalyfja og kannabisefna þegar hún var stöðvuð, svo að málin líta ekki vel út.



**NICOLE RITCHIE** Gæti þurft að dúsa í grjótinu.



# NÝTT RAFRÆNT GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR

## – einstakt gjafakort handa þínum nánustu

Gjafakort í miðborgina eru einföld og skemmtileg jólagjöf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
Hægt er að kaupa kortin í hvaða stærðareiningu sem er og einnig stöðluð. Stöðluðu kortin eru: kr. 2.500, 5.000, 10.000, 15.000 og 20.000. Sala gjafakortanna og þjónusta fer fram í Þjónustumiðstöð ferðamanna v/Ingólfstorg.

Aðrir útsölustaðir gjafakortanna eru:
Bókabúðin við Hlemm
Eymundsson, Austurstræti 18
Iða, Lækjargötu 2
Mál og menning, Laugavegi 18
Skífan, Laugavegi 26

### Allur pakkinn í einni gjöf!

Yfir 200 verslanir, veitingahús og þjónustuaðilar
Einföld og skemmtileg jólagjöf
Tilvalin jólagjöf handa þínu starfsfólki
Bestu veitingahús borgarinnar á einum stað
Íslensk list, hönnun og handverk á einum stað
Þekktustu vörumerki heimsins á einum stað




**Hægt er að kaupa kortin á www.midborgarkort.is og í síma 562 1818**

Miðborgarkort | Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Sími 562 1818 | info@midborgarkort.is

# Dúkkurnar voru strippklúbbur fræga fólksins

**Hvað eiga Charlize Theron, Cameron Diaz og Drew Barrymore sameiginlegt? Fyrir utan að vera leikkonur í Hollywood hafa þær allar dansað og sungið með stúlknahljómsveitinni Pussycat Dolls.**

Þetta fyrirbæri hefur tröllriðið vinsældalistum hér heima og erlendis með sykursætum poppsmellum á borð við Button þar sem Snoop Dogg dillar sér við fáklæddar söngkonurnar og Don't Cha ásamt rapparanum Busta Rhymes. Fáir vita hins vegar nákvæm deili á þessum stúlkum og reyndar er hljómsveitin hvorki ný af nálinni né skipuð upprunalegum meðlimum heldur var hún stofnuð árið 1995 af danshöfundinum Robin Antin.

Upphaflega var hugmyndin sú að dansa fyrir gesti í Las Vegas og fékk Antin vinkonur sínar, þær Linh le og Christinu Applegate, til að stíga nokkur spor. Vinkonurnar urðu fljótlega mjög vinsælar fyrir eggjandi útfærslur á þekktum slögurum frá árunum 1960 til 1970 enda voru þær iðulega klæddar í korsilett eða annan efnislítin fatnað. Svo fór að endingu að hinn þekkti bar fræga fólksins, Viper-Room, fékk þær til að troða upp reglulega á fimmtudagskvöldum og fóru kvenkynsstjörnur kvikmyndaborgarinnar fljótlega að vilja fækka fötum ásamt stúlkunum. Í hópinn bættust þær Kasey Campbell, Kiva Dawson, Erica Gudis og Lindsley Allen en engin af þeim er hluti af því æði sem ríkir í kringum sveitina núna.

Carmen Elektra var lengi vel forsprakki stúlknanna en gafst upp þegar leggja átti tónlistarheiminn að fótum sér. „Ég hafði einfaldlega ekki efni á því," sagði Carmen. Árið 2003 urðu síðan miklar breytingar þegar upptökustjórarnir Jimmy Iovine og Ron Fair tóku þær að sér og breyttu þeim í R n'B sveit. Nicole Scherzinger, fyrrum söngkona Eden's Crush, tók við hljóðnemanum og með henni fylgdu þær Carmit Bachar, Kemberly Wyatt, Ashley Roberts, Jessica Sutta og Melody Thornton.

Hljómsveitin hefur verið tilefnd til Grammmy-verðlauna og hefur hitað upp fyrir tónlistarmenn á borð við Black Eyed Peas en hún mun næst ferðast með söngkonunni Christinu Aguilera. Þar með er þó ekki sagt að allir séu sáttir við hinar þokkafullu hreyfingar sem mörgum gagnrýnendum þykir minna meira á súludans en tónlist. Þannig voru þær sektaðar fyrir of kynlífstengdar athafnir og kynferðislega tilburði á sviði í Malasíu og lét menningarmálaráðherra landsins hafa það eftir sér að líkamstjáning stúlknanna hefði verið ósiðleg. Hópurinn hefur jafnframt verið gagnrýndur fyrir að geta hreinlega ekki sungið enda hefur Nicole sungið alla helstu slagara þeirra og hafa óvildarmenn þeirra sagt hinar stúlkurnar vera bara til sýnis. Þær vísa þessum orðrómi hins vegar á bug og því til staðfestingar benda þær á að bæði Melody Thornton og Carmit Bachar séu með sólóferil í undirbúningi.



**GLYÐRUR EÐA SÖNGKONUR?** Pussycat Dolls hafa verið gagnrýndar fyrir að vera meiri stripparar en tónlistarmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**FORSPRAKKI SVEITARINNAR** Nicole Scherzinger syngur flesta slagara sveitarinnar en hljómsveitarmeðlimir vísa því á bug að þær geti ekki allar sungið.



**ROBIN ANTIN** Stofnaði danshópinn Pussycat Dolls sem varð frægur á einni nóttu fyrir eggjandi útfærslur af lögum frá árunum 1960 til 1970



**CARMEN** Var lengi vel leiðtogi Pussycat Dolls og dansaði með þeim á Viper Room.







# eig'ðu EÐA leig'ðu







## eig'ðana
# 1.999 kr.

**Úrval nýrra mynda og teiknimynda til sölu á aðeins kr. 1.999,-**

**Til sölu á eftirfarandi stöðum:**

- Vídeóhöllin Lágmúla 7
- Bónusvídeó Hraunbæ 121
- Bónusvideó Þverholti 2, Mosfellsbæ
- Bónusvídeó Ánanaustum 15
- Bónusvideo Lækjargötu 2, Hafnarfirði
- Bónusvideó Spönginni
- Bónusvídeó Mjódd
- Bónusvídeó Lóuhólum 2-6
- Bónusvideo Nýbýlavegi 16

**SENDUM Í PÓSTKRÖFU S. 568-5333**

Birtist með fyrirvara um innsláttarvillur og myndabrengl. - Verð geta breyst án fyrirvara. Gildir á meðan birðir endast.

VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi








# Evel Knievel kærir Kanye



**KANYE WEST** Sakaður um að vera hermikráka Evels Knievel.

Mótorhjólakappinn fífldjarfi Evel Knievel hefur lagt fram kæru gegn rapparanum Kanye West. Hinn 68 ára gamli Knievel, sem varð frægur fyrir fjölmörg áhættusöm heimsmet og tugi beinbrota samhliða þeim, segir að rapparinn hafi hermt eftir sér í tónlistarmyndbandi við lagið Touch the Sky. Í myndbandinu leikur hann mótorhjólakappa sem kallar sig „Evel Kanyevel“.

„Þetta myndband sem Kanye West gaf út er mesta rusl sem ég hef séð á ævinni,“ er haft eftir Knievel. „Hann er að nýta sér mína ímynd til að verða frægur.“

Kanye West hefur hlotið sex Grammy-verðlaun og nýjasta plata hans hefur selst í 3,6 milljónum eintaka í Bandaríkjunum. **- sgj**

# Dj Jerry spilar



**DJ JERRY**

Plötusnúðurinn Dj Jerry þeytir skífum í jólapartíi á Barnum á laugardag. Dj Jerry er hluti af Kitsuné-útgáfunni sem sérhæfir sig í elektró- og danstónlist.

Hann er fastaplötusnúður á Kitsuné-kvöldunum í París auk þess sem hann spilar á Boom Boxkvöldunum í London. Upphitun verður í höndum Dj Casanova og byrjar stuðið upp úr 23.00. Aðgangseyrir er enginn.



**ARCTIC MONKEYS** Strákarnir frá Sheffield í Englandi hafa vakið mikla athygli og platan þeirra selst grimmt.

# Árslistarnir að tínast til

**Menningarsíðan Metacritic hefur tekið saman helstu árslista tónlistartímarita og vefmiðla yfir bestu plötur ársins 2006. Frumraun ensku strákanna í Arctic Monkeys er þar áberandi, en hún hlaut Mercury-verðlaunin sem besta plata ársins í september.**

Arctic Monkeys trónar á toppnum á listum blaðanna NME, Q og Observer fyrir plötuna Whatever People Say I Am, That‘s What I‘m Not, sem kom drengjunum rækilega á kortið þegar hún kom út í janúar. Gagnrýnendur hafa lofað plötuna og tónlistarmennina ungu, en sumum þykir dýrkunin keyra fram úr hófi.

„Persónulega fannst mér þetta fínasta plata, en ég efast um að hún komist í topp 20 á okkar lista,“ segir Ari Tómasson, ritstjóri tónlistarsíðunnar Rjóminn.is. Rjóminn mun birta sinn lista yfir plötur ársins innan skamms. Á lista síðunnar yfir árið 2005 fékk Sufjan Stevens afgerandi kosningu ritstjórnarinnar í efsta sæti fyrir plötuna Illinois og var Rjóminn langt því frá eini gagnrýnandinn sem tók þá afstöðu.

Bob Dylan er einnig áberandi á listunum, en nýjasta plata hans, Modern Times, er besta plata ársins að mati Uncut og er í öðru sæti á tveimur öðrum listum. Platan kom út í ágúst, stuttu eftir 65 ára afmæli Dylans, og virðist meistarinn engan bilbug láta á sér finna, þrátt fyrir langan feril.

Þeir félagar Jack White og Brendan Benson í The Raconteurs ná fyrsta sætinu hjá Mojo með plötu sinni Broken Boy Soldiers. Það er hins vegar eini árslistinn sem þeir komast inn á og virðist sem aðrir gagnrýnendur telji White sóma sér betur með The White Stripes, sem gerði hér allt vitlaust í Laugardalshöllinni í fyrra. Íslandsvinirnir í Muse ná líka toppsæti, en Drowned in Sound telur fjórðu breiðskífu hljómsveitarinnar, Black Holes and Revelations, vera bestu plötu ársins.

Ekki eru öll kurl komin til grafar og eiga margir gagnrýnendur eftir að skila inn áliti, meðal annars Metacritic sjálfir og tónlistarsíðan Pitchfork.

**steindor@frettabladid.is**

## TOPPPLÖTUR ÁRSLISTANNA



**NME, Q OG OBSERVER** Arctic Monkeys - Whatever People Say I Am, That’s What I’m Not



**DROWNED IN SOUND** Muse - Black Holes And Revelations



**MOJO** The Raconteurs - Broken Boy Soldiers



**UNCUT** Bob Dylan - Modern Times



**AMAZON.COM** Neko Case - Fox Confessor Brings The Flood



**THE ONION AV CLUB** The Hold Steady - Boys And Girls In America



**PREFIX** Clipse - Hell Hath No Fury







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 6:15 - 9 - 10:30 | B.i.12 | NATIVITY STORY | kl. 5:50 - 8 | B.i.7 |
| BOSS OF IT ALL | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | MÝRIN | kl. 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| THE US VS. J.. | kl. 5:50 - 8 | B.i.12 | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 5:50 | Leyfð | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.12 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| DÉJÁ VU VIP | kl. 4 - 8 - 10:40 | | FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8 - 10:10 | Leyfð |
| DEAD OR ALIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | B.i.12 | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | Leyfð |
| SAW 3 | kl. 8:15 - 10:40 | B.i.16 | THE GRUDGE 2 | kl. 10:10 | B.i. 16 |

HANDHAFAR SVARTA KORTSISNS FÁ 20% AFSLÁTT AF ALMENNU MIÐAVERÐI EF GREITT ER MEÐ KORTINU
GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM Í VIP SAL EÐA Á ÍSLENSKAR MYNDIR

www.sambioin.is 575 8900

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.12 | DIGITAL |
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.7 | |
| DEAD OR ALIVE | kl. 6 - 10 | B.i.12 | |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 3:30 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 4 - 8 | Leyfð | DIGITAL |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:30 | Leyfð | |

www.sambioin.is

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ERAGON | kl. 5:50 - 8 | B.i. 12 |
| THE HOLIDAY | kl. 10:10 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| DÉJÁVU | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl 8 - 10:20 | B.i.12 |
| DEAD OR ALIVE | kl. 6 - 8 | B.i.12 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| SCANNER DARKLY | kl 10 | B.i.16 |


HANDHAFAR SVARTA KORTSISNS FÁ 20% AFSLÁTT AF ALMENNU MIÐAVERÐI EF GREITT ER MEÐ KORTINU
GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM Í VIP SAL EÐA Á ÍSLENSKAR MYNDIR

# Bingó á barnum

Barinn skiptir um gír og ýtir reglulegum bingókvöldum úr vör næstkomandi þriðjudagskvöld. „Það verða fimm vinningar á kvöldi," sagði Margrét Ósk Vilbergsdóttir, rekstrarstjóri Barsins í samtali við Fréttablaðið. „Þeir verða nú ekkert risastórir, þetta er meira svona upp á stuðið," sagði hún. Barinn mun fá skemmtilega, þekkta bingóstjóra til sín til að hafa umsjón með leiknum, en hverjir þeir verða er enn á huldu.

Allur ágóði af sölu á bingóspjöldunum rennur til BUGL, að sögn Margrétar. „Það er verið að leggja nánast allt niður hjá þeim núna. Mér finnst þetta bara mjög gott málefni, og þau vantar sárlega pening," sagði hún.

Í hugum margra eru bingóspjöld órjúfanlega tengd ellilífeyrisþegum í Vinabæ, en Margrét segist halda að leikurinn höfði til allra aldurshópa. „Það finnst öllum gaman að spila bingó," sagði hún. „Við ætlum að sjá hvernig þetta gengur en stefnum á að hafa þetta til frambúðar, alltaf einu sinni í viku," bætti hún við. Það er því bara að bíða og sjá hvort Barnum tekst að gera bingó hipp og kúl. ■



**HINN NÝI VINABÆR?** Barinn stefnir á að hafa bingókvöld einu sinni í viku til frambúðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Trabant snýr aftur með nýtt efni

„Við erum náttúrlega ekki búnir að spila í hálft ár, en það verður allt brjálað á laugardaginn," segir Gísli Galdur Þorgeirsson, einn meðlima hljómsveitarinnar Trabants. Á laugardaginn næsta verða haldnir tónleikar á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll undir yfirskriftinni Jólagrautur og þar spila hljómsveitirnar Fm Belfast, Helmus und Dalli, Steed Lord en síðast en ekki síst Trabant, en ekki hefur heyrst frá þeim félögum síðan í sumar. „Við erum búnir að vera í smá pásu, en undanfarinn mánuð höfum við æft mikið og erum því færir í flestan sjó," segir Gísli en síðustu tónleikar hljómsveitarinnar voru haldnir í Kaupmannahöfn í ágúst. Gísli segir að á tónleikunum verði nýtt efni frumflutt, en á döfinni hjá bandinu er að semja efni á nýja plötu og gefa hana út sem fyrst, „eða þegar rétta efnið er komið" eins og Gísli orðar það svo vel. Tónleikarnir eru með sama sniði og jólatónleikar Trabants, Mugisons og Hjálma í fyrra, en í lokalaginu á þeim tónleikum komu allar hljómsveitirnar saman í svakalegum bræðingi sem var að sögn áhorfenda óborganlegur. „Það er aldrei að vita hvað gerist í lokalaginu í ár, en allt er mögulegt," segir Gísli lúmskur að lokum. Forsala á tónleikana er í búðinni 12 tónar og kostar miðinn aðeins 1.000 krónur. Húsið verður opnað stundvíslega kl. 10.30 og má búast við því að fjörið hefjist stuttu seinna. - hal


**TRABANT** Hafa ekki spilað í hálft ár og lofa brjáluðu stuði.





TNT Hraðflutningar

Þú hefur enn tíma!

30% jólaafsláttur á hraðsendingum.

Tryggðu að pakkinn þinn komist í réttar hendur fyrir jól.
Nýttu þér TNT Hraðflutninga og sendingin kemst örugglega til skila á réttum tíma.

Síðustu skiladagar:*

18. des. til Bandaríkjanna og annarra landa utan Evrópu.
19. des. til Evrópu.

* til helstu viðskiptaborga

Afgreiðsla á öllum pósthúsum fyrir einstaklinga og sendingar sóttar til fyrirtækja

TNT Hraðflutningar • Stórhöfða 32 • 110 Reykjavík
Sími 580 1010 • www.tnt.is • tnt@postur.is

PÓSTURINN
allur pakkinn

## > Íslandsmeistararnir töpuðu

Njarðvík fór í gegnum sína leiki í Evrópukeppninni án þess að landa sigri en í gær tapaði liðið fyrir eistneska liðinu Tartu Rock ytra, 100-88. Jeb Ivey var stigahæstur Njarðvíkinga með 22 stig en Brenton Birmingham kom næstur með 20 stig. Friðrik Stefánsson tók flest fráköst, níu talsins, og skoraði sextán stig í leiknum. Hvorugt liðið komst þó áfram úr riðlinum því Samara frá Rússlandi og Cherkaski Mavpy frá Úkraínu lentu í efstu sætum riðilsins.



**sport**

sport@frettabladid.is

SVERRE JAKOBSSON: BYRJAÐUR AÐ SPILA ÞREMUR VIKUM Á UNDAN ÁÆTLUN

# *Ætla mér að vera valinn í landsliðið*

Handknattleikskappinn Sverre Andreas Jakobsson lék sinn fyrsta handboltaleik í um þrjá mánuði á þriðjudag þegar lið hans, Gummersbach, laut í lægra haldi gegn Magdeburg í þýska bikarnum, 26-22. Sverre sleit liðband í fætinum nálægt ristinni og var ekki búist við því að hann myndi byrja að spila á ný fyrr en um áramót. Hann er því þrem vikum á undan áætlun og í betra standi en búist var við.
„Mjög óvænt lék ég allan leikinn. Átti nú ekki von á því. Það gekk samt vel og við fengum ekki á okkur mörg mörk en því miður dugði það ekki til sigurs að þessu sinni,“ sagði varnarjaxlinn Sverre Andreas Jakobsson við Fréttablaðið í gær. „Ég var svolítið þreyttur í löppinni daginn eftir en annars bara fínn. Ég kenni mér í raun einskis mein lengur og er mjög ánægður með þetta. Leikformið og þolið kemur allt mjög fljótlega.“
Sverre lék við hlið landa síns, Guðlaugs Arnarssonar, í vörninni en Guðlaugur var fenginn gagngert til liðsins til að leysa Sverre af á meðan hann væri meiddur.
„Við byrjuðum saman í vörninni, svo hvíldi Gulli en eftir að Momir Ilic fékk rautt spjald þá kom Gulli aftur inn. Það var verulega gaman. Við höfðum aldrei spilað saman áður og það gekk bara vel og við vorum nokkuð sáttir við okkar frammistöðu,“ sagði Sverre en sökum þess hversu góðu standi hann er í má reikna fastlega með því að Alfreð Gíslason velji hann í HM-landsliðshóp sinn.
„Ég er klár og ætla mér að vera valinn í landsliðið. Maður verður að setja sér markmið. Það þýðir ekkert annað,“ sagði Sverre og þaut aftur inn í verslunarmiðstöð þar sem hann var að kaupa jólagjafir.





**FIMM VILLUR** Jón Nordal Hafsteinsson fékk sína fimmtu villu í leiknum á síðustu sekúndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Keflavík tapaði í Svíþjóð:

## Góður leikur Soltau ekki nóg

**KÖRFUBOLTI** Keflavík tapaði í gær sínum lokaleik í Áskorendakeppni Evrópu þetta árið en í gær mætti liðið Holmen Norrköping í Svíþjóð.

Staðan í hálfleik var 63-54, heimamönnum í vil en Keflvíkingum tókst að jafna metin í lok þriðja leikhluta, 84-84. Leikar stóðu einnig jafnir þegar nokkrar mínútur voru til leiksloka, 97-97, en þá gengu heimamenn á lagið og kláruðu leikinn, 113-109.

Thomas Soltau átti stórleik fyrir Keflavík, skoraði 29 stig og tók þrettán fráköst. Jason Williams skoraði 20 stig og Magnús Gunnarsson 16. - esá



**TOTTI** Skorar hér annað marka sinna gegn AC Milan í nóvember síðastliðnum. NORDIC PHOTOS/AFP

Francesco Totti hjá Roma:

## Vill spila á Old Trafford

**FÓTBOLTI Francesco Totti, fyrirliði ítalska liðsins Roma, sagði í gær að hann vildi mæta Manchester United í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Dregið verður í næstu umferð keppninnar í dag.**

**Totti hefur lengi dreymt um að spila á Old Trafford og segir hann að það sé nokkuð sem hann vilji upplifa.**

**„Á þessu stigi keppninnar eru öll liðin sem eftir eru í hattinum sterk. En ef ég mætti velja myndi ég kjósa að mæta Manchester United.“**

**Drátturinn hefst kl. 11 í dag og verður í beinni útsendingu á Sýn.** - esá

# Tel mig eiga töluvert inni

**Birgir Leifur Hafþórsson lék á tveimur höggum yfir pari á fyrsta hring á Opna Suður-Afríkumótinu í golfi. Heimamenn virðast kunna vel við sig á mótinu.**

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, hóf í gær keppni á Opna Suður-Afríkumótinu í golfi sem fram fer á Humewood-vellinum í Port Elizabeth. Birgir Leifur lék fyrsta hringinn á 74 höggum eða tveimur höggum yfir pari og er í 79. til 91. sæti.

Birgir Leifur hóf keppni á tíunda teig og byrjaði vel. Hann var á tveimur höggum undir pari eftir fyrstu átta holurnar en á níundu holunni fékk Birgir Leifur tvöfaldan skolla og var því á pari þegar hringurinn var hálfnaður. Eftir það náði Birgir Leifur sér ekki á strik og fékk tvo skolla á síðari níu holunum og endaði því á tveimur höggum yfir pari.

Birgir Leifur var ekkert allt of sáttur við spilamennsku sína í gær. „Ég byrjaði ágætlega en svo fékk ég tvöfaldan skolla á níundu holunni hjá mér og það var töluverður vendipunktur hjá mér. Þetta var svolítið erfitt eftir það. Það hefði verið fínt að fara í seinni níu holurnar á tveimur undir,“ sagði Birgir Leifur en hann sagði þó að þessi tvöfaldi skolli hefði ekki slegið sig útaf laginu.

„Ég var bara ekki að slá nægilega vel allan hringinn. Þetta hafði kannski smá áhrif á upphafshöggin hjá mér. Það hefði verið gott að koma betur út úr þessari holu af því að ég var á góðu róli þar á undan,“ sagði Birgir Leifur en hann telur sig því eiga töluvert inni fyrir daginn í dag þegar hann leikur annan hring sinn á mótinu.

Birgir Leifur lék í fyrsta holli og var því búinn snemma í gær. Hann sagðist alltaf taka létta æfingu eftir keppni en svo færi dagurinn að mestu í afslöppun.

„Ég tek alltaf létta æfingu en nú er tímabilinu að ljúka og maður hefur æft mikið yfir árið og því reynir maður að nota tímann til að safna kröftum. Ég æfi það sem mér fannst kannski ekki vera alveg nógu gott og svo fer ég aðeins yfir hringinn í huganum. Síðan reynir maður bara að gleyma golfi og finnur sér eitthvað annað að gera, fara í göngutúr, slaka á og gera teygjuæfingar fyrir líkamann,“ sagði Birgir Leifur.



**Á ENN MÖGULEIKA** Birgir Leifur Hafþórsson á enn möguleika að komast í gegnum niðurskurðinn í Suður-Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IAMEGS

Birgir Leifur keppti einnig á móti í Suður-Afríku í síðustu viku og hann sagði að þetta mót væri mjög svipað að styrkleika.

„Það eru fleiri stærri nöfn á þessu móti en ég held að það sé svipað að styrkleika. Það er bara öðruvísi völlur nú en í síðustu viku,“ sagði Birgir Leifur og bætti við að fátt hefði komið sér á óvart frá því að hann hóf að leika á Evrópumótaröðinni.

„Það eina sem kom mér kannski á óvart var að ég var ekki alveg að halda dampi nægilega vel á síðasta móti. Ég er bara að ná áttum og maður þarf kannski að hugsa betur um höggin.

Þetta hefur alls ekkert komið mér á óvart. Það er jú miklu meiri umgjörð í kringum þetta.“

Heimamennirnir Ernie Els og Trevor Immelman eru efstir eftir fyrsta dag ásamt þeim Andrew Raitt frá Englandi og Carl Suneson frá Spáni á fimm höggum undir pari vallarins.

dagur@frettabladid.is

Táningurinn Gonzalo Higuain semur við Real Madrid til 2013:

# Real Madrid kaupir nítján ára táning

**FÓTBOLTI** Real Madrid og River Plate komust í gær að samkomulagi um kaupverð á argentínska táningnum Gonzalo Higuain. Kaupverðið er talið vera tæpir 1,2 milljarðar króna og mun samningurinn gilda í sex og hálft ár; til loka tímabilsins 2013. Gengið verður frá félagaskiptunum þegar glugginn opnast aftur um áramótin.

„Við búumst við að klára samningaviðræður í dag,“ sagði Hector Grinberg, fjármálastjóri River Plate, í gær. Þá hafði útvarpsstöðin Radio Marca greint frá því að sjálfur hefði Higuain samþykkt að ganga til liðs við Real Madrid.

Higuain varð nýlega nítján ára gamall og þykir gríðarlega efnilegur sóknarmaður. Hann vakti fyrst athygli á sér er hann skoraði tvö mörk í 3-1 sigri River Plate á Brasilíumeisturum Corinthians í Copa Libertadores-keppninni. Þá skoraði hann einnig tvö mörk þegar River Plate vann erkifjendurna í Boca Juniors í október síðastliðnum, 3-1.



**HIGUAIN** Fagnar einu marka sinna fyrir River Plate. NORDIC PHOTOS/AFP

Higuain fæddist í Frakklandi en foreldrar hans, sem eru báðir argentínskir, fluttust aftur til heimalandsins áður en hann varð ársgamall. Engu að síður er hann með franskt vegabréf og á enn eftir að ákveða hvort hann ætli að leika með franska landsliðinu eða því argentínska.

Spænskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að nú myndi Roman Calderon, forseti Real Madrid, einbeita sér að því að fá miðvallarleikmanninn Fernando Gago til félagsins frá Boca Juniors. - esá



**PEDERSEN** Hér í baráttu við Young Pyo Lee hjá Tottenham. NORDIC PHOTOS/GETTY

Feyenoord fær sekt:

## Bjórinn kostaði rúma milljón

**FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Evrópu hefur sektað hollenska knattspyrnufélagið Feyenoord um 1.140 þúsund krónur vegna atviks sem átti sér stað í leik liðsins gegn Blackburn í UEFA-bikarkeppninni.**

**Áhorfandi kastaði bjórglasi í Norðmanninn Morten Gamst Pedersen, sem fékk það í hausinn og væna gusu í kjölfarið.**

**Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Feyenoord er refsað vegna óláta stuðningsmanna liðsins.** - esá



**LINDSAY DAVENPORT** Er ólétt og er hætt sem atvinnumaður í tennis. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stórfrétt úr tennisheiminum:

## Davenport hættir keppni

**TENNIS** Tennisstjarnan Lindsay Davenport hefur ákveðið að leggja tennisspaðann á hilluna eftir að í ljós kom að hún væri ólétt. Davenport hefur þrisvar sinnum unnið risamót á ferlinum en hún og eiginmaður hennar, Jonathan Leach, eiga von á barni næsta sumar.

„Ég gæti ekki verið ánægðari. Ég hef sagt skilið við tennis og er að hefja nýtt líf. Núna langar mig að vera eiginkona og móðir. Eiginmaður minn hefur verið mér frábær undanfarin þrjú ár og hjálpað mér að ná langt í tennisíþróttinni. Núna langar mig ekkert að fara að heiman,“ sagði Davenport sem er 30 ára gömul og segist ekki hafa áhuga á að snúa sér aftur að atvinnumannatennis. - dsd


Úrval góðra bóka í jólapakkann:
MARY HIGGINS CLARK
HEIMA ER ENGU ÖÐRU LÍKT
MAGNÞRUNGIN SPENNUBÓK
AGATHA CHRISTIE
Flóð og fjara
MEISTARI MORÐGÁTUNNAR
Rauðhetta
Öskubuska
Gullbrá
Mjallhvít
STELPUBÆKUR
Tilvaldar í skóinn
ECKHART TOLLE
NÝ JÖRÐ
LEIÐARVÍSIR TIL BETRA LÍFS
Afi ullarsokkur
KRISTJÁN HREINSSON
GÁSKI OG GLAÐVÆRÐ
Nonnikonni
Frábær íslensk ævintýrasaga
KLEOPATRA KRISTBJÖRG
HERMIKRÁKU HEIMUR
VEKUR FÓLK TIL UMHUGSUNAR
Skjaldborg
Mörkinni 1 • Sími 588 24 00

Terrell Owens er mjög ánægður með lífið hjá Dallas Cowboys fyrir utan einn hlut:

# Búinn að fá nóg af kjaftaskinum innan félagsins

**NFL** Einn skrautlegasti leikmaður allra tíma í NFL-deildinni, Terell Owens, hefur leikið mjög vel með Dallas Cowboys upp á síðkastið eftir rólega byrjun og ýmis vandræði utan vallar eins og venjulega. Hann segir að lífið sé ljúft hjá kúrekunum fyrir utan einn hlut. Einhver innan félagsins lekur öllu honum tengdu til fjölmiðla og það fer í taugarnar á Owens enda hafa fjölmiðlar greint frá því að hann mæti of seint á æfingar og sofni á liðsfundum.

„Þessi fjandans kjaftaskur er enn laus og það fer verulega í taugarnar á mér. Maður vill vera hluti af liðinu en það er erfitt að haga sér á eðlilegan hátt þegar ekki er öllum treystandi. Þetta eru allt litlir hlutir en þeir eru blásnir upp í blöðunum af því að þetta er ég. Nú er mál að linni,“ sagði Owens sem telur sig vita hver hinn seki er.

„Ég mun ekki láta viðkomandi vita að ég sé búinn að átta mig á stöðunni strax. Það myndi bara koma enn frekara róti á liðið. Þetta verður tæklað síðar. Nú er tími til að spila fótbolta,“ sagði Owens sem hefur áhuga á að klára ferilinn með kúrekunum. **- hbg**



**TERRELL OWENS** Var fluttur á spítala vegna ofneyslu lyfja fyrr á leiktíðinni. Var talið að hann hefði reynt að fremja sjálfsmorð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**MIROSLAV KLOSE** Er einn skæðasti sóknarmaður Evrópu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Miroslav Klose:

## Meistaradeildin ekki aðalmálið

**FÓTBOLTI** Miroslav Klose, framherji Werder Bremen og þýska landsliðsins, hefur gefið í skyn að hann sé tilbúinn að fórna Meistaradeild Evrópu til að ganga í raðir Juventus.

„Ég hef þegar rætt við yfirmenn hjá Werder Bremen um að ég sé áhugasamur um að spila erlendis. Ég hef lesið ummæli eftir Didier Deschamps þar sem hann talar vel um mig og mig langar að þakka honum fyrir. Ég er stoltur af því að þjálfari hjá einu af stærsta félagsliði heims hafi mikið álit á mér,“ sagði Klose sem er 28 ára gamall.

Juventus er í næstefstu deild á Ítalíu og á því ekki möguleika á að komast í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð en það truflar Klose ekkert. „Það væri ekkert vandamál fyrir mig að spila ekki í Evrópukeppni á næstu leiktíð. Það er ekki mitt forgangsatriði að spila í Meistaradeildinni. Það sem mestu máli skiptir eru hugmyndir félagsins um framtíðina og það mikilvægasta fyrir Juventus er að komast aftur í efstu deild.“ **- dsd**



**VAN DER SAR** Verður hjá United í tvö ár í viðbót.

Edwin van der Sar:

## Framlengir við Man. Utd

**FÓTBOLTI** Hollenski markvörðurinn Edwin van der Sar hefur framlengt samningi sínum við Man. Utd um eitt ár og hann verður því í í herbúðum félagsins næstu tvö árin. Van der Sar er 36 ára gamall.

„Það er stefna okkar að gera eins árs samninga við leikmenn sem eru komnir yfir þrítugt,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd. „En Edwin er í flottu formi, hann er hungraður og getur vel spilað tvö ár í viðbót svo að vel sé.“ **- hbg**

# Get vel stýrt stórstjörnum

**Alan Curbishley segist ráða við að stýra stjörnuleikmönnum en margir efast um það. Allir leikmenn West Ham byrja með hreint borð. Sir Alex Ferguson var á meðal þeirra sem Curbishley ráðfærði sig við áður en hann tók starfinu.**

**FÓTBOLTI** Það er mikið rætt og ritað um hinn nýja stjóra West Ham, Alan Curbishley, í bresku pressunni þessa dagana. Curbishley vann ótrúlegt þrekvirki fyrir Charlton og er einn virtasti stjórinn í enska boltanum. Hann var meðal annars orðaður við starf þjálfara enska landsliðsins en talið er að fram hjá honum hafi verið gengið þar sem hann hafi aldrei stýrt neinum stórstjörnum. Curbishley segist vel geta unnið með stórstjörnum.

„Fólk er mikið að tala um að ég hafi verið lengi hjá sama félaginu og hafi ekki þjálfað þennan eða hinn. Ef okkur gengur vel tel ég mig geta lokkað stjörnur til liðsins og unnið með þeim,“ sagði Curbishley.

West Ham er sem stendur í þriðja neðsta sæti ensku deildarinnar og margir leikmenn liðsins hafa verið harkalega gagnrýndir fyrir frammistöðu sína á leiktíðinni. Fyrirliðinn Nigel Reo-Coker er einn þeirra og svo hafa Argentínumennirnir Tevez og Mascherano engan veginn staðið undir væntingum. Curbishley segist alls óhræddur við að gera breytingar ef á þarf að halda.

„Ég hef aldrei verið hræddur við breytingar. Ég þekki marga af leikmönnum félagsins en suma þekki ég ekki. Það byrja samt allir með hreint borð hjá mér. Ég hef ekki gert mér neinar fyrir fram hugmyndir um hvernig liðið á að vera,“ sagði Curbishley en hann telur liðið vera of gott til þess að falla.

Hann hefur einnig játað að hafa ráðfært sig við marga vegna starfsins hjá West Ham og meðal annars við Sir Alex Ferguson, stjóra Man. Utd, en West Ham mætir einmitt United á sunnudag,

„Ég talaði við Alex og sagði við hann: „West Ham, það er í þriðja neðsta sæti.“ Þá sagði hann að sama staða hefði verið hjá United fyrir 20 árum þegar hann tók við liðinu. Alex sagði að ég hefði hérna gott tækifæri til að gera þetta félag sigursælt. Ég talaði líka við annað fólk sem skiptir mig máli. Þetta var bara létt spjall hjá mér og Alex en hann var að skrifa jólakort þegar ég talaði við hann.“ **henry@frettabladid.is**



**KÁTUR Á BLAÐAMANNAFUNDI** Alan Curbishley var léttur og hress á blaðamannafundinum þegar Eggert Magnússon kynnti hann til leiks sem nýjan framkvæmdastjóra West Ham. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ummæli Nígeríumannsins Nwankwo Kanu koma Portsmouth í opna skjöldu:

# Tilbúinn að yfirgefa Portsmouth

**FÓTBOLTI** Afrísk útvarpsstöð náði á dögunum viðtali við Nwankwo Kanu, leikmann Portsmouth, þar sem hann segir að hann myndi yfirgefa Portsmouth ef betra tilboð bærist í janúar. Kanu er markahæsti leikmaður ensku deildarinnar og margir eru á því að Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Portsmouth, hafi bjargað ferli leikmannsins.

„Þetta snýst allt um peninga, ef betra tilboð kemur inn á borð til mín þá mun ég taka það. Ég kann að meta Portsmouth og stuðningsmenn þeirra en ég bíð bara eftir janúarmánuði og ætla að sjá hvað gerist þá,“ sagði Kanu.

Kanu náði sér aldrei á strik hjá West Bromwich Albion eftir að hafa farið þangað frá Arsenal og gekk í raðir Portsmouth á frjálsri sölu í sumar. Kanu hefur leikið frábærlega undir stjórn Harrys Redknapp hjá Portsmouth, skorað níu mörk og hefur skorað jafn mörg mörk og Didier Drogba hjá Chelsea.

Kanu segir að gott andrúmsloft á æfingum Portsmouth sé lykillinn að árangrinum. „Þetta er allt undir því komið hvað menn eru tilbúnir að leggja mikið á sig og ég er alltaf að segja ungu strákunum að vinna mikið í sínum málum,“ bætti Kanu við. **- dsd**



**KANU** Segist vera tilbúinn að yfirgefa Portsmouth ef betri samningur býðst. NORDIC PHOTOS/GETTY



**STEVEN GERRARD** Segir að framtíðin verði björt í höndum Sheikh Mohammed. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fyrirliði Liverpool:

## Gerrard spenntur yfir tilboði

**FÓTBOLTI** Allt virðist stefna í að Dubai International Capital, fjárfestingahópur á vegum Sheikh Mohammed borgarstjóra Dubai, gangi frá kaupum á enska knattspyrnuliðinu Liverpool innan fárra daga. Fyrirliði Liverpool, Steven Gerrard, segist vera mjög spenntur yfir þessu tilboði.

„Ég held að framtíðin sé björt. Mikið hefur verið rætt og ritað um kaupin í fjölmiðlum og ég hef verið svo heppinn að hitta þá aðila sem standa að tilboðinu. Ég er mjög spenntur, þeir fullvissuðu mig og aðra leikmenn liðsins um það að við yrðum í öruggum höndum og að framtíðin yrði mjög björt,“ sagði Gerrard á heimasíðu Liverpool. **- dsd**

Heppinn tippari í Svíþjóð:

## Vann á stuðulinn 17.472

**FÓTBOLTI Tippari í Svíþjóð gerði sér lítið fyrir og keypti sér getraunaseðil sem var með stuðulinn 17.472. Hann tippaði á úrslit sextán leikja víða í Evrópu og var með rétt úrslit í öllum leikjunum.**

**Það sem er öllu verra er að hann lagði aðeins 100 krónur undir en vann engu að síður rúmar 1,7 milljónir.**

**„Þetta á sér enga hliðstæðu í heiminum,“ sagði Dan Vikman, starfsmaður Expekt.com sem seldi seðilinn. „Fólk tippar stundum á 10-12 leiki í einu en þetta er algerlega fáheyrt.“ - esá**

Enski boltinn:

## Arsene Wenger sektaður

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hefur verið sektaður af enska knattspyrnusambandinu fyrir sinn þátt í átökum milli hans og Alans Pardew, fyrrverandi stjóra West Ham, meðan á leik West Ham og Arsenal stóð.

Wenger ýtti við Pardew undir lok leiksins þegar West Ham skoraði sigurmark leiksins en leikurinn fór fram í nóvember. Wenger játaði sök sína í málinu og var í gær dæmdur til að greiða 1,3 milljónir króna í sekt.

Pardew neitaði hins vegar sök og hefur óskað eftir að fá að útskýra mál sitt. **- dsd**


BT
Þetta kalla ég sko FLÖT jól!
BT
32" LCD veggsjónvarp
32"
99.996
MD30082
32" Medion LCD veggsjónvarp
Upplausn: 1366x768 HD ready
HD Ready LCD veggsjónvarp frá snillingunum hjá Medion
HDMI tengi tryggir stafræn gæði
8 millisekúndu svartími og 176 gráðu áhorfsvínkill
Sleep timer (tímarofi) og barnalæsing á tökkum
Veggfesting að verðmæti 13.999,- fylgir
MEDION
20.000 verðlækkun
3.873
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.
8.333
Vaxtalaust 12 mán.
99.996
Staðgreitt
37" LCD veggsjónvarp
149.988
MD30094
37" Medion LCD veggsjónvarp
Upplausn: 1366x768 HD ready
37"
HD Ready LCD veggsjónvarp frá snillingunum hjá Medion
HDMI tengi tryggir stafræn gæði
8 millisekúndu svartími og 176 gráðu áhorfsvínkill
Sleep timer (tímarofi) og barnalæsing á tökkum
Veggfesting að verðmæti 13.999- fylgir
MEDION
1200:1 í skerpu
5.673
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.
12.499
Vaxtalaust 12 mán.
149.988
Staðgreitt



**PAVEL NEDVED** Ekki í góðu skapi þessa dagana.

Pavel Nedved:

## Íhugar að hætta í fótbolta

**FÓTBOLTI** Tékkinn Pavel Nedved er ekki enn búinn að jafna sig á fimm leikja banninu sem hann fékk um daginn og hann er svo fúll orðinn að hann íhugar að hætta knattspyrnuiðkun.

„Ég er ekki viss um að ég spili áfram eftir tímabilið og það er ekkert grín,“ sagði Nedved við Tuttosport. „Juventus hefur breyst en annað í knattspyrnuheiminum hefur ekki breyst. Eftir það sem gerðist í sumar hafa dómarar ákveðið að öll vafabrot eigi að falla okkur í óhag. Þeir vilja að við þjáumst.“

Nedved segist eiga mjög erfitt með að sætta sig við fimm leikja bannið þar sem Zidane hafi til að mynda aðeins fengið þriggja leikja bann fyrir að skalla Materazzi í úrslitaleik HM.

- hbg

## NBA-DEILDIN

*Úrslit leikja 13. desember:*

| | |
|---|---|
| PHILADELPHIA - BOSTON | 81-101 |
| WASHINGTON - DENVER | 120-91 |
| ORLANDO - TORONTO | 84-91 |
| MIAMI - PHOENIX | 89-99 |
| CLEVELAND - CHARLOTTE | 104-101 |
| INDIANA - DETROIT | 101-90 |
| NEW JERSEY - MILWAUKEE | 108-95 |
| NEW YORK - ATLANTA | 94-82 |
| MEMPHIS - PORTLAND | 79-85 |
| SAN ANTONIO - MINNESOTA | 95-82 |
| CHICAGO - SEATTLE | 99-84 |
| DALLAS - L.A. LAKERS | 110-101 |
| L.A. CLIPPERS - UTAH | 86-105 |

### AUSTURDEILDIN

**ATLANTSHAFSRIÐILL:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **NEW JERSEY** | **21** | **9** | **12** | **42,9%** |
| BOSTON | 21 | 8 | 13 | 38,1% |
| **NEW YORK** | **24** | **9** | **15** | **37,5%** |
| TORONTO | 22 | 8 | 14 | 36,4% |
| **PHILADELPHIA** | **21** | **5** | **16** | **23,9%** |

**MIÐRIÐILL:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **DETROIT** | **21** | **13** | **8** | **62%** |
| CLEVELAND | 21 | 13 | 8 | 62% |
| **CHICAGO** | **22** | **12** | **10** | **54,6%** |
| INDIANA | 24 | 12 | 12 | 50% |
| **MILWAUKEE** | **22** | **8** | **13** | **36,4%** |

**SUÐAUSTURRIÐILL:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **ORLANDO** | **24** | **15** | **9** | **62,5%** |
| WASHINGTON | 21 | 10 | 11 | 47,7% |
| **MIAMI** | **21** | **9** | **12** | **42,9%** |
| ATLANTA | 21 | 8 | 13 | 38,1% |
| **CHARLOTTE** | **21** | **5** | **16** | **23,9%** |

### VESTURDEILDIN

**NORÐVESTURRIÐILL:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **UTAH** | **22** | **17** | **5** | **77,3%** |
| DENVER | 20 | 12 | 8 | 60% |
| **MINNESOTA** | **20** | **10** | **10** | **50%** |
| SEATTLE | 23 | 10 | 13 | 43,5% |
| **PORTLAND** | **24** | **10** | **13** | **41,7%** |

**KYRRAHAFSRIÐILL:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **PHOENIX** | **21** | **15** | **6** | **71,5%** |
| LA LAKERS | 22 | 15 | 7 | 68,2% |
| **GOLDEN STATE** | **22** | **11** | **11** | **50%** |
| LA CLIPPERS | 21 | 10 | 11 | 47,7% |
| **SACRAMENTO** | **20** | **9** | **11** | **45%** |

**SUÐVESTURRIÐILL:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **SAN ANTONIO** | **23** | **17** | **6** | **74%** |
| DALLAS | 22 | 15 | 7 | 68,2% |
| **HOUSTON** | **21** | **14** | **7** | **66,7%** |
| NEW ORLEANS | 20 | 10 | 10 | 50% |
| **MEMPHIS** | **22** | **5** | **17** | **22,8%** |

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, segist hafa þjálfað fimm leikmenn sem hann telur vera í heimsklassa:

# Áhugaverður listi heimsklassaleikmanna

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, segist hafa þjálfað fimm leikmenn sem hann telur hafa verið í heimsklassa. Þeir eru Eric Cantona, Roy Keane, Peter Schmeichel, Ryan Giggs og Wayne Rooney. Ferguson segist einnig hugsanlega geta sett Paul Scholes í sama flokk og hann telur að Cristiano Ronaldo muni verða heimsklassaleikmaður.

Það vekur athygli að hann minnist ekkert á frábæra leikmenn á borð við Bryan Robson, Ruud Van Nistelrooy og David Beckham.

„Ég hef verið svo heppinn að þjálfa heimsklassaleikmenn. Peter Schmeichel var svo sannarlega einn þeirra og Ryan Giggs annar,“ segir Fergie meðal annars í nýju Man. Utd-bókinni, Manchester United Opus, sem er saga félagsins í ítarlegu máli enda vegur bókin rúmlega 30 kíló.

„Eric Cantona hefði getað orðið enn betri en það varð að hafa stjórn á ákveðnum hlutum hjá honum. Wayne Rooney er sá fjórði og með Roy Keane eru komnir fimm heimsklassamenn. Cristiano verður þarna á meðal tel ég. Það hefur verið sannkallaður heiður að starfa með slíkum mönnum og hefur uppfyllt allar mínar væntingar,“ sagði Sir Alex.

- hbg



**KÓNGAR** Sir Alex og Eric Cantona sjást hér á góðri stund. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Eiður Smári á skotskónum

**Eiður Smári Guðjohnsen batt endahnút á glæsilega sókn þegar hann kom Barcelona yfir gegn Club America frá Mexíkó í gær. Leikurinn endaði 4-0 fyrir Barcelona sem er komið í úrslit í Heimsmeistarakeppni félagsliða í Japan.**

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona sem rótburstaði mexíkóska liðið Club America, 4-0, í undanúrslitum Heimsmeistaramóts félagsliða en leikurinn fór fram í Japan í gær. Eiður Smári skoraði fyrsta mark leiksins eftir glæsilegan undirbúning félaga sinna.

Leikurinn í gær var einstefna frá upphafi til enda og Barcelona komst yfir á tíundu mínútu. Eftir glæsilegt samspil milli þeirra Deco, Ronaldinho og Iniesta átti sá síðastnefndi góða sendingu inn á teiginn þar sem íslenski landsliðsfyrirliðinn skoraði með viðstöðulausu skoti í hornið fjær. Glæsilegur endir á stórglæsilegri sókn.

Þrátt fyrir að lenda undir sýndi Club America litla sóknartilburði og Barcelona komst í 2-0 fyrir leikhlé. Eftir hornspyrnu frá Deco rak varnarmaðurinn Rafael Marquez höfuðið í knöttinn sem endaði í netinu.

Ronaldinho skoraði þriðja mark Barcelona hálftíma fyrir leikslok með góðu skoti eftir sendingu frá Giuly og það var svo Portúgalinn Deco sem rak smiðshöggið og krónaði góðan leik sinn með fjórða marki Barcelona fimm mínútum fyrir leikslok.

Barcelona er því komið í úrslitaleikinn þar sem liðið mætir brasilíska liðinu Internacional en leikurinn fer fram á sunnudaginn.

Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, var ánægður með sigurinn. „Við erum mjög ánægðir með þessi úrslit. Það er mikilvægt að byrja vel en við þurftum að hafa fyrir þessu. Þetta eru góð úrslit og ég óska leikmönnum til hamingju. Í stöðunni 3-0 leit þetta út fyrir að vera auðvelt en við áttum í smá erfiðleikum með að halda taktinum í liðinu.

Við þurfum að mæta vel undirbúnir í úrslitaleikinn. Þetta verk er ekki nálægt því að vera búið. Nú er alvöru úrslitaleikurinn eftir,“ sagði Rijkaard.

Ronaldinho býst við erfiðum úrslitaleik á sunnudaginn. „Við byrjuðum mjög vel og erum mjög ánægðir. Úrslitaleikurinn verður erfiður. Internacional er mjög gott lið, mjög sterkt lið. Við verðum að leika vel og hafa gaman af leiknum.

Það verður engin pressa á okkur á sunnudaginn af því að við erum ekki sigurstranglegra liðið. Internacional er með mjög sterkt lið og er með einhverja bestu þjálfara í heiminum,“ sagði þessi Brasilíumaður.

dagur@frettabladid.is



**KÁTT Á HJALLA** Eiður Smári Guðjohnsen fær hér gott faðmlag frá félögum sínum í Barcelona eftir að hafa komið liðinu á bragðið í gær. NORDIC PHOTOS/AFP



**MOURINHO OG TERRY** Drjúgir með sig.

Mourinho og Terry:

## Chelsea á mikið inni

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, segist njóta þess að elta topplið Manchester United. Chelsea sigraði Newcastle, 1-0, á heimavelli á miðvikudaginn og er nú fimm stigum á eftir Manchester United.

„Auðvitað vildi ég vera á toppnum, en ég nýt þess að elta. Þetta er nýtt fyrir mér að vera í öðru sæti í desember. Manchester United á skilið að vera á toppnum en það er enn langur vegur framundan,“ sagði Mourinho en Chelsea getur minnkað forskotið í tvö stig á laugardaginn, því Manchester United á ekki að leika fyrr en á sunnudaginn.

John Terry, fyrirliði Chelsea, er klár á því að Chelsea geti náð Manchester United. „Manchester United er líklega að spila eins vel og það getur þessa stundina. Þeir hafa líka misst fáa leikmenn í meiðsli hingað til.

Við eigum ennþá mikið inni. Við þurfum að sýna það og þá getur enginn stoppað okkur. Við verðum að spila á fullum krafti og halda áfram að vinna leiki. Jólin eru erfiður tími, Manchester United á erfiða leiki. Við verðum að halda áfram að vinna eins og við vitum að við getum,“ sagði John Terry.

- dsd

Fátt virðist geta stoppað lið Phoenix Suns í NBA-deildinni og í fyrrinótt sigraði liðið meistara Miami Heat:

# Phoenix Suns hefur unnið tólf leiki í röð

**NBA** Phoenix Suns heimsótti Miami Heat í fyrrinótt og vann þar sinn tólfta leik í röð í NBA-deildinni en liðið hefur ekki unnið svo marga leiki í röð í fjórtán ár, en árið 1992 unnu Suns fjórtán leiki í röð. Leikurinn endaði 99-89 og þetta var jafnframt þriðji ósigur meistara Miami Heat í síðustu fimm leikjum.

Hvorki Dwyane Wade né Shapuille O'Neal léku með Miami Heat í leiknum en Wade lét taka úr sér tvær tennur í vikunni og O'Neal er meiddur.

Shawn Marion var stigahæstur í liði Phoenix Suns með 23 stig auk þess sem hann hirti 13 fráköst en Steve Nash skoraði 18 stig og átti 11 stoðsendingar. Hjá Miami Heat var Alonzo Mourning stigahæstur með 19 stig skoruð.

Dallas Mavericks bar sigurorð af L.A. Lakers, 110-101, í fyrrinótt þar sem þrír leikmenn skoruðu yfir 20 stig í liði Dallas. Josh Howard skoraði 29 stig, Jason Terry skoraði 26 stig og Dirk Nowitzki skoraði 23 stig, auk þess sem hann hirti 14 fráköst.

Hjá Lakers var Kobe Bryant langstigahæstur með 33 stig og hann sagði eftir leikinn að liðið hefði saknað Lamar Odom, sem verður frá keppni í mánuð vegna hnémeiðsla. „Þetta var mjög erfitt. Við söknuðum Odom mikið í leiknum,“ sagði Bryant.

New Jersey Nets sigraði Milwaukee Bucks á heimavelli, 108-95, þar sem Vince Carter var stigahæstur með 36 stig fyrir Nets. Jason Kidd hélt uppteknum hætti og náði sinni 80. þrennu á ferlinum með því að skora 10 stig, hirða 10 fráköst og gefa 10 stoðsendingar.

Þá unnu Utah Jazz góðan útisigur á L.A. Clippers, 105-86, en Utah-liðið hefur farið mjög vel af stað í vetur. Carlos Boozer og Deron Williams áttu báðir stórleiki fyrir Utah Jazz. Boozer skoraði 28 stig og átti 15 stoðsendingar og Williams skoraði einnig 28 stig og hirti þar að auki 14 fráköst.

- dsd



**DIRK NOWITZKI** Var einn þriggja leikmanna Dallas sem skoruðu yfir 20 stig gegn Lakers í fyrrinótt. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Oslo gospelkórinn - ásamt hljómsveit



# Jóla gospel tónleikar í Grafarvogskirkju

Hinn frábæri kór, Osló gospel kór er loksins að koma hingað til landsins og verður hér með tvenna glæsilega tónleika laugardaginn 16 des í Grafavogskirkju kl: 18:00 og 21:00.
Osló gospel kór þykir einn sá besti í evrópu á sínu sviði og þótt víðar væri leitað. Kórinn er nánast bókaður allt árið um kring með tónleika útum allan heim. Þau hafa t.d. farið ár eftir ár til Sviss gagngert til þess að halda jólatónleika og fylla þar stór tónleikahús. Svisslendingar geta vart haldið jólin hátiðleg án þess að fá þessa músikkölsku gesti ár hvert. Það er því mikill fengur af því að fá þau hingað til lands í ár.
Efnisskráin á þessum tónleikum verður mjög fjölbreytt og vönduð, og bókað að fallegur flutningur þeirra mun koma öllum í sannkallað hátíðarskap.

**Tilboð á miðum aðeins í verslunum BT & Skífunni**
**Tilboð 3000 kr. miðinn.**

*Við skulum ekki láta þetta tækifæri fram hjá okkur fara*

*Miðasala er hafin hjá miði.is og í verslunum Skífunnar og B.T. búðum*

> **Will Ferrell**
Fæddist í Irvine í Kaliforníu og er einn af dáðustu grínleikurum í heiminum í dag. Will leikur í myndinni „Anchorman" sem er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó í kvöld. Næst á dagskrá hjá Will er myndin „Stranger Than Fiction" sem kemur í íslensk kvikmyndahús í janúar.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON VILL SMÁSTIRNIN AFTUR Á SKJÁINN

# *Ég er frægur, náið mér héðan!*

Orðatiltækið „Heimsfrægur á Íslandi" er varla tilviljun enda þjóðin ákaflega hrifin af fólki sem birtist í hvers kyns fjölmiðlum. Fæstar af þeim „stjörnum" sem birtast á skjánum lifa lengur en heilt ár og nægir þar að nefna söngspírur úr hæfileikaþáttum en þær eru flestar gleymdar og grafnar þegar leitinni að næsta ídoli er lokið.

Íslenskt raunveruleikasjónvarp hefur oft átt erfitt uppdráttar á Fróni. Kannski eru þættirnir bara svona illa gerðir þótt vissulega sé hægt að finna undantekningar á borð við KF Nörd sem öllum að óvörum fengu sjö þúsund manns til að sjá sig spila við Íslandsmeistara FH. Þeir einstaklingar sem gefa kost á sér í raunveruleikaþætti eiga sér væntanlega þann draum heitastan að verða stjörnur á þessu litla landi og eru tilbúnir til að gera hvað sem er. Þessi mannauður er vannýttur í íslensku samfélagi og má þar kenna um hugmyndasnauðum sjónvarpsstöðvum.



**DAVID GEST** Hefur slegið öll met í þættinum I am Celebrity: Get me out of here sem nýtur mikilla vinsælda í Bretlandi.

Í Bretlandi hafa menn húmor fyrir skyndifrægð sinni og leitast jafnvel við að vekja á sér athygli með ótrúlegum hætti. Þekktastur er reyndar I am Celebrity: Get me out of here þar sem misfrægir einstaklingar keppa sín á milli líkt og í Survivor. Íslenskar sjónvarpsstöðvar ættu að nýta sér þetta „format" og fá til sín öll þau smástirni sem sprottið hafa upp á undanförnum árum en eru horfnar af yfirborðinu. Hver myndi ekki vilja sjá hinar föllnu stjörnur keyrðar út í óbyggðir landsins þar sem þær yrðu látnar dúsa fjarri nútímaþægindum? Allir myndu græða, hinir glötuðu endurheimtu forna frægð og sjónvarpsstöðvarnar fengju frábært sjónvarpsefni sem allir myndu tala um auk þess sem þetta yrði prýðileg upprifjun á menningu og sögu landsins.

## EKKI MISSA AF



▶ **23.20** **Bloody Sunday** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.10** **Diary of a mad...** STÖÐ 2



▶ **19.30** **Toppskífan** SKJÁR EINN



▶ **18.35** **X-Games** SÝN



▶ **18.00** **Upphitun** SKJÁR SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur** Ævintýri eftir Sigrúnu Eldjárn. Leikstjóri er Kári Halldór og aðalhlutverk leika Guðfinna Rúnarsdóttir, Kristjana Pálsdóttir og Sigurþór Albert Heimisson. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
**17.10 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**17.55 Snillingarnir (14:28)**
**18.20 Ungar ofurhetjur (7:26)** (Teen Titans I)
**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Kasper fer á kreik** (Casper's Haunted Christmas) Kanadísk teiknimynd frá 2000 eftir Owen Hurley.
**21.35 Flugkappinn Waldo Pepper** (The Great Waldo Pepper) Bandarísk bíómynd frá 1975 um flugkappann Waldo Pepper sem ekki fékk að fljúga í seinni heimsstyrjöldinni en bætir sér það upp með því að sýna hvað í honum býr seinna á ævinni. Leikstjóri er George Roy Hill og meðal leikenda eru Robert Redford, Bo Svensson og Susan Sarandon.
▶**23.20 Blóðugur sunnudagur** (Bloody Sunday) Bresk bíómynd frá 2002 um undanfara hörmulegs atburðar sem átti sér stað í Derry á Norður-Írlandi 30. júní 1972. Leikstjóri er Paul Greengrass og meðal leikenda eru James Nesbitt, Allan Gildea, Gerard Crossan, Mary Moulds, Carmel McCallion og Tim Pigott-Smith. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
**1.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Master and Commander: The Far Side of the World**
**8.15 Clint Eastwood: Líf og ferill**
**10.00 Men With Brooms**
**12.00 Anchorman : The Legend of Ron Burgundy**
**14.00 Clint Eastwood: Líf og ferill**
**16.00 Men With Brooms**
**18.00 Anchorman : The Legend of Ron Burgundy**
**20.00 Master and Commander: The Far Side of the World**
**22.15 Elektra Bönnuð börnum.**
**0.00 Trauma**
**2.00 Confessions of a Dangerous Mind**
**4.00 Elektra Bönnuð börnum.**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Oprah**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours** (Nágrannar)
**13.05 Valentína** (My Sweet Fat Valentina) Nýir framhaldsþættir. Suðuramerísk sápuópera af bestu gerð sem nýtur geysilegra vinsælda um heim allan.
**13.50 Valentína**
**14.35 Jamie Oliver - með sínu nefi (10:26)** (Oliver's Twist)
**15.00 Extreme Makeover: Home Edition (21:25)**
**15.50 Hestaklúbburinn**
**16.13 Nýja vonda nornin**
**16.38 Kringlukast** (BeyBlade)
**17.03 Simpsons**
**17.28 Bold and the Beautiful** (
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.05 Freddie (11:22)** (Mixer) (12:22) Freddie er undir mikilli pressu frá ömmu sinni sem finnst hann þurfa að festa ráð sitt.
**20.30 X-Factor** Stærsti sjónvarpsviðburður í sögu Stöðvar 2. X-Factor er einstök sönghæfileikakeppni þar sem keppendur eru á öllum aldri, allt frá 16 ára og upp úr. Einstaklingar og hópar taka þátt í keppninni og reyna að sannfæra dómarana Einar Bárðarson, Elly og Pál Óskar um að þeir eigi erindi í sjálfa úrslitakeppnina sem fram fer í Smáralindinni. Tólf atriði komast í úrslit og munu dómararnir skipta þátttakendum jafnt á milli sín og aðstoða þá við að komast alla leið. Kynnir er Halla Vilhjámsdóttir. Hver verður næsta poppstjarna Íslands? Hver er með x-faktorinn? Fylgist með frá upphafi.
**21.30 Balls of Steel (5:6)** (Fífldirfska)
▶**22.10 Diary of a Mad Black Woman**
**0.05 World Traveler** (Heimshornaflakkarinn)
**1.45 Pinero**
**3.20 Ísland í bítið e**
**4.55 Fréttir og Ísland í dag**
**6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20:00 Oasis - Lord Don't Slow Me Down**
**21.00 Wildfire (e)** Hin 18 ára Kris Furillo er vandræðaunglingur sem fær annað tækifæri í lífinu. Eftir að hafa verið á vandræðaheimili fyrir unglinga fær hún vinnu á búgarði hjá Ritter fjölskyldunni eftir að hæfileikar hennar með hesta koma fram. Leyfð öllum aldurshópum.
**21.45 The Hills (e)** Lauren úr Laguna Beach-þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla.
**22.15 Till Death Do Us Part: Carmen (e)**
**22.45 Sirkus Rvk (e)** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum.
**0.15 Pepper Dennis (e)** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago-borgar.
**1.00 X-Files (e)** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið.
**1.45 The Player (e)** 13 karlmenn berjast um hylli ofurskutlunnar Dawn Olivieri í þessu þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari. Stjórnandi keppendanna er Boston Rob sem eflaust margir muna eftir úr Amazing Race og Survivor.
**2.30 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjum fréttum af frægafólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomum sem gerast í bransanum eru gerð góð skil.
**3.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.50 Sigtið - Lokaþáttur (e)**
**15.00 The King of Queens (e)**
**15.30 Queer Eye for the Straight Guy (e)**
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray**
**18.00 6 til sjö**
**19.00 Everybody loves Raymond (e)**
▶**19.30 Toppskífan** Glænýr tónlistarþáttur þar sem söngkonan Heiða kynnir vinsælustu tónlistina á Íslandi í dag.
**20.10 Trailer Park Boys** Þættir um vinina Ricky og Julian sem hafa oftar en ekki villst út af beinu brautinni í lífinu.
**20.35 Parental Control** Stefnumótaþáttur með skemmtilegri fléttu. Þegar unglingurinn á heimilinu fer á stefnumót með einhverjum sem pabba og mömmu líst ekki á, grípa þau til sinna ráða.
**21.00 The Biggest Loser - Lokaþáttur**
**22.30 Kojak** Sköllótta löggan með rauða sleikipinnann er mætt aftur. Nú er það Ving Rhames sem leikur Kojak.
**23.20 Everybody Loves Raymond**
**23.50 Masters of Horror** Hrollvekja kvöldsins er kómískur tryllir um illkvittið skordýr sem getur breytt hegðun fólks. Leikstjóri er Lucky McKee sem leikstýrði m.a. myndinni The Woods fyrr á þessu ári. STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.
**0.40 Sigtið - Lokaþáttur (e)**
**1.10 C.S.I: Miami (e)**
**2.05 Close to Home (e)**
**3.00 Beverly Hills 90210 (e)**
**3.45 C.S.I: New York (e)**
**4.40 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**6.10 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Liðið mitt (e)**
**14.00 Chelsea - Newcastle**
**16.00 Watford - Reading (frá 9. des)**
▶**18.00 Upphitun**
**18.30 Liðið mitt (e)**
**19.30 Wigan - Arsenal**
**21.30 Upphitun (e)**
**22.00 Lazio - Roma (frá 10. des)**
**0.00 Upphitun (e)**
**0.30 Dagskrárlok**


KLASSÍSKAR BARNABÆKUR

# Fimm í nýjum ævintýrum




# ÆVINTÝRA eyjan

Kíkí ...

Hver man ekki eftir **Fimm-bókunum** og **Ævintýra-bókunum**. Hér eru þær komnar aftur í nýrri útgáfu til óblandinnar ánægju fyrir alla.



Endurútgáfa þessara bókaflokka hófst í fyrra.

Þessar skemmtilegu og spennandi sögur hins kunna höfundar **Enid Blyton** fjalla um nokkur börn og vini þeirra úr dýraríkinu sem lenda í ótrúlegustu ævintýrum.

Enid Blyton

Næst

ÚTKALL
Sími 562 2600

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.30

### X-FACTOR



Áheyrnarprufurnar eru að baki í X-Factor og í síðasta þætti skildu leiðir hjá þeim sem komust áfram. Skipt var niður í þrjá hópa; undir 25 ára eru saman í hóp, yfir 25 ára saman og sönghópar saman. Í síðasta þætti var dómurunum einnig skipt niður á hópanna þrjá. Hver dómari fékk sinn hóp til umsjónar; Ellý fékk þá sem eru undir 25 ára aldri, Einar þá sem eru yfir 25 ára aldri og Páll Óskar sönghópana. Í kvöld og í næstu þáttum fellur það síðan í hlut dómaranna að þjálfa þátttakendur í sínum hópi og búa þá undir frekari átök. Það sem meira er þá þurfa dómararnir, hver um sig, að fækka í hópnum sínum. leitin að X-faktornum er hafin fyrir alvöru.

## VIÐ MÆLUM MEÐ "FLUGKAPPINN WALDO PEPPER" Á RÚV KL. 21.35

Robert Redford leikur aðalhlutverkið í þessari stórskemmtilegu mynd frá árinu 1975. Myndin segir frá flugmanninum Waldo Pepper sem fékk ekki að fljúga í seinni heimsstyrjöldinni en fær annað tækifæri með því að sýna hvað í honum býr. Ásamt Redford eru úrvalsleikarar á borð við Susan Sarandon, Margot Kidder og Edward Herrmann. Leikstjórinn er enginn annar en George Roy Hill sem hefur leikstýrt myndum eins og „The Sting" og „Sláturhús Fimm," þannig að gæðafólk er á bak við þessa klassísku mynd.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útarpssagan: Næturluktin
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Stórt í smáu
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.00** Arfur Bríetar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**10.10 FIFA World Club Championship 2005**

**12.10 Evrópumótaröðin** (South African Airways Open) Bein úsending frá Evrópumótaröðinni í golfi.

**16.05 UEFA Cup 2006-2007** (Tottenham - Dinamo Búkarest)

**17.45 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006)

**18.10 Spænski boltinn - upphitun** (La Liga Report)

**18.35 X-Games 2006 - þáttur 4**

**19.25 FIFA World Club Championship 2005** (FIFA World Club Championship 2006)

**21.05 World Supercross GP 2005-06** (BC Place Stadium) Súperkross er keppni á vélhjólum þar sem kappaksturinn fer fram við erfiðar aðstæður og til dæmis er keppt á grasi, sandi eða möl.

**22.00 Heimsmótaröðin í Póker** (Foxwoods Poker Classic) Snjöllustu pókerspilarar heims koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins.

**23.30 Pro bull riding** (Detroit, MI - Detroit Open) Nautareið er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þar keppast menn við að halda sér á baki nauts eins lengi og þeir geta að hætti kúreka.

**0.30 NBA deildin** (Cleveland - Seattle) Bein útsending frá leik Cleveland Cavaliers og Seattle Supersonics í bandaríska NBA-körfuboltanum. LeBron James, leikmaður Cleveland, er orðinn einn vinsælasti íþróttamaður Bandaríkjanna og hefur lyft Cleveland-liðinu á hærri stall en liðið þótti í eina tíð leika fremur leiðinlegan körfubolta.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Urt **12.20** Himlen over Danmark **12.50** Lægens bord **13.20** Danskernes Krønike - Vores børn **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** F for Får **16.05** Svampebob Firkant **16.30** AMIGO **17.00** Hunni*show **17.15** Peddersen og Findus **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** aHA! **20.00** TV Avisen **20.30** The Last Castle **22.35** Copycat

## NRK1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Østfold **14.00** Siste nytt **14.05** Anne fra Bjørkely **14.55** Nifse saker **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kalle og Molo **17.20** Gjengen på taket **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** På tråden med Synnøve **19.55** Nytt på nytt **20.25** Først & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Sopranos **23.10** Justin Timberlake i Memphis **23.55** Alfred Hitchcock presenterer

## SVT 1

**11.05** På spåret **13.00** Planeten **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Landgång **16.30** Söderlund & Bie **17.00** Höjdarna **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Fredagsröj **18.30** Rapport **19.00** Doobidoo **20.00** Charlies änglar **21.35** Mäklarna **22.05** Rapport **22.15** Kulturnyheterna **22.25** Den som viskar **23.55** A Perfect World




**HRÓSIÐ ...**



*...fær Kristín Rós Hákonardóttir sem var valin íþróttakona ársins úr röðum fatlaðra í tólfta sinn. Hún hefur nú lokið glæstum keppnisferli sínum.*

# Keyrir um undir merkjum kóngsins

Glæsilegur BMW jeppi með einkanúmerinu Bó H vakti athygli vegfarenda á dögunum, og lá beinast við að þar færi kóngurinn Björgvin Halldórs sjálfur. Annað kom þó á daginn þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til stórsöngvarans. „Ég er enginn jeppamaður og á ekkert einkanúmer,“ sagði Björgvin. „Þetta er örugglega einhver sem er að villa á sér heimildir,“ bætti hann við. Björgvin sagðist þó ekkert hafa á móti uppátækinu, en sjálfur væri hann fullkomlega sáttur við venjulega skráningarnúmerið sitt. „Ég myndi taka þetta alla leið ef ég færi að fá mér einkanúmer,“ sagði Björgvin, en vildi þó ekki gefa upp hvað það gæti verið.

Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að það er Birgir Ómar Haraldsson, stjórnarformaður Sparisjóðs Kópavogs, sem keyrir um undir merkjum kóngsins, en hann hefur haft einkanúmerið í dágóðan tíma. Birgir kvaðst ekki vera að villa á sér heimildir, enda BÓH upphafsstafir hans. „Ég hugsaði ekkert út í þetta þegar ég pantaði númerið en það er mikið búið að spyrja mig út í þetta,“ sagði Birgir. Hann sagði númerið þó vera falt, ef Björgvin hefði áhuga á því. „Það gæti alveg komið til greina, ef hann býður rétt verð,“ bætti hann við. - sun



**ENGINN JEPPAMAÐUR** Björgvin sagðist hvorki hafa jeppa né einkanúmer í sinni eigu.



**JEPPINN GÓÐI** Jeppi af þessari tegund geysist um götur borgarinnar með númerið Bó H, en farartækið tilheyrir alls ekki Bó Hall.



**BIRGIR ÓMAR HARALDSSON** Segir Björgvin mega kaupa númerið fyrir rétt verð.



**LÁRÉTT 2** hróss **6** til dæmis **8** klettasprunga **9** geislahjúpur **11** málmur **12** alþýða **14** sýna fram á **16** í röð **17** áverki **18** einkar **20** 2000 **21** skraut.

**LÓÐRÉTT 1** málmur **3** einnig **4** lögtak **5** andi **7** lítill púki **10** skel **13** þangað til **15** auma **16** sær **19** þreyta.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** lofs, **6** td, **8** gjá, **9** ára, **11** ál, **12** lýður, **14** sanna, **16** hi, **17** sár, **18** all, **20** mm, **21** flúr.

**LÓÐRÉTT: 1** stál, **3** og, **4** fjárnám, **5** sál, **7** drýsill, **10** aða, **13** uns, **15** arma, **16** haf, **19** lú.






## STEFÁN KARL STEFÁNSSON: GÆTI LEIKIÐ VAMPÍRU Í NÆSTU MYND

# Suðurland fær meðbyr

„Maður getur aldrei sagt af eða á í svona málum, væri bjánalegt að staðfesta eitt eða annað enda er það með þennan bransa eins og með svo margt annað að hlutirnir breytast ansi hratt,“ segir leikarinn Stefán Karl Stefánsson. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að framleiðendur Óskarsverðlaunakvikmyndarinnar Crouching Tiger, Hidden Dragon sem Ang Lee gerði á sínum tíma vilji ólmir fá Íslendinginn til að leika í vampírumynd fyrir sig. Stefán neitaði að tjá sig um málið en viðurkenndi að góður gangur væri á málum um þessar mundir. „Stefnir í að verða mjög gott ár,“ útskýrir Stefán sem sat með morgunkaffið í sólinni í Los Angeles þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Ferill sem fer hægt af stað fer hægt niður en ferill sem fer hratt upp á við er líka ansi fljótur að hrapa,“ bætir hann spekingslega við og hlær.

Velgengni Glanna glæps og Latabæjar hefur varla farið framhjá nokkrum Íslendingi, þátturinn fékk nýverið bresku Bafta-verðlaunin og smáskífan Bing Bang komst í fjórða sæti breska smáskífulistans. Stefán viðurkennir að þessi velgengni hafi sitt að segja fyrir sinn feril en segir þó að fólk sem eigi ekki börn kannist varla við fyrirbærið. „Kvikmyndin Night at the Museum hefur til að mynda vakið mun meiri athygli á mér,“ útskýrir Stefán en þar talar leikarinn fyrir kolgeðveikan víking sem hótar bandaríska stórleikaranum Ben Stiller öllu illu á íslensku. Myndin skartar, auk þeirra Stillers og Stefáni, leikurum á borð við Ricky Gervais, Robin Williams og Owen Wilson.

Hjónin Stefán Karl og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir hafa í nógu að snúast um þessar mundir þar vestra því á meðan leikarinn reynir fyrir sér í hinum harða heimi Englaborgarinnar eru þau að fara að framleiða stórslysamyndina Suðurlandið sem fjallar um það þegar flutningaskipið Suðurland fórst austnorðaustur af Langanesi á jólanótt árið 1985, en með því fórust sex manns. „Hún hefur fengið byr undir báða vængi, við erum í viðræðum við framleiðendurna Michael Shane og Tony Romano, sem framleiddu meðal annars Catch Me if You Can eftir Steven Spielberg, um fjármögnun og hún hefur þegar fengið alheimsdreifingu,“ útskýrir Stefán og upplýsir jafnframt að mjög virtur leikstjóri hafi sýnt verkefninu áhuga en vildi ekki gefa upp hver það væri.

freyrgigja@frettabladid.is




**BEN STILLER** Stefán gerir allt hvað hann getur sem kolgeðveikur víkingur í kvikmyndinni Night at the Museum til að hræða líftóruna úr næturverði.



**STEFÁN KARL** Gæti hugsanlega tekið að sér hlutverk í mynd sem verður framleidd af sömu aðilum og gerðu Crouching Tiger, Hidden Dragon.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjarvera **Ingu Lindar Karlsdóttur** af skjánum hefur varla farið fram hjá nokkrum manni en hún hætti sem kunnugt er hjá **NFS** sálugu þegar mannabreytingar urðu þar. Inga Lind hefur því verið lítt áberandi í fjölmiðlum og virðist ætla að halda hlutunum þannig fram yfir jól því þegar Fréttablaðið hafði samband við sjónvarpskonuna fyrrverandi hafði hún engar ákvarðanir tekið. „Ég er bara að njóta jólaundirbúningsins,“ sagði Inga Lind og var þögul sem gröfin.



**Dorrit Moussaeff** þótti með eindæmum glæsileg þegar hún tók við útnefningu **Nýs lífs** sem Kona ársins. Þetta virtist koma forsetafrúnni í opna skjöldu því þegar hún flutti smá ávarp fyrir gesti í Iðusölum kom í ljós að hún hafði ekki hugmynd um af hverju hún hefði verið valin. Þetta endurtók Dorrit síðan í viðtali við **Kastljósið** en bætti því svo við að hún væri rétt að byrja og meira ætti eftir að bera á henni í náinni framtíð.



Eitthvað virðist **X-Factor** sjónvarpsþátturinn fara varlega af stað því dómararnir eru óvenju ánægðir með þá hópa sem þeir hafa fengið og hálf undrandi á þeim gæðum sem þarna leynast. Lítið hefur spurst til óánægju keppenda með það að falla úr leik þótt einn og einn hafi bryddað upp á samsæriskenningum fyrir framan myndavélarnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þátttakendur víst verið feimnir við að láta skoðanir sínar á dómefndinni í ljós en hún er sem fyrr skipuð þeim Einari Bárðarsyni, **Ellý úr Q4U** og Páli Óskari. „Þetta kemur heim og saman við þjóðarsálina sem hingað til hefur þótt frekar lokuð,“ sagði heimildarmaður Fréttablaðsins. -fgg




JÓLA-HUMAR

VERÐ FRÁ 1290KR/KG

SKATA-HÖRPUDISKUR-TÍGRISRÆKJUR

OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 10-16

HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi •
s: 554 7200 • www.hafid.is

FISKBÚÐIN Vík
Fiskbúðin Vík ehf. • Hringbraut 92 • 230 Keflavík


# Nýtt tímarit um Reykjavík

Nýtt veftímarit að nafni getrvk.com fer í loftið í dag, en það mun vera fyrsta veftímaritið með þessu sniði hér á landi. „Þetta er fimm manna hópur sem mun leita uppi bestu viðburðina af því sem er í gangi hverju sinni. Við viljum finna það besta sem er í boði og mæla með því fyrir lesendur,“ sagði Carmen Jóhannsdóttir, ritstjóri getrvk.com. „Þetta er svona „event“-blað, við mælum með tónleikum, plötusnúðum, veitingastöðum og öllu sem okkur finnst flott,“ sagði hún.

Á heimasíðunni getrvk.com geta áhugasamir skráð sig á póstlista til þess að fá blaðið í pósthólfin sín á hálfsmánaðar fresti. „Þetta er alveg eins og að fá blað inn um lúguna, nema það berst á netfangið,“ útskýrði Carmen. „Fólk flettir því meira að segja frá vinstri til hægri.“ Blaðið mun innihalda ýmiss konar umfjallanir og viðtöl. „Það verður líka svolítið alþjóðlegt af því að allt er skrifað á ensku,“ útskýrði Carmen.

Þrátt fyrir að mörg blöð birti viðburðaskrár á síðum sínum er Carmen þess fullviss að getrvk.com eigi fullt erindi við fólk. „Það er til fullt af bleðlum og ókeypis miðlum í borginni, en það eru mest allt prentuð blöð. Þetta hefur ekki verið gert áður og okkur fannst kominn tími til. Svona fær fólk þetta alveg upp í hendurnar,“ sagði hún.

Hópurinn að baki getrvk.com stendur fyrir útgáfupartíi á Rex í kvöld. „Allir sem hafa aldur til eru velkomnir,“ sagði Carmen hlæjandi. „Fólki mun líka gefast kostur á að skrá sig á póstlistann,“ bætti hún við, en með í för verða tveir plötusnúðar frá Barcelona. „Við ætlum að hafa alþjóðlega klúbbastemningu eftir miðnætti,“ sagði Carmen kát.

-sun



**CARMEN JÓHANNSDÓTTIR OG ERLA GÍSLADÓTTIR** Ritstjórn getrvk.com ætlar að þefa uppi skemmtilegustu viðburðina í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


BT
TOSHIBA SATELLITE A100
TOSHIBA
PSAA8E-18Q04CN5
TOSHIBA SATELLITE A100-254
Intel® Centrino® Duo T2050
15.4" WXGA VA
Intel 945GM Calistoga skjástýring
1024MB DDR Minni (Mest 4GB)
100GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
Vökvaþolið lyklaborð
2 ára alþjóðleg ábyrgð
intel Centrino Duo
4.534**
Prentar-skannar-ljósritar
FYLGIR
14.999
PIXMA160
CANON PIXMA MP160
4800 x 1200 upplausn
22 bls á mín svart
17 bls á mín litur
Prentar jaðarlaust á 10x15
600 x 1200 dpi Skanni
PictBridge
Einfaldur í notkun
Centrino Duo -Fyrir kraftinn
100GB harður diskur
Intel 945 -Skjákort
1 GB minni -Fyrir vinnsluna
DVD Ready -Fyrir tökuvélina
Kortalesari -Til þæginda
4.534 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.
9.999 Vaxtalaust 12 mán.
119.988 Staðgreitt
TÖLVUSKJÁR
22"
-Draumaskjárinn
WIDE SCREEN
FUJITSU COMPUTERS SIEMENS
S26361-K1128-V170
22" FSC WIDESCREEN
1680 x 1050 upplausn
5ms svartími
Uppfærsluverð með tölvum aðeins 2.916 (visa vaxta-laust)
4.999 Vaxtalaust 12 mán.
59.988 Staðgreitt
TÖLVUSKJÁR
NÝTT
20"
WIDE SCREEN
FUJITSU COMPUTERS SIEMENS
S26361-K1129-V170
20" FSC WIDESCREEN L20-1W
1680 x 1050 upplausn
3.299 Vaxtalaust 12 mán.
39.588 Staðgreitt
Uppfærsluverð með tölvum aðeins 1.216 (visa vaxta-laust)
FLAKKARINN
lítill og nettur
12.999
LACIE
301178EK
120GB LACIE MOBILE HDD
RITVILLUVÖRN
PÚKI 2003
Stavzeturðu rétt
4.999
FYRIR IPOD/MP3
VAR AÐ LENDA
14.999
Fyrir iPod/MP3
970329-0914
Logitech AudioStation Express
Logitech

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA - Lífið heil

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24 alla daga





BAKÞANKAR
ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR


## *Valdið í versluninni*

Kreditkort landsmanna eru sennilega orðin rjúkandi heit þessa síðustu daga fyrir jól, segulrandir farnar að gefa sig og samfélagið eiginlega orðið hálfgalið. Engu að síður er viss stemmning í því að sjá óheyrilega langar raðir í verslunum, þar sem fólk stendur drekkhlaðið af vörum til þess eins að gleðja sitt fólk á aðfangadag.

**Á** menntaskólaárum mínum vann ég í jólafríum í lítilli og sætri verslun á Laugaveginum. Broslegustu senurnar voru þegar lafmóðir karlmenn - gjarnan lyktandi af brennivíni gærkvöldsins - komu inn í búð rétt fyrir hádegi á aðfangadag örvæntingarfullir á svip og báðu um eitthvað handa konunni. Áherslan var þá greinilega á orðið eitthvað.

**Á** slíkum stundum skynjar maður valdið sem fylgir því að vinna í verslun. Það var í mínum höndum að bjarga hjónabandi þessara ágætu manna. Leiðin til þess var að búa til sannfærandi gjöf sem bar með sér að hafa ekki verið keypt korteri fyrir lokun á aðfangadag. Oftast var hægt að redda karlgreyjunum, þó að einhverjar eiginkonur hafi eflaust verið undrandi á vali eiginmannanna. Ég vann nefnilega í íþróttaverslun.

**GÓÐ** redding gat verið íþróttabrjóstahaldari – en auðvitað óttaðist ég að skilaboðin sem felast í því að slengja saman hugtökunum íþróttir og brjóst myndu ekki höfða til allra eiginkvenna og kannski ekki einu sinni flestra. Við óskaaðstæður varð fyrir valinu þægilegur innigalli, jafnvel í réttri stærð. Auðvitað var vandræðagangur þessara manna ekki mitt vandamál en maður vill síður vera þátttakandi í því að splundra hjónaböndum um jólin.

**BRÓÐIR** minn sem vann á bensínstöð fyrir jólin sagði einu sinni vandræðalegur frá því að hann hefði selt manni plastúr klukkan tvö á aðfangadag. Gjafapappír var ófáanlegur á bensínstöðinni en maðurinn leysti málið með því að kaupa konfektkassa og kom úrinu þar haganlega fyrir á milli súkkulaðimolanna. Yfir hátíðirnar sagðist bróðir minn hafa kviðið því ef konunni dytti í hug að skipta gjöfinni, bara til þess að komast að því hvar úrið var keypt.

**EFTIR** að hafa upplifað þær þrekraunir sem fólk (lesist: eiginmenn) leggur á sig til að reyna að gleðja aðra um jólin hef ég lært að það er hugurinn sem gildir. Það er svo sennilega háð aðstæðum hvernig konur kjósa að túlka þann hug sem býr að baki því að hlaupa óttasleginn um búðir borgarinnar í hádeginu á aðfangadag í leit að jólagjöf.





**Jólagjöfin í ár er símtal frá stelpunni sem þú kynntist á skólaballi**

SAMSUNG X830
**5.900 kr.**
Léttkaupsútborgun
**2.000 kr.** á mánuði í 12 mánuði.
Verð aðeins **29.900 kr.**
Með fullkomnum MP3 spilara, 1,3 MP myndavél og sendir tónlist í gegnum Bluetooth.

SAMSUNG X650
**4.900 kr.**
Léttkaupsútborgun
**750 kr.** á mánuði í 12 mánuði.
Verð aðeins **13.900 kr.**
Lítill og nettur með VGA myndavél, FM stereó útvarpi og stereó heyrnartólum.

**2.000 kr.** auka jólaafsláttur fyrir þá sem eru í **Betri leið** eða versla á siminn.is

Þú finnur jólagjöfina í ár í næstu verslun Símans eða á vefversluninni á siminn.is

SHARP
Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA

Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

VEGGSJÓNVÖRP
Glæsilegt úrval!

SAMSUNG
EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

LOEWE.
MARGVERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

ORMSSON
SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI